



Fólkið

Fjöllin

Fjörðurinn

Meðal efnis:

Lionsklúbbur Grundarfjarðar 35 ára

Grundarfjarðarvitinn

Annálar 1400-1800

Minningar úr sveitinni

Síldveiðin 2007 í Grundarfirði

Annálar 2006 og 2007

Gönguleiðir

Ævisaga séra Jens Hjaltalins

**Fólkið, fjöllin,
fjörðurinn**

Fólkið, fjöllin, fjörðurinn

Safn til sögu Eyrarsveitar

8. hefti



2008

Fólkið, fjöllin, fjörðurinn – Safn til sögu Eyrarsveitar 8
© 2008 Eyrbyggjar – Hollvinasamtök Grundarfjarðar
Umbrot og myndvinnsla: Skrudda ehf.
Hönnun kápu: Freyja Bergsveinsdóttir
Ljósmynd á kápu: Ragnar Th. Sigurðsson
Prentun og bókband: WS Bookwell Ltd. Finnlandi

Greinar í riti þessu má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun,
prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til
eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

ISSN 1607-0747

Efnisyfirlit

<i>Hermann Guðmundsson: Formáli</i>	7
<i>Njáll Gunnarsson: Lionsklúbbur Grundarfjarðar 1972-2007</i>	9
<i>Páll Cecilsson: Grundarfjarðarviti (Hnausaviti)</i>	28
<i>Ásgeir Guðmundsson: Eyrarsveit í annálum</i>	33
<i>Myndir frá Leikskólanum Sólvöllum</i>	55
<i>Marvin Ívarsson: Ég og Grundarfjörður</i>	61
<i>Guðmundur Ingi Gunnlaugsson: Annáll Grundarfjarðarbæjar 2006</i>	66
<i>Gunnar Kristjánsson: Annáll Grundarfjarðarbæjar 2007</i>	81
<i>Úr myndasafni Bærings Cecilssonar</i>	101
<i>Sigríður Herdís Pálsdóttir: Göngusumar í Grundarfirði</i>	110
<i>Guðmundur Gíslason: Dvöl mín á Bakka</i>	116
<i>Fermingarbörn 1947–2007</i>	124
<i>Fermingarbörn 1938–2008</i>	131
<i>Arnór Kristjánsson: Sveitin mín</i>	139
<i>Ásmundur Arndal Jóhannsson: Æskuárin mín á Kverná</i>	146
<i>Gunnar Kristjánsson: Síldveiði í Grundarfirði 2007–2008</i>	150
<i>Jens V. Hjaltalín: Sjálfsævisaga</i>	155
<i>Jón Þorsteinsson: Hafa skal það sem sannara reynist – Leiðrétting</i>	256

Formáli

Nú er áttunda heftið af bókinni Fólkið, fjöllin, fjörðurinn komið út á ný árum og er það ánægjulegt að hafa komið að því máli. Það eru Eyrbyggjar – Hollvinasamtök Grundarfjarðar, sem standa að útgáfu þessa rits sem við köllum „Safn til sögu Eyrarsveitar“.

Þegar var farið af stað með þessa hugmynd að gefa út bók, vorum við svo bjartsýn að við ætluðum að gefa út þrjár bækur þar sem aðalefni fyrstu bókar átti að vera sögur af fólkinu sem voru frumbyggjar þessa bæjarfélags, næsta bók átti að vera um sveitina og örnefni og þriðja bókin átti þá að vera um útgerðina og sjómennina. Þannig varð til heiti bókanna Fólkið, fjöllin, fjörðurinn. Ég held að flestar bækurnar hafi í upphafi ferils síns haft eitthvert þema, t.d. samgöngur, þróun byggðar, útgerðarsagan eða eitthvað í þeim dúr. En þróunin hefur alltaf verið þannig að við vorum með ákveðið efni, en svo hefur okkur alltaf borist efni óvænt sem ætti líklega heima í bókunum okkar og síðan höfum við reynt að fá sem flesta til að skrifa fyrir okkur um ákveðið efni. Síðan er það happ og glapp hvað við fáum, hvort við fáum efnið eða hvaða ár. En hugsunin á bak við þessar bækur er sú að þetta er svo ungt samfélag og það eru enn á lífi frumbyggjar sem geta sagt frá hvernig samfélagið þróaðist.

Þeir sem skrifa í þessa bók eru engir rithöfundar þó að þeir reyni að skrá minningar sínar, en sumir hverjir eru mjög pennafærir og er virkilega gaman að lesa sumar greinarnar. Í mörgum greinum er sagt frá einhverju merkilegu og þá rifjast ýmislegt upp. Þegar ég les þannig grein þá finnst mér að okkur, sem stöndum á bak við þessa útgáfu, hafi tekist vel til og við getum verið ánægð með útgáfu þessara bóka. En það er aðallega þeim að þakka sem skrá söguna, fremur en þeim sem gefa söguna út. Þeir sem skrifa greinar skrásetja yfirleitt minningar og við útgefendur getum sjaldnast fengið þær staðfestar, en oft höfum við samband og spyrjumst fyrir hvort þessi eða hin staðhæfingin sé rétt. Myndum hefur fjölgað mikið í bókunum og hafa lesendur kunnað að meta þessa breytingu en það kostar töluverða vinnu að fá myndirnar í nógu góðri upplausn og svo er það myndatextinn, hann skal vera réttur. Undirritaður er hættur að skrá

myndartexta, hann á að koma með myndunum. Margir lesendur hafa skoðanir á hlutunum. Við Eyrbyggjar höfum oft rætt það hvernig við getum virkjað þessa áhugasömu lesendur og beðið þá að koma með tillögu að áhugaverðu efni.

Í þessu riti birtist grein eftir Njál Gunnarsson, þar sem hann rekur sögu Lionshreyfingarinnar en aðallega sögu Lionsklúbbs Grundarfjarðar sem var stofnaður 22. apríl 1972 og varð því 35 ára í fyrra. Páll Cecilsson ritar sögu Grundarfjarðarvitans en hann þjónaði sjómönnum 1943–2000. Marvin Ívarsson rifjar upp æskuárin í Grundarfirði. Guðmundur Gíslason segir frá dvöl sinni á Bakka. Arnór Kristjánsson er með grein sem hann nefnir Konur segja frá og Ásmundur Jóhannsson skrifar greinina *Æskuárin mín á Kverná*. Þessar greinar eru allar fróðlegar og skemmtilega skrifaðar og eiga þær það sameiginlegt að það eru samtímamenn okkar sem skrifa sínar sögur og falla þær vel undir hugtakið „Safn til sögu Eyrarsveitar“. Sigríður H. Pálsdóttir er með grein um gönguleiðir í Eyrarsveit. Síðan er merkileg samantekt Ásgeirs Guðmundssonar úr Annálum 1400–1800, þar sem getið er helstu atburða sem áttu sér stað í Eyrarsveit á þessum tíma. Síðan er sjálfsævisaga séra Jens Hjaltalíns, sem hann skráði þegar hann var orðinn 87 ára en hann lést 88 ára. Jón Swan Pétursson skrifar formálann og þar segir hann m.a.: „Nú situr hann hérna tæplega níræður öldungurinn, gerir úttekt á ævi sinni og kveður upp dóma yfir samferðamönnum, vægðarlaus og einlægur“. Ásgeir Guðmundsson bjó greinina til prentunar. Síðan koma skemmtilegar myndir sem Matthildur hefur sent okkur og eru úr myndasafni Leikskólans Sólvellir. Ingi Hans sendi okkur ekki síðri myndir úr myndasafni Bærings, en þetta eru myndir fyrir sinn hvorn aldurshópin þó að við vonum að allir hafi gaman af. Eyrbyggjar eru að safna fermingarmyndum og notum við þá aðferð að birta myndir af fermingabörnum sem eiga fermingartugsafmæli. Þar sem engin bók kom út á síðasta ári er nú tvöfaldur skammtur af fermingarmyndum. Eyrbyggjar hafa birt manntöl í flestum bókunum og í síðustu bók var manntalið 1960 þannig að nú ætti manntalið 1970 að vera í þessari bók en ekki var tekið manntal það ár.

Að lokum eru tveir annálar Grundarfjarðarbæjar þar sem sagt er frá hvað gerðist í bæjarmálum á árinu 2006 og 2007 í máli og myndum.

Skrifað í mars 2008

Hermann Jóhannesson, formaður Eyrbyggja 2007-2008

Njáll Gunnarsson

Lionsklúbbur

Grundarfjarðar 1972-2007

Upphaf Lionsklúbba

Fyrsti og um leið elsti Lionsklúbburinn í heiminum er í borginni Chicago í Bandaríkjunum. Stofnandi klúbbsins hét Melvin Jones, vel fjáður athafnamaður. Hugsjón hans var sú að vinna að bættum kjörum þeirra sem minna mega sín og eru hjálpar þurfi. Hann fékk nokkra menn til liðs við sig um stofun klúbbs sem hefði það að markmiði að vinna að mannúðar-, menningar- og félagsmálum karla og kvenna. Þetta var árið 1917. Þessi fyrsti Lionsklúbbur fékk heitið „The Central Lionsclub of Chicago“.

Ekki létu þeir félagar þar við sitja en stofnuðu fleiri klúbba með sama markmið að leiðarljósi og brátt kom að því að Lionsklúbbar voru stofnaðir í öðrum löndum og það margir klúbbar í hverju landi sem unnu að sama markmiði.

Lionsklúbbar innan hvers lands stofnuðu svokallað umdæmi með stjórn og formanni sem kallaður var umdæmisstjóri. Ef Lionsklúbbar í landinu náðu ákveðnum fjölda urðu umdæmin fleiri og var þá kosinn yfirmaður umdæmanna, „fjölumdæmisstjóri“.

Alþjóðaskrifstofa Lionsklúbba er í Oak Brook í Bandaríkjunum og greiðir hver klúbbur lágt gjald af hverjum féлага til þeirrar skrifstofu og einnig til skrifstofu fjölumdæmis í hverju landi fyrir sig en fær svo margvíslega þjónustu til baka.

Markmið Lionsklúbba

Allir Lionsklúbbar, hvar í heiminum sem þá er að finna, starfa eftir sömu **siðareglum** og **markmiðum** Lionsklúbba.

Markmið Lionsklúbba eru þessi:

- Að vekja og efla anda skilnings meðal þjóða.
- Að efla meginreglur heilbrigðs stjórnarfars og borgaralegra dyggða.
- Að starfa af áhuga að aukinni velferð áttaganna á sviði félagsmála, menningar og almenns siðgæðis.
- Að tengja klúbbana böndum vináttu, góðs félagsanda og gagnkvæms skilnings.
- Að skapa vettvang fyrir frjálsar umræður um öll málefni sem almenning varða að því tilskildu að ekki séu rædd meðal klúbbfélaga málefni stjórn mála né heldur trúarhópa.
- Að hvetja félagslynda menn til að þjóna byggðarlagi sínu án persónulegs ávinnings og hvetja til dugnaðar og eflingar siðgæðis í viðskiptum, iðnaði, opinberri starfsemi og einkarekstri.

Markmiðin eiga við klúbbinn sjálfan og starfið. Stjórn hvers einstaks klúbbs leggur áherslu á að hafa þessar reglur í heiðri. Í fjölda klúbba er einhver ein grein markmiðanna lesin upp við lok hvers fundar.



Lokafundur og stjórnarskipti hjá Lions gátu verið við margvíslegar aðstæður. Hér tekur Kristján Guðmundsson við formennsku af Árna Halldórssyni.

Síðareglurnar

Síðareglurnar höfða til einstaklingsins frekar en félagsheildarinnar. Þær eru á þessa leið.

1. Líttu á starf þitt sem köllun. Leystu það svo af hendi að þú ávinnir þér traust.
2. Leitastu við að gera starf þitt árangursríkt. Áskildu þér hæfilega umbun erfiðis þíns en reyndu ekki að hagnast með óréttmætum hætti.
3. Láttu ekki ávinning þinn verða á annarra kostnað.
4. Vertu hollur meðbræðrum þínum og heiðarlegur gagnvart sjálfum þér.
5. Vertu aldrei eigingjarn. Leiki vafi á réttmæti gerða þinna, breyttu þá við náunga þinn eins og þú vilt að hann breyti við þig.
6. Gerðu vináttu að markmiði en ekki leið að marki. Sönn vinátta krefst einskis í eigin þágu og má aldrei verða háð gagnkvæmum greiða.
7. Ræktaðu samfélagsskyldur þínar. Vertu hollur þegn þjóðar og sveitarfélags bæði í orði og verki.
8. Hjálpaðu meðbræðrum þínum í vanda. Þeir sem um sárt eiga að binda þurfa hluttekningu, bágstaddir og minnimáttar stuðning.
9. Vertu gættinn í gagnrýni og örlátur á viðurkenningu. Byggðu upp en rífdú ekki niður.

Lionsklúbbur Reykjavíkur stofnaður

Ekki fór það svo að Íslendingar fengju ekki veður af fjöldahreyfingunni sem Lionsklúbbarnir tilheyrðu. Mun það hafa verið Magnús Kjaran stórkaupmaður sem fyrstur bar boðskap Lions til Íslands og það leiddi til stofnunar Lionsklúbbs Reykjavíkur 14. ágúst 1951 kl. 12 á hádegi á Hótel Borg. Með stofnun klúbbsins var kjölurinn lagður að umfangsmiklu líknar- og mannúðarstarfi karla og kvenna á Íslandi, sem starfað hafa undir merki Lions allt fram á þennan dag.

Tólf menn stofnuðu klúbbinn og var Magnús Kjaran kosinn formaður, Hersteinn Pálsson ritari og Guðbjartur Magnússon gjaldkeri.

Með stofnun Lionsklúbbs Reykjavíkur varð Ísland 32. þjóðlandið þar sem þessi félagsskapur starfaði.

Hver stjórn Lionsklúbba og embættismanna starfar í eitt ár, og á þetta einnig

við um stjórnir umdæmanna og fjöllumdæmanna. Allt starf í Lionshreyfingunni er unnið í sjálfboðavinnu. Starfsárið er frá 1. júlí til 30. júní næsta ár.

Á næstu árum voru stofnaðir margir klúbbar allt í kringum landið. Lionsklúbbur Stykkishólsm var stofnaður 26. febr. 1967 fyrstur klúbba á Snæfellsnesi, og nokkru síðar Lionsklúbbur Nesþinga á Hellissandi.

Lionsklúbbur Grundarfjarðar stofnaður

Þegar stofnaður er klúbbur í einhverju byggðarlagi, er það venjulega Lionsklúbbur í næsta nágrenni sem það gerir og er þá nefndur móðurklúbbur hins nýja klúbbs.

Félagar úr Lionsklúbbi Stykkishólms stofnuðu klúbbinn í Grundarfirði. Unnu þeir að stofnuninni í samráði við heimamenn í Grundarfirði og umdæmisstjóra Lions. Var 22 körlum boðið að gerast stofnfélagar.

Stofnfundur var síðan haldinn í safnaðarheimili Grundarfjarðarkirkju 28. janúar 1972 kl. 21.00. Örn Forberg ritaði fundargerð.

Gestur fundarins var Ásgeir Ólafsson umdæmisstjóri sem var boðið á þennan fund. Eftirtaldir móðurklúbbsfélagar úr Lionsklúbbi Stykkishólmi voru mættir: Sigurður Ágústsson veghefistjóri, formaður klúbbsins í Stykkishólmi, Ingvar Ragnarsson, Leifur Kr. Jóhannesson og Valdimar Brynjólfsson.

Eftirtaldir félagar voru mættir á stofnfundinn og voru eftir það nefndir stofnfélagar: Halldór Finnsson, Örn Forberg, Jónas Gestsson, Ragnar Kristjánsson, Gunnar Kristjánsson, Sigurberg Árnason, Grímur Haraldsson, Karl H. Björnsson, Ingólfur Þórarinsson, Ágúst Sigurjónsson, Júlíus Gestsson, Þorsteinn Bárðarson, Þorkell Gunnarsson, Njáll Gunnarsson, Bent Bryde og Árni M. Emilsson. Aðrir félagar er ekki gátu setið stofnfund voru Guðmundur Runólfsson, Hjálmar Gunnarsson, Hringur Hjörleifsson, Jens P. Jensen, Soffanías Cecilsson og Þorkell Sigurðsson.

Halldór Finnsson setti fundinn og stjórnaði. Ásgeir Ólafsson umdæmisstjóri lýsti ánægju sinni yfir stofnun klúbbsins, rakti meðal annars sögu Lions frá upphafi, markmið og tilgang en það er að þjóna öðrum.

Sigurður Ágústsson formaður óskaði klúbbum velfarnaðar, og kom hann með tillögu að stjórn og varastjórn sem var samþykkt. Stjórn hvers klúbbs situr í eitt ár.



Lokafundur á Grundarkampi.

Formaður var kosinn Halldór Finnsson, ritari Örn Forberg og gjaldkeri Ragnar Kristjánsson. Varastjórn: formaður Jónas Gestsson, ritari Gunnar Kristjánsson og gjaldkeri Bent Bryde.

Nafnið Lionsklúbbur Grundarfjarðar var samþykkt og einnig lög fyrir klúbbinn.

Stofnskrárhátíð Lionsklúbbs Grundarfjarðar var síðan haldin í Samkomuhúsi Grundarfjarðar 22. apríl 1972. Mjög var vandað til þessarar hátíðar. Matur var fenginn og þjónusta frá Hótel Borgarnesi og var hann hinn lystuglegasti og vel fram borinn. Bæring Cecilsson var sendur suður í Borgarnes eftir víni til veislunnar. Á heimleiðinni er hann var staddur hjá Dal í Miklaholtshreppi velti Bæi bílnum sínum, Bronco-jeppa, á holóttum veginum. Brotnuðu þónokkrar flöskur en Bæi skreið út úr bílnum og tók myndir af öllu saman. Þetta óhapp gerðist nokkru fyrir veisluna svo að hægt var að senda annan bíl eftir veislu-föngum en lengi á eftir var lykt af Bæja og auðvitað var brosað að þessu þar sem Bæring var stakur bindindismaður.

Um 110 manns, heimamenn og gestir, sátu stofnskrárhátíðina og gerðu veislu-föngum góð skil. Klúbbum voru færðar góðar gjafir. Umdæmisstjóri, Ásgeir Ólafsson, færði klúbbum stofnskrá með nöfnum stofnfélaga. Einnig færði hann klúbbum fánaborg með litlum fánum fyrir hvert land þar sem Lionsklúbbar starfa. Lionsklúbbur Stykkishólms færði klúbbum fundarhamar og blómakörfu. Lionsklúbbur Hellisands fundargerðabók, Lionsklúbbur Borgarness fundarbjöllu, Lionsklúbbur Akraness gestabók. Öllum þessum gjöfum fylgdu hinar bestu árnaðaróskir. Skemmtiatriði fóru fram en síðan var dansað í lokin.

Starf, verkefni og fjáraflanir

Í klúbbum voru og eru enn kosnar starfsnefndir til eins árs í senn en þær eru þessar: Félaganefnd, ferðanefnd, verkefnanefnd og fjáröflunarnefnd. Var oft hnippt í þá nefnd vegna fjáröflunar en ekki máttum við leggja fram fjármagn til verkefna úr eigin vasa. Það sem við söfnuðum fyrir sölu á blómum, ljósaperum, jóladagatölum og fleiru, rann allt í líknarsjóð en úr honum var síðan úthlutað til góðra málefna. Að umhverfismálum unnum við fyrstu árin, fengum áburð og dreifðum fræi og áburði meðfram vegum inn við Mjósund í Framsveit, út við Búlandshöfða og víðar.

Mörg fyrstu árin hreinsuðum við rusl í þorpinu á vorin og meðfram vegum næst því og þá ásamt kvenfélagskonum. Var þetta ánægjulegt verkefni.

Á þessum fyrstu árum sáum við um barnaskemmtun á jólum ásamt kvenfélagskonum. Þriðja hvert haust hjálpuðust Lionsmenn, kvenfélagskonur og Rauði Krossinn að við matseld og framreiðslu á sameiginlegri skemmtun eldri borgara á Snæfellsnesi þegar hún var haldin í Grundarfirði.

Vorið 1975 tók Lionsklúbburinn að sér að selja og safna saman fermingarskeytum til fermingarbarna fyrir sanngjart verð. Þessari þjónustu var vel tekið og hefur sú fjáröflun haft mikið að segja vegna tekna í Líknarsjóð, og enn er safnað. Þá hefir Lionsklúbburinn frá þessum tíma gefið hverju fermingarbarni nelliku eða rós í barminn á fermingardaginn.

Á fyrstu árum Lionsklúbbsins var árleg sala á flugeldum, ljósaperum og jóladagatölum. Gengið var í hús og þessi varningur boðinn íbúunum til sölu og ekki má gleyma blómasölunni fyrir páska og konudag. Mörg þessara verkefna hefur síðan dagað uppi í tímanna rás af ýmsum ástæðum og nú er einungis



Sala í Kolaportinu.

eftir af þessum gömlu fjáröflunum sala fermingarskeyta. En nýjar fjáraflanir hafa síðar litið dagsins ljós eins og súpusala Á góðri stund og jólatréssala á jólaföstu.

Þau eru orðin ótalmörg verkefni sem Líknarsjóður Lions hefur styrkt í gegnum tíðina og hér verður aðeins tæpt á nokkrum þeirra.

Frá árinu 1973 hefur það verið siður að færa föngum á Kvíabryggju bókaþjóf fyrir hver jól. Á aðfangadag jóla fer stjórn klúbbsins ásamt sóknarpresti í heim-sókn að Kvíabryggju um miðjan dag og þar fer fram helgistund með föngum og starfsfólki. Að helgistund lokinni er gjöfum útbýtt og síðan er sest að kaffi-borði sem svignar undan kræsingum.

Þau eru ófá tækin sem Lionsklúbbur Grundarfjarðar hefur lagt til heilbrigðismála Grundfirðinga, bæði til Sjúkrahússins í Stykkishólmi sem og læknastofu í Grundarfirði og síðar Heilsugæslu Grundarfjarðar. Má þar nefna hjartalínurita, kirtlatökutæki og blóðrannsóknatæki. Tónlistarskóli, grunnskóli, Dvalarheimilið Fellaskjól og Grundarfjarðarkirkja hafa notið framlaga úr líknarsjóði

Lions. Fjöldmörg þörf verkefni í þágu íbúanna hafa verið styrkt úr sjóðnum. Að telja þau öll upp yrði alltof langt mál. En með þessum framlögum hér heima sem og í alþjóðahjálparsjóð Lions hefur Lionsklúbbur Grundarfjarðar ekki látið sitt eftir liggja við að „Leggja lið“.

Lionsklúbbur Grundarfjarðar hefur jafnan verið þátttakandi í sameiginlegum söfnunaráttökum á vegum Lionshreyfingarinnar á Íslandi með sölu á rauðri fjöður, þar sem safnað hefur verið til stórverkefna á landsvísu.

Félagsstarfið

Í upphafi var okkur Lionsnýliðunum ráðlagt af reyndum mönnum, að ásamt starfinu við að láta gott af okkkur leiða í þágu annarra ættum við að sinna félagslegu hliðinni og hafa að leiðarljósi að hafa gaman af starfinu og létta okkur upp ásamt okkar fólki.

Fundir voru lengi vel tvisvar í mánuði frá september til maí en síðar einn fastur fundur og þá verkefni á móti. Fundarstaðir voru margir en lengi vel var fundað í safnaðarheimili kirkjunnar, en þegar við héldum fjölmennari samkomur fengum við inni á kaffistofu Soffaníasar, Samkomuhúsinu, Kaffi 59 og Krákunni. Hin síðari ár hefur fundarstaðurinn verið Fákasel, félagsheimili hestamanna.

Lionsfélagar voru áminntir um stundvísi, að hafa Lionsmerkið í barmi en einn af embættismönnum er siðameistari og hann sér um að fundarhald gangi vel fram og hefur hann vald til að sekta félagana fyrir nær hvaða yfirsjón sem er ef svo ber undir. Félögum er skipt niður í flokka, 5-6 í hverjum flokki, og oftast sér einn flokkurinn um dagskrá fundar. Fjöldi féлага í Lionsklúbbum hafa verið á bilinu 20-30. Áður fyrr var nokkuð um gagnkvæmar heimóknir til klúbbanna í nágrenninu. Einu sinni á starfsárinu heimsækir okkur umdæmisstjóri á svæði B sem klúbbur okkar tilheyrir ásamt klúbbum á svæðinu frá Hvalfjarðarbotni austur á Langanes. Umdæmisstjórinn fræðir okkur klúbbfélaga um starfsemi Lions innanlands og utan og hvetur féлага til dáða. Er oft tilhlökkunarefni að komu þeirra. Margir þeirra eru eftirminnilegir, en þeirra minnisstæðastur er mér Gunnar Ásgeirsson sem heimsótti okkar klúbb 25. sept. 1976. Hann sagði á lifandi hátt frá starfi sínu sem umdæmisstjóri, sagði frá ferð sinni og fleiri Íslendinga á allsherjarþing Lions í Honolulu þá um sum-



Njáll Gunnarsson og Guðmundur Runólfsson, Melvin Jones-félagar. Kristján Guðmundsson lengst til hægri.

arið. Hann sýndi okkur smáhluti og myndir af ferð sinni sem hann lét ganga á milli manna á meðan á frásögn hans stóð. Að lokinni ferðasögunni flutti Gunnar ávarp til Lionsfélaga sem í senn var hvatning og ýmsar hugmyndir til félaganna um verkefni sem vert væri að vinna að. Sagði hann að Lionsfélagar ættu ætíð að vera minnugir þess að þeir gengju heilir til skógar og því væri það þeirra að gefa nokkuð af sjálfum sér til þeirra sem minna mættu sín.

Tekið upp úr fundargerð sem sr. Jón Þorsteinsson skráði.

Haustið 1972 byrjaði Örn Forber lestur sögunnar „Heitt sumar“. Þetta var framhaldssaga þar sem hver félagi samdi einn kafla og las síðan upp á fundum.

Eitt haustið fengu Lionsfélagar tvo rithöfunda, þá Guðberg Bergsson og Jökul Jakobsson, til að lesa upp úr verkum sínum. Var íbúum Grundarfjarðar boðið að koma og hlýða á, en upplesturinn fór fram í Samkomuhúsinu.

Alltaf var klifað á því á fundum að gera eitthvað til fjáröflunar. Af þessu leiddi að Lionsfélagar auglýstu skemmtun í Samkomuhúsinu 28. apríl 1973 og

seldu inn en félagarnir skemmtu sjálfir með margs konar atriðum við mikinn fögnuð áhorfenda sem skemmtu sér vel en félagarnir þó mest sjálfir. Þrátt fyrir það var þetta fyrsta og eina skemmtunin með þessu fyrirkomulagi.

Þing Lionsfélaganna er haldið einu sinni á ári á ýmsum stöðum á landinu. Þessi þing sækja verðandi stjórnir félaganna.

Fjölmundæmisstjórar og umdæmisstjórar fara ásamt eiginkonum á allsherjarþing Lions sem haldin eru ár hvert erlendis. Þeir Lionsfélagar í Grundarfirði sem hafa farið á þessi þing eru Gunnar Kristjánsson ásamt eiginkonu, Jóhönnu H. Halldórsdóttur, sem sótti alþjóðþing Lions í Minneapolis sumarið 1993. Gunnar var umdæmisstjóri 109B 1993–1994. Hjónin Ragnar Kristjánsson og Þórdís Gunnarsdóttir fóru á alþjóðþing Lions ásamt fleiri Íslendingum sem haldið var í Miami í Flórída um miðjan júní 1998.

Þeir félagar Lionsklúbbs Grundarfjarðar sem hafa verið svæðisstjórar eru

Halldór Finnsson 1975-1976

Lárus Guðmundsson 1984-1985

Gunnar Kristjánsson 1990-1991

Árni Halldórsson 2002-2003

Á vegum Lions var komið á unglingskiptum milli íslenskra Lionsklúbba og Lionsklúbba erlendis. Í mörg ár var Ingbór Haraldsson unglingskiptastjóri. Þeir unglingar úr Grundarfirði sem fóru sem skiptinemar voru:

1976 Halldór Páll Halldórsson til Danmerkur

1985 Ásthildur Elva Kristjánsdóttir til Þýskalands

1990 Halldóra Sverrisdóttir til Noregs

Einnig dvöldu unglingar frá öðrum löndum hjá félögum í Grundarfirði áður en þeir fóru í ungmennabúðir sem um langa hríð voru starfræktar í Kerlingarfjöllum.

Víkjum að upphafinu. Hinn 16. maí 1972 komu félagar úr Lionsklúbbi Búðardals í heimsókn á fund hjá Lionsklúbbi Grundarfjarðar. Einn af þeim var Hallgrímur Jónsson frá Ljárskógum. Hann færði okkur að gjöf frumsamið ljóð, Lionssöng

sem í mörg ár var sunginn í upphafi funda. Formaður sem var um leið fundarstjóri skipaði þá gjarnan einhvern lagvissan féлага til að vera forsöngvara.

Lionssöngur

Lag: Öxar við ána

Höfundur: Hallgrímur Jónsson frá Ljárskógum

Lagið skal taka, létt skal nú syngja,
ljósvakan tendra og gleðinnar hydr.
Liona-vaka lífið skal yngja,
leiðis skal njóta í rjúkandi byr.

Fram, fram frjálsir og reifir,
fram, fram, nú er okkar stund.
Hefjum fánann hærra.
Hyggjum að því stærra,
stefnum hátt með léttu lund.

Dagurinn ljómar, dagsverkin bíða,
draumsýnir vaka og kalla til þín.
Dagskipan hljómar um fyllingu fríða,
fram tíðin minnir á verkefni sín.

Fram, fram o. s. frv.

Að ganga í Lions

Lengst af voru Lionsklúbbarnir karlklúbbar.

Árið 1987 var samþykkt sú breyting á starfsreglum Alþjóðasamtaka Lionsklúbba að konur gætu gengið í Lionsklúbba til jafns við karla og hefðu þær sömu réttindi og karlar. Áður höfðu víða á Íslandi verið stofnaðir klúbbar sem konur gengu í og nefndust Lionessklúbbar. Aldrei varð af stofnun Lionessklúbbs í Grundarfirði. Einnig voru til barnklúbbar, svokallaðir Leoklúbbar.



Tíu nýir félagar, fyrstu konurnar teknar í klúbbinn.

Í Lionsblaði nr. 240 apríl/maí 2007 skrifar Jimmy Ross alþjóðaforseti að „breyting sú sem þá var gerð væri þyngdar sinnar virði í gulli“. Einnig þetta: „Konur hafa bætt Lionsklúbbana og hreyfinguna í heild ómetanlega, þær hafa fært klúbbum og umdæmum nýja hæfileika og stóraukna orku. Þær hafa bjargað mörgum klúbbum frá hægu andláti og sett nýja stefnu í klúbbum sem voru stefnulaust á reki. Án kvenna væri Lionshreyfingin ekki það félagslega afl sem við erum í dag.“

Undir þessi skrif er tekið heilshugar.

Á Lionsfundi 29. desember 1999 gengu 10 nýir félagar í Lionsklúbb Grundarfjarðar en þar af voru sjö konur. Þær voru Olga Einarsdóttir, Hulda Vilmundardóttir, Ingibjörg T. Pálsdóttir, Jóna B. Ragnarsdóttir, Ragnheiður Þórarinsdóttir, Unnur B. Þórhallsdóttir og Elín Snorrardóttir. Síðan hafa fleiri konur gengið í klúbbinn. Fyrsti kvenformaður Lionsklúbbsins var Hulda Vilmundardóttir 2003-2004. Núverandi stjórn skipa Hulda Vilmundardóttir formaður, Jóna B. Ragnarsdóttir ritari og Þorkell Gunnar Þorkelsson gjaldkeri.

Viðurkenningar

Þeir félagar Lionsklúbbs Grundarfjarðar sem klúbbfélagar hafa heiðrað og gert að Melvin Jones-félögum eru eftirtaldir:

Allir stofnfélagar Lionsklúbbs Grundarfjarðar

3. mars 1990 Soffanías Cecilsson

27. mars 1993 Ragnar Kristjánsson

11. maí 1993 Halldór Finnsson

29. des. 1993 Guðmundur Runólfsson og Njáll Gunnarsson

Þegar félagi er gerður að Melvin Jones-félaga er greidd ákveðin, föst upphæð í alþjóðahjálparsjóð Lions sem kenndur er við Melvin Jones, stofnanda Lions-hreyfingarinnar í Bandaríkjunum. Melvin Jones-félagi fær afhentan veggskjöld með Lionsmerkinu og áletrað eigið nafn ásamt nöfnum alþjóðaforseta og forseta hjálparsjóðsins. Melvin Jones-viðurkenningin er æðsta heiðursmerki sem Lions veitir.



Frá vinstri: Árni Halldórsson, Soffanías Cecilsson, Melvin Jones-félagi, heldur á skildinum, kona hans, Hulda Vilmundardóttir, og Daníel Þórarinsson.

Fáni Lionsklúbbs Grundarfjarðar

Mikið hafði verið rætt um merki klúbbsins eða fána sem yrði í sama anda og fánar annarra Lionsklúbba. Svo var það 13. nóvember 1974 að merki klúbbsins var samþykkt. Einn félaginn, Árni Emilsson, var í góðum kunningsskap við Baltasar listmálara. Bað Árni Baltasar að hanna merki eða fána klúbbsins sem hann og gerði með þeim ágætum að eftir er tekið og Lionsfélagar eru ánægðir með. Með leyfi Lionsklúbbs Grundarfjarðar og Baltasars gerði sveitarfélagið það að sínu merki en Baltasar gaf vinnu sína.

Labbi

Örn Forberg, fyrrum skólastjóri, er félögum eftirminnilegur bæði sem ritari og siðameistari. Hann var ákaflega formfastur sem ritari, skrifaði hann upp á sekúndu hvenær fundir byrjuðu og enduðu. Sem siðameistari lagði hann ríka áherslu á að félagar væru með merki Lions á fundum. Það var 24. sept. 1975 að hann kynnti ljónið Labba, sem er sparibaukur og óskaði eftir að fyrir það sem í hann safnaðist hjá félögum yrði keypt eðalvín til nota á ferðalögum Lionsmanna.

Með eiginkonum og fjölskyldu

Í fundargerðabókum Lions má lesa að miðvikudaginn 22. janúar 1975 hafði verið fundur settur kl. 20.00 í matsal Hraðfrystihússins og eiginkonum boðið að sitja hann og var mæting góð. Til að sýna konunum hvað við gerðum á fundum var dagskrá framfylgt út í æsar, og stjórnaði Þorsteinn Bárðarson fundi af mikilli röggsemi eins og hans var von og vísa.

Soffanías Cecilsson flutti framsögu um fegrun staðarins. Siðameistari, Örn Forberg, skammtaði ræðumönnum þrjár mínútur til ræðuhalda og passaði vel upp á réttan tíma. Til máls tóku Stefán Helgason, Árni Emilsson, Þorsteinn Bárðarson og Halldór Finnsson.

Guðmundur Runólfsson flutti kvæði eftir Davíð Stefánsson.

Á borðum var þorramatur sem gerð voru góð skil, og yfir borðum fluttu félagar smátölur í léttum dúr. Fundi var slitið kl. 21.15.

Fundarritari, Karl H. Björnsson, endar fundargerðina þannig: „Þessi fundur tókst eins og best varð á kosið. Skemmtun sem ekki gleymist.“

Á hverjum vetri hafa síðan verið haldin konukvöld og kúttmagafundir þar sem fiskréttir eru frambornir og nú síðustu árin hafa einnig verið jólafundir en á þessa stærri fundi mæta félagar ásamt mökum en öðrum gestum er líka boðið á þessa fundi.

Í þessu sambandi er vert að minnast á einn fund af mörgum sambærilegum. Hinn 2. mars 1985 var konukvöld í kaffistofu Soffaníasar Cecilssonar. Grímur Haraldsson formaður setti fund og stjórnaði. Eftir venjulegt upphaf fundar og að loknum öllum sérímoníum var Lionssöngurinn sunginn.

Lárus Guðmundsson svæðisstjóri flutti hvatningarræðu. Lagði hann áherslu á að félagar ræktu skyldur sínar, mættu vel og stundvíslega og tækju til máls á fundum.

Þá var komið að málunum. Á borðum voru heitir og kaldir sjávarréttir, einar 10-12 tegundir sem allar, að einni undanskilinni, voru veiddar af bátum héðan og landað í Grundarfirði. Meðan borðað var fór fram vísuþotnakeppni.

Konukvöldsnefndin hafði fengið Ingólf Þórarinnsson kennara til að semja fyrirparta. Allir tóku þátt í keppninni við að semja seinni part vísanna.

Sigurvegarar voru Hulda og Soffi. Sigurberg Árnason og Helga Gunnarsdóttir voru með bestu ljósbláu botnana.

Að endingu tróðu kokkar kvöldsins upp, þeir Magnús Þór Sigmundsson og Rúnar Marvínsson, og spiluðu á gítara og sungu við mikinn fögnuð gesta. Síðan var stiginn dans. Fundargerð þessa fundar ritaði Einar Sveinn Ólafsson.

Laugardagskvöld 7. maí 1988 fóru 15 Lionsmenn ásamt eiginkonum inn í Stykkishólm. Borðaður var góður matur á hótelinu. Undir borðum afhenti formaðurinn, Móses Geirmundsson, hjónunum Huldu Vilmundardóttur og Soffaníasi Cecilssyni styttu af ljóni. Á hana eru letraðar þakkir frá Lionsklúbbi Grundarfjarðar fyrir ómetanlega hjálpsemi við starf klúbbsins.

Er þar átt við lán á bátum og skelverksmiðju þegar Lionsmenn hafa verið með fjáraflanir vegna skelróðra og síðast en ekki síst lán á húsnæði fyrir skemmtisamkomur þegar félagarnir hafa haldið konukvöld og aðra hátíðir.

Hjónin Soffanía og Hulda þökkðu innilega fyrir gjöfina. Buðu þau Lionsmönnum ásamt eiginkonum í kaffi og koníak laugardagskvöldið 27. maí á heimili sínu sem þakklætisvott fyrir gjöfina. Má með sanni segja að ekki brygðist þeim höfðingsskapurinn. Eftir borðhald var staldrað við á barnum og kannaðar gullnar veigar. Var þetta hin ánægjulegasta kvöldstund og lagt af

stað heim á miðnætti. Við sveitarmörkin í Mjósundum var stoppað, og afhenti formaður, Móses Geirmundsson, næsta formanni, Gunnari Kristjánssyni, formannsmerkið, en sú hefð hefur skapast að á vorsamkomum Lionsmanna fari fram stjórnarskipti.

Njáll Gunnarsson fundarritari.

Lokafundir og stjórnarskipti Lions gátu verið við margvíslegar aðstæður. Má nefna í Búlandshöfða á ferðalagi að Búðum þar sem síðasti fundur starfsárs var haldinn, uppi í Gili upp við Grundarrétt og marga fleiri staði mætti nefna þar sem hægt hefir verið að koma saman með fjölskyldunni og hafa gaman af.

Svo var um lokafund starfsársins 1989-1990 sem var haldinn á Grundarkampi laugardaginn 19. maí kl. 17.00, og var fjölskyldum Lionsfélaga boðið í grillveislu.

Árni Halldórsson setti fundinn og skipaði félögum að hefja matseld. Fyrst skyldi grilla pylsur handa börnunum, síðan grillaður matur handa eiginkonum og að lokum grillaður matur handa Lionsfélögum sjálfum. Eftir að fólk hafði etið nægju sína var gengið til dagskrár. Nýr félagi, Stefán Ólafsson, var tekinn í félagið og konu hans færð blóm. Síðan fóru fram formannaskipti en þá tók Kristján Guðmundsson við formannsmerkinu af Árna Halldórssyni. Að dagskrá lokinni var farið í leiki og kveiktur varðeldur. Upp úr kl. 20.00 fóru menn að tínast heim eftir skemmtilegan eftirmiðdag.

Tekið úr fundargerð Gísla Björnssonar ritara.

Ferðalög

Eitt af áhugamálum klúbbsins voru ferðalög um landið og seinna til útlanda. Í ágúst 1972 var farið í ferð á Strandir alla leið norður í Árneshrepp. Félagar fóru þessa ferð margir og eiginkonur voru með í för. Fararstjóri var Njáll Gunnarsson en þarna var hans heimasveit. Gist var í Barnaskólanum í svefnpokapláss. Farið var um sveitina og síldarverksmiðjurnar á Djúpavík og í Ingólfsfirði, eða það sem eftir var af þeim, skoðaðar. Farið norður að Krossaneslaug. Þeir sem voru svo forsjálir að hafa með sér sundföt fóru í laugina. Eitt skemmtilegt atvik varð við laugina. Þorsteinn Bárðarson hafði ekki með sér sundskýlu en Elna, eiginkona hans, var með sundbolinn sinn en fór ekki í laugina. Þorsteinn fékk nú bolinn hjá



Dýskalandsfarar 2003.

Elnu, tróð sér í hann og stakk sér í laugina, þetta var kátleg og eftirminnileg sjón. Á heimleið var gist á Vogalandi í Króksfjarðarnesi og farið í margs konar leiki, sveitin þar skoðuð og komið við á Reykhólum en síðan haldið heim.

Utanlandsferðir

Í október 2003 var farin 10 daga ferð til Þýskalands. Gist var í Trier og Moseldalurinn skoðaður. Einnig var gist í Freiburg, þar sem skoðaður var Svartiskógur en einnig farið yfir landamærin til Frakklands einn dag.

Í lok september 2005 fór klúbburinn í helgarferð til Skotlands. Flogið var til Glasgow en gist á hóteli í Oban. Skosku hálöndin voru skoðuð og margt fleira. Næsta ferð er fyrirhuguð til Póllands sumarið 2008.

Litli Lionskórinn

Árið 1988 var stofnaður sönghópur átta félaga innan Lions. Var hann kallaður Litli Lionskórinn. Í honum voru Sturla Erlendsson, Gísli Björnsson, Gunnar Kristjánsson, Svanur Guðmundsson, Móses Geirmundsson, Eiður Örn Eiddsson, Kristján Guðmundsson og Pálmar Einarsson. Söngstjóri var Friðrik V. Stefánsson. Síðar bættust í kórinn Guðmundur Smári Guðmundsson, Lárus Guðmundsson, Hallgrímur Magnússon og Skúli Skúlason.

Kórinn starfaði á þriðja ár og spurðist hróður hans víða. Hann kom og söng á 60 ára afmæli undirritaðs, söng í 70 ára afmæli Guðmundar Runólfssonar, einnig í Kolaportinu en þar stóðu Lionsmenn fyrir fiskmarkaði í fjáröflunarskyni og víðar var sungið, svo sem á kúttmagakvöldi hjá Lionsklúbbum Nirði á Hótel Sögu í Reykjavík, svo að eitthvað sé nefnt.

Lokaorð

Það er komið að lokum þessarar ritgerðar. Ég hefi á stuttum tíma lesið yfir 300 fundargerðir klúbbsins og bókina „Við leggjum lið“ – Saga 40 ára Lionsstarfs á Íslandi eftir Svavar Gests, 453 blaðsíður að stærð.



Litli Lionskórinn.

Mér telst til að í Lionsklúbb Grundarfjarðar hafi gengið 114 félagar á 35 árum. Margir hafa flutt burt úr byggðarlaginu, einnig hætt í klúbbum eftir mislangan tíma.

Lionsfélagar hafa látist á þessum árum og einnig eiginkonur féлага.

Ég minnst alls þessa fólks með virðingu og þakklæti. Ég óska Lionsklúbbi Grundarfjarðar alls velfarnaðar á komandi árum.

Einkunnarorð Lionshreyfingarinnar er á ensku „We serve“. Á íslensku hafa þessi orð verið þýdd „Við þjónum eða við hjálpum“.

Jón Þ. Björnsson, Lionsklúbbi Borgarness, lagði til að þýðingin yrði „Við leggjum lið“ og það nafn valdi Svavar Gests bók sinni þegar hann skrifaði sögu 40 ára starfs Lions á Íslandi.

Skrifað í maí 2007.

Heimildir: Saga 40 ára Lionsstarfs á Íslandi – Við leggjum lið eftir Svavar Gests og fundargerðir Lionsklúbbs Grundarfjarðar.

Páll Cecilsson

Grundarfjarðarviti (Hnausaviti)


Um aldamótin 1900 var lítið um leiðarmerki við strendur landsins, en upp úr því var farið að byggja vita á annesjum og eyjum. Krossnesviti var byggður árið 1926, en þá var liðin nær því hálf öld frá því að fyrsti vitinn kom á Reykjanesi. Ekkert innsiglingarljós var í mynni Grundarfjarðar fram að þeim tíma, enda var það kærkomið ljós í skammdeginu fyrir sjófarendur.

Í dimmviðri og vonskuveðrum vantaði þó mikið á að ljósið frá vitanum sæist þegar komið var upp á miðjan fjörðinn.

Þegar ég man fyrst eftir, á árunum fyrir 1943, áður en kveikt var á vitanum á Hnausum, setti móðir mín alltaf gaslampa út í glugga í Búðahúsinu þegar vont var veður og vitað var að vertíðarbátarnir voru ekki komnir að landi. Lampar þessir, sem voru nýkomnir á markað hér og voru nefndir Aladin, gáfu frá sér mjög gott ljós. Sjómenn sögðu að þetta ljós hefði oft sést vel þegar komið var fyrir Búðatangann, í norðanhríð eða sunnanstormi. Þessir litlu vertíðarbátar, sem voru innan við 20 tonn að stærð, tækjalausir og ganglitlir, hjuggu öldurnar um 100 metra frá landi upp með klöppunum á Búðum, en húsið stóð 10 metra frá sjávarbakkanum.

Nú voru sjómenn og ráðamenn farnir að benda á nauðsyn þess að byggður yrði viti fyrir innfjörðinn, en á þessum árum var farinn að myndast byggðarkjarni í botni fjarðarins.

En á áliðnu sumri 1942 kom vitaskipið Hermóður til Grundarfjarðar og lagðist fyrir akkeri utan við hleinarnar á Búðum. Tilgangur ferðar þess var að koma með vinnuflokk og byggingarefni til vitabyggingar á Hnausum.



Grundarfjarðarviti.


Hnausar eru grjót- og jarðvegshryggur, sem fyrir árhundruðum mun hafa losnað úr norðaustanverðu Kirkjufelli og hrunið þarna til sjávar. Í Hnausum var búið fyrir á árum og má víða finna þar bæjarrústir. Síðasti ábúandinn í Hnausum fluttist þaðan um aldamótin 1900.

Vinnuflokkurinn var skipaður að mig minnir fjórum eða fimm úrvalsmönnum, auk byggingarmeistarans Sigurðar Péturssonar. En hann sá um og byggði flesta þá vita sem byggðir voru á eyjum og annesjum á árunum 1935 til 1958.

Að morgni fyrsta dagsins var hafist handa um að flytja byggingarefnið í land á skipsbátnum og bera það upp frá sjó og var því lokið þegar á daginn leið.

Morguninn eftir var farið í að reisa svefnskála á sjávarbakkanum, sem var hið snyrtilegasta hús. Þar réð svo ríkjum Helga, dóttir Sigurðar, kraftmikil, ung stúlka en hún sá um matreiðslu fyrir vinnuflokkinn. Þarna var á ferðinni úrvalslíð sem vant var að vinna við erfiðar aðstæður.

Þegar lokið var við byggingu skálans, var hafist handa um að koma öllu



Sigurður Pétursson.

efninu á byggingarstað, en það þurftu menn að bera yfir kargapýfi og vegleysu um það bil tvo kílómetra.

Þegar þeim áfanga var lokið, var tekið til við að grafa fyrir sökklum, með haka og skóflu, að sjálfsgöðu.

Nú þurfti að flytja mól og sand í steypuna, en því efni var mokað í poka niðri í fjöru og flutt á sama hátt og annað efni upp á Hnausa.

Til að létta aðeins á mönnum við efnisburðinn, var samið við bónda á næsta bæ, sem kom með tvo reiðingshesta, en þeir gátu borið á við sex menn og flýtti það mjög fyrir.

Smíða þurfti pall til að hræra steypuna á, því að engin var hrærivélin, frekar en önnur vélknúin tæki, sem þessi tími bauð upp á.

Ég fylgdist lítið með daglegri vinnu þessara manna við bygginguna, enda bara tíu ára, en því oftast kom ég í skálann til Helgu, sem tók mér eins og væri ég litli bróðir og gaukaði að mér ýmsu góðgæti.

Ég hugsa oft með þakklæti og hlýju til þessa fólks og veru þess á Búðum, enda fannst mér að lengri tíma hefði mátt taka að byggja vitann en raunin varð.

Þegar kom að lokadeginum og leiðir skildi með mér og þessu yndislega fólki og það hélt heim á leið, færði það mér ýmsar góðar gjafir, sem tíu ára drengnum þótti mjög vænt um. Sérstaklega man ég eftir forlata vasaljósi og fjöldanum öllum af rafhlöðum sem dugðu mér allan næsta vetur. En þótt ég væri myrkfælinn í þá daga, fannst mér aldrei vera nógu dimmt á kvöldin, því ljósið fældi alla drauga frá hvert sem ég fór.

Árið eftir var settur gaslampi í vitann. Mig minnir að það hafi verið Sigurjón Eiríksson, tæknimaður og vitaeftirlitsmaður, sem það gerði.

Það var gaman að fylgjast með því þegar vitaskipið Hermóður sigldi um fjörðinn og mældi dýpið við boða og sker, en tæknimaðurinn var inni í vitanum og fínstillti ljósmerkin frá vitanum

Til samskipta milli skips og lands voru notuð ljósmerki með morsi frá ljós-



Hér voru hylkin dregin upp í vitann.

kastara skipsins og sterkum rafhlöðulampa í vitanum, önnur senditæki voru ekki fyrir hendi.

Að lokinni þessari tæknivinnu var formlega kveikt á Grundarfjarðarvita, en það var í september 1943.

Vitavörslu annaðist Guðbjartur Cecilsson á meðan honum entist aldur til, eða frá árinu 1943 til 1994.

Næstu árin eftir að vitinn var byggður kom vitaskipið einu sinni á ári með fullhlaðin gashylki og tók til baka þau sem voru tóm. Þessi hylki voru sérstaklega þykk og þung, enda gerð til að þola högg utan í kletta við misjafnar aðstæður. Það var oft mikið þuð að draga hylkin frá sjó og upp í vita.

Á seinni árum kom vitaskipið með gashylkin að bryggju í Grundarfirði, og voru þau síðan flutt á dráttarvél í vitann.

Grundarfjarðarvitinn er steinsteyptur. Hæð frá grunni er þrír metrar. Breidd

tveir metrar, lengd fjórir metrar og þakplatan er steinsteyp. Úthliðar vitans mynduðu sex láréttar rendur. Sökkullinn og tvær innfelldar rendur voru húðaðar með hrafntinnu, en hinar þrjár voru húðaðar með ljósu kvarsi.

Grundarfjarðarviti var eins og aðrir vitar á landinu í eigu ríkisins undir stjórn vitamálastjóra. Hann var afhentur Grundfirðingum til eignar og reksturs 1. september 1983. Slökkt var á vitanum um aldamótin 2000 og komst hann í einkaeign 20. apríl 2001. Ljóskerið úr vitanum er nú varðveitt í Sögumiðstöðinni í Grundarfirði.

Ásgeir Guðmundsson

Eyrarsveit í annálum

Íslenskir annálar 1400-1800 I-VI

1498. Veginn Páll bóndi Jónsson á Öndverðareyri vestur, af Eiríki Halldórssyni og hans fylgjurum. II., bls 29.¹

1617. Skiptapi í Eyrarsveit, sex menn; segja menn, að hvalur hafi tekið þá alla, sérhvern einn í senn og gleypt. I, bls. 207.

1628. Skiptapi í Eyrarsveit. I., bls. 229.

1652. Hirðstjórinn Henrik Bjelke kom út fyrir alþing með bréf kóns Friðriks; stiftar (stofnar) hann hospítal hér á landi, sína kónsþjórð tilgreinda í hverjum fjórðungi: Hörgsland á Síðu í Austfirðingafjórðungi, Klausturhóla í Grímsnesi í Sunnlendingafjórðungi, Eyri í Eyrarsveit í Vestfirðingafjórðungi, Möðrufell í Eyjafirði í Norðlendingafjórðungi. Skyldu þar innsetjast spítelskir (holdsveikir) svo margir sem til hrykki, svo og aðrir hjálparlausir, ef betur hrykki; hefur þó lítið lið að orðið, hvert ei er hans kónglegri náð að kenna. Var til þessara hospítala lagður styrkur af öllu landinu; varð mikið fé; kom lítt í hald. I., bls. 297.

1657. Bóla gekk um Vesturlandið, hin sama hæglega, eigi mjög mannskæð. Mikil sótt fyrir Jökli áliðnum vetri, og taldist dáíð hafa 90 að Rauðamelsheiði, tveim megin, í Staðarsveit, Eyrarsveit og Helgafellssveit. I., bls. 347.

¹ Rétt ártal er 1496. Um víg Páls Jónssonar á Öndverðareyri er fjallað í 6. hefti þessa rits (2005).

1660. Þá varð skiptapi í Eyrarsveit fyrir jól. II., bls. 189.

1662. Þá aflagðist kaupstaður í Kumbaravogi, en tekinn upp í Grundarfirði af Jóni (Jónasi) Trellund, sem Stykkishólm, Kumbaravog og Rif hafði þá forpaktað (tekið á leigu). Kumbaravogur er svo kallaður til forna af þeim Cumbres eða Engleskum úr því héraði í Englandi, sem heitir Cumberland, sýnist dregið af Cymbris. II., bls. 192.

1663. Þá smíðuðu Hollenskir hús á Grundarfirði. Jónas Trellund reiddi þá upp (gerði út) á allar hafnir á Breiðafirði. III., bls. 220.

1669. Úr kaupstaðnum Grundarfirði í Eyrarsveit reið drukkinn maður, að nafni Snorri Brynjólfsson. Sá fannst dauður, fallinn af baki. IV., bls. 108

1678. Vestur í Eyrarsveit átti Bjarni Hallsson barn með dóttur sinni, Guðrúnu Bjarnadóttur, að sinni konu, Guðrúnu Þórðardóttur, lifandi, hver Guðrún Þórðardóttir, móðirin og konan mannsins, bar út barnið með Bjarna Hallssyni, manni sínum. Hún refsuð, hin réttuð (tekin af lífi). IV., bls. 306.

1683. Fótbrotnaði Salómon Jónsson Eyrarhospítals forstandari; einninn gekk úr liði hans handleggur. III., bls. 329.

1685. Í Grundarfjarðarkaupstað skaut danskur drengur, þó ekki af ásettu ráði, frá manni bónda í Eyrarsveit, Bárð Jónsson í Lá, föður Bjarna í Lá, reið frá kirkju, stóð við í kaupstaðnum með öðru kirkjufólki á helgum degi; byssan hlaðin fyrir tveimur dögum hafði ekki lossað, hvernig sem til var reynt, en sem drengurinn tók byssuna og spennti hana upp, hljóp hún strax á manninn, þar hann stóð við búðardyrnar, en hann dó innan fárra daga. Fyrir drenginn var bætt með fé. II., bls. 271.

1687. Maður dó í snjógili í Eyrarsveit. II., bls. 274.

1690. Skiptapi varð í Eyrarsveit með sex mönnum. II., bls. 531.

1694. Séra Steinn Jónsson prests Þorgeirssonar og Guðrúnar Steingrímsdóttur að norðan giftist dóttur séra Jóns Guðmundssonar, Valgerði. Séra Steinn hélt í fyrstu Hítarþing, þar eftir Setberg í Eyrarsveit; varð síðan biskup á Hólum. II., bls 308-09.

1696. Skiptapi var í Eyrarsveit, fóru að sækja fisk og lýsi út á Hjallasand. Formaðurinn hét Þorleikur [Jónsson, sem bjó á Eiði í Eyrarsveit 1681]. Með honum voru þrír synir hans. Hann var faðir þeirra miklu Víkurformanna Jóns og Sveins Þorleikssona. III., bls. 499.

1700. Jón prestur Jónsson fór nú aftur til Hítarness, er hann hafði verið fyrri, en Steinn prestur Jónsson vestur í Eyrarsveit, til þjónustu Setbergssóknar; tók hann ekki við staðnum fyr en vorið eftir. I., bls. 440.

1701. Fyrir Eyrarsveit vestur drukknuðu menn tveir, er flytja vildu fisk á Skógarströnd fyrir bóndann Guðmund Þorleifsson á Eyri. Hann varð sjálfur skipreika um vorið og tapaði 40 vættum fiska. II., bls. 550.

1701. Á Breiðafirði, framundan Eyrarsveit, drukknuðu tveir menn, er flytja vildu skreið á Skógarströnd, sumir segja fyrir Guðmund Þorleifsson á Narfeyri. Nafnkenndur maður var þessi, sem drukknaði, kallaður Skoreyja-Laugi, og piltur dó með honum. III., bls. 517.

1702. Þetta sumar kom út á Hofsóss-skipi archiv-secreterinn Árni Magnússon, sem hafði utanlands verið samfleytt 16 ár, og hafði kóngsins orður (fyrirmæli), að hann og vicelögmaðurinn Páll skyldi fara hér yfir land með þeirri commission að gera nýja jarðabók yfir landið allt, og athuga, hver að væru meðul til að afkoma þeim ýmsum ósiðum, er innsmognir væri. Þeirra instrúx var í 30 eða fleiri póstum. Þeir reistu af þingi strax og suður til Bessastaða og í Viðeyjarklaustur. Þaðan reið Árni til Skálholts, en Páll heim norður, því hann bjó þá í Víðidalstungu. Síðan fundust þeir um sumarið aftur á ákveðnum tíma í Hvammi í Hvammssveit, og voru þar mánuð saman; sendu þaðan bréf sín í Austfjörðu; þau náðu Vopnafjarðarskipi. En þeir reistu það eftir var sumars á Skógarströnd og svo út Helgafells- og Eyrarsveitir, og gekk þeim töfult að gera jarðabók, því skrifað var

grannt, en fólk ótamt við spursmál þeirra. Árni reið fyrir Jökul snöggva ferð, meðan Páll var í Eyrarsveit, og fundust aftur á Staðarstað. I., bls. 676.

1702. Forstandari hospítals í Vestfirðingafjórðungi kom í Rif við Jökul vestra og beiddi gistingar, ákvað einhýsi til svefnstofu, kvaðst hann vera ærið svefnstyggur og lét sér eigi hent við skarkala um nætur. Var það uppi látið. Um morguninn, þá til var komið, var hann dauður; hafði hann hengt sig í veiðarfærum, sem héngu í húsinu. Sá maður hét Salómon [Jónsson, faðir Sigríðar, sem var á Þingeyrum forráðskona hjá Jóhanni Gottrup] forríkur að fé, en fátækur að bæninni. I., bls. 598-99.

1702. Í Eyrarsveit dó maður drukkinn, fannst að morgni örendur. IV., bls.174.

1704. Annan þriðjudag sumars [6. maí] hengdur í Sjávarkvíum Clemens Þorgeirsson, ættaður úr Ölfusi, miðaldra; hafði hann lengi hlaupið um landið, fyrst með leti, síðan með stuldi. Hann hafði rofið kirkju að Hróarsholti í Flóa til þjófnaðar, en stolið úr kirkjunni að Setbergi í Eyrarsveit altarisbrún, gerðri af spansleðri gylltu, og gert þar úr skó á fætur sér, einninn nærkjóli, vírknepptum, allvænum, frá Guðmundi West á Stokkseyri; fékk iðran. I., bls. 462.

1705. Kerling gömul, kreppt, hengdi sig í Eyrarsveit. II., bls. 556.

1707. Á þessu sumri frá því í júní stóð yfir það mikla mannfall úr þessari stóru bólu, sem margir héldu, að pest fylgt hefði. ... Átta menn í Eyrarsveit fóru átta líkfarir á einum degi. IV., bls. 196.

1710. Sigldi Steinn prestur Jónsson, frá Setbergi í Eyrarsveit, í Rifi, upp á biskupsdæmi að Hólum, með ráði og forlagi Odds vicelögmanns. I., bls. 496.

1714. Skipakoma á Eyrarbakka, í Hafnarfirði og Grundarfirði, nokkru eftir fardaga. Komu þau heiman frá Kaupenhöfn, en höfðu þó lítið af sumri hverri nauðsynjavöru, einkum járn. I., bls. 502.

1718. Í hjáleigu nokkurri í Eyrarsveit fannst að morgni dags stúlka örend; item

(einnig) tvær kýr dauðar, en kerling rænulaus; meintist reiðarþytur hefði þessu grandað. II., bls. 408.

1718. Snemma í nóvember við Bár í Eyrarsveit sló skrugga, að menn meintu, lítið gat á búð eina; dó þar inni kvensnift og tvær kýr, annars lifði þar þó annað fólk inni, og vissi ekki glöggum um það að segja. II., bls. 686.

1718. Þá varð skiptapi í Eyrarsveit. Þar rotaðist og einn maður til dauðs. IV., bls. 647.

1719. Um vorið steytti hvalfangaraskip á skeri hjá Melrakkaey á Grundarfirði, hvaðan skipið losnaði, og hleyptu þeir því upp undir Kirkjufell, hvar mennirnir við það skildu, en komu sér með öðrum hvölurum. II., bls. 687.¹

1720. 8. nóv. brotnuðu fjögur skip á Vatnabúðum Magnúsar Jónssonar og frönsk slupfa (einhöstruð smáskúta) Steindórs [Finnssonar] á Krossnesi í mjög miklu landsynningsveðri. II., bls. 690.

1721. Á því ári komu Franskir á Grundarfjörð. Sjö kapteina nöfnin voru þessi: 1. Jacob, 2. Samson Salaveria, 3. Hans son, 22 ára, Dominie Salaveria, 4. Adam Dogarette, hann sýslaði um skipskrokkinn undir Kirkjufelli, 5. Martin Salaveria, 6. Miscant Salaveria, 7. Jacob. II., bls. 691.

1722. Capitain Adam rífur það franska skip undir Kirkjufelli. II., bls. 692.

1727. Sýslumaðurinn Vigfús Árnason frá Hospítalseyri sofnaði (lést) á þingreið að Staðarhrauni. II., bls. 698.

1728. Stór harðindi, bjargarleysi fyrir fólki, en stór fellir og missir á kvikpeningi, helst um Eyjafjörð, Fljót, Þingeyjarþing, Austfjörðu, svo og Strandasýslu, Helgafells- og Eyrarsveitir. II., bls. 618.

¹ Rétt ártal er 1720. Um strand þetta er fjallað í 3. hefti þessa rits (2002).

1732. Í Eyrarsveit og úti í Eyjum mikill fiskigangur. II., bls. 650.

1732. Árferðið gott, kom þó nokkur ís norðanlands. Í útverum víða litlir hlutir, en sunnan Jökuls þrjú og fjögur hundruð, í Eyrarsveit og Eyjum miklir, á Mýrum litlir. VI., bls. 37.

1733. Hlutir í útverum: ... innarlega í Eyrarsveit 5 hundruð eða meir; meltist þó fiskurinn mjög. ... Skiptapi á Kvíabryggju í Eyrarsveit með fimm mönnum, komust af þrír. II., bls. 654-55.

1733. Á útmánuðum drukknuðu sex menn í landtöku í Kvíaós frá Krossnesi í Eyrarsveit. II., bls. 714

1733. Á Höfða í Eyrarsveit brotnuðu tvö skip af veðri. II., bls. 714.

1733. Vertíðar sjóbönn stór, hlutir eystra og fyrir vestan Jökul þrjú hundruð, mestir í Njarðvíkum og á Innnesjum sjö hundruð. Í Eyrarsveit fimm hundruð. VI., bls. 38.

1734. Steindór Finnsson sálast að Krossnesi, hafði legið árið um kring. II., bls. 717.

1735. Skiptapi skeði í Eyrarsveit um sumarið þann 13. ágúst. Formaðurinn hét Bjarni Bárðarson, bjó í Neðri Lá. Á bát þessum voru tveir synir hans, fullorðnir, aðrir tveir piltar og einn kvenmaður, fóru til fiskiróðrar og drukknuðu á rúmsjó, af hverri orsök vita menn ekki; vindurinn var á norðan, hvass nokkuð. III., bls. 568.

1736. Þá taka menn og til orðs, að smáfisksgengd minnkar í Eyrarsveit, og svo víðast á Breiðafirði. II., bls. 720.

1736. Var þá og stolið úr Grundarfjarðarhúsunum; það var sagt, að væri frekar (rúmar) 10 vættir; varð ekki uppvíst, var eignað nábúum. III., bls. 569.

1736. Á þessu ári grasserar ljótur og mikill þjófnaður í landinu ... Þá var og stolið úr kaupmannsbúðum í Keflavík suður um 100 vættir, að Ólafsvík yfir 200 rd., og Grundarfirði til 30 vætta, í Snæfellsnessýslu, á Bíldudalseyri vestur, en mikið bágt veitti sýslumönnum að uppvísa [finna] þjófana. II., bls. 722.¹

1737. Tveir menn drukknuðu þá á Grundarfirði af bát. II., bls. 725.

1738. Á sama degi varð skiptapi í Eyrarsveit; hröktust frá lendingu sinni og annars staðar að; drukknuðu þar tveir mennirnir, en hinir komust lífs af. Einir hröktust og úr Eyrarsveit á skipi frá Eyri og inn í Akureyjar, og náðu þar landi, allir lífs. Frá Krossnesi hraktist og skip með mönnum inn undir Melrakkaey og beið þar, og náðu heim aftur um kvöldið. III., bls. 572.

1739. Kvenmaður drukknaði í Tunguós utan Máfahlíð, seint um sumarið, hét Halldóra, átti heima í Eyrarsveit, var gift, fór til útvega sinna út á Nes, fannst aftur, var sótt á skipi og flutt inn í Eyrarsveit, en grafin á Setbergi. III., bls. 574-75.

1741. Stórviðris-skaðagarð gerði sunnudaginn þann síðasta í góu [4. mars], skömmu fyrir dögum, var á vestan. Undan þeim garði um nóttina gengu yfir 20 skruggur með eldingum og ákefðaregni. Yfir 20 lofthjallar féllu niður í því stórviðri í Neshrepp, hús og hey rifu til skaða víða í kringum Jökul og Eyrarsveit. III., bls. 578.

1743. Árni Grímsson í Snæfellsnessýslu stal tvisvar á þessu ári, hvar fyrir hann var dæmdur 16. maí fyrsta sinn og sautjanda ágúst til marks og húðláts. Síðan stal hann úr Grundarfjarðarkrumbúð upp á 13 vættir, braut upp búðina og kramkistuna til að ná þaðan peningum. Var hann svo í þriðja sinn á Grund

¹ Í 3. bindi af Sýslumannsæfum eftir Boga Benediktsson á Staðarfelli segir svo um innbrot þetta: „Svo bar til, að stolið var úr Grundarfjarðarhúsum og brotið þar inn um glugga, en þá [Guðmundur Sigurðsson] sýslumaður var tilkvaðdur dómari aðgerða í téðu máli, hafi hann farið inn um sama glugga að sjá vegsummerki. Af þessu kölluðu sumir sýslubúar hann Glugga-Gvend, og Þormóður Eiríksson hafi á manntalsþingi við hann sjálfan kveðið vísu þessa: Að mér berast efnin vönd,/er eg í máta glaður./ Hafid þér séð hann Glugga-Gvönd/göfugi sýslumaður?“

í Eyrarsveit þann 25. sept. dæmdur á Bremerhólm, sem á alþingi staðfest var viðbættu húðláti og brennimerki 1745. VI., bls. 57.

1745. Nær fisklaust í Eyrarsveit. III., bls. 589.

1745. Skiptapi varð í Dritvík á þriðjudaginn í efstu viku fyrir páska, 13. apríl, forgekk á útsjó; meinast boði hafi slegið því um í útsynningshroða; voru á sjö menn; formaðurinn hét Þórður; hann átti heima í Lá í Eyrarsveit; voru þar á fjórir giftir menn, og áttu þar í plássi allir heima. III., bls. 591.

1745. Aðfaranótt þriðja í jólum var farið í Grundarfjarðarkaupmanns búðir og stolið þaðan ýmislegum vörum. Voru í þessu verki Bjarni og Jón Jónssynir, Ormur Vigfússon, Bjarni Jónsson frá Efrilá, Guðríður Vigfúsdóttir og Kristín. Bjarni í Efri-Lá tók heystinginn í Gröf og opnaði með honum búðina. Tunnu með aðskiljanlegri kramvöru fluttu þeir inn í Akureyjar, sömuleiðis Hannes og Einar Jónssynir og Árni Grímsson. VI., bls. 62.

1746. Stórþjófnaður var að spyrja úr Grundarfjarðarhúsum, þegar þau voru opnuð af Dönskum, sem reiknaðist nær upp á 500 vættir. Dróttaðir voru þar við; Ormur [Vigfússon], sem bjó á Grund þar við kaupstaðinn og Jón Jónsson, kallaður Grundarbróðir, og eftir kaupmannsins begering voru þeir báðir í arrest teknir. Var svo um þetta mál þingað um sumarið tvisvar, og fengust ekki fullkomnar bevísingar, þó nokkrar væri, hvar fyrir þeir voru ekki þjófar dæmdir undir það hæsta straff. Var þeim svo sleppt um veturnætur um haustið, þá í þriðja sinn var um þingað. Þeim var og ekki heldur tildæmdur neinn betalingur af kaupmanninum fyrir arrestsins begeringu, og vildu þeir síðan uppstefna dóminum, hvað afslóst fyrir þeim. III., bls. 593.

1747. Teknir þrír útileguþjófar í helli fram úr Bárðardal. ... Hinn þriðji af þessum hét Árni [Vigfússon], undan Snæfellsjökli, var listamaður upp á smíði og fleira til munns og handa, en lenti síðan í krambúðarþjófnaði á Grundarfirði og var dæmdur á Bremerhólm, samt útsendur sama haust, en fyrir það hann var ekki af lögmanni dæmdur, var það rekið upp á sýslumanninn að vita, hvört hans dómur mætti standast, en það skeði, og Árni kom fyrir lögbingsrétt. Sýslumannsins dómur var confirmeraður (staðfestur), so sem allt heyrði

þar til. Síðan afhenti sýslumaðurinn þennan Árna til að exporterast (flytjast á Brimarhólmi) í Grundarfjarðarkaupstað. Var mælt, að kaupmaðurinn hefði ei viljað viðtaka, en sýslumaðurinn ábyrgst hönum allt ansvar fyrir delinquentinn og skyldi hann þar eftir í járnum. Leið svo fram á kvöldið, að Árni hafði beiðst matar síns fyrir kaupmanns búðardryrum, en engu var til svarað, og hafði Árni þá sagt kaupmanni, að hann vildi ei stela járnunum af sýslumanni, því hann ætti ei soddan að sér, heldur að kaupmaður vildi láta sýslumanninn fá þau aftur, en hann kvaðst fara sinna ferða. Lenti hann so hjá útileguþjófum þeim, sem áður er um getið, í Bárðardalshelli og var tekinn þar, síðan færður til sýslumanns í Vaðlaþingi. Lofaði Árni þá því, sem hann enti, og var færður til sýslumanns í Skagafjarðarsýslu, var þar nokkrar nætur, en komst síðan út eina nótt og fannst hvörgi aftur, þó leitað ætti að heita. Misseri síðar var sagt um líkan mann, að staðnæmst hefði á Langanesi, sem nefndur var Einar, kom sér vel við fólk, giftist og búsettist þar síðan. V., bls. 17-18.

1749. Urðu að barneign opinber Bjarni Jónsson á Grund í Eyrarsveit, sem stal úr Grundarfjarðarbúðum, og Guðríður Vigfúsdóttir, kona bróður hans, Jóns Jónssonar. Þau dæmd frá lífi 6. maí á Ingjaldshóli, það staðfest á alþingi 12. júlí. VI., bls. 72.

1749. Þann 6. maí var þingað í Ingjaldshóli í Grundarfjarðabúða þjófnaðarmáli. Var Ormur Vigfússon dæmdur til húðláts, brennimarks og erfiðis í járnum sína lífstíð í Khöfn, Jón Jónsson til tveggja húðláta og marks, Bjarni Jónsson og Guðríður Vigfúsdóttir, kona Jóns en systir Orms, til húðláts. Þetta kom og fyrir lögþingsréttinn 12. júlí, var Ormur þar dæmdur á Bremerhólmi. Jón komst ei til þings fyrir veikleika, hann hafði og útstaðið sitt straff í héraði (eftir það kallaður Grundari) ásamt Bjarna og Guðríði. En Árni Grímsson, Hannes og Einar Jónssynir, Margrét systir þeirra og hennar maður, Bjarni í Efri-Lá, öll rigtuð við þennan þjófnað, struku. VI., bls. 72.

1749. Þjófnaðarmál kom upp í Helgafellssveit, í Akureyjum, sem var til tveggja hundraða, eður meir. Annað í Eyrarsveit á Þórdísarstöðum. Þessi Akureyjaþjófnaður bevísaðist upp á Orm Vigfússon á Kolgröfum, sem fyrr var á Grund. Þjófnaður skeði og á Seljum í Helgafellssveit árið fyrir, 1748, hvert nú

upp komst, að Bjarni í Akureyjum hafði gert og Guðmundur Gunnlaugsson, þar búendur báðir. Voru þeir svo báðir fyrir þennan stuld á Bakkapíngi kagstrýktir; Ormur einninn fyrir Akureyjapjófnaðinn á sama þingi, eitthvað um góulokin. Konan Guðríður, systir Orms Vigfússonar, búandi með yngra Bjarna, bróðurmanni sínum, en ekkja eldra Bjarna, sem var á Grund, ól barn sunnudaginn næstan fyrir Þorláksmessu [22. des.] fyrir jól næsta vetur, 1748, hvert hún kenndi Bárði nokkrum Sigurðssyni, er sór fyrir barnið og verkið á fyrnefndu Bakkapíngi. Lék á því kunnugra almenningsrómur, að Bjarni hefði sængað með Guðríði, bróðurkonu sinni, hvar upp á vitni áttu að takast þann 5. maí. Tók og þennan vetur að kroppast upp sá fyrr skeði, 1746, Grundarfjarðar stórbjófnaður, eftir frásögn þessa minna Bjarna til tveggja: fyrrnefnds Bárðar Sigurðssonar og Guðmundar Einarssonar, fróms manns; þeim sagði minni Bjarni, að þeir bræður Jón, Bjarni, Hannes, Einar og Margrét, kvinna Bjarna Bjarnasonar í Efri Lá, einninn Bjarni þessi,¹ Ormur Vigfússon, Guðríður í Akureyjum, sem barnið átti, systir Orms, og Kristín nokkur Þórðardóttir í Eyrarsveit. Voru svo í arrest teknir af sýslumanninum Guðmundi (Sigurðssyni) þessir: Ormur, Jón og Bjarni bræður Jónssynir, einninn Guðríður í Akureyjum og allt flutt út að Ingjaldshóli og þar stefnt til vottaáheyrslu og dóm að þola þann 5. maí, ásamt Bjarna og Guðríði þann 6. maí. En á 4. dag páska, þann 9. apríl, burtstruku þeir bræður Hannes og Einar Jónssynir; einninn Bjarni í Lá og kona hans veik með honum, með eftirskrifuðum viðskilnaði hver fyrir sig: Hannes þessi bjó á Vatnabúðum í Eyrarsveit. Hans kvinna hét Guðrún Ólafsdóttir, Helgasonar frá Dröngum á Skógarströnd. Hannes og Guðrún áttu eitt barn saman. Fyrr áminnstan fjórða dag páska kom Einar, bróðir Hannesar, að Vatnabúðum. Hannes átti nýjan áttæring. Þeir settu hann fram með annarra tilstyrk. Hannes bar út á hann skrínu, kistu, tvo poka, nokkurn fisk. Hann ruplaði flestallt fémaett af heimili sínu, sem hann gat með sér

¹ Foreldrar þessara systkina voru Jón Þorleiksson, er bjó á Grund í Eyrarsveit, og kona hans, Þórdís Bjarnadóttir frá Saurum í Helgafellssveit Hannessonar. Var hún kölluð Þórdís Þjófamóðir, og börn hennar flest ótætis hyski, enda komu 6 þeirra (af 8) í stórfelldan þjófnað, sem hér er frá skýrt, þ.e. 1. Hannes, 2. Einar, 3. Margrét, kona Bjarna í Efri Lá, er öll struku (sjá hér síðar), 4. Bjarni eldri, er átti Guðríði Vigfúsdóttur, 5. Bjarni yngri, kallaður „öskubak“, er barnið átti með Guðríði, og voru bæði tekin af á þáingi 1749 (sjá síðar), 6. Jón, kallaður „Grundari“ (af Grund í Eyrarsveit), faðir Jóns í Skorarvík á Fellsströnd, misendismanns, er druknaði á Breiðafirði haustið 1791, ásamt Steinunni dóttur sinni, þungaðri með honum, og þótti reimt eftir hann. Aðeins 2 dætur Þórdísar þjófamóður, Sigríður og Björg, voru ekki bendlaðar við óknytti, svo að kunnugt sé, og frá Björgu er t.d. komið allgott fólk, sem nú er uppi (í 6. lið frá Þórdísi), en hér verður ekki nafngreint, enda mundi ætternið lítil vegsauki þykja.

komið; með sér tók hann grallara, postillu og fleiri kver. Silfurhnappa skar hann úr svuntu konu sinnar, hverja hann hafði henni fyrr gefið. Hann hafði og með sér 12 ríksdali, sem hann átti. En þegar þeir Hannes og Einar, bróðir hans, stigu á skip, bauð Einar uppeldispilti Hannesar að eiga hest sinn þann, er hann þangað reið, en pilturinn kvaðst ei með hann hafa að gera. Tók þá Einar þá hníf sinn og rak hann út í hestinn og drap hann þar í flæðarmálinu. Fóru síðan á þessu skipi út í Lárós. Var þá Bjarni í Lá þar til passa. Hann braut allt hvað hann gat af búshlutum innanbæjar, þar með pönnur sex eða sjö, ein af þeim tók 5 eður 6 fjórðunga, niður úr henni rak hann í þremur eða fjórum stöðum járnkarl. Allar kistur braut hann þar, nema eina, og eina 6 marka pönnu braut hann ekki, því hún var þar í skugga eður skoti. Sperru og bita braut hann úr baðstofunni. Fatnaðinn, sem hann ekki með sér tók, skar hann í sundur, svo hann varð til lítils gagns. Þegar hann skildi við bæinn, gekk hann þar út á túnið, rak hann hnífinn út í hálsinn á öllum kúnum, þær voru fjórar, og drápuð allar þar á túninu; átti hann þó bágt við eina af þeim, því hann náði henni seint, því hún var styggust; þó gat hann um síðir náð henni og drap hana líka; var sagt að mánuður hefði verið til tals hennar. Vinnukona hans sat á baðstofupallinum oftast nær, meðan þetta afgekk; henni skipaði hann að sækja sauðakindurnar, hverjar hún fann ekki allar, en þær hún fann, skar hann sér til nestis. Silfurplenturnar skar móðirin Margrét úr barnshúfunni og skar síðan í sundur af því sum fötin og skildi það síðan eftir hjá þessari vinnukvensnift. Þegar hann að sjónum kom, bát, sem hann átti mölbraut hann með stærstu grjóthrið, er hann gera kunni. Þeir höfðu og með sér reku, pál og ljá, einninn litla pönnu svo og líka vatnstunnu, færi og lóðir, einninn harðan fisk; tvær árar lét Hannes eftir hjá naustunum í Lá, sem hann sagði Lármenntættu taka og brúka, ef þeir vildu. Þá Bjarni í Lá það heyrði, hljóp hann upp og braut þær báðar í sundur. Fóru síðan undan landi, sigldu ýmist eða reru. Bát fundu þeir frá Eyrarsveit djúpt í fiskileitum; af manni þar á keypti Einar skinnstakk fyrir hálfsléttan dal. Héldu svo innarlega fram í flóa, Var til þeirra séð um sól- arlag þann sama dag og síðan aftur 5. dag [fimmta dag páska, 10. apríl] innarlega fram í flóa, og hefur ekki síðan til þeirra spurst. En sagt var síðan, að þeir hefðu komið á laugardaginn [12. apríl] að Keflavík vestra, og farið svo með fylgd vestur yfir Látraröst, og hefur ei til þeirra spurst síðan.¹ Vinnumaður þessa Hannesar

¹ Ætlun þessa strokufólks hefur auðsjáanlega verið að komast í útlend skip fyrir Vestfjörðum og þannig af landi burt, sem ef til vill hefur tekizt, þótt ekkert fréttist um það síðar.

hét Guðmundur. Hann bar á skipið þennan 4. dag páska með Hannesi húsbónda sínum við Vatnabúðir. Hann hafði róið út á Hjallasandi um veturinn. Til sagði svo húsbóndi hans, Hannes, honum að fylgja sér út í Lárós, hvað hann gerði. Kom til tals á leiðinni að láta hann fara með, hvað Einar upp lagði (stakk upp á), en Hannes kvað nei við því, ef hann vildi ekki sjálfur, en á meðan þeir fóru heim að Lá, sagði Hannes honum að leggja sig niður að sofa, hvað hann gerði, og þegar Hannes reisti, kvaddi hann Guðmund þennan og þakkaði honum fyrir vinnu sínu, og sagði honum að ganga út á Sand í sitt skiprúm, og skyldi eiga sinn seinni vertíðarhlut í sína kauphýru, og skildu þeir svo með það. Þetta er uppskrifað eftir þessum Guðmundi.

Var síðan þingað um þessa 4 fyrir á minnstu fanga þann 5. og 6. maí. Ormur meðgekk ekkert. Var honum dæmt húðlát og brennimark og á Bremerholm um sína lífstíð. Jón meðgekk um síðir, að hann hefði einu sinni með þeim Bjarna í Lá, litla Bjarna, Ormi, Guðríði og Kristínu Þórðardóttur úr búðunum stolið; honum var dæmt tvö húðlát og brennimark á ennið. Bjarni meðgekk Guðríðar barn, sem hún þá kenndi honum, og voru þau síðar til dauða dæmd, en fyrir þjófnadinn og meinsarið var honum dæmt eitt húðlát, en ekki víðara, þar líf-látsdómurinn var yfir þau genginn. III., bls. 600-04.

1749. Ólafsvíkur- og Grundarfjarðarskipið, sem gekk á þær báðar hafnir það ár, strandaði um nóttina milli þess 3. og 4. september. Þeir höfðu fært sig af höfninni og fram á fjörðinn og lágu þar við einn streng í fjóra daga. Hleyptu svo í stórviðri um nóttina. Rak þá svo fram eftir firðinum; hleyptu svo tveimur sínum stærstu akkerum, og rak þá svo samt rétt á Melrakkaey; vildu síðan hafa undið hana við og gátu ekki. Hjuggu síðan tvö akkerin og rak þá svo upp í eyjarrifið og slógust þá við flatir, hjuggu síðan reiðann á kulborða og braut svo veðrið trén og slógust síðan upp á eyjarrifið. Komust svo mennirnir upp í Melrakkaey um nóttina, lifandi og ómeiddir, allir; náðu síðan kistum sínum og rúmfötum. Fóru síðan Íslenskir til þeirra síðar, þegar gaf. Varð svo náð nokkru úr skipinu af gössinu. Gerði svo nokkurn tíma síðar norðan stórviðri; rak þá skipsskrokkin ofan af þessu eyjarrifi og brotnaði í sundur; rak síðan út undir Krossnesbjarg, og var þar sundurrifið og selt. Það eignaðist sýslumaðurinn Guðmundur Sigurðsson, og búandinn á hálfu Krossnesi, Jón Andrésson, sitt hált hvor þeirra, með því skilyrði, að láta draga úr því allt járníð og skila því aftur, og eiga þar fyrir allt tréð.

Þá eignaðist margur í Eyrarsveit þrjónlessmykkju fyrir lítið, svo þar urðu margir forríkir um stund og tíma fyrir lítið. III., bls. 604–05.

1752. Í Eyrarsveit ætluðu tveir menn til eyjar nokkurrar, komust að sjónum í fjöruna, varð þar illt og dóu svo snögglega. IV., bls. 368.

1753. Nú tóku til að aukast harðindisárin, bæði til lands og sjóar. Jarðleysi byrjaði á þrettánda alls staðar sunnan Jökul frá Drangahrauni og heim undir Hafursfell, einninn í Dölum víðast, svo og í Eyrarsveit og Neshrepp allvíða. III., bls. 620.

1754. Þann 21. Decembris hröktust þrjú skip úr Keflavík undan Jökli. Eitt þeirra náði Kvíabryggju í Eyrarsveit; voru mennirnir þjakaðir mjög og lágu eftir; hin fórust, annað við Skarðsströnd, en annað við Rauðasand vestra. V., bls. 324.

1755. Skip forgekk í Eyrarsveit í Lárós um morguninn [4. sept.], þá reru; það var um haustið nálægt veturnóttum. Formaðurinn hét Svartur Pálsson, hans son og vinnumaður, voru sjö alls. III., bls. 627; V., bls. 327.

1757. Skiptapi varð í Eyrarsveit á Vatnabúðum, drukknuðu tveir menn, en hinir komust af; það skeði eftir veturnæturnar. III., bls. 633.

1758. Laugardaginn næstan eptir páska [1. apríl] forgengu tveir bátar í Eyrarsveit, annar við landinguna á Höfða í Eyrarsveit, voru á tveir kvenmenn og þrír karlmenn, komst af einn karlmaður, en fernt drukknaði, en hinn báturinn forgekk á rúmsjó; vissu menn ei, hvar það skeð hefði; sumir gátu til, að skeð hefði á Eyjarboðanum; það var í norðan áhlaupagarði. III., bls. 636.

1758. Varð enn skiptapi í Eyrarsveit, laugardaginn annan í vetri [28. okt.]; voru á þrír, fóru úr Lárós; einn hét Sigurður Grímsson, annar hét Jón Sigurðsson; vita menn ei, hvar forgengið hafa. Skipið, sem þeir á voru, rak í Ólafsvík, í Hvalsá. III., bls. 638.

1761. Skiptapi varð í Eyrarsveit um sumarið í Kvíaós. Formaðurinn hét Sigurður

Bjarnason og með honum sonur hans, blindur nær því, og tveir eður þrír aðrir. III., bls. 643.

1763. Skip reisti frá Dritvík þriðjudaginn næstan fyrir Jónsmessu [21. júní], fóru að sækja fisk, fengu sunnan, þá inn komu á Breiðafjörð, náðu ekki landi, hröktust vestur yfir fjörð, en náðu Siglunesi á Barðaströnd vestra, hittu röðr-
arbát, sem vísaði þeim til hafnar; voru úr Eyrarsveit úr Eyrarplássi og fjórir á. Formaðurinn hét Jón Halldórsson; kom heim til sín að Eyri nærri viku síðar; höfðu rutt þremur hundruðum fiska og eins af þorskhöfðum. III., bls. 651-52.

1769. Rétt skömmu fyrir jól rak 400 eður meir af karfa, cyprinus pelagicus, í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu og miklu meir framan undir Jöklinum, sem enginn til vissi, að fyrr skeð hefði. V., bls. 360-61.

1770. Það skeði á þessu ári í Staðarsveit undir Jökli á litlu plássi skammt frá Görðum, að þar rak fjögur þúsund af dauðum steinbít í seinustu viku þorra. En í Eyrarsveit um sama bil rak mikið, að mælt er, af dauðum karfa. IV., bls. 620-21.

1770. Saltfiskur danskra skemmdist af regnum í Stykkishólmi og Grundarfirði. Var tekið þingsvitni um það og fiskurinn svo seldur, 40 vættir fyrir 10 vættir. IV., bls. 420.

1771. Í Eyrarsveit skiptapi þriggja manna, fjórði komst af. IV., bls. 541.

1771. Voru hingað sendir norskir fiskibátar til að fiska undir Jökli og á Vestfjörðum, áttu menn hér að taka bátasmíði og lögung eftir þeim. Foringi þessara hét Pouls, sem liggja átti í Grundarfirði. VI., bls. 169.

1772. Voru hingað innsendir 20 manns, einn þeirra frá Kaupmannahöfn, hinir frá Sunnmæri í Noregi, til að byggja hér fiskibáta, stærri og smærri, upp á sunnmærskan máta, samt fiska hér með netum og kenna innbyggjurum so vel aðferðina á þessu skipasmíði sem netatilbúning og fiskirí. Sá 21. var yfir þá settur til umsýjonar. Skiptust þeir á Hólminn, eður Reykjavík, Grundarfjörð, Patríxfjörð og Ísafjörð. V., bls. 369.

1773. Fiskaðist vel um haustið í Snæfellssýslu, einkum í Eyrarsveit, og norskir þar betur á haldfæri en innlendir. VI., bls. 178.

1774. Um sumarið strandaði hollensk dugga á Grundarfirði. Menn komust af og náðu af góssinu mestum parti. Hafði straumur drifið þá upp á sker í logni. Út af hennar meðhöndlun orsakaðist nokkurt málavafstur ári síðar. V., bls. 377.

1775. Á Vestfjörðum góður fiskafli, Ísafirði og Eyrarsveit. IV., bls. 556.

1775. Skiptapi varð í Eyrarsveit innan Snæfellsnessýslu; drukknuðu þrír karlmenn og og tveir kvenmenn. V., bls. 381.

1776. Á Jónsmessu gengu ákafar skruggur með eldingum, nálægt 20 í rennu, líka 24. júlí og oftast um sumarið, svo mælt var að nær 60 hefðu heyrst á einum degi í Eyrarsveit. VI., bls. 194.

1777. Um veturinn eftir jól harðindi sögð úr Eyrarsveit af fiskleysi og skaði nokkur á húsum og heyjum. IV., bls. 562.

1777. Stórbjófnaður úr Grundarfjarðarbúðum, sem eignast Helga Vigfússyni frá Hallbjarnareyri og Magnúsi nokkrum Þorvarðssyni, sem náður er og straffaður, en Helgi strokinn. Fádæmi eru að heyra um aðgang þeirra, þar þeir skulu fordjarfað hafa allt, sem gátu, skorið, brotið og brennt sumt, sumt upp á Hallbjarnareyri, og stakt ólánstrið er á það hús í því efni. V., bls. 240.

1777. Skeði um veturinn stórbjófnaður í Grundarfjarðarkaupstað. Voru þar í valdir lausamaður einn þar í sveit, Magnús að nafni, annar yngismaður, er hét Helgi, son Vigfúsar Helgasonar, hospítalhaldara á Eyri. Var stórkostlega skemmt og spillt ýmsum hlutum í búðinni, en hitt, er stolið var, flutt upp á nesið hjá Eyri, bæði borðviður og kramvara, er ekki var haldin lítil, en þegar rygtið uppkom, var allt saman brennt upp á nóttu. Drengurinn strauk, en faðirinn gaf sýslumanninum tilfellið skriflega til vitundar, en var þó ei sjálfur hafður sýkn saka af þessu ógjörningi, hvar um bíður að skrifa til síðar. V., bls. 88.

1777. Á þessum vetri tóku sig til tveir menn; Helgi Vigfússon hópítalshaldara á Hallbjarnareyri, Helgasonar og Magnús Þorleifsson, að stela úr Grundarfjarðarkaupstaðarbúðum. Fóru í þær margsinnis um nætur og voru í þeim stundum daginn eftir til annarrar nætur, tóku þar ógrynni af vörum, en hvað mikið það var vissi enginn, því þeir rugluðu krambúðarbókina, spilltu niður sumu af votum vörum. Þá þetta komst upp, strauk Helgi og náðist aldrei, en Magnús var í haldi á Ingjaldshóli þar til hann sigldi, dæmdur í sklaverfið. VI., bls. 198.

1778. Í fyrirfarandi árs tíðindum er nokkuð minnst að búðarþjófnaðinn í Grundarfirði. Vigfús Helgason og kona hans voru ei haldin sýkn saka fyrir meðvitund í þessari sök, en beiddust þó að fá sinn hreinsunareið, hvar þeim af lögsagnarmanum Þorláki Ísfjörð var tillátið. Ei að síður dæmdi hann þó Vigfús í 60 lóða bætur. Nokkru þar eftir tilféll Vigfúsi stór sinnisveikja og fásinna, so annaðhvört sagði hann sig af með hópítalið eður hann var frá því tekinn. En Helgi, son hans, hafði strax sem sökin komst á loft, gjört sig ósýnilegan og hefur ei síðan uppspurður verið. Hans stallbróðir Magnús var að sönnu af lögsagnarmanum tekinn fastur, en þó ekki haldinn sem einn delinqvent, heldur sem eftirlætismaður í betra gildi. Hann þótti listamaður bæði í ýmislegum smíðum og annarri kunnáttu, sem ekki er algengin. Til alþings var hann á þessu ári færður og þar í lögréttu sem og í landsins yfirrétti stórþjófur dæmdur. Ei að síður hefur hann komið sér undan upp á einhvörn artigan máta, því á sama hausti kom einn sélegur og vel klæddur yngismaður norður á Húsavík og fékk sér far þar með skipinu. Þennan skorti ekki peninga, og meintu menn, að verið hafi Magnús þessi hinn sami. En það kom upp sama haust, að nefndur Magnús hafði stolið bæði reiðhestum og klæðnaði vestur á Ingjaldshóli og strokið so burt þaðan á náttarþeli, kom síðan norður í land og náði sér fari á Húsavík með fólkskum eða stolnum reisupassa. Hönum er lýst í alþingisbókinni 1778. V., bls. 94.

1778. Í nóv. drukknaði Bjarni Illugason í Akurtraðatjörn í Eyrarsveit, kom drukkinn úr kaupstað. VI., bls. 208.

1780. Vesöld af bjargarleysi var að spyrja hvarvetna. Í sumum sveitum landsins fólk kennt við hrossakjötsát. Stór peningafellir sagður í vestursveitum, ei síst á

Skógarströnd, Helgafells- og Eyrarsveit, líka syðra og kringum Jökul, og þetta ei einasta á sauðfé, heldur og kúm. IV., bls. 574.

1780. Af vorharðindum féll sauðfé í hrönnum á Vesturlandi af meгурð og nokkrar kýr, því alls staðar var mjög heylítið, einkum á Skógarströnd, Helgafells- og Eyrarsveitum. VI., bls. 220.

1785. Kom út danskur tugtmeistari til Arnarhólstugthúss, en Guðmundur Vigfússon sleppti því starfi, Var þessi nýi sagður harðbýll og refsingasamur við tugthúslimina, er sagt var að einum kvenmanni, að nafni Guðnýju, úr Eyrarsveit, hefði verið ærið til bana. VI., bls. 281.

1786. Um haustið hrapaði maður úr Kirkjufelli í Eyrarsveit og dó, er hann var að klifra eftir kindum, hét Þorsteinn Árnason frá Höfðakoti. VI., bls. 284-85.

1787. Norskir fríhöndlarar komu fyrir sunnan, nokkrir og á Grundarfjörð og Ísafjörð; seldu þeir og keyptu að mestu leyti eftir taxa þeim, sem brúkaður var í krambúðum kaupmanna. VI., bls. 295.

1788. Skömmu eftir höfuðdag varð skiptapi frá Kvíabryggju í Eyrarsveit, voru þeir að bera í stórflyðru, hvolfdi þá bátnum, drukknuðu tveir, en formaðurinn, Gísli, komst á kjöl og var honum hjálpað af öðru skipi. VI., bls. 300.

1788. Fríhöndlarar norskir og þjóðverskir komu hingað á öndverðu vori, bæði syðra og vestra og þótti landsmönnum ekki góð hauphöndlun hjá flestum þeirra, utan hjá þeim þýsku í Grundarfirði var hún sæmileg. Höfðu tveir bræður í Altona keypt Grundar-, Ísa- og Hafnarfirði. VI., bls. 302-03.

1789. Þann 29. nóv. varð skipreiki frá Höfða í Eyrarsveit, drukknuðu tveir menn, sá þriðji komst af, sem var Kári Bjarnason, bóndinn á Höfða. VI., bls. 306.

1790 Fiskafli með færra móti utan og sunnan Jökuls vegna ógæftanna, en um vorið aflaðist vel í Eyrarsveit. VI., bls. 309.

1790. Um haustið skiptapi í Kvíabryggjuós í Eyrarsveit með þremur mönnum,

sem voru Jón Pálsson, bóndi á Hnausum undir Kirkjufelli, dóttir hans 14 ára, er hét Halldóra, og Sveinn Hróbjartsson, en formaðurinn komst af, er kallaður var Jón frík. VI., bls. 311.

1794. Hollensk dugga kom um sumarið í Grundarfjörð með 70 manns bjargarlausum, sem af frönskum sjóreifurum höfðu af öðrum duggum á hana safnaðir verið. Þessum gaf prófastur síra Björn Halldórsson, skömmu fyrir sitt andlát, 200 ríkisdali í vörum, létu þeir svo út aftur. VI., bls. 329-30.

Annáll nítjándu aldar I-IV

eftir séra Pétur Guðmundsson í Grímsey

1808. Sjö menn fórust úr Eyrarsveit. (Halldór Pálsson Borgfirðingur ætlar það hafi verið kaupamenn, er komið hafi að norðan og ætlað vestur; telur hann sjö karlmenn og þrír kvenmenn). I., bls. 111.

1811. 26. ágúst fórust fjórir menn úr Eyrarsveit. I., bls. 148.

1816. Kvenmaður í Stokkseyrarhverfi drekkti sér í sjó, annar í Eyrarsveit í óráði. I., bls. 217.

1822. 25. desember (jóladaðinn) braut ofveður Setbergskirkju og gjörði víða um land mikinn skaða á skipum, heyjum og húsum. I., bls. 305.

1826. Maður í Eyrarsveit hengdi sig. I., bls. 363.

1829. Tveir menn úr Eyrarsveit fórust af báti á Grundarfirði. I., bls. 409.

1831. Fjórir menn drukknuðu af skipi við Lárós í Eyrarsveit. Tveir komust af. II., bls. 126.

1840. Í apríl drukknuðu fimm menn úr Eyrarsveit í fiskiróðri. II., bls. 140.

1863. Í Eyrarsveit við Bryggju missti Jóhannes Einarsson formaður einn mann við lendingu, Sigurð bónda í Rimabæ. III., bls. 192.

1863. Á góu hafði Bjarni bóndi í Lá í Eyrarsveit gengið heim úr veri og tveir menn með honum, Narfi Eiríksson, ekill frá Rimabæ á Kvíabryggju, ættaður úr Kolbeinsstaðahrepp, og Hallgrímur Jónsson, er sumir kölluðu Heljar-Grím, eigi allítill fyrir sér. Þeir gengu út aftur í verið undir Búlandshöfða; er þar stórgrytta urð yfir að fara, en ófærð á vetrum að ganga annan veg eftir höfðanum, þá frost og snjóar banna. Nú spýttist snjóflóð af klettinum ofan yfir þá; tók það Bjarna og Narfa og kastaði á sjó fram, Hallgrímur gekk fáa faðma undan þeim og féll því flóðið með minna afli á hann, kom hann fyrir sig staf sínum svo hann kollvarðaðist eigi; sá hann þá ekkert til förunauta sinna, og það eitt að rakki sá, er með þeim var, flaut dauður fram á sjó. Rak þá Bjarna og Narfa litlu síðar, en Hallgrímur komst af. III., 194-95.

1864. 7. apríl fórst skip á Rifsleiðum á ferð undir Jökul, frá Bár í Eyrarsveit, var formaður fyrir því Jóhannes Þorsteinsson gamla, er drukknaði í fiskiróðri 1861. Jóhannes var kvæntur barnamaður, landseti Bár-Ólafs, formanns í Flatey. Með honum drukknuðu: Jóhannes Árnason, Helgasonar frá Stekkjatröð, Elís Sigurðsson, Stefán Jónsson, báðir frá Þórdísarstöðum, fimmti var Magnús frá Hjarðarbóli, Narfason, er lengi bjó í Hólahólum í Dritvík. Eigi er ljóst hvað þeim varð að tjóni, ætla sumir að þeir hafi farist á grynningum eða skerjum, því dimmviðri var. III., bls. 228.

1864. 2. október ætlaði Jónas bóndi Sigurðsson, er í 36 ár hafði búið í Pumpu á Bryggju í Eyrarsveit, og var nú kominn að Hnausum undir Kirkjufelli, til Setbergskirkju með Þórunni Sigurðardóttur, konu sinni, og tveimur ungum mönnum, Hjálmari Hjálmarssyni, vinnumanni Sigurðar á Hnausum sonar Jónasar, átti hann að vera fyrir, og Jónasi, dóttursyni Jónasar og Þórunnar, 19 vetra, er þau höfðu fóstrað upp síðan hann var þriggja ára. Um morguninn lagði bátur jafnsnemma frá Kirkjufelli, var fyrir honum Indriði Halldórsson undan Kirkjufelli, við annan mann, er Ásmundur hét frá Búðum. Ætlaði Indriði í Bár og fór þangað; en þegar þeir Jónas komu á miðjan Grundarfjörð tók heldur að hvesa og síðan rak á hvirfilbyl af Kirkjufelli ofan. Hvolfdi bátnum allt í einu,

en allir komu á kjölinn nema Þórunn; var þá báturinn aldrei kyrr, en á sífelldri veltu, og hvolfdi þegar í öðru sinni; fórst þar Jónas eldri, en Jónas yngri og Hjálmar komust aftur á kjölinn, festist þá buxnastrengur Jónasar á keipsnefi miðskipa, átti hann erfitt með að losa sig, því niður varð hann aftur að síga, var Hjálmar þá aftur kominn á kjölinn. Sló þá Jónas negluna úr með hnefa sínum og velti bátnum eigi síðan. En er Indriði var kominn í Bár sá hann í sjónauka bátinn á hvolfi, fékk sér hest og reið að Setbergi; bjó þar þá Árni prófastur Böðvarsson; fékk Indriði sér þar menn og far, fór með 8 menn og gat bjargað þeim Hjálmari og Jónasi; gat Jónas gengið til bæjar á Setbergi þegar lent var, en Hjálmar var studdur, hann hafði orðið skipreika árinu áður á Bryggjum, 5. maí, með Jóhannesi formanni Einarssyni, er Sigurður bóndi á Rimabæ týndist. III., bls. 241-42.

1867. 17. desember lagði út úr Eyrarsveit í hákarlalegu Gísli Gunnarsson, ann-álaður fyrir formennsku sína, dugnað og kunnáttu til allra sjóverka, með 10 valda háseta, í góðu veðri. Um nóttina rauk upp ofsaveður af landsuðri og hélst daginn eftir. Hrakti þann dag póstskipið vestur með landi og vestur fyrir Snæfellsjökul. Kom eigi annað fram af skipi Gísla en seglás með umvöfðu segli í Flatey og koffort á Barðaströnd. Með Gísla Gunnarssyni drukknuðu: Páll Einarsson Brockmann frá Staðarbúð; Andrés Guðbrandsson bóndi frá Efrilág í Eyrarsveit, vanur formaður þar; Jón Jónsson frá Kirkjufelli í sömu sveit og stjúpsonur hans, Óli Ólafsson; Sigfús Jónsson, bónda á Mýrarhúsum; Jón Illugason, Björn Eiríksson og Jón Magnússon, allir ungir menn og einhleypir, var sá síðastnefndi bróðursonur Jóns Daníelssonar borgara í Grundarfirði; Þórður Jónsson, vinnumaður Th. Helgasonar borgara á Grundarfirði, og Bárður Dagsson, bónda í Eyrarsveit, vinnumaður Jóhannesar Einarssonar á Hálsi. Gísli hafði mörg ár verið formaður og mátti segja, að hann væri vel kunnugur nær því öllum lendingum kringum eyjar og land við Breiðafjörð, og líka talinn sérstaklega veðurglöggur. Þennan dag, er hann lagði af stað, var veður allgott, en útlitið spilltist, er á leið daginn, og um nóttina gerði eitthvert hið mesta rok með myrkvi og snjóhríð. Vissu menn svo ekkert um þá fyrr en brot og farangur af skipinu tók að reka vestur á Barðaströnd. Var að þeim talinn hinn mesti mannskaði. III., bls. 359-60.

1867. Frönsk fiskiskúta kom inn á Breiðafjörð, er fengið hafði ofsaveður í hafi svo að út tók ýmislegt af þiljunum og brotnaði ofan af möstrunum í sama áfalli. Lögðu skipverjar inn á Grundarfjörð. Maður á skipi þeirra datt út af stórseglsránni á þiljur ofan, svo höfuð hans klofnaði. Létu þeir grafa hann að Setbergi, eða báðu leyfis um það, því sjálfir störfuðu þeir að líkburði og grafartekt, og jörðuðu hann síðan í poka. Sagt var þó, að þeir hefðu fengið Illuga prest Sigurðsson til að syngja eitthvað yfir honum.¹ Mjög voru skipverjar þessir aðþrengdir af vistaskorti og magrir áður en þeir fengu vistir hjá gæsluskipi fiskiskútanna, er Frakkar höfðu sent. Voru til þess kjörin tvö gufuskip, kom annað þeirra á Dýrafjörð með 20 fallbyssur og 340 manns. III., bls. 360.

1867. Önnur skúta, frönsk, fórst nærri Eyrarsveit. Var sagt, að gæsluskip Frakka fyndi hana á fiski of nærri landi einhvers staðar í nánd við Jökul, og bannaði þeim að fiska svo nærri. Skútumenn gegndu því lítt, en hræddust síðan hótanir gæslumanna og hleyptu inn með Eyrarsveit þangað til gat brotnaði á skútuna, og sökk hún þannig á grynningum, að upp úr sá á möstrin, en skipverjar komust í eftirbátinn og upp í Melrakkaey og varð þaðan borgið úr landi. III., bls. 360.

1871. 31. janúar um kvöldið fórst bátur með fjórum mönnum úr Eyrarsveit, rétt undir landi. Þeir komu innan úr Stykkishólmi og voru hlaðnir. Er inn undir land kom, sló í baksegl og hvolfdi bátnum. Þeir er drukknuðu voru formaðurinn, Jón Jónsson frá Eiði, smiður góður, nálægt fimmtugsaldri, Daníel sonur hans, um tvítugt, og Jón Sigurðsson, nefndur Sundmann, roskinn maður. Fjórði maðurinn, Styrbjörn að nafni, komst af. IV., bls. 40.

1871. 31. október strandaði í Eyrarsveit skammt frá Kirkjufelli fyrir vestan Grundarfjörð jaktin Elísabet, eign H. E. Thomsens, 48½ tonn að stærð. Skip þetta var hlaðið ýmsum vörum frá N. C. Gram kaupmanni til S. Richters í Stykkishólmi og borgaranna í Flatey. Þegar skip þetta var fyrir framan Jökulinn bilaði það eitthvað og varð lekt, en daginn eftir nónbil gerði svo sterk-an hvirfilbyl, að mastrið brotnaði, svo að eigi var eftir af því nema tveggja álna

¹ Hér er átt við séra Helga Sigurðsson.

bútur fyrir ofan þiljurnar. Rak svo skipið lengra inn með, þangað til það sást af Bryggju-mönnum, er reru það upp á ströndina, og var það síðan selt við uppboð 9.-11. nóv. Mátti kalla farminn alveg óskemmdan. IV., bls. 48-49.

1872. 16. september lagði kaupafólk frá landi á Keisbakka á Skógarströnd, fjórir karlmenn og fjórar konur á sexrónum báti, og ætlaði suður til heimila sinna í Eyrarsveit. Var formaður Finnur Bergsson úr Eyrarsveit, maður á besta aldri og röskur sjóliði. En með því að hvorki hann né nokkur hinna var kunnugur sjóleiðinni af Skógarströnd þar út eftir, var fenginn kunnugur maður til leiðsagnar, Benedikt frá Gjarðey á Skógarströnd. Veður var hvasst af austri með rigningu. Urðu þeir þó vel reiðfara allt suður undir eða á móts við Stykkishólm, þar sem Svartatangi heitir, en þar skilja leiðir, eftir því, hvort menn vilja lenda í Hólminum eða halda lengra. Skömmu síðar sást, að bátnum hafði hvolft, og hafði einn maður komist á kjöl. Var þá farið þangað, en eigi varð bjargað nema þessum eina manni, sem var leiðsögumaðurinn, Benedikt. IV., bls. 76.

Myndir frá Leikskólanum Sólvöllum



Litlu jólin í leikskólanum 1982 (M.S.G.).



Litlu jólin í leikskólanum uppi í grunnskóla 1978 (M.S.G.).



Litlu jólin í leikskólanum 1983 (M.S.G.).



Litlu jólin í leikskólanum 1985 (M.S.G.).



Í gönguferð 1990 (leiksk.).



Upprennandi listamenn? 1992 (leiksk.).



Nemendur á Drekkadeild 1994 (leiksk.).



Leikið með trölladeig 1997 (leiksk.).



Fínt, það var hægt að búa til snjókarl 2002 (leiksk.).



Sest niður við Torfabótina, fjöruferð 1997 (leiksk.).

Marvin Ívarsson

Ég og Grundarfjörður

Minningabrot frá æskuárum í Grundarfirði

Að hugsa til baka í leit að minningum frá æskuárunum í Grundarfirði er einhvern veginn skemmtilega skrýtið. Fyrst fer maður að hugsa, er ég orðinn svona gamall að ég er farinn að skrifa endurminningar. Nei, fjandakornið, ég er 30 árum of snemma fyrir svona lagað, en þó, það er líklega betra að gera þetta á meðan maður man ennþá.

Það vekur athyggli mína að það sem skapar minningar eru fyrst og fremst aðstæður og upplifanir, upplifanir um fólk, framkomu þess og hvernig maður sjálfur kemur fram við annað fólk. Eftirfarandi eru nokkur brot af æskuminningum mínum að fermingu.

– Ég fæ gæsa húð, það er allt svo bjart og fallett, ég er orðinn strákur aftur, strákur í Grundarfirði, bara einn af öllum hinum strákunum sem eiga góða æsku í litlu sjávarþorpi úti á landi. Það sem einkennir líf okkar er áhyggjuleysi, frelsi, leikur, skammarstrik, skemmtun og ævintýri alla daga í umhverfi fullu af duglegu fólki og stórkostlegri náttúru.

– Ég kíkí í kringum mig, ég er á þríhjóli, þarna eru fleiri á þríhjóli, þarna er Gaukur á litla þríhjólinu sínu og Anna Dröfn á þríhjóli með sturtuskúffu, rosalega langar mig að eiga þríhjól með sturtuskúffu. Við erum stödd á einhverjum svakalega flottum, steiptum götum, þarna eru gatnamót og allt, rosalega er hann Gaukur glaðlegur í garðinum heima hjá sér að Grundargötu 47. Við erum trufluð af rykmekki frá Grundargötunni, það stoppar eitthvert stærðarferlíki fyrir framan húsin, út kemur sprækur, glottandi karl, dregur slöngu með byssu



Á fermingardaginn 1987.

á endanum bak við hús að olfútönkunum. Við Anna verðum skelfingu lostin við girðinguna en Gaukur þrilar brosandir yfir með ótal spurningar og broshanda karlinum.

– Við Benni erum heima á Grundargötu 45, við erum á náttfötum að leika í bíla-leik á teppinu, það er brúnrosótt, fallegasta teppi sem ég hef séð. Þá er kallað úr eldhúsinu: Pabbi er kominn heim af sjónum. Við hlaupum fram og hann faðmar okkur og kyssir, hann stingur, en mikið rosalega er góð sjávarlykt af honum. Mamma er búin að taka til kaffi, smurt fransbrauð og formköku. Pabbi fer úr ullarpeysunni, hann er í köflóttri vinnuskyrtu innan undir, í svörtum buxum með belt og með barta. Mamma er í hálfglansandi kjól eða skokk, með fjólbláum, appelsínugulum og hvítum rósum, fallett á henni hárið og ilmvatnslykt.

– Það er einn staður í Grundarfirði sem er alveg ævintýrlegur, það er örugglega þetta sem kallað er skrúðgarður eða tívolí í útlöndum, en mamma og hinar konurnar kalla þetta víst Kaupfélagið. Í Kaupfélaginu er fullt af alls

konar hlutum, rosalega spennandi, konurnar vinna þar og tveir karlar, einn lítill og breiður sem stjórnar og annar stór sem sker kjötið. Ég er búinn að læra að ef maður er rosalega stilltur og ekkert að suða í Kaupfélaginu, þá gæti maður fengið appelsín í gleri og lakkrísrör.

– Ég er að smíða hús, stórt hús á tveimur hæðum, þetta er timbureiningahús við fjallsrætur, pabbi og fullt af öðrum körlum eru að hjálpa mér, já og líka stóru bræður mínir og það eru allir í Hekluúlpum eða rúllukragapeysu nema pabbi og Frímann frændi, þeir eru með smíðasvuntur. Ég ætla að fá mér smíðasvuntu þegar ég verð stór.

– Ég er að fara í stóra skólann, fyrsti dagurinn er í dag, nú þarf ég aldrei aftur að fara á róló og hugsa allan daginn um hver sé besta leiðin til að strjúka. Ég stend á tröppunum heima á Fagurhólstúni 15 með nýja skólatösku, allur fín-pússaður í rosafínni úlpu sem ég fékk af Benna bróður, eða Georg eða Hákon. Díli, hundurinn minn, er við hliðina á mér, ég get svarið að ég held að hann sé að tárast, allavega er tár á stéttinni fyrir aftan mig þar sem mamma stendur með myndavélina.

– Við Atli erum að þvælast um á Framnesinu, Atli er núna besti vinur minn á eftir Söru frænku, Benna bróður, Önnu Dröfn og Gauk. Atli er svolítið skondinn því hann er eins og Emil í Kattholti, lítur út eins og engill og kerlingarnar í bænum taka andköf þegar þær sjá hann, en á bak við engilinn leynist grallari sem er svolítið spennandi, hann kann meira að segja box eins og Sara frænka. Framnesið, höfnin og frystihúsin eru spennandi svæði, þetta er hjarta bæjarins, hérna vinnur allt fullorðna fólkið. Það besta er að við þurfum ekki einu sinni að fara heim þegar við verðum svangir, það er nefnilega karl hér sem er kallaður Gonnsi, hann sér um að allir strákar í Grundarfirði eru með afbrigðum hraustir.

– Það er verið að byggja rosalega mikið af húsum í Grundarfirði, það tekur okkur strákana allan daginn að fara á milli bygginga í leit að glerflöskum handa Ragga í sjoppunni í skiptum fyrir nammi. Við fáum líka stundum lán-aðar spýtur og nagla í þessum glerflöskuleiðöngurum, við erum nefnilega að

byggja kofa og kassabíl eða var það fleki, allavega alltaf að byggja. Ef við erum ekki að byggja þá erum við í byssó, að skylmast, í hjólatúr úti í sveit eða að veiða hornsíli í steinatjörninni. Okkur leiðist allavega aldrei, helst að mömmu leiðist hvað ég kem alltaf skítugur og blautur heim.

– Mér finnst rosalega gaman í íþróttum, þá helst fótbolta og frjálsum. Ég er mest að keppast við að vera betri en frændur mínir, þeir Halldór og Gísli, svo erum við Atli nú alltaf að keppast í öllu mögulegu. Okkur gengur ekki nógu vel í fótboltanum, við vinnum aldrei neinn leik, alveg sama þó Aggi standi sig eins og hetja í markinu, það eru alltaf allir að segja við okkur að það sé ekki aðalatriðið að vinna heldur að vera með. Ég ætla að tala við frú Sigríði íslenskukennara á morgun og spyrja hana hvort það sé ekki hægt að breyta þessu orðatiltæki: Að það sé aðalatriðið að vera með til þess að vinna, þá fer kannski eitthvað að gerast hjá okkur hinum og minna hjá Agga.

– Allir strákarnir í bænum eiga BMX-hjól, þetta er einn allsherjar löggú- og bófaleikur um allan bæ, merkilegt að ég sé aldrei einn einasta bíl. Stærsti hjólainnflutningur sem átt hefur sér stað í einu lagi kom um daginn með Runólfi SH. Afslanum var skipt fyrir fullan farm af BMX-hjólum einhvers staðar í útlöndum. Ég keypti mér nýtt BMX-hjól fyrir sumarið, var búinn að safna mér allan síðasta vetur og pabbi gaf mér svo það sem upp á vantaði þegar sum-arfríð byrjaði. Þetta er það flottasta sem ég hef nokkurn tíma átt, gult og rautt Winther-hjól, ég bóna það um hverja helgi.

– Ég er alveg steinhættur að vera erfiður í skólanum, mömmu og pabba til mik-illar ánægju. Það er nefnilega kominn nýr skólastjóri, hann heitir Gunnar og er svona meira í nútímanum heldur en hinir, svo er ég líka kominn með nýjan kennara sem er ekki eins viðkvæmur og gömlu kennararnir, svolítið ströng en sanngjörn, hún heitir Ragnheiður.

– Við Atli erum farnir að hlusta svolítið mikið á tónlist af kassetum og tala um stelpur, það er einhvern veginn ekkert gaman lengur að leika með allt dótið sem við eigum, við viljum frekar þvælast einhvers staðar þar sem stelpurnar eru. Það er heldur ekki lengur sama í hverni fötum maður er, eða hvað þau

heita. Okkur þykir samt ennþá skemmtilegra að fara að veiða en að hlusta á tónlist eða skoða stelpur.

– Ég er farinn að ganga til prestsins eins og það er kallað þegar maður á að fermast. Presturinn heitir Jón, en það þekkir hann enginn svoleiðis, maður verður að segja séra Jón, þá vita allir hver hann er. Mér hefur alltaf þótt mikið til hans koma og er ákveðinn að standa mig vel í að læra alla sálmana. Að læra sálmana er ekkert mál, enda kann mamma þá alla utan bókar og hlýðir mér yfir.

– Fermingardagurinn er á enda runninn, það er búin að vera sól og gott veður, fullkominn dagur. Mamma og pabbi útbjuggu rosalega veislu og ég er í þessum líka glæsilegu silfurjakkafötum. Það gekk mjög vel í kirkjunni í morgun, við fermdumst öll án nokkurra vandræða, einhverjir héldu að það myndi líða yfir mig. Mér finnst ég orðinn fullorðinn núna, ég er að fara út að hitta fermingarsystkinin, við ætlum að labba saman um bæinn í flottu fötunum okkar, fá ís í boði Ása í Ásakaffi og njóta þess að vera komin í tölu fullorðinna en samt með allt lífið fram undan.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Annáll Grundarfjarðarbæjar 2006

Bæjarvefurinn

Eftir að Bæjarvefurinn var tekinn í notkun hafa heimsóknir inn á hann aukist jafnt og þétt. Árið 2006 voru settar á vefinn 464 fréttir og tilkynningar eða að jafnaði ný í viku. Heimsóknir á síðuna árið 2006 voru alls 158.609 og hafa aldrei verið fleiri. Árið 2001 voru tæp 14.000 innlit, tæp 44.000 2002, 53.000 2003, 68.000 2004, 117.000 2005 og svo fyrir árið 2007 158.609. Mikil aukning hefur verið á innlitum á síðuna að undanfögnu og var aukningin á milli árána 2005 og 2006 36%. Athyglisvert er að þrjár vikur skera sig úr með mikinn fjölda innlita á heimasíðuna. Þessir aðsóknartoppar voru í vikunni þegar skútarnar í siglingakeppninni Skippers d'Islande komu til Grundarfjarðar, á bæjarhátíðinni í lok júlí og svo þegar að Sigurerni var sleppt í Grundarfirði í nóvember 2006.

Íþróttamaður Grundarfjarðar árið 2006

Íþróttamaður Grundarfjarðar árið 2006 var kjörinn 2. desember 2006. Brynjar Kristmundsson hlaut titilinn að þessu sinni fyrir árangur í knattspyrnu. Brynjari eru færðar innilegar hamingjuóskir með kjörið. Eftirtaldir aðilar voru einnig tilnefndir: Dóra Henriksdóttir fyrir árangur í golfi, Geirmundur Vilhjálmsson fyrir árangur í frjálsum íþróttum, Ingólfur Örn Kristjánsson fyrir árangur í hestaíþróttum og Sædís Alda Karlsdóttir fyrir árangur í blaki.



Bæjarstjórn og nefndir bæjarins.

Áhaldahús

Í áhaldahúsi er að jafnaði einn fastráðin starfsmaður. Í vetur var bætt við einum manni í fullu starfi vegna anna. Á sumrin fjölgar starfsfólki verulega vegna aukinna verkefna. Að auki bætist vinnuskólafólkið við. Mikil vinna er við hirðingu opinna svæða og undirbúningur fyrir hátíðina. Á góðri stund í Grundarfirði tekur mikinn tíma og vinnu. Haustið 2006 var eitt aðalverkefnið að reyna að koma böndum á grunnvatn sem kemur upp á yfirborðið með fjölgandi nýbyggingum í efri hluta bæjarins. Vetrarþjónustan er auðvitað fyrirferðamikil á veturna, hálkueyðing og snjómokstur. Þó vetrarmánuðirnir 2006 hafi ekki verið tiltakanlega snjópungir, þurfti stöðugt að hreinsa það sem til féll og fauk í skafla.

Rökkurdagar 2006

Rökkurdagar, árleg menningarhátíð Grundarfjarðar, voru haldnir í þriðja sinn árið 2006. Hátíðin er haldin í endaðan október og byrjun nóvember. Dagskráin var fjölbreytt og gátu allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Hátíðin stóð yfir í u.þ.b. eina og hálfu viku, en það er heldur styttri tími en var árið á undan, en þá stóð hátíðin í næstum þrjár vikur.

Á dagskránni voru t.d. ýmsir tónleikar, leiksýningar, myndlistarsýningar,

fyrirlestrar og spádómar. Aðsókn á viðburði var heldur lítil, reyndar spilaði veður mikið inn í, þar sem aflýsa þurfti nokkrum atburðum vegna veðurs. En á þeim atburðum sem vel var mætt á var mjög gaman.

Félagsstarf aldraðra

Bæjarfélagið býður upp á tómstundastarf fyrir eldri borgara og hittast þeir einu sinni í viku yfir vetrarmánuðina, þrjá tíma í senn. Hópurinn fer sífellt vaxandi sem sækir þetta starf og mættu yfirleitt 12–17 konur. Því miður mætti enginn karlmaður. Ýmislegt var gert sér til dundurs og gamans og það sem var vinsælast síðastliðinn vetur var bucilla og pennasaumsmyndir.

Að auki hefur hið öfluga Félag eldri borgara haft aðstöðu í Samkomuhúsinu fyrir leikfimi, félagsstarf og ýmsa aðra viðburði á sínum vegum.

Sumardaginn fyrsta var haldin uppskeruhátíð á vegum eldri borgara í Samkomuhúsinu og var sett upp þar glæsileg sýning á því sem unnið hafði verið um veturinn. Einnig sýndu vistmenn Dvalarheimilisins Fellaskjól sína muni. Allir sem stundað höfðu leikfimina um veturinn fengu rós og viðurkenningarskjal. Ennfremur var kaffi og vöfflusala og rann ágóðinn til íþróttastarfs eldri borgara.

Húsnæðismál

Grundarfjarðarbær er með átta íbúðir í útleigu. Þar af eru fjórar íbúðir í eigu bæjarins en aðrar fjórar leigir bærinn af einkaaðila sem keypti þær af Grundarfjarðarbæ á árinu 2006. Þá var Sæból 33-35 selt. Þar eru samtals átta íbúðir og hefur bærinn fjórar þeirra á leigu og endurleigir þær til einstaklinga eins og áður er komið fram.

Húsleigubætur eru útreiknaðar og greiddar af sveitafélögum, og ríkið tekur þátt í kostnaði við húsaleigubæturnar með framlagi sem nemur 35-40% af greiddum húsaleigubótum. Markmið laga um húsaleigubætur er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaði.

Á góðri stund

Síðustu helgina í júlí breyttist yfirbragðið á Grundarfirði. Gulur, rauður, grænn og blár klæddu bæinn í hátíðarskrúða. Hátíðin Á góðri stund var haldin með



Frá hátíðinni Á góðri stund.

pompi og prakt. Þar skemmtu Grundfirðingar og gestir sér í góðu veðri. Í boði voru margvíslegar uppákomur, svo sem tónleikar, dansleikir, íþróttaviðburðir, listsýningar, götuleikhús, leikjanámskeið, íþróttaviðburðir, útvarpsútsendingar og fleira mætti telja. Hápunktur hátíðarinnar var að vanda þegar skrúðgöngur hverfanna fjögurra mættust og sýndu skemmtiatriði sín niðri við höfnina.

Slökkvilið Grundarfjarðar

Árið 2006 var ekki viðburðaríkt í þeim skilningi að aðeins var eitt útkall vegna elds. Engu að síður hafði slökkviliðið ýmislegt fyrir stafni. Mánaðarlega eru haldnar æfingar þar sem æfðir eru helstu þættir slökkvistarfsins. Einnig var haldin æfing í skólaskipinu Sæbjörgu þar sem allir viðbragsaðilar komu að æfing-

unni. Kynntar voru eldvarnir m. a. fyrir unglíngadeild Björgunarsveitarinnar, vinnuskólanum og 3. bekk grunnskólans. 112-dagurinn var haldinn hátíðlegur í fyrsta skipti víða um land og í Grundarfirði tóku allir viðbragðsaðilar sig saman og voru með opið hús í slökkvistöðinni.

Önnur verkefni slökkviliðsins voru að aðstoða við hreinsun á brotnum rúðum á þjóðveginum og Björgunarsveitin óskaði eftir aðstoð við verðmæta-björgun vegna ofsaveðurs sem geisaði aðfaranótt Þorláksmessu.

Gámastöð

Gámastöð Grundarfjarðar var færð á bráðabirgðasvæði meðan unnið var að byggingu nýrrar. Aðstaða í bráðabirgðagámastöðinni var ekki nægilega góð og gerði rýsjótt veður oft usla og erfiðlega gekk að halda óboðnum gestum frá henni utan opnunartíma.

Nýja gámastöðin var vígð 5. október 2006 og er hún í alla staði afar vel búin og býður íbúum Grundarfjarðar upp á að geta losað sig við æði margvíslegan úrgang flokkaðan til endurvinnslu. Gámar fyrir blöð/tímarit og fernur komu á svæðið í febrúar. Miklar vangaveltur voru um hvað væri gert við þennan úrgang og hvort tæki því að flokka í gámána sem ætlaðir eru fyrir hann. Sumir héldu að þetta færi allt saman við heimilissorpið og væri urðað í sömu holu, en svo er alls ekki. Þessi efni öll fara til endurvinnslu.

Gámastöðin er opin hluta úr degi alla virka daga og einnig á laugardögum í tvær klst.

Bókasafnið

Bókasafn Grundarfjarðar tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum bókasafna.

Ljóð unga fólksins er samkeppni sem haldin er annað hvert ár fyrir ungt fólk á aldrinum 9–16 ára. Almenningsbókasöfn á Vesturlandi sáu um keppnina að þessu sinni. 26 nemendur grunnskólans skiluðu inn ljóðum og voru ljóð þeirra Markúsar Harðarsonar og Paveles Koniecznys meðal þeirra sem valin voru í ljóðabókina „Ljóð unga fólksins“ sem var gefin út vorið 2006.

Norræna bókasafnavikan (<http://www.bibliotek.org/>) sem er í nóvember ár hvert hefst með upplestri við kertaljós. Í Grundarfirði komu um 15 börn

með foreldrum og hlustuðu á draugasögu við vasaljós þetta árið. Um 2300 bókasöfn og skólar tilkynntu þátttöku sína, þar af 700 frá Eistlandi, Lettlandi og Litháen.

Bókasafnið notar tölvutæknina til að auka þjónustu sína. Bókasöfn á Íslandi eru sjálfkrafa með aðgang að tímarita- og gagnagrunnum sem samið hefur verið um landsaðgang að. Upplýsingar og aðgangur er gegnum www.hvar.is. Auk almenningstölvu á bókasafninu geymir vefsíðan ýmsar upplýsingar. Nokkrum sinnum á ári er fjölbreytt eða mikilvæg vefsíða kynnt og vakin athygli á málefnum sem eru áberandi í fréttum og þjóðlífi. Helstu skrár yfir efni tengt byggðinni er Efnisskrá Eyrarsveitar sem skipt er í 22 efnisflokka og skrá yfir efni ritsins Fólkið, Fjöllin, Fjörðurinn. Á árinu var sett upp safnfræðslusíða til sjálfshjálpar og upplýsingasíða fyrir innflytjendur og fólk með annað tungumál en íslensku að móðurmáli.

Bækur Tónlistarskóla Grundarfjarðar voru tengdar Gegni og nótnasafnið skráð í Excel. Það telur nú um 2000 eintök.

Bókasafnið veitir nemendum Fjölbrautaskóla Snæfellinga (<http://fsn.is/>) og öðrum nemendum úr byggðarlaginu aðstoð og fyrirgreiðslu eftir föngum. Haustið 2006 hefur heimsóknnum nemenda FSN fjölgað mjög og háskólanemar verið duglegir að nýta sér þjónustu bókasafnsins. Grunnurinn að slíkri þjónustu er skráning safnkostsins í bókasafnakerfið Gegni (www.gegnir.is).

Tónlistarskóli Grundarfjarðar

Hlutverk tónlistarskóla er að:

Stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar, m.a. með því að þjálfá tóneyra þeirra og einbeitingu, veita þeim fræðslu og auka færni á sviði hljóðfæraleiks, söngs og tónfræðagreina.

Búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur, m.a. með því að veita undirstöðupekkingu, efla sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð nemenda, jafnfram því að örva þá til að leika tónlist og syngja, bæði eina og með öðrum.

Búa nemendur undir nám í tónlist og skyldum greinum á háskólastigi, m.a. með því að veita þeim góða tækni-lega tilsögn í hljóðfæraleik og söng, markvissa þjálfun í tónfræðagreinum og tækifæri til að koma fram.

Stuðla að auknu tónlistarlífi, m.a. með því að hvetja til virkni nemenda og kennara í almennu tónlistarlífi, með samvinnu við aðrar mennta- og menningarstofnanir og samstarfi við listamenn.



Frá Tónlistarskólanum. Yngsti hópurinn.

Markmið tónlistarskóla

Meginmarkmið skiptast í þrjá flokka: uppeldisleg markmið, leikni- og skilningsmarkmið og samfélagsleg markmið.

Uppeldisleg markmið stuðla að auknum tilfinningaþroska nemenda, listrænum þroska, mótun viðhorfa, samvinnu og ögun.

Leikni- og skilningsmarkmið stuðla einkum að aukinni færni og þekkingu nemenda.



*Sigður Finsen
kveður Friðrik
Vigni Stefánsson
eftir margra ára
farsælt starf.*

Samfélagsleg markmið stuðla að þátttöku í fjölbreyttri mennta- og menningarstarfsemi.

Skólastarfið

U.þ.b. 115 nemendur eru við nám í Tónlistarskóla Grundarfjarðar. Við skólann starfa nú fjórir kennarar með skólastjóra. Kennslugreinar eru 16 talsins en píanó- og gítardeildir eru stærstar. Aukinn áhugi er á sviði slagverksdeildar og eru margir nemendur þar við áhugavert nám.

Leikskólinn Sólvellir

Við upphaf skólaárs voru 47 nemendur í skólanum í 317 dvalarstundum, meðaldvalarstundir voru 6,75 á nemanda. Um vorið fór fjöldinn upp í 52 nemendur í 349 dvalarstundum. Í lok árs voru nemendur 43 í 300 dvalarstundum, meðaldvalarstundir voru 6,98. Á miðju ári breyttust inntökureglur leikskólans og voru þá teknir inn 18 mánaða nemendur. Við skólann störfuðu 13 starfsmenn, þar af sex leikskólakennarar með skólastjórum, fjórir leiðbeinendur, skólaliði og matráður. Stöðugildi voru 10.

Leikskólinn starfar eftir aðalnámsskrá leikskóla sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu 1999. Skólanámsskrá leikskólans var gefin út 2003 og endurskoðuð í byrjun árs 2006.

Ýmislegt var um að vera í leikskólanum árinu og héldum við okkar striki þrátt fyrir breytingar samfara viðbyggingunni. Starfið skiptist í ýmiss konar leik/nám bæði úti og inni. Þar er frjáls leikur, daglegar venjur, söngstundir, samverustundir, útivera, vinnustundir, hreyfistundir og elstubarnastundir. Þrír atburðir voru þar sem foreldrum og öðrum aðstandendum var sérstaklega boðið að koma. Í febrúar var þorablót þar sem nemendur voru með skemmtun fyrir foreldra og síðan var öllum boðið upp á þorramat í leikskólanum. Þann 16. nóvember, á „degi íslenskrar tungu“ voru nemendur með skemmtiatriði fyrir gesti og hvert annað. Þriðja skemmtunin sem foreldrum var boðið á, var jólaball leikskólans. Þar var dansað í kringum jólatré, jólasveinar komu og síðan var boðið upp á súkkulaði og smákökur. Var mjög góð mæting foreldra og annarra aðstandenda á þessar skemmtanir og erum við mjög stolt af þessum áhuga.



*Leikskólabörn
skoða franska
skútu í
Grundar-
fjarðarhöfn.*

Foreldrafélag starfar við leikskólann og sá það um grímuball á öskudag, bíósýningu, niðurgreiddi danskennslu í október og var með jólaföndur í desember.

Leikskólinn er í samstarfi við mörg fyrirtæki og stofnanir bæjarins. Við grunnskólann með „brúum bilið“ samstarfið þar sem markmiðið er að auðvelda leikskólanemendum skólaskiptin. Við bókasafnið voru bókasafnsheimsóknir elstu nemenda í janúar og febrúar. Heimsóknir voru í Tónlistaskólann til að kynna sér hljóðfæri og einnig komu kennarar úr Tónlistaskólanum ásamt nemendum, sungið var á dvalarheimilinu og síðan er gott samstarf við heilsugæslu og önnur fyrirtæki í bænum með nemendaheimsóknum.

Allt starfsfólk leikskólans fór á SOS-námskeiðið sem Grundarfjarðarbær stóð fyrir.

Í leikskólanum fer fram vinna við þróunarverkefnið „Ég og leikskólinn minn“, ferlimöppur til að skapa markvisst upplýsingaflæði á milli leikskóla og heimilis. Sótt var um styrk í þróunarsjóð leikskóla fyrir verkefnið þegar við byrjuðum á því 2004 og fékk leikskólinn þá úthlutað 250.000 kr. fyrir skólaárið 2004–2005. Við fengum aftur styrk fyrir skólaárið 2006–2007, 350.000 kr. Þessu verkefni lýkur vorið 2008 og hefur þá vonandi fest sig í sessi og verður til frambúðar.

Viðbygging leikskólans

Á árinu var haldið áfram með viðbyggingu og endurbætur leikskólans og er byggingin nú hin glæsilegasta. Leikskólinn er 440,6 m², leik- og kennslurými er 214,4 m². Nú geta um 70 nemendur dvalist í leikskólanum samtímis. Er þetta góð viðbót og vonandi fjölgar nemendum.

Unnið var við að gera viðbygginguna fokhelda fyrir 15. janúar og platan var steipt í lok janúar. Þann 1. apríl var byrjað að vinna við elsta hlutann, þ.e Músadeild. Veggir voru teknir niður og settir upp nýir á öðrum stöðum. Nýtt eldhús og búr voru sett þar sem eldhús, skrifstofa og salerni starfsmanna voru áður. Þar sem Músadeildin var, er stór salur, svipaður og er á Drekadeild, en 22 m² stærri auk föndurstofu og salernis nemenda. Í viðbyggingunni er hluti af salnum, þrjú leikherbergi og sérkennsluherbergi. Þá er hluti af viðbyggingunni aðstaða starfsmanna, anddyri, skrifstofa leikskólastjóra, vinnuherbergi kennara, kaffistofa, viðtalsherbergi og salerni. Þar er einnig þvottahús og geymsla.

Vegna vinnu við viðbyggingu fluttust nemendur í árgöngum 2000 og 2001 í Samkomuhúsið 3. apríl. Árgangar 2002, 2003 og 2004 færðust á Drekadeildina. Skrifstofa leikskólastjóra færðist á sviðið í Samkomuhúsinu og einnig fór þangað vinnuherbergi kennara. Eldhúsaðstaðan í Samkomuhúsinu var lagfærð. Þar var sett upp ný innrétting og tæki úr eldhúsi leikskólans notuð þannig að hægt væri að elda fyrir leikskólanemendur þar. Þann 16. júní var farið í að stækka og endurhanna fataherbergið og fluttist þá öll starfsemi leikskólans í Samkomuhúsið og með því fengu iðnaðarmenn næði til vinnu sinnar. Fataherbergið var stækkað inn í Músadeildina og urðu snagar nemenda fleiri og rýmri.

Töluvert ónæði var vegna þessara framkvæmda og mikið álag á nemendur, foreldra og starfsfólk. En allt gekk þetta vonum fram og sýnir hvað með góðu samstarfi er hægt að gera gott úr öllu og eiga foreldrar og starfsfólk skilið hrós fyrir þolinmæði og jákvæðni.

Nýbygging leikskólans var tekin í notkun 14. ágúst en ekki var þó allt fullklárað. Fimmtudaginn 7. september, var nýbygging Leikskólans Sólvalla vígð formlega. Í tilefni dagsins var opið hús í leikskólanum þar sem gestir gátu skoðað þessi glæsilegu húsakynni og þegið kaffiveitingar. Séra Elínborg Sturludóttir sóknarprestur blessaði húsið. Leikskólanum bærust góðar gjafir.

Foreldrar tveggja barna gáfu inneign í Barnasmiðjunni, Helga Sigvaldadóttir og Guðmundur Friðriks gáfu stafræna myndavél, Foreldrafélagið gaf tvö fiskabúr og leikföng og Rauði krossinn gaf þrjá glerskápa sem hafðir eru í holi í starfsmannarýminu undir leikföng, bækur og myndir frá upphafi leikskóla-starfs í Grundarfirði. Ein amma gaf rúmföt í vagn og einnig bárust blóm og aðrar gjafir og þökkum við kærlega fyrir það.

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Úthlutun lóða

Úthlutað var þremur lóðum undir íbúðarhús þar af fyrir eitt fjölbýlishús. Samanlagt eru þetta lóðir fyrir 12 íbúðir.

Einni lóð var úthlutað fyrir reiðhöll. Fimm lóðum var úthlutað fyrir iðnaðarhúsnæði, þar af þremur á hafnarsvæðinu Norðurgarði.

Skipulagsmál

Tillaga að aðalskipulagi Grundarfjarðar utan þéttbýliskjarnans er í vinnslu hjá Teiknistofunni Eik á Ísafirði og lýkur væntanlega á árinu 2007. Unnið var að gerð deiliskipulags á Norðurgarði vegna væntanlegra athafnalóða á landfyllingu sem gerð var sumarið 2006. Í vinnslu eru tillögur að deiliskipulagi tveggja nýrra íbúðahverfa. Fyrri hluta ársins voru til athugunar hugmyndir að nýju deiliskipulagi miðbæjar Grundarfjarðar. Gerð var tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna Nesvegar-suður og einnig var kynnt tillaga að nýju deiliskipulagi þess svæðis. Vinnu við framangreindar skipulagstillögur og hugmyndir lauk ekki á árinu 2006, en áfram verður unnið að þróun þeirra.

Framkvæmdir

Athafnasemi og framkvæmdaglesi var mikil af hálfu bæjarins á árinu 2006. Ráðist var í margar misstórar framkvæmdir og verður þeirra helstu getið hér á eftir.

Framkvæmdir við nýja bryggju í Grundarfjarðarhöfn hófust á árinu og var gerður verksamningur sem átti að ljúka við þ. 1. desember 2006. Ekki tókst að ljúka öllum verkþáttum og framlengdist því þessi hluti verksins fram á árið



Gerð var ný landfylling við Norðurgarðinn.

2007. Þá verða síðan boðnir út verkþættir við lokafrágang bryggjunnar og verður hún væntanlega fullgerð fyrir lok þess árs.

Gerð var ný landfylling við Norðurgarð. Sjóvarnargarðinn þar þurfti að endurnýja vegna landfyllingarinnar og sömuleiðis var sá fyrri farinn að láta á sjá. Á nýju landfyllingunni verða lóðir fyrir hafnsækna atvinnustarfsemi. Með þessari viðbót er vonast til þess að aðdráttarafli hafnarinnar fyrir útgerðarfyrirtæki og aðra hafnsækna starfsemi aukist að mun og efli hag hennar.

Unnið var að stækkun Leikskólans Sólvalla með viðbyggingu. Nýja viðbyggingin mun stórbæta alla aðstöðu leikskólans hvort heldur er fyrir börnin eða leikskólastarfsfólkið. Þessari framkvæmd lauk að mestu á árinu 2006.

Ný gámastöð var vígð þ. 5. október 2006 við hátíðlega athöfn. Gámastöðin er vel búin og hönnuð með það fyrir augum að íbúar og athafnalíf í Grundarfirði eiga að geta losað flokkaðan úrgang af flestum gerðum til endurvinnslu.

Gatnaframkvæmdir voru fyrirferðamiklar á árinu 2006. Malbikaðar voru nokkrar götur sem eru Ölkelduvegur upp á Hjaltalínsholt, Eyrarvegur austan Sólvallar, Hlíðarvegur sunnan Borgarbrautar, Borgarbraut vestan Hlíðarvegar, Grundargata og bílaplanið hjá Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Unnið var að gerð smíðastofu við Grunnskóla Grundarfjarðar og lauk þeirri framkvæmd að miklu leyti á árinu og var hægt að byrja þar kennslu. Með þessari framkvæmd rættust einlæggar óskir foreldra, nemenda og kennara um að þessi aðstaða fengi viðunandi lausn í húsnæði skólans.

Unnið var við fjölmargt fleira þó smærra í sniðum og var mikill erill í aðstöðu skipulags- og byggingafulltrúa allt árið.

Grunnskóli Grundarfjarðar

Stefna Grunnskóla Grundarfjarðar er að leggja áherslu á að nemendur tileinki sér metnað, þekkingu, færni og félagslega hæfni og séu vel í stakk búnir þegar skólaskyldu lýkur til þess að velja sér farveg og takast á við daglegt líf.

Í skólanum eru nú 175 nemendur í 1.–10. bekk. Við skólann starfa 22 kennarar, einn þroskaþjálfari, og átta aðrir starfsmenn auk skólastjóra.

Kennsla byrjar í kringum 20. ágúst og er skólaárinu skipt í tvær annir. Staða nemenda er metin í lok hvorrar annar.

Aukin áhersla er nú á list- og verkgreinar og hlutfall þeirra í daglegu námi verður aukið. Skólaárið 2006-2007 var bætt við greinarnar en í fyrsta sinn í langan tíma var hægt að bjóða upp á tónmenntakennslu fyrir alla árganga en í bland við hefðbundna tónmenntakennslu unnu nemendur með ýmis tónlistarforrit í tölvum ásamt tjáningu og fleiru. Smíðastofa var tekin í notkun haustið 2006 og þó svo að stofan sé ekki fullbúin hafa smíðar verið kenndar í öllum bekkjum skólans. Áætlað er að endanlegum frágangi stofunnar verði lokið í júní.

Skólinn hefur verið framarlega í notkun upplýsingatækni og er hann vel búinn tækjum. Nemendur hafa nú aðgang að 20 fartölvum auk tölvuversins, skjávörpum og tveimur rafrænum kennslutöflum og gefur þetta möguleika á fjölbreyttari kennsluháttum og sveigjanleika.

Grunnskólinn starfar í nánú samstarfi við Fjölbautaskóla Snæfellinga og nemendur í 10. bekk sem hafa sýnt góðan námsárangur eiga nú kost á því að sækja áfanga í ensku (103) og stærðfræði (103) í framhaldsskólanum samhliða námi í grunnskólanum.

Starfsfólk skólans fór námsferð til Finnlands í byrjun mars til þess að kynna sér starf finnskra grunnskóla. Heimsóttir voru skólar bæði í Helsinki og bæ sem heitir Forssa. Ferðin var fróðleg og skemmtileg í alla staði.

Grunnskóli Grundarfjarðar tók þátt í verkefni í samstarfi við Fjölbrotaskóla Snæfellinga sem snýr að því að efla kennslu erlendra nemenda en þetta verkefni var eingöngu sniðið fyrir pólska nemendur þar sem þeir eru langfjölmennastir. Verkefnið byggðist á notkun dreifnáms við kennslu nýbúa og var pólskur kennari sem hefur góð tök á íslensku fenginn til þess að stýra því ásamt skólastjórnendum. Það gaf góða raun, sérstaklega fyrir nemendur sem ekki hafa dvalið hér um langt skeið og vantar mikinn orðaforða til þess að geta nýtt sér grunnskólanám að einhverju marki.

Nemendur fá heitar skólamáltíðir fjóra daga vikunnar og boðið er upp á þær í samstarfi við veitingahúsið Kaffi 59.

Heilsdagsskóli er starfræktur fyrir nemendur í 1.-3. bekk þar sem nemendur fá gæslu og heimanámsaðstoð.

Gott samstarf hefur verið síðustu ár við leikskólann. Gagnkvæmar heimsóknir elstu barna leikskólans og yngstu nemenda skólans eru yfir skólaárið og í maí er boðið upp á vorskóla sem stendur yfir í viku fyrir elstu nemendur leikskólans. Þar fá þau smjörþefinn af því sem koma skal og undirbúa sig fyrir nám í grunnskólanum.

Grundarfjarðarbær hefur ásamt Heilsugæslustöð Grundarfjarðar boðið öllum foreldrum sem eiga börn á leikskólaaldri og upp í 6. bekk ásamt starfólki leik- og grunnskóla á uppeldisnámskeið sem nefnd er SOS. Þetta námskeið er einn liður í fjölskyldustefnu Grundarfjarðarbæjar og hugmyndin er að samræma uppeldisáðferðir og efla bæði í skóla og á heimilum. Námskeiðin byrjuðu haustið 2006 og framhald verður á þeim haustið 2007 fyrir nýtt starfsfólk og nýja foreldra.

Félagsmiðstöðin Eden

Í félagsmiðstöðinni fá unglingarnir okkar að stunda skapandi og þroskandi félagsstarf í heilbrigðu umhverfi á jafnréttisgrundvelli. Þetta er eitt af aðalmarkmiðum okkar og út frá því getum við ekki sagt annað en að árið 2006 hafi verið viðburðaríkt í Eden að vanda.

Stærstu viðburðirnir hjá okkur eru Valentínusarballið í febrúar, Samféshátíðin í mars, Æskulýðsballið í Borgarnesi í október og jólaballið í desember. Tókust allir þessir viðburðir frábærlega nema Æskulýðsballið, en þangað komumst við ekki vegna veðurs.

Að þessu sinni var jólaballið sameiginlegur viðburður Samnesara. Við fórum héðan með um 50 krakka og Snæfellsbær með um 60 krakka inn í Stykkishólm. Þar fórum við á söngleik leiklistarhóps grunnskólans og eftir var svo ball með Stuðbandinu. Frábær skemmtun.

Ekki má gleyma því að í byrjun ársins tókum við í Eden að okkur að halda Vesturlandskeppni söngvakeppni Samfés hér í Samkomuhúsinu okkar. Tókst það með ágætum og komum við vel frá þeirri keppni þrátt fyrir að keppendur okkar hefðu ekki komist áfram.

Annars var tómstundastarf félagsmiðstöðvarinnar stundað mjög vel af unglíngunum, sérstaklega í byrjun vetrar en svo upp úr apríl fer fjöldinn ávallt minnkandi, þá er komið vor í krakkana. Opín kvöld með skipulögðu starfi eru ávallt á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Fimmtudagar hafa einnig verið opnir en þá eingöngu fyrir bekkjarkvöld og diskótek. Nemið hefur svo tekið að sér að halda úti skemmtidagskrá fyrir 1.–6. bekk fjórum til fimm sinnum yfir árið og svo fá 7. bekkingar að stunda félagsmiðstöðina einu sinni í mánuði, sem hefur gefist afar vel. Unglingarnir reyna svo að hafa ball einu sinni í mánuði fyrir sig sjálf. Þá eru ýmiss konar þemu í gangi, svo sem diskópema, tekknópema, náttafatapema o.m.fl.

Starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar hafa verið tveir í vetur auk Þorbjargar Guðmundsdóttur forstöðumanns, Ragnheiður Dröfn og Helga Sjöfn. Þær eru afar áhugasamar um að byggja upp starfsemi félagsmiðstöðvarinnar og starfa með unglíngunum í Eden. Höldum við starfsmannafundi einu sinni í mánuði til að bera bækur okkar saman og gera gott starf betra.

Árið 2006 í Eden var því mjög skemmtilegt, uppbyggjandi, heilbrigt og vonandi fræðandi fyrir unglíngana okkar í Grundarfjarðarbæ.

Gunnar Kristjánsson

Annáll

Grundarfjarðarbæjar 2007

Undirritaður tók það verkefni að sér að ritstýra annál Grundarfjarðarbæjar fyrir árið 2007. Við efnisöflun var leitað til forstöðumanna stofnana á vegum bæjarins og þeir beðnir að taka saman punkta um það sem þeim þætti ástæða til að halda til haga í bókinni Fólkið, fjöllinn, fjörðurinn þegar fram líða stundir. Annað efni sem fellur undir annálinn og varðar bæjarfélagið er tekið saman af undirrituðum.

Stjórnsýslan

Bæjarskrifstofan

Í desember tók Kristín Pétursdóttir við starfi aðalbókara á skrifstofu Grundarfjarðarbæjar. Hún hafði áður starfað um hríð sem þjónustufulltrúi á skrifstofunni. Kristín lauk námi til löggildingar sem bókari áður en hún tók við bókarastarfinu. Hún tók við starfinu af Andrésí B. Andreassen.

Slökkvilið

Gunnar Pétur Gunnarsson slökkviliðsstjóri lét af störfum sem slökkviliðsstjóri er hann hóf störf hjá Alcoa á Reyðarfirði. Við hans starfi tók Valgeir Þ. Magnússon varaslökkviliðsstjóri.

Slökkvilið Grundarfjarðar telur í dag 19 manns bæði í aðal- og varaliði. Haldnar eru tvær æfingar í mánuði fyrsta og þriðja miðvikudag hvers mánaðar.



Frá slökkviliðsæfingu í ársbyrjun 2008. Ljós. Valgeir Þ. Magnússon.

Á síðasta ári var keyptur bíll til Slökkviliðsins. Það er Ford Econline, gamli sjúkrabíllinn hér á staðnum. Hann hefur hann verið útbúinn með lausri dælu ásamt nokkuð af slöngum og stútum.

Þessi bíll hefur þegar sannað notagildi sitt. Þrátt fyrir að menn búi sig undir að takast á við eldsvoða kætir það slökkviliðsmenn mest þegar minnst er að gera.

Skipulagsmál

Þau verkefni sem helst var unnið að á skipulags- og tæknisviði árið 2007 voru eftirfarandi:

- Miðgarður – Boðnar voru út vatns- og raflagnir með verklok í febrúar 2008.
- Boðinn var út verkþátturinn „Niðurföll og fráveita“ við Ölkelduveg, niðurföll og framræsing vatns frá Ölkelduvegi og Steinatjörn.
- Tekið var í notkun afgirt geymslusvæði í iðnaðarhverfi bæjarins til útleigu fyrir almenning.

- Byggt var á uppfyllingu við Norðurgarð 1285 m² frystihótel á vegum Snæfrosts hf. og 1000 m² saltgeymsla á vegum Saltkaupa hf. Undirbúningur var hafinn á byggingu þjónustu-og fiskmarkaðshúsnaðis á vegum Djúpakletts ehf.
- Á árinu 2007 voru í byggingu á ýmsum stigum 10 íbúða fjölbýlishús, tvö einbýlishús og tvö parhús.
- Byggð var reiðskemma við eitt af hesthúsum í hesthúsabyggðinni.
- Samkaup byggði við gamla mjólkurstöðvarhúsnaðið við Grundargötu og opnaði þar nýja verslun fyrir jóla. Þar með var gamla Kaupfélagshúsið við Nesveg aflagt sem verslunarhúsnaði.
- Kláruð var viðbygging við handavinnustofu grunnskólans.
- Nýju umferðarskipulagi var komið á og sett upp ný umferðarskilti og götuheitaskilti ásamt því að komið var fyrir hraðahindrunum á Hrannarstíg og Sæbóli.
- Skipulagsmál sem voru í vinnslu voru: Aðalskipulag dreifbýlisins, deiliskipulag fyrir hafnarsvæði Framnes austan Nesvegar, deiliskipulag fyrir hesthúsabyggð við Fákafell, deiliskipulag fyrir skóla og íþróttasvæði og unnið var við deiliskipulag fyrir miðsvæði, þ.e. hafnarsvæðið frá Norðurgarði suður fyrir Miðgarð.

Áhaldahús/Þjónustumiðstöð

Í áhaldahúsi voru tveir fastir starfsmenn yfir vetrartímann en með vorinu fjölgaði töluvert bæði við almenn störf og svo bættist líka vinnuskólinn við. Fyrri hluta sumars er áhersla lögð á að fegra umhverfið, bæði opin svæði og umhverfi gatna og nær þetta fegrunarstarf hápunkti fyrir síðustu helgina í júlí „Á góðri stund“. Sú helgi er mesta vinnuhelgi ársins hjá starfsmönnum áhaldahúss sem byrja hreinsunarstarfið þegar sá síðasti er farinn að sofa og lagt er kapp á að því verki sé lokið áður en sá fyrsti vaknar. Og Valgeir Þ. Magnússon forstöðumaður yrkir:

Ef þú vilt vinnu fá,
þú verður því að lofa
um helgi þá
færðu ekki að sofa.



*Grillað var í lok
vinnuskólans.
Ljós. Valgeir
Þ. Magnússon.*

Það sem eftir lifir sumars fer tíminn í að halda í horfinu því sem áunnist hefur og einnig undirbúa fyrir veturinn.

Á veturna er snjómoksturinn á gatnakerfinu í höndum verktaka sem fær verkið eftir útboð en göngustígar og gangstéttar eru í höndum áhaldahúss.

Samningur um Sögumiðstöð

Sögulegur samningur var undirritaður við hátíðlega athöfn í Sögumiðstöðinni við Grundargötu í byrjun nóvember. Um var að ræða samstarfssamning milli Grundarfjarðarbæjar og Eyrbyggju – Sögumiðstöðvar en samkvæmt þessum samningi mun Grundarfjarðarbær leggja Sögumiðstöðinni til 4 milljónir króna árlega fram til ársins 2012 en síðan mun samningurinn framlengjast sjálfkrafa um eitt ár í senn hafi honum ekki verið sagt upp fyrir 2012. Með þessum samningi telja forsvarsmenn Sögumiðstöðvarinnar að rekstrargrundvöllur sé tryggður og áfram hægt að halda með það menningarstarf sem þar hefur verið hleypt af stokkunum. „Sögumiðstöðin á að vera menningarmiðstöð Grundfirðinga og miðstöð ferðamanna sem sækja Grundarfjörð heim, hún á að miðla sögu héraðs og þjóðar og veita ferðamönnum haldgóðar upplýsingar um þjónustu og afþreyingu á svæðinu. Þá á hún að bjóða gestum sínum fræðslu

*Frá undirritun
sammingsins í
Sögumiðstöðinni.
Björg Ágústsdóttir og Guðmundur Ingi
Gunnlaugsson
bæjarstjóri. Ingi
Hans Jónsson
að baki þeim.*



og leiðsögn á nýstárlegan og persónulegan hátt í umhverfi sem áhugavert og nærandi“, segir í stefnupunktum stjórnar Sögumiðstöðvarinnar.

Unglingalandsmót 2009

Fulltrúar UMFÍ (Ungmennafélags Íslands) komu til fundar við bæjaryfirvöld í september en fundarefnið var fyrirhugað Unglingalandsmót í Grundarfirði um verslunarmannahelgina árið 2009. Á Unglingalandsmótinu á Höfn í Hornafirði var það tilkynnt að stjórn UMFÍ hefði ákveðið að fela HSH umsjón með Unglingalandsmótinu árið 2009 og að það yrði haldið í Grundarfirði. Á þessum fyrsta fundi kynntu fulltrúar UMFÍ þær kröfur sem gerðar eru til mótshaldara varðandi aðstöðu og framkvæmd alla. Þá var jafnframt farið yfir það hvaða hlutverki HSH (Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu) gegndi við framkvæmd mótsins.

Lykiltölur úr ársreikningum Grundarfjarðarbæjar fyrir árið 2007

Starfseminni er skipt í A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B-hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu bæjarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.



Fulltrúar UMFÍ hægra megin, þau Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri, Ómar Bragi Stefánsson, umsjónarmaður Unglingalandsmóta og Guðrún Snorradóttir, starfsmaður UMFÍ. Vinstra megin sitja Garðar Svansson, form. HSH, Emil Sigurðsson, Rósa Guðmundsdóttir, Sigríður Finnsen, Ásgeir Valdimarsson, Gísli Ólafsson og Guðmundur Ingi bæjarstjóri í horninu.

Rekstrartekjur bæjarfélagsins á árinu námu 585,8 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 561,5 millj. kr. Rekstrartekjur A-hluta námu 521,6 millj. kr., en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 488,4 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 13,03% sem er lögbundið hámark þess. Rekstrarniðurstaða bæjarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var jákvæð um 2,7 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 0,3 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 4,1 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 5,8 millj. kr. Eigið fé bæjarfélagsins í árslok nam 234,5 millj. kr., en þar af var eigið fé A-hluta 274,3 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 290,4 millj. kr. en starfsmanna-fjöldi hjá bæjarfélaginu var að meðaltali 63.

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu alls 16 millj. kr. á árinu 2007.

Íbúafjöldi Grundarfjarðar 1. desember 2007 var 918 og fækkaði um 36 frá fyrra ári.

Ráðsmaður tekur til starfa

Á árinu 2007 hætti Gunnar Pétur Gunnarsson sem umsjónarmaður fasteigna Grundarfjarðarbæjar en við starfi hans tók Ágúst Jónsson rafvirkjameistari og hóf hann störf þann 18. september. Um leið voru gerðar nokkrar áherslubreytingar á starfslýsingu og umfangi starfsins og starfsheitinu breytt þannig að umsjónarmaður fasteigna heitir hér eftir ráðsmaður.

Menntun og menning

Bókasafnið

Skráðir lánþegar í Bókasafni Grundarfjarðar árið 2007 voru 137 fullorðnir og fengu þeir lánuð 3.257 gögn í 1.144 heimsóknum. 21 barn kom 509 sinnum á bókasafnið eftir kl. 15.00. Töluvert er að gera í þjónustu við framhaldsskóla- og háskólanema og tilsögn í leit í upplýsingakerfum og millisafnalán er tíðari en á undanförunum árum. Aðsókn almennra notenda hefur minnkað og heimsóknir foreldra og barna á bókasafnið eru í lágmarki. Skýringin er vonandi meiri bókaeign á heimilum en kannanir sýna að málvitund og orðaforði barna eykst ef lesið er fyrir þau fyrsta áratuginn í lífi þeirra. Hægt er að bjóða upp á þjónustu við nýja íbúa með annað móðurmál en íslensku.

Fastir liðir í starfi bókasafnsins eru heimsóknir elstu barna leikskólans. Nemendur Fjölbrautaskóla Snæfellinga og aðrir nemendur úr byggðarlaginu fá aðstoð og fyrirgreiðslu eftir föngum og munir frá Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla eru til sýnis. Norræna bókasafnavíkan sem er í nóvember ár hvert hefst með upplestri við kertaljós. Árið 2006 var draugalegt á bókasafninu og lesið við vasaljós en árið 2007 hlustuðu börnin á sögur af kjarnakonum á borð við Línu langsokk og Ronju ræningjadóttur. Boðið var upp á vöfflur og kaffi. Grunnskólinn tók virkan þátt í vikunni og heimsóttu allir bekkir bókasafnið

Þessa viku. Borgarbókasafnið sér um Bókaverðlaun barnanna og hafa börn í Grundarfirði tekið þátt frá árinu 2006. Myndir af barnabókum ársins eru á fallegu veggspjaldi sem hangir uppi í grunnskóla og bókasafni allt árið og er vinsælt að stoppa við og skoða hvaða bækur hafa verið lesnar og hverjar eru til heima.

Útrás safnsins

Bókasafn Grundarfjarðar hefur verið í útrás síðustu tvö ár. Bóka- og nótnasafn Tónlistarskóla Grundarfjarðar var skráð árið 2006, bókaskrá leikskólans var unnin árið 2007 og bókasafnið á Dvalarheimilinu Fellaskjóli flutt á framtíðarstað og skipulagt. Sett var upp lítil bókahilla í Félagsmiðstöðinni Eden og mun bókasafnið bæði lána bækur og staðsetja þar til frambúðar. Bókasafn án veggja. Vefsíða Bókasafns Grundarfjarðar geymir ýmsar efnis- og bókaskrár, myndir af safnaefni, kynningar á vefsetrum og upplýsingar um þjónustu.

Helstu efnislistar bókasafnsins eru: Jól - Goðheimar, víkingatíminn og upphaf byggðar á Íslandi - Heimildir um Eyrbyggjasögu - Efnisskrá 1.-6. bindis af Fólkið, fjöllin, fjörðurinn. Nánar í „Safnkostur og Efnisskrár“. Einnig samantekt á efni um málefni barna og unglinga í Grundarfirði og listi yfir náms- efni í íslensku fyrir útlendinga, prent- og vefefni. Heimsóknir á heimasíðuna voru rúmlega 1000 árið 2007 og Bóka- og efnisskrá Eyrarsveitar fékk yfir 200 heimsóknir. Vefsíðan er uppfærð reglulega. Forstöðumaður er Sunna Njálisdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur. Bókasafn Grundarfjarðar opnar kl. 15 alla virka daga. Það er opið til kl. 18 mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga, til kl. 20 á fimmtudögum og til kl. 17 á föstudögum. Vinnutími er oftast milli kl. 9 og 12 f.h. Bókasafnið er staðsett að Borgarbraut 16, gengið inn að ofanverðu. Sími 430 8570. Netfang: bokasafn@grundarfjordur.is <http://www.grundarfjordur.is>

Grunnskólinn

Í Grunnskóla Grundarfjarðar eru um 150 nemendur og er það nokkur fækkun frá fyrra ári. Fækkun nemenda er þróun sem hafin er fyrir nokkrum árum. Á tímabili fyrir síðustu aldamót var óvenjuhátt hlutfall barna á leik- og grunnskólaaldri í Grundarfirði eða um 30%. Eftir aldamótin hefur meðalaldur íbúanna hækkað og þá um leið barnsfæðingum fækkað. Í skólanum er starfandi

öflugur hópur kennara og flestir þeirra með full kennsluréttindi en hinir notfæra sér þau tækifæri sem nú bjóðast til að mennta sig til starfsins. Kennarar og stjórnendur hafa verið duglegir að bæta við sig menntun og fylgjast vel með þróun kennsluhátta.

Síðastliðinn vetur bauð Grundarfjarðarbær, í samstarfi við Heilsugæslustöð Grundarfjarðar, öllu starfsfólki leik- og grunnskóla upp á SOS-uppeldisnámskeið. Einnig var öllum foreldrum barna á aldrinum tveggja til tólf ára boðið upp á sams konar námskeið. SOS-námskeiðin stefna að árangursríku uppeldi barna og samræmingu á hegðunarmótun bæði á heimilunum og í skóla. Þessar aðferðir mæltust vel fyrir og verður þeim fylgt eftir nú í vetur. Á hverju hausti er foreldrum 1., 5. og 8. bekkinga boðið á námskeið í skólanum þar sem farið er yfir helstu þætti hvers skólastigs. Einstaklingsmiðað nám og samvinnunám hefur verið í þróun undanfarin ár hér í skólanum og er markvisst unnið að því að koma sem best til móts við þarfir, áhuga og getu allra nemenda.

Aukin áhersla á lestrarkennslu

Mikil áhersla er lögð á lestrarkennslu á yngsta stigi og er þróunarverkefni í gangi sem gengur út á að hver nemandi fái kennslu miðað við getu sína. Nemendum í 1.-4. bekk er skipt niður í lestrarhópa eftir því hvers konar kennslu þeir þurfa en ekki eftir aldri og hittast þeir þrisvar í viku frá nóvember og fram eftir vetri. Í samstarfi við Tónlistarskóla Grundarfjarðar stunda nemendur í 1. og 2. bekk blokkflautunám og hefur það verið svo í nokkur ár. Í unglingsáæild og þá sérstaklega í 10. bekk verða kennsluhættir aðlagðir að nokkru leyti kennsluháttum í Fjölbrautaskóla Snæfellinga en flestir nemendur sem útskrifast hér fara í framhaldsnám þangað. Þeir nemendur í 10. bekk sem hafa náð góðum árangri í ensku og stærðfræði geta sótt nám í þessum greinum í Fjölbrautaskóla Snæfellinga samhliða náminu í grunnskólanum. Nemendur í 8. bekk fengu að hafa „barn“ (brúðu) heima hjá sér yfir helgi og þurftu að hugsa um það og þarfir þess. Tilgangur með þessu er að gera 13-14 ára nemendum ljóst að mikil ábyrgð og vinna felst í umönnun ungbarna og vissara að fara varlega í nánnum samskiptum við hitt kynið.

Mikil áhersla er á notkun tölva í kennslunni. Tölvukostur grunnskólans er mjög góður, bæði höfum við vel útbúið tölvuver og einnig tölvuvagna sem eru færanlegir milli stofa. Allar kennslustofur eru með tölvu og síma fyrir kennara.

Mjög gott samstarf er við Leikskólann Sólvelli og hefur verið skipulagt samstarf milli skólanna í fjölda ára. Gagnkvæmar heimsóknir eru á milli elstu nemenda leikskólans og 1. bekkinga grunnskólans yfir veturinn og lýkur svo með því að leikskólabörnin eru í grunnskólanum í eina viku að vori tvær klst. á dag.

Viðburðir og ferðalög

Árlega eru ýmsir dagar og viðburðir í heiðri hafðir. Á degi umhverfisins 25. apríl fóru nemendur um allt plássið og tíndu upp rusl og síðan var grillað að loknum góðum útivistardegi. Dagur íslenskrar tungu sem er haldinn er 16. nóvember á fæðingardeggi Jónasar Hallgrímssonar var sérstaklega helgaður skáldinu í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli þess. Allir nemendur skólans tóku þátt í dagskránni, kynntu skáldið og fluttu verk eftir það á margs konar máta. Sérstaka athygli og kátínu vakti atriði þar sem 10. bekkingur tók viðtal við „Jónas“ og farið var yfir lífshlaup hans. Þemadagar voru helgaðir „fólkinu í bænum“. Nemendur unnu margvísleg verkefni og fólkinu í bænum var síðan boðið á sýningu á afrakstrinum. Þótti þetta takast mjög vel.

Nemendur og kennarar voru duglegir að leggjast í ferðalög þetta árið. 8. bekkingar fóru í fimm daga skólabúðir að Laugum í Sælingsdal og komu endurnærðir og glaðir heim. Stefnt er að því að þetta verði fastur liður í 8. bekk. Nemendur í 9. og 10. bekk fóru í sjóferð með skólaskipinu Dröfn í boði Fiskifélags Íslands og menntamálaráðuneytis og sömu bekkir fóru í vorferðalag um Borgarfjörð þar sem þeir heimsóttu m.a. Hvanneyri og Landnámssetrið í Borgarnesi. 9. bekkingar voru duglegir við að safna í ferðasjóð með aðstoð foreldra sinna. Í upphafi skólaárs þegar þeir voru komnir í 10. bekk fóru þeir í vikuferð til frænda okkar í Færeyjum en einn bekkjarfélagi þeirra hafði flutt þangað árið áður. Starfsfólk skólans lagði einnig land undir fót og heimsótti Finnland. Tíðrætt hefur verið í fjölmiðlum hve nemendur í Finnlandi hafa komið vel út í alþjóðlegum könnunum. Fram kom hjá Finnum að almennt ber fólk mikla virðingu fyrir skólum, skólastarfi og starfi kennara í Finnlandi. Það vakti athygli hve nemendur voru þrúðir, kurteisir og vinnusamir. Finnar virðast ekki vera að velta sér mikið upp úr nýjungum í kennsluháttum, a.m.k. ekki í grunnskólum, því kennslan var mjög formföst og einkenndist af því að kennarinn lagði fram efni og verkefni sem nemendur unnu. Ekki bar mikið á sjálfstæði og frumkvæði nemenda í þeim tveimur skólum sem heimsóttir voru



Fyrirtækið Guðmundur Runólfsson styrkti grunnskólann til að bjóða upp á ferska ávexti í kaffitímum og var þeirri nýbreytni vel tekið af nemendum. Ljósmynd. Gunnar Kristjánsson.

en nemendur voru glaðir og unnu af áhuga hvort heldur þeir voru í bóklefum eða verklegum tímum.

Skólustjóri Grunnskólans er Anna Bergsdóttir en aðstoðarskólustjóri er Ragnheiður Þórarinsdóttir.

Leikskólinn Sólvellir

Við upphaf skólaárs 2007 voru 42 nemendur í skólanum í 306 dvalarstundum, meðaldvalarstundir voru 7,10 á nemanda. Í lok árs voru nemendur 51 í 364,45 dvalarstundum, meðaldvalarstundir voru 7,15. Á miðju ári breyttust inntöku-reglur leikskólans og voru þá teknir inn 12 mánaða nemendur. Var það gert vegna fækkunar á nemendum og nægjanlegs rýmis í leikskólanum en jafnframt til að bregðast við því vandamáli að ekkert dagforeldri starfar í sveitar-

félaginu. Í leikskólanum geta um 70 nemendur dvalist samtímis. Í lok árs voru 16 starfsmenn í leikskólanum, þar af sex leikskólakennarar með skólastjórum, sjö leiðbeinendur, skólaliði og matráður. Stöðugildi voru 12,6. Fjölgaði stöðugildunum frá því um sumarið þar sem yngri börn voru tekin inn og þurfti því fleiri kennara.

Leikskólinn starfar eftir aðalnámsskrá leikskóla sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu 1999. Skólanámsskrá leikskólans var gefin út 2003 og síðast endurskoðuð í byrjun árs 2006.

Afmælis minnst

Ýmislegt var um að vera í leikskólanum árinu. Starfið skiptist í ýmiss konar leik/námsstundir bæði úti og inni. Má þar nefna frjálsan leik, daglegar venjur, söngstundir, samverustundir, útiveru, vinnustundir, hreyfistundir og elstubarnastundir.

Í tilefni af 30 ára afmæli leikskólastarfs í Grundarfirði 4. janúar var opið hús í Leikskólanum Sólvöllum á afmælisdaginn. Leikskólanemendur sungu fyrir gesti og var þeim boðið upp á að skoða leikskólann og þiggja veitingar í starfsmannaálmú skólans. Fjölmarginir gestir mættu og tókst þessi afmælisveisla mjög vel. Á þessum tímamótum bárust leikskólanum ýmsar góðar gjafir.

Á hverju ári eru fastir þrír atburðir sem foreldrum og öðrum aðstandendum er sérstaklega boðið að koma á. Í febrúar var þorrablót þar sem nemendur voru með skemmtun fyrir foreldra og síðan var öllum boðið upp á þorramat í leikskólanum. Þann 16. nóvember á degi íslenskrar tungu voru nemendur með skemmtiatriði fyrir gesti og hvert annað. Þriðja skemmtunin þar sem foreldrum var boðið til þátttöku var jólaball leikskólans. Þar var dansað í kringum jólatré, jólasveinar komu og síðan var boðið upp á súkkulaði og smákökur. Var mjög góð mæting foreldra og annarra aðstandenda á þessar skemmtanir og erum við mjög stolt af foreldrum fyrir góðan áhuga.

Grænfáninn

Leikskólinn fékk afhentan Grænfánann þann 7. nóvember. Undanfari að því verkefni er að árið 2005 gekk Leikskólinn Sólvellir til liðs við verkefnið „Skólar á grænni grein“ og hafði stefnt að því að fá að flagga Grænfánanum. Samin var umhverfissáttmáli sem sendur var til allra foreldra. Umhverfisnefnd starfar í

leikskólanum og eru fundir hennar að jafnaði einu sinni í mánuði. Haldnir eru umhverfisfundir með elstu nemendum leikskólans þar sem umhverfismál eru rædd og þeir koma með tillögur um hvernig vernda má umhverfið okkar.

Umhverfissáttmáli leikskólans er eftirfarandi

- Að vinna að því að vekja athygli nemenda á náttúrunni og umhverfinu þannig að þeir læri að ganga vel um og bera virðingu fyrir náttúru og umhverfi.
- Að flétta náttúrunni, umhverfinu og endurvinnslu inn í daglegt starf þar sem hægt er að koma því við.
- Þannig geta nemendur og kennarar unnið að bættu umhverfi í skólanum og annars staðar og einnig fengið aðra í lið með sér.

Síðan kom að því að miðvikudaginn 7. nóvember fékk Leikskólinn Sólvellir afhentan Grænfánann sem er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um góða umhverfismennt og umhverfisstefnu í skólum. Rannveig Thoroddsen frá Landvernd kom og afhenti okkur fánann. Við það tilefni komu foreldrar og aðrir gestir til að vera viðstaddir. Nemendur úr 1. bekk komu einnig en þeir höfðu unnið að þessu verkefni þegar þeir voru í leikskólanum. Rannveig afhenti elstu nemendum leikskólans fánann og báru þeir hann út að fánastönginni þar sem hann var dreginn að húni.

Foreldrafélag

Foreldrafélag starfar við leikskólann og sá það um grímuball á öskudag, niðurgreiddi danskennslu í október, var með jólafondur í desember og hafði samband við jólasveinana fyrir jólaballið.

Leikskólinn er í samstarfi við mörg fyrirtæki og stofnanir bæjarins. Við grunnskólann er samstarfið „brúum bilið“ þar sem markmiðið er að auðvelda leikskólanemendum skólaskiptin. Við bókasafnið er samstarf um bókasafnsheimsóknir elstu nemenda í janúar og febrúar. Heimsóknir eru í Tónlistarskólann til að fá kynningu á hljóðfærum og einnig komu kennarar úr Tónlistarskólanum ásamt nemendum í heimsókn, sungið er á dvalarheimilinu og síðan er gott samstarf við heilsugæslu, tekið var upp formlegt samstarf við slökkviliðið um að taka höndum saman um að auka öryggi barnanna og starfs-



Grænfáninn borinn út að fánastönginni. Ljós. Gunnar Kristjánsson.

fólksins með öflugu eldvarnareftirliti og fræðslu. Síðan má segja að samstarf sé við öll fyrirtæki í bænum með fyrirtækjaheimsóknum. Þegar Samkaup-Úrval og Lyfja opnuðu nýjar verslanir sínar var leikskólanemendum boðið í heimsókn og sungu þeir fyrir gesti. Í tilefni opunarinnar var leikskólanum færður 100.000 króna styrkur frá fyrirtækjunum.

Leikskólastjóri var í vinnuhóp ásamt grunnskólastjóra, sóknarpresti og hjúkrunarfræðingi við að skipuleggja SOS-námskeið en byrjað var á þeim á árinu 2006. Í kjölfar fjölskyldustefnu sem mótuð var vorið 2006 var ákveðið að bjóða öllum foreldrum barna á aldrinum 2-12 ára á SOS-uppeldisnámskeið sem og öllum starfsmönnum bæjarins sem koma að uppeldi og umönnun barna. Í heildina hafa verið haldin nýu hefðbundin SOS-námskeið og má áætla að um 70% foreldra barna á þessum aldri hafi sótt námskeiðið og allir starfsmenn leik-og grunnskóla.

Þróunarverkefni

Í leikskólanum er unnið að þróunarverkefninu „Ég og leikskólinn minn“, ferlimöppur til að skapa markvisst upplýsingaflæði milli skóla og heimilis. Þetta verkefni hefur verið í gangi með árgangi 2002 og lýkur þegar sá árgangur hættir í leikskólanum 2008 og hefur þá fest sig í sessi. Leikskólinn hefur fengið styrk úr Þróunarsjóði leikskóla fyrir þetta verkefni og við upphaf þess árið 2004 fengum við 250.000 kr. fyrir skólaárið 2004–2005. Við sóttum aftur um 2006 og fengum úthlutað fyrir skólaárið 2006–2007 350.000 kr. og allt er þegar þrennt er og var ákveðið að sækja um í þróunarsjóð einu sinni enn fyrir síðasta árið með verkefnið og fengum við úthlutað fyrir skólaárið 2007–2008 300.000 kr. Þannig að í heildina hefur Þróunarsjóður leikskóla styrkt þetta verkefni leikskólans um 900.000 kr frá því 2004.

Starfsmenn leikskólans brugðu undir sig betri fætinum og fóru í námsferð til Danmerkur 18.–22. apríl til að skoða leikskóla. Heimsóttir voru fjórir leikskólar og þrjár vöggustofur. Einn leikskóli og vöggustofa var í fríríkinu Kristjanú. Tvær vöggustofur og tveir leikskólar í Dragør og síðan sólarhringsleikskóli í miðborg Kaupmannahafnar. Ferðin var mjög fræðandi og lærdómsrík.

Leikskólastjórar eru Sigríður Herdís Pálsdóttir og Matthildur Soffía Guðmundsdóttir.

Tónlistarskólinn

Á árinu 2007 stunduðu 115 nemendur nám við Tónlistarskóla Grundarfjarðar. Kennslugreinar voru 16 talsins en fjórir kennarar voru við störf, þeir Ari Einarsson, Alexandra Sukhova, Baldur Orri Rafnsson og Þórður Guðmundsson skólastjóri.

Í janúar 07 var stofnuð „Trommusveit Snæfellsness“ í samstarfi við Tónlistarskólann í Stykkishólmi en menningarráð Vesturlands styrkti verkefnið. Slagverksnemendur hittust reglulega og æfðu saman til skiptis í Stykkishólmi og í Grundarfirði. Sveitin kom svo fram og marseraði við ýmis tækifæri, t.d. 17. júní og víðar.

Í febrúar var haldin þemavika og þemað að þessu sinni var afrísk tónlist. Unnið var með afrísk lög og endaði vikan með risasamspili allra nemenda sem léku saman það sem unnið hafði verið með. Þann 28. febrúar var svo skólamót tónlistarskólanna á Vesturlandi („TónVest“) haldið í Hótel Stykkishólmi. Þar

hittust u.þ.b. 130 nemendur frá sex skólum ásamt kennurum, og léku tónlist hvert fyrir annað en mótið endaði svo með samspili allra nemenda þar sem tvö lög sem æfð voru fyrr um daginn voru flutt fyrir gesti.

Á aðalfundi menningarráðs Vesturlands sem haldinn var í Klifi í apríl 2007 var skrifað undir samstarfssamning milli menningarráðsins og sex tónlistarskóla á Vesturlandi sem staðið hafa að árlegu skólamóti sem kallað hefur verið „TónVest“. Menningarráð ákvað að styrkja sameiginlegt verkefni TónVest 2008 þar sem fyrirhugað er að útsetja íslenska þjóðlagasvítu sem 30 nemendur skólanna myndu æfa saman og flytja á sex tónleikum á Vesturlandi eða í heimabæjum tónlistarskólanna sem að verkefninu standa.

Í apríl og maí voru svo hefðbundin stigs-og hljóðfærpróf ásamt tónfræðiprófum.

Þann 16. maí voru skólaslit og vortónleikar Tónlistarskólans haldnir í sal Fjölbrautaskóla Snæfellinga fyrir fullu húsi.

Skólahljómsveit Tónlistarskólans kom einnig fram á skólaslitum grunnskólans þann 31. maí ásamt kór grunnskólans undir stjórn Sonju Karenar Marinósdóttur tónmenntakennara.

Skólastarfið hófst svo í lok ágúst með svipuðum nemendafjölda og sama hætti og áður. Sömu kennarar störfuðu við skólann og kennslugreinar þær sömu.

Hefð er fyrir því að leikskólabörnin heimsæki Tónlistarskólann tvisvar á vetri og komu þau til okkar í nóvember þar sem þau fengu að kynnst ýmsum hljóðfærum.

Í lok ársins voru lögð drög að samstarfi við Fjölbrautaskóla Snæfellinga FSN þar sem Tónlistarskólinn mun sjá um kennslu valáfanga fyrir nemendur FSN sem nefndur hefur verið Tónsmiðja.

Í desember var svo hefðbundin jólaös þar sem nemendur komu fram við ýmis tækifæri, svo sem á aðventustund í Samkomuhúsi og á aðventukvöldi í kirkjunni, fluttu nokkur lög þegar kveikt var á miðbæjarjólatrénu, komu fram á litlu jólum í leikskólanum o.s.frv. Jólatónleikar Tónlistarskólans voru svo haldnir í sal skólans þar sem allir voru í sannkölluðu jólaskapi.

Skólastjóri Tónlistarskólans er Þórður Guðmundsson.

Rökkurdagar

Rökkurdagar hafa skipað sér fastan sess í menningarlífi Grundfirðinga og stóðu nú yfir 1.–18. nóvember. Þeir hófust með með ljósmyndasýningu áhugaljósmyndarans Sverris Karlssonar á Hótel Framnesi. Einnig var sýning á ljósmyndum Þorvaldar Arnar blaðaljósmyndara í Krákunni og var hún af haförnum á Snæfellsnesi. Að þessu sinni var aðaláhersla lögð á íslenskar bíómyndir og voru þær allar sýndar í Sögumiðstöðinni. Var góð aðsókn á allar sýningarnar en þó sérstaklega á Astrópiu sem fyllti Sögumiðstöðina á öllum sýningum hennar. Aðrar myndir sem sýndar voru á Rökkurdögum voru Íslenski draumurinn, Veðramót, Strákarnir okkar, Rokk í Reykjavík, Jón Oddur og Jón Bjarni og svo nýjar, íslenskar stuttmyndir eftir Grím Hákonarson. Auk þessara sýninga mátti finna á dagskrá Rökkurdaga konfektgerðarnámskeið í umsjón Andrésar B. Andreasen bakara og fyrrum bóka á bæjarskrifstofunni, Hjónaklúbburinn stóð fyrir sýningunni Pabbinn, var sú sýning í Samkomuhúsinu. Að auki voru tónleikar og dansleikir á veitingastöðum bæjarins Kaffi 59 og Krákunni. Þá var Hörður Torfason með tónleika á Hótel Framnesi. Auk þessa féllu dagskrár grunnskóla og leikskóla á degi íslenskrar tungu inn í Rökkurvíkuna sem og Norrænu bókasafnsvíkuna þannig að yfirfullt var af menningu þá daga sem Rökkurdagar stóðu.

Á góðri stund

Hátíðin Á góðri stund í Grundarfirði var haldin í níunda skiptið. Hún heldur áfram að stækka og þróast og er mál manna að þetta hafi verið fjölmennasta hátíðin til þessa. Giska talnafróðir menn á að gestir hafi verið á bilinu 3000–4000. Hátíðin tókst svo til hnökralaust og flestir ef ekki allir voru mjög sáttir, en alltaf má gera betur, segir í inngangi Jónasar Víðis Guðmundssonar sem sá um framkvæmd hátíðarinnar í annað sinn.

Dagskráin var að venju fjölbreytt með föstum atriðum sem og nýjum en hápunkturinn var sem fyrr hverfagrillinn og skrúðgöngurnar úr hverju litahverfi sem sameinuðust svo á leið sinni niður á hátíðarsvæðið við höfnina. Veðrið lék við hvern sinn fingur níunda árið í röð. Meðal nýjunga á hátíðinni má nefna kaffihús við höfnina í umsjón Kaffi 59, keppni í Streetball á hafnarsvæði, Á vit ævintýrana – sögustund fyrir börn í sögumiðstöð og Þorp verður til – söguganga um gamla Grafarnes. Þá hljómaði Útvarp Grundarfjörður með fjölbreyttum dagskrárlíðum yfir hátíðardagana.



Óvenju góð þátttaka var í víðavangshlaupi UMFG sem er orðið fastur liður í bæjarhátíðinni. Hér sést hópurinn sem tók þátt. Ljós. Gunnar Kristjánsson.

Hátíðin er að mestu kostuð með fjárframlögum fyrirtækja á staðnum sem og af Grundarfjarðarbæ. Mikið álag er á starfsmenn áhaldahúss þessa helgi og allt kapp lagt á að öll hreinsun og þríf séu til fyrirmyndar. Tjaldsvæði eru víðsvegar um bæinn og þarf að koma upp ruslatunnum og kömrum í námunda við þau. Löggæsla og eftirlit var í höndum lögreglu og björgunar-sveitarinnar Lífsbjargar frá Hellissandi og var það samróma álit þeirra að hátíðin hefði gengið vel. „Vorur menn sammála um að aðstaðan á tjaldstæðum og skipulag annars staðar á svæðinu virtist vera mjög góð og þó að mikill fjöldi væri á hátíðinni var fjölskyldufólk í meirihluta og var það bara komið til að skemmta sér,“ segir í skýrslu Björgunarsveitarinnar til framkvæmdastjóra hátíðarinnar.

Lífið er fiskur

Grundarfjarðarhöfn

Á árinu 2007 var afli sem á land kom 19.140 tonn. Vöruflutningar jukust enn fremur um höfnina. Um 8.000 tonnum af olú var skipað á land, 1.500 tonnum af salti og 1.300 tonnum af frosinni rækju.

Frá höfninni voru fluttar 660 gámaeiningar og 2.800 tonn af frosinni síld.

Á árinu 2007 voru miklar framkvæmdir við Grundarfjarðarhöfn. Lokið var við 7.500 m² uppfyllingu við Norðurgarð og lóðir þar fullgerðar og hafa þrjú fyrirtæki byggt og hafið starfsemi þar, þ.e. Snæfrost með frystihótel, Saltkaup hefur reist þar saltgeymsluskemmu og Djúpiklettur ehf. reisir þar þjónustuhús sem hýsir einnig Fiskmarkað Íslands. Ný bryggja var fullgerð nema eftir er að steypa þekju sem gert verður á vormánuðum 2008. Þessi bryggja hefur hlotið nafnið Miðgarður og mun koma í stað Litlubryggju sem verður fjarlægð



Frá vígslu Frystihótelsins á Norðurgarði. Stjórnarnes Snæfrosts hf. kampakátir inni í frystiklefa og sumir fáklæddir. F.v. Árni Halldórsson, Kristján Guðmundsson, Þórður Magnússon, Ásgeir Ragnarsson og Stefán Kalmannsson.

í haust. Þá er búið að hanna landfyllingu neðan við Hafnarhúsið þar sem fyrirhugað er að setja flotbryggju og aðstöðu fyrir léttabáta skemmtiferðaskipanna til að leggja að en við það mun batna aðstaða við Grundarfjarðarhöfn til að taka á móti farþegum stóru skipanna sem komast ekki að bryggju.

Núu skemmtiferðaskip heimsóttu Grundarfjarðarhöfn á árinu og setur koma þeirra hingað skemmtilegan blæ á bæjarlífið.

Grundarfjarðarhöfn er aðili að Cruise Iceland-samtökunum, og á árinu var farið á tvær kaupráðstefnur til Miami og Hamborg. Farþegar með skipum ársins 2007 voru um 3000 talsins.

Á haust- og vetrarmánuðunum voru flestöll uppsjávarskip Íslendinga inni á Grundarfirði við síldveiðar og var megnið af síldarkvótanum veitt hér inni á Grundarfirði.

Skapaðist þónokkur traffík í kringum þennan flota þar sem hann sótti hingað þjónustu og einnig lágu skipin við bryggju á nóttunni sum hver.

Úr myndasafni Bærings Cecilssonar



Kýrnar í Grafarnesi bíða eftir að mjólkurstöðin rísi. Sumar þeirra voru hyrndar og því varasamar fyrir unga drengi sem sentust með nesti yfir á þessar háskaslóðir.



Það er oft freistandi að lauma sér í eldhúsið þegar veislur standa sem hæst. Þarna hefur ljósmyndarinn klófest Batta, bróður sinn, í eldhúsinu á Hamrahlíð 3. Konurnar eru Hulda Valdemarsdóttir og Ingibjörg Kristjánsdóttir. Þetta er fermingaveisla Runólfs.



Í safni Bærings má finna margar myndir áþekka þessari þar sem passamyndin er tekin fyrir utan vélsmiðjuna. Þessi glæsilegi maður er Júlíus Gestsson.



Þessi mynd er tekin 1. nóvember árið 1964, á skírnardegi Jóns Arnar Þórðarsonar í stofunni á Hranarstíg 4. Fremri röð f.v.: Björn Karl Þórðarson, Jón Jónsson, Sigurbjörn Magnússon (séra Magnúsar G.), Pétur Þór Magnússon (?), Sigrún Ragnarsdóttir, Auður Kr. Viðarsdóttir, Hafdís Gísladóttir og Guðrún Gísladóttir. Aftari röð f.v.: Kristín V. Þórðardóttir, Kristján Jónsson (afinn 90 ára), Kristján Ragnarsson, Sturlaugur Laxdal Gíslason og Kristín Gísladóttir.



Bæring hefur víða fangað frændsystkyni sín í ýmsum uppátækjum. Hér hefur Magnús Soffaníasson fundið sér gott hreiður og er alsæll með veski mömmu sinnar.



Þessi mynd er tekin við bensíndæluna niðri við Kaupfélag. Barnaþiúrnar eru systurnar Elínborg og Halldóra Elbergsdætur vinstra megin en Kristjana og Ása Árnadóttur hægra megin. Ekki er full víska um hverjir eru strákarinnir í kerrunum en grunur um að það séu Árni Halldórsson og Páll Guðmundsson.



Þessi mynd er trúlega frá 1968 og sýnir nýtt verslunarhús Verslunarinnar Grundar. Fremst eru bensíndælur Shell og maður á leið inn í Grundarskálann. Veitingaskáli þessi var um margt sérstakur með niðursteyptum stólum og graníti á borðplötum. Nú er Sögumíðstöðin þarna til húsa.



Þessar blómarósir hafa líklega verið að koma með hálfkassabíl Þórðar Pálssonar úr Reykjavík. Þær eru Marta í Bár og Alla Rósa. Myndin er tekin fyrir neðan Ásgeirshús.

Upp úr 1960 fóru sölulúgur að ryðja sér til rúms með sjoppumeningunni. Fyrsta sölulúgan í Grundarfirði var opnuð vorið 1964. Þá var ráðinn fermingardrengur þar í kvöldvinnu. Hafsteinn Jónsson í sölulúgunni í gömlu Grund.





Unglingar í sjoppuhangi í Þórðarbúð. Þórdís Jerimíasdóttir, Hallgrínur Jóhannsson og Ragnar Jónasson. Takið eftir vörunum í hillunum.



Heiðurshjónin á Holtinu, Ingjaldur Sigurðsson og Guðrún Ólafsdóttir.



Þetta er ungt og leikur sér. Ekki hafa verið borin óyggjandi kennsl á hraustmennið sem ekur þessum hjólbörum, en grunur leikur á að það sé Gunnar Magnússon. Í börunum eru hins vegar Kolbrún Matthíasdóttir og Svanfríður Guðmundsdóttir. Áhorfendur eru frá vinstri talið: Kristján Guðmundsson, Gunnar Stefánsson, Auðunn Jónsson (blaðasali), Ágúst Breiðfjörð og loks bræðurnir frá Kverná, Viðir og Kristinn Jóhannssynir.



Þessar glæsilegu ungu konur eru þær Jósefína Guðmundsdóttir og Selma Friðfinnsdóttir. Þær eru augljóslega bara að drekka kók. En takið eftir áhugalausum drengjum í bakgrunni. Já svoi.



Smápása við kirkjubýgginguna. Þessi mynd er gott dæmi um það sem Bæi sagði oft: „Ljósmyndin sýnir oft meira en sést.“ Takið eftir skúrabyggðinni í baksýn þar sem nú er Smiðjustígur.



Þessi mynd er svo tekin í gagnstæða átt frá smiðjunni (bókasafni nú). Þarna er kirkjan risin. Næst fyrir neðan hana er gamli Fagurhólsbærinn sem stóð þar sem prestsbústaðurinn stendur nú. Húsið í jaðri myndarinnar er Grundargata 43.

*Jens Óskars-
son og Elías
Finnbogason.*



Frá vinstri: Ólafur Guðmundsson, Björn Þórðarson, B. Viggó Högnason, Ingi Hans Jónsson og Guðni Halldórsson. Fremst á myndinni er Bjarni Júlíusson.

Sigríður Herdís Pálsdóttir

Göngusumar í Grundarfirði

Það var árið 1998 sem Félag atvinnulífsins í Grundarfirði, FAG, ákvað að brydda upp á uppákomum til að lífga upp á mannlíf á staðnum. Meðal annars voru það gönguferðir sem hefjast áttu á Jónsmessu og síðan á hverjum laugardegi fram í miðjan ágúst. Sett var upp dagskrá gönguferða og auglýst í vikublaðinu ÞEY. Sérstök gestabók var höfð fyrir þessar göngur þar sem göngugarpar rituðu nöfn sín í. Þátttökugjald var 200 krónur og voru þær settar í gönguleiðasjóð. Leitað var til göngustjóra í þessum göngum sem þekktu umhverfið vel. Má þar nefna Ólaf Jónsson, Hall Pálsson, Guðmund Pálsson, Kjartan Jósefsson, Þórunni Kristinsdóttir, Önnu Aðalsteinsdóttur, Guðlaugu Guðmundsdóttur og Guðlaugu Pétursdóttur.

Ég ætla að rifja upp göngusumarið 1998 og 1999 og nota til hliðsjónar minni mitt og auglýsingar og umfjöllun um ferðirnar sem var í vikublaðinu Þey.

Jónsmessuganga að kveldi 23. júní upp á Klakk er gönguferð sem lengi hefur verið farin. Er þessi ganga farin að kveldi og komið upp að Klakkstjörnninni um miðnætti en þjóðsagan segir að þar eigi að fljóta óskasteinar á miðnætti en spurning er með tímatalið, hvort að það sé það sama og hjá okkur. Ágætt er að hefja gönguna við Bárarfoss. Ganga síðan upp á Bárarháls eftir vegslóða sem liggur um hann. Þegar komið er til móts við Bárarvatn ytra er beygt til hægri upp melölduna sem heitir Hrísfell með stefnu á Klakkinn austanverðan þar sem hann heitir Urðarhaus. Á vinstri hönd verður þá Draugagil. Efst er klettagirðing með einstigi. Ganga á Klakk er í meðallagi erfið en hversu erfið hún er ræðst þó af ferðahraða. Tekur hátt í þrjá klukku-

tíma með góðu stoppi. Skemmtilegt er að ganga fram á Klakkshausinn sem er í vestur lengst móti Grundarfirði og horfa þaðan út á Breiðafjörðinn. Ýmsar uppákomur hafa verið í þessum ferðum á Klakkinn og eitt sinn söng litli Lionskórinn þar og vakti það mikla lukku. Menn hafa tekið upp á ýmsu í þessum ferðum og meðal annars að synda í ískaldri Klakkstjörnninni. Þessi ganga er ein af þeim sem enn er farin og verður vonandi um ókomna tíð.

Eyrarbotn – Töllaháls – Árnabotn. Gengið er frá brúnni yfir Slýá á Kolgrafabotni inn Eyrarbotn fram hjá rústum Kolgrafasels og síðan upp Tröllaháls. Reynt er að fylgja þeirri leið sem farin var til forna yfir hálsinn, en slóðinn er víða ógreinilegur, einkum hérna megin í hálsinum. Þegar komið er niður í Árnabotn hinum megin við hálsinn er gengið niður að gömlu Mjósundabrunni eftir vegslóða sem liggur inn með Hraunfirði neðst í Straumhlíðinni. Þessi ganga er auðveld en tekur um þrjár og hálf klukkustund. Gott er fyrir þá göngu að hafa bíl til að ferja göngufólk aftur að Slýánni, því það er heldur langt að ganga allan hringinn.

Ganga á Helgrindur er farin frá Ytri-Búðaá. Í þessari göngu, sem auglýst var, var farið upp undir Helgrindur þar sem göngugarpar voru orðnir þreyttir. Þessi ganga er þó ekki erfið en tekur fjóra tíma. Ekkert klettaklifur er í henni þannig að flestir ættu að komast hana. Í vikublaðinu ÞEY er haft eftir einum göngugarpinum að hann átti ekki til orð yfir fegurðinni sem við blasti í gönguferðinni. Að fara upp á Helgrindurnar ætti að vera góð áskorun fyrir alla þar sem þær gnæfa yfir Grundarfjörð.

Gangan á Svartahnjúk í Hrafnkelsstaðabotni er mér mjög eftirminnileg. Í þá göngu bauð ég mági mínum og sagði honum að þetta væri auðveld ganga en þessi ganga var síðasta fjallanga hans áður en hann greindist með MND-sjúkdóminn. Farið var frá Hrafná á Hrafnkelsstaðabotni og upp á Svartahnjúk (800 m), þar er mjög fallett útsýni yfir í Grundarfjörð og skemmtilegt að horfa niður á Kirkjufellið. Gönguhópurinn skiptist í tvo hópa og fór annar alveg upp á topp en hinn að leifum herflugvélarinnar sem fórst á þessum slóðum á stríðsárunum. Síðan var haldið sem leið lá fyrir ofan Hrafnafoss og síðast gengum við eftir Gunnólfsfellinu með hrikalegu útsýni á báðar hendur og fór stundum


um mann undarleg tilfinning er maður horfði niður eftir fjallshlíðinni. Síðan var farið niður Gunnólfsfellið, þar renndum við okkur niður skriðurnar með misjöfnu hugrekki. Þetta varð mjög svo eftirminnileg ferð og við vorum aðeins lengur en upphaflega var áætlað.

Ganga umhverfis Kirkjufell. Sú ganga er róleg fjölskylduganga. Ágætt er að hefja hana við túnfótinn á Kirkjufelli og ganga síðan ef fallið er út eftir Kirkjufellsvaðli rangsælis um fellið. Fjölmargt er að skoða bæði í fjörunni og í náttúrunni, sérstaklega er þetta skemmtileg ganga fyrir börn. Fyrra nesið sem komið er að heitir Melnes og síðan kemur að Króarnesi og verður þá ekki lengur gengið eftir sandinum þótt stórstraumsfjara sé. Er þá gengið upp á Króarnesið næst fellinu og þar birtist vitinn að Hnausum. Næst er komið að bæjarrústum á Búðum og síðan gengið eftir bakkanum þar til Hálsvaðall tekur við og ef fallið er út af honum má ganga eftir sandinum en annars nær fellinu uns hringnum er lokað. Ganga þessi er tilvalin fjölskylduganga og tekur sem slík um þrjá klukkutíma en hægt að fara hana á mun skemmri tíma.



Á tveimur stöðum í Kirkjufellinu eru öryggislínur. Hér getur verið hættulegt að ganga ef grasið er blautt. Grundarfjörður í baksýn. Ljós.: H.K.

Ganga á Kirkjufell var auglýst fyrir vana göngumenn 18 ára og eldri. Ekki er gott að vera lofthræddur í þeirri ferð. Fjallið er snarbratt og ekki er ráðlagt fyrir göngufólk að fara þar án þess að hafa leiðsögumann með í för. Enn er auglýst ganga á Kirkjufellið á hátíðarhelginni Á góðri stund og hvet ég alla sem hafa hugrekki til að fara þar upp, því eftir þá göngu sveif ég af ánægju það sem eftir leið viku.



Síðasti áfanginn upp á Kirkjufell. Ljós.: H.K.

Aðsóknin í gönguferðir að rústum landnámsbæjarins á Öndverðareyri og síðan fram Eyraroddann sló öll met en í gönguferðabókina skráðu sig 236 manns. Mjög gaman er að ganga um Eyraroddann. Gengið er frá Hallbjarnareyri inn að Öndverðareyri og þar niður í Eyraroddann. Þar er hægt að eyða heilum degi að skoða fuglalífið og skemmtilega náttúru.

Stöð. Gengið er á Stöðina upp frá Lárkoti. Þetta er auðveld ganga, á einum stað er smáklettaklifur sem auðvelt er að komast yfir. Gaman er að horfa niður í Sandvíkina ofan af Stöðinni.

Berserkjahraun - Hraunsfjörður - Vatnaleið. Lagt var af stað frá Nátthaga í Berserkjahrauni og gengið sem leið liggur upp með hraunjaðrinum að Selvöllum og þar farið upp. Gengið var eftir reiðleiðinni sem liggur víða um það svæði þar sem nú er komið vegastæði. Á miðri leið er komið að Baulárvallarvatni. Hinar merkilegu mýrar að austanverðu við vatnið þóttu ekki árennilegar til



... og upp Þúfuna.

göngu svo farið er með vatninu og upp á holtin á ný. Þegar komið var yfir heiðina tók Dufgus (Dökkólfsdalur) við langur og grösugur. Það má segja um leiðina alla að hún er þess virði að fá tækifæri til að njóta þar fagurs útsýnis og náttúru með því að gera hana að alfaraleið. Göngunni lauk síðan eftir að vaðið hafði verið yfir Köldukvísl og gengið að tvískiptu hæðinni við Kerlingarskarð þar sem rúta beið göngumanna sem flutti hópinn að bílunum í Berserkjahrauni. Eins og ég minntist á áðan er þessi leið orðin alfaraleið eftir að þjóðvegur var lagður þar um og geta því allir notið þessarar miklu náttúrufegurðar.

Ganga yfir Arnardalsskarð. Það getur tekið um fimm tíma frá Bláfeldi í Staðarsveit og er komið niður fyrir ofan Kverná. Þegar þessi ganga var auglýst í göngusumri gekk illa að fara hana þar sem þoka spillti för. Ekki er rálagt að fara þarna yfir í þoku. En alltaf eru einhverjir hópar sem grípa tækifærið og fara yfir Arnardalsskarðið á hverju sumri.

Lárdalur - Svartbakafell- Fagrahlíð. Byrjað er hjá Hólalæk upp Lárdalinn að Svartbakafelli út í Fögruhlíð og komið niður hjá Mávahlíð í Fróðárhreppi.

Skáladalur – Grundarmön. Farið er upp frá bæjarlæknum fyrir ofan Hamra. Þar upp hlíðina og fundin gata sem nefnist Manargata. Er þetta þægileg ganga upp á Grundarmönina þó svo að í seinni tíð sé orðið erfiðara að finna götuna eftir að kindum fækkaði.

Fjallgöngur á Eyrarfjall voru ekki í skipulagðri göngudagská FAG, en farnar voru nokkrar ferðir þar upp á vegum félagsins og er svo enn. Þessar göngu-



Horft norður yfir Grundarfjörð frá Einikinn.

ferðir vöktu áhuga minn á fjallgöngum og er ég mjög þakklát FAG fyrir þetta framtak. Í framhaldi af því fór ég að safna saman fólki og fara upp á Eyrarfjall og hlaupa niður Strákaskarð. Í byrjun fór ég með hópa frá Þórdísarstöðum og upp Byrgisdal og inn fyrir Stráka. En í dag hef ég farið upp frá Hallbjarnareyri og gengið út fjall. Þetta var leið sem ég sem krakki fór mjög oft. Í góðu veðri er útsýni mjög gott og sést Snæfellsjökullinn þaðan. Er það orðinn fastur liður að fara á Eyrarfjall 14. júní. Síðastliðin tvö ár er þessi fjallganga orðin liður í „fjölskyldan á fjallið“ hjá ÍSÍ og er þar settur upp póstkassi með gestabók, sem fólk getur ritað nafnið sitt í.

Þessi tilraun FAG til að brydda upp á uppákomum til að lífga upp á mannlíf á staðnum tel ég að hafi tekist mjög vel og enn í dag eru nokkrar af þessum fjallgöngum inni í fastri dagskrá og hvet ég fólk til að taka þátt í göngum sem slíkum. Eins ef fólk er að fara þessar gönguferðir á eigin vegum er gott að hafa samband við landeigendur og fá leyfi og ráðleggingar hvar best er að fara.

Dvöl mín á Bakka

Áður en ég segi frá dvöl minni á Bakka ætla ég að gera grein fyrir mér. Ég er fæddur og uppalinn í Reykjavík en foreldrar mínir voru þau Guðrún Guðmundsdóttir, fædd og uppalin í Nýjubúð, og Gísli Gunnarsson, fæddur á Garðsenda en uppalinn á Bakka hjá Ingimundi Gíslasyni. Foreldrar mínir voru bræðrabörn þeirra Guðmundar Guðmundssonar og Gunnars Guðmundssonar sem lengst af hefur verið kenndur við Akurtraðir, en báðir voru þeir bræður úr Nýjubúð. Eina systur á ég sem heitir Sigríður og býr í Stykkishólmi og á hún þrjú börn, þau Laufeyju, Guðrínu og Jón.

Upphafið

Ekki man ég það nú svo gjörla hvenær það var sem móðir mín sagði okkur Siggu systur að við værum að fara vestur í Grundarfjörð og vera þar um sumarið, því pabbi var á síld fyrir norðan land. Ekki er hægt að segja að ég hafi verið mjög hrifinn af þessari ákvörðun móður minnar og reyndi eins og ég gat að fá að vera í Reykjavík. Ég var kominn í fótboltann og var að reyna að komast í lið í mínum flokki hjá Víkingi. En ekki dugði grátur og geðvonska mín til að þessu yrði breytt. Haldið var af stað til Grundarfjarðar sem ég þó hafði áður komið til. Mér var sagt mörgum árum síðar að ég hefði komið þangað fyrst er ég var þriggja vikna með skipinu Skjaldbreið. En þetta var fyrir mitt minni. Leiðin til Grundarfjarðar var nú ekki jafngreiðfær og hún er í dag, því ferðin tók um 10 tíma og þurfti að bíða sjávarfalla innst í Hraunfirði til að komast

áfram. Þegar við komum að bænum Bakka sem er í Vatnabúðaplássi tóku þau á móti okkur mæðginin Vilborg og Snorri. Þau bjuggu á bænum Vatnabúðum sem þá var eini bærinn í byggð í þessu plássi sem áður fyrr var mjög fjölmennt. Vel var tekið á móti okkur og voru þau greinilega ánægð að fá nágranna, þó ekki væri nema um sumarið sem gætu örugglega hjálpað til við búskapinn. Þau höfðu eina belju og svo reri Snorri til fiskjar á Brönnunni sem við hjálpuðum við að setja niður og taka upp.

Bakkabærinn

Fljótlega eftir að við komum vorum við búin að koma okkur fyrir í Bakkabænum sem samanstóð af íbúðarhúsi, fjárhúsi og hlöðu, allt í sömu byggingunni. Ingimundur hafði haft nokkrar kindur og reri svo til fiskjar. Hér eru tvær myndir sem sýna eldhúsið og svefnherbergið.



Þessi mynd sýnir eldhúskrókinn með kolaeldavélinni og skorsteininn sem er lengst til hægri.



Hér er séð inn í svefnerbergið og snýr þessi gluggi til suðurs.

Fyrstu dagarnir

Þá fór ég að kanna umhverfið og komst að því að á svæðinu voru tvær tjarnir þar sem veiða mátti hornsíli. Þá fór mér að lífast betur á þetta, því ég hafði stundað það ásamt öðrum strákum að veiða hornsíli í Reykjarvíkurtjörn. Þessi hornsílaveiði mín sem nú hófst átti eftir að koma sér vel síðar. Í Bakkabænum var rafmagn en kynt var upp með kolum, mó og spreki og öðru því sem fannst í fjörunni og gat brunnið. Mamma hafði gert samkomulag um að hún fengi nokkra lítra af mjólk í mjólkurbrúsa sem skilinn var eftir við vörðuna sem er fyrir ofan plássið við veginn. Þangað urðum við að ná í brúsann og skila honum svo aftur er hann var tómur. Það skal nú alveg viðurkennt að ekki var ég óðfús að fara þessar ferðir, því mér fannst að systir mín ætti að fara þetta því hún var yngri. En ekki komst ég upp með þetta og þurfti því að fara stundum með systur minni og var nú ekki alltaf ánægður að dröslast með hana með mér, því ég vildi veiða hornsíli og ná í kríuunga og fannst þetta algjör óþarfi að sendast í svona ferðir þótt mér þætti mjólkinn góð. Ekki var rennandi vatn í Bakkabænum frekar en á mörgum öðrum bæjum. Það þurfti að ná í allt neysluvatn í brunn sem var nú ekki langt frá bænum Vatnið var borið í skjólum og notuð var grind þegar bornar voru tvær skjólur þannig að skjólurnar rákust ekki í kálfana á manni. Það urðu fyrstu vorverkin eftir að við fluttum á Bakka yfir sumartím-ann að hjálpa Snorra við að þrifa þennan vatnsbrunn. Myndirnar hérna sýna



Hér rétti ég Snorra skjóluna.



Hér er Snorri ásamt Þorkeli á Akurtröðum og Siggu systur.

Þessi verk í framkvæmd Á fyrstu myndinni rétti ég Snorra skjóluna sem hann fyllti svo og rétti mér sem hellti svo úr henni. Á næstu mynd sem er tekin við sömu hreingerningu eru frá vinstri Snorri, Þorkell föðurbróðir minn á Akurtröðum og svo Siggá, systir mín. Þessar myndir eru teknar 1962 af móður minni. Þriðja myndin er svo tekin nokkrum árum síðar við sömu vinnu og aðeins hefur tognað úr sumum frá því síðast. Hlaðan á Vatnabúðum er í bakgrunni.



Hér erum við Snorri við sömu störf nokkrum árum seinna.

Róið til fiskjar

Eins og áður sagði þá reri Snorri til fiskjar og selveiða á bátnum sínum Brönnunni. Eftir að við komum í plássíð var falast eftir aðstoð okkar við að setja bátinn niður og taka upp er komið var úr róðri. Þetta þótti okkur mjög spenn-



Hér gerir Snorri að lúðu og þær Vilborg og Sigga fylgjast vel með.

andi og þá sérstaklega þegar Snorri kom úr róðri að vita hvað hefði aflast. Hann var yfirleitt með handfæri og svo lagði hann haukalóð fyrir lúðu. Einnig var hann alltaf með haglabyssuna með sér til þess að skjóta sel ef hann sæist. Myndin hér sýnir þegar Snorri hefur komið úr góðum róðri. Það hefur aflast



Búið að taka bátinn upp og allir ánægðir með aflann. F.v. Gummi, Snorri og Sigga.

vel á haukalóðina og Snorri gerir að vænni lúðu og þær Vilborg og Sigga systir fylgjast með. Næsta mynd sýnir Snorra nýkominn úr róðri og búið að taka bátinn upp. Þá hafði Snorri skotið tvo seli ásamt að hafa fiskað eitthvað af þorski. Barna erum við og stöndum við Brönuna f.v. ég, Snorri og Sigga systir.

Gæludýr

Þegar við fórum á Bakka tókum við með okkur tík sem við systkinin höfðum eignast. Þessi tík var frekar sérvitur og þegar Gunnar afi á Akurtröðum kom í fyrstu heimsóknina í Fossvoginn eftir að tíkin kom, þá tók hún allt sem tilheyrði afa og bar það út úr húsi. Þetta fannst nú afa skemmtilegt. En þegar við komum á Bakka og tíkin sá afa koma labbandi utan eftir bökkunum, þá þaut hún af stað og vék ekki frá afa eftir það þrátt fyrir mörg köll af minni hálfu til að fá hana með mér að veiða hornsíli. Þannig að ég varð að útvega mér annað gæludýr fyrst Týra, en svo hét tíkin, vildi ekki koma með mér né hlýða. Svo var það einn daginn sem oftast að ég gekk fjöruna á milli Bakka og Skallabúða til að vita hvort ekki hefði eitthvað rekið á land, að ég rakst á fugl sem ekki virtist geta bjargað sér. Ekki vissi ég þá hvað þessi fugl hét en hann gat ekki flogið. Mér tókst að handsama fuglinn og drösla honum heim og inn í fjárhúsið. Kallaði svo á mömmu og sýndi henni fuglinn og spurði hvaða fugl þetta væri. Hún sagði mér að hann hét langvía og hefði sennilega lent í olíu eða grút fyrst hann gæti ekki flogið. Mamma sagði að erfitt væri að þrifa fjaðrirnar á fuglinum en kannski myndi hann hressast ef ég gæfi honum eitthvað að éta.



Hér er langvían og situr á hvalshaus.



Bakkabærinn.

Ég fór nú á stúfana að reyna að finna sandsíli eða eitthvað annað og tókst mér að ná í eitthvað ætilegt sem mér fannst. En helvítis fuglinn leit ekki við neinu sem ég kom með, alveg sama hvað það var. Var ég nú að gefast upp á þessu gæludýri sem sýndi ekkert annað en vanþakklæti við því sem honum var fært. Þá datt mér í hug sem lokatilraun að veiða handa honum hornsíli og koma með þau lifandi í dollu. Tókst mér að ná í nokkur og bar þau fyrir fuglinn, og viti menn, þá fékk hann matarlyst sem aldrei áður. Þegar ég spurði af hverju þetta væri svona þá var mér sagt að þessir fuglar vildu veiða bráðina sína sjálfir. Eftir þetta fóru dagarnir í það að veiða hornsíli handa fuglinum sem braggaðist með hverjum deginum. Svo kom það að einn morguninn var hann búinn að ná sér og tók sig til flugs og hvarf. En um kvöldið kom hann aftur og settist við hlið mér þar sem ég sat niðri í fjöru og var sallarólegur og puntaði sig. Síðan tók hann flugið og hvarf í átt til sjávar. Hér fylgir með mynd af þessum vini

mínum. Seinna fann ég lunda sem var í svipuðu ástandi og langvían og reyndi að bjarga honum. Það gekk nú ekki því hann var svo þrjóskur og vildi ekki éta eitt eða neitt og dó því úr þrjósku. Og ekki saknaði ég hans því hann beit mig í hvert skipti sem ég kom með eitthvað handa honum að éta.

Niðurlag

Í þessum stutta kafla hef ég eingöngu sagt frá því hvernig lífið gekk á Bakka og í Vatnabúðaplássinu. Ég hef ekkert sagt frá því þegar ég fór að kynnst krökkum og fólki á næstu bæjum, en á þessum tíma þótti frekar langt á milli bæja og var nú ekki verið að fara nema brún nauðsyn lægi við. Vonandi fæ ég tækifæri í næstu bók að segja lítillega frá kynnum af krökkum og fólki sem ég kynntist á næstu bæjum.

Fermingarbörn 1947–2007

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1947
Prestur séra Jósef Jónsson



Stelpurnar sem fermdu 1947. Í baksýn er líklega Jón Elbergsson.

<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Aðalsteinn Pétursson	070933-0000	Grafarnesi
Anna Ásgeirsdóttir	050733-2119	Grafarnesi
Elínborg Kristjánsdóttir	130733-4419	Eiði
Esther Árnadóttir	020733-3499	Hellnafelli
Gróa Herdís Guðjónsdóttir	180933-0000	Skallabúðum
Guðrún Kristín Jóhannesdóttir	070633-5159	Krossnesi
Jón Beck Elbergsson	150533-4069	Grafarnesi

Kristín Karólína Þórðardóttir	040633-0000	Skerðingsstöðum
Sigurbjörg Hulda Þorkelsdóttir	030933-6219	Fagurhól

Fermingarbörn í Setbergskirkju 29. maí 1957
Prestur séra Magnús Guðmundsson

<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Árni Magnús Emilsson	140443-5309	Nesvegi 5
Halldóra Eyfjörð Elbergsdóttir	030843-2909	Grundargötu 23
Helga Jónasdóttir	230943-5919	Grafarnesi
Jósefína Þórdís Guðmundsdóttir	260843-8189	Grafarnesi
Kristín Karólína Jakobsdóttir	040443-3639	Grundargötu 37
Salbjörg Steinunn Jeremíasdóttir	090843-4519	Þórdísarstöðum
Sigþór Pétursson	171243-2899	Grafarnesi
Snorri Gunnarsson	220943-2409	Eiði

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 14. maí 1967
Prestur séra Magnús Guðmundsson



Bekkjarmynd af fermingarárganginum 1967.

<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Droplaug Guðbjörg Stefánsdóttir	050153-4369	Eyrarvegi 20
Finnur Magni Hinriksson	130153-4969	Akurtröðum
Gunnhildur Ragnarsdóttir	191153-4999	Kvíabryggju
Jakóbína Elísabet Hallmarsdóttir	240953-2699	Grundargötu 37
Jóhanna Hallgerður Halldórsdóttir	130253-3189	Hrannarstíg 5
Kjartan Nóason	151253-2459	Vindási
Kolbrún Sæunn Þorvaldsdóttir	121053-5439	Hlíðarvegi 11
Kristján Björgvin Björgvinsson	210953-2569	Hellnafelli
Matthildur Krístrún Friðjónsdóttir	120153-4049	Eyrarvegi 12
Ragnheiður Kristín Sigurðardóttir	111153-2489	Grundargötu 6

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 1977
Prestur séra Jón Þorsteinsson



<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Árdís Sigmundsdóttir	270663-5089	Eyrarvegi 14
Elínborg Geirmundsdóttir	200663-5009	Reykjavík
Halldór Kristinn Halldórsson	200563-5739	Hlíðarvegi 10
Helga Hauksdóttir	080563-2809	Fagurhólstúni 10
Helga Ingibjörg Reynisdóttir	071063-2089	Grundargötu 5

Herdís Hrönn Gísladóttir	270963-2189	Hrannarstíg 4
Hildur Mósesdóttir	060263-3029	Hlíðarvegi 3
Hrafnhildur Pálsdóttir	180363-3199	Naustum
Hrönn Harðardóttir	200763-2469	Hömrum
Jón Sverrisson	010763-7469	Ytri-Gröf
Katrín Gísladóttir	111163-4059	Hamrarhlíð 5
Kristinn Ólafur Kristinsson	020763-4429	Borgarbraut 10
Kristín Soffaníasdóttir	270663-4949	Hlíðarvegi 2
Kristján Tryggvi Ragnarsson	240763-5169	Fossahlíð 4
Rakel Jónsdóttir	220663-4349	Hlíðarvegi 1
Rósa Njálisdóttir	131063-4749	Suður-Bár
Sigurður Ólafur Þorvarðarson	220263-4799	Hlíðarvegi 21
Svanborg Tryggvadóttir	261163-5439	Hlíðarvegi 9
Valdimar Elísson	080163-5179	Grundargötu 13a
Þorsteinn Friðfinnsson	050363-3419	Hlíðarvegi 12

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 1987 Prestur séra Jón Þorsteinsson

<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Albert Magni Ríkarðsson	191073-3559	Fossahlíð 5
Anna Dröfn Friðriksdóttir	060173-4279	Grundarfirði
Atli Már Ingólfsson	200173-3099	Fagurhóli 3
Halldóra Sverrisdóttir	180473-4599	Gröf 2
Jóhanna Þórunn Gunnarsdóttir	280273-3769	Fagurhólstúni 16
Katrín Elísdóttir	211173-5059	Grundargötu 13a
Margrét Huld Guðmundsdóttir	030673-3529	Grundargötu 45
Marteinn Njálsson	151173-4469	Suður Bár
Marvin Ívarsson	170573-4399	Fagurhólstúni 15
Steinar Áslaugsson	021073-3939	Hlíðarvegi 9
Torfi Freyr Alexandersson	120973-5689	Grundarfirði
Þórunn Alma Ólafsdóttir	241273-5129	Hlíðarvegi 10

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 1997
Prestur séra Karl Matthíasson



Nafn

Árni Elvar Emilsson
Ásthildur Helen Gestsdóttir
Dagný Rut Kjartansdóttir
Hafdís Bergsdóttir
Lilja Ólafsdóttir
Rut Rúnarsdóttir
Sandra Ósk Víðisdóttir
Sigrún Hlín Guðnadóttir
Sylvía Rún Ómarsdóttir
Þórunn Kjartansdóttir

Kennitala

150983-4799
170783-3289
220983-3589
200183-5179
240683-5129
070783-4959
040283-4559
140983-4119
030383-3979
020683-5979

Heimili

Grundargötu 45
Eyrarvegi 17
Setbergi
Fagurhólstúni 2
Borgarbraut 3
Hlíðarvegi 5
Fagurhólstúni 8
Grundargötu 42
Grundargötu 45
Nýjubúð

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju 29. apríl 2007
Prestur séra Jón Ásgeir Sigurvinsson



<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Bergþór Þrastarson	050493-2969	Fagurhóli 6a
Daníel Jóhann Ágústsson	060693-2699	Fossahlíð 4
Guðbjörg Þorsteinsdóttir	250493-2319	Fagurhóli 3
Hermann Þór Haraldsson	010193-2819	Hellnafelli 8
Jón Þór Einarsson	061093-3119	Grundargötu 55
Rúnar Þór Ragnarsson	021093-3439	Kverná II

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju 27. maí 2007
Prestur séra Jón Ásgeir Sigurvinsson

<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Andri Ottó Kristinsson	160593-2889	Fagurhóli 5
Arna Rún Kristbjörnsdóttir	160893-2579	Hellnafelli 4
Ásbergur Ragnarsson	100393-3529	Eyrarvegi 24



Erna Katrín Gunnarsdóttir	110293-2759	Borgarbraut 7
Guðrún Björk Hákonardóttir	050493-3779	Fagurhólstúni 4
Harpa Dögg Ketilbjarnardóttir	250193-2979	Hlíðarvegi 14
Heiður Björk Óladóttir	190893-3249	Sæbóli 1
Herdís Lína Halldórsdóttir	060593-2729	Fossahlíð 7
Marta Magnúsdóttir	081193-2079	Hlíðarvegi 8
Randver Pétursson	301093-3149	Fellasneið 4
Rebekka Heimisdóttir	021093-3359	Fagurhólstúni 7
Ríkey Konráðsdóttir	060193-3639	Hlíðarvegi 16
Sigurður Helgi Ágústsson	080493-2909	Eyrarvegi 23
Sigþór Fannar Grétarsson	310793-2729	Grundargötu 88

Fermingarbörn 1938–2008

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1938 Prestur séra Jósef Jónsson



Þessi mynd var tekin á uppstigningardag 26. maí 1988 en þá komu nokkur fermingarsystkini saman í tilefni af því að 50 ár voru frá því að þau fermdust. Frá vinstri: Halldór Finnsson, Kristólína Guðmundsdóttir, Soffaníás Cecilsson, Dagmar Árnadóttir, Hallgrímur Pétursson, Helga Gróa Lárusdóttir, Ragnhildur Guðrún Hallgrímsdóttir, Þorkell Gunnarsson og Áslaug K. Georgsdóttir.

Nafn

Áslaug Kristensa Georgsdóttir
Dagmar Árnadóttir
Guðmundur Bergsson
Halldór Finnsson

Kennitala


171024-2699
301224-3979
090124-6929
020524-3919

Heimili

Hjarðarbóli
Krossnesi
Spjör

Hallgrímur Pétursson	230724-0000	Hjarðarbrekku
Helga Gróa Lárusdóttir	220424-3169	Gröf
Jarþrúður Soffía Ásgeirsdóttir	030424-2399	Fornu-Grund
Kristólína Guðmundsdóttir	260824-0000	Nýjubúð
Ragnhildur Guðrún Hallgrímsdóttir	230224-4639	Látravík
Soffanías Cecilsson	030524-0000	Búðum
Una Jóhannesdóttir	030124-0000	Hallbjarnareyri
Þorkell Gunnarsson	080824-0000	Akurtröðum


Fermingarbörn í Setbergskirkju 1948
Prestur séra Jósef Jónsson



Á myndina vantar Ólaf Björn Jónasson. Fermingunni var frestað um einn dag vegna óveðurs og var fermt á annan í hvítasunnu.

<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Guðmundína Jóhanna Júlíusdóttir	040234-0000	Kvíabryggju
Ólafur Björn Jónasson	010434-0000	Grafarnesi
Rúrik Kristjánsson	260834-7899	Eiði
Sigrún Gunnarsdóttir	030234-2949	Eiði
Sveinbjörn Finnsson	080834-0000	Grafarnesi
Þorvaldur Jóhannes Elbergsson	111234-2059	Grafarnesi

Fermingarbörn í Setbergskirkju 25. maí 1958
Prestur séra Magnús Guðmundsson



<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Guðni Eggert Hallgrímsson	020544-2529	Grundargötu 25
Jónína Guðrún Nóadóttir	111044-3689	Vindási
Kristján Elberg Guðmundsson	311044-4439	Grafarnesi
Lúðvík Jakobsson	121244-0000	Grundargötu 37

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 2. maí 1968
Prestur séra Magnús Guðmundsson

<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Bárður Orri Þorsteinsson	160354-2249	Innri-Gröf
Guðrún Hlíðkvist Bjarnadóttir	081054-7549	Ytri-Gröf
Halldóra Karlsdóttir	041254-4759	Eyrarvegi 17
Hallveig Guðjónsdóttir	140154-4589	Grundargötu 8
Jóhanna Þórarinsdóttir	260554-3879	Borgarbraut 2
Jóhannes Finnur Halldórsson	181254-2039	Hrannarstíg 5



Ólafur Hans Ólafsson	190954-5799	Grundargötu 16
Páll Guðfinnur Harðarson	060754-7569	Hömrum
Ragnar Rúnar Jóhannsson	070554-2919	Kverná
Sigríður Einarasdóttir	050154-5999	Grundargötu 15
Sigurður Ágúst Þórðarson	030554-2489	Grundargötu 7
Sigurjóna Ólöf Högnadóttir	090654-2929	Borgarbraut 9
Sturlaugur Laxdal Gíslason	250654-2789	Hamrahlíð 5
Sæunn Jeremíasdóttir	010554-4469	Sigurhæðum
Torfi Rúnar Kristjánsson	130154-3289	Skallabúðum
Þráinn Jökull Elísson	200554-5749	Setbergi

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 14. maí 1978
Prestur séra Jón Þorsteinsson

<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Anna Jónný Aðalsteinsdóttir	260664-4769	Grundargötu 20
Anna Ragnheiður Brynjarsdóttir	240464-4469	Hamrahlíð 3
Árni Ívar Ívarsson	060764-5739	Grundargötu 52
Ása Hinriksdóttir	010764-3199	Borgarbraut 6
Ásgeir Ragnarsson	210864-2889	Fagurhólstúni 2



Bent Kristján Ólafsson	080564-3099	Sæbóli 11
Brynja Guðnadóttir	151264-3879	Fagurhólstúni 6
Edda Hugufrún Sigurdórsdóttir	140464-3179	Hlíðarvegi 11
Einar Vignir Sigurðsson	021164-5699	Fossahlíð 7
Geirmundur Vilhjálmsson	110364-3429	Hlíðarvegi 5
Gíslína Vilborg Ólafsdóttir	181164-4689	Grundargötu 4
Grétar Þór Magnússon	291264-5659	Grundargötu 27
Gríma Guðmundsdóttir	171064-7919	Nesvegi 5
Guðbjörg Elín Friðfinnsdóttir	010364-3109	Hlíðarvegi 12
Guðrún Lilja Arnórsdóttir	070964-4739	Eiði
Hraundís Guðmundsdóttir	251064-2379	Grundargötu 17
Jódís Garðarsdóttir	220164-4549	Grundargötu 47
Jóhanna Elísdóttir	200364-4579	Grundargötu 13a
Jón Örn Þórðarson	010864-4029	Hamrahlíð 7
Kristján Páll Jónsson	030564-4809	Fossahlíð 7
Kristmundur Harðarson	211064-5529	Hömrúm
Magnús Valdimar Karlsson	280564-4199	Grundargötu 11
Orri Árnason	080864-5749	Eyjarvegi 24
Sigurður Árni Sigurbergsson	150364-5239	Grundargötu 52

Sigurjón Gunnar Jónsson	180564-3579	Hellnafelli
Sjöfn Sverrisdóttir	260664-5149	Gröf 2
Sólrún Halldórsdóttir	310564-3469	Hrannarstíg 5
Sveinn Jóhann Björnsson	210564-3069	Sæbóli 22
Sævör Þorvarðardóttir	070964-5039	Hlíðarvegi 21
Unnur María Rafnsdóttir	030464-2659	Gröf
Þór Hinriksson	010764-3009	Borgarbraut 6

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 1988
Prestur séra Jón Þorsteinsson



<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Aðalheiður Friðfinnsdóttir	050274-5949	Grundargötu 28
Eva Jódís Pétursdóttir	161174-3359	Grundargötu 72
Gaukur Garðarsson	191174-4969	Grundargötu 64
Guðbjörg Jóhanna Níelsdóttir	271074-3449	Hlíðarvegi 19
Haraldur Róbert Magnússon	200374-4289	Eyrarvegi 23
Hringur Pálsson	180474-4989	Sæbóli 18
Illugi Guðmar Pálsson	240474-4769	Naustum
Jófríður Friðgeirsdóttir	141174-5419	Sæbóli 22
Kristín Björg Árnadóttir	130374-4419	Grundargötu 94

Kristín Ýr Pálmarsdóttir	260274-3259	Sæbóli 30
Margrét Óskarsdóttir	280874-4189	Eyrarvegi 17
Pálmi Marel Birgisson	250374-3489	Borgarbraut 5
Sædís Helga Guðmundsdóttir	080674-3339	Hálsi
Porsteinn Bjarki Ólafsson	270974-4499	Borgarbraut 6
Þórarinn Kristjánsson	100674-5729	Sæbóli 26

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 1998
Prestur séra Karl Matthíasson



<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Berglind Magnúsdóttir	180884-2469	Sæbóli 32
Daníel Magnús Helgason	250984-2949	Hlíðarvegi 12
Davíð Sigurðsson	290584-3539	Fellasneið 18
Guðmundur Hreinn Gíslason	020284-3829	Fagurhólstúni 1
Guðmundur Víðir Víðisson	070684-2929	Fagurhólstúni 8
Gunnar Már Árnason	090284-3989	Sæbóli 29
Hallgrímur Jóhann Hallgrímsson	290284-2799	Hamrahlíð 9
Hildur Margrét Ríkarðsdóttir	031284-2799	Fossahlíð 5
Hörður Óli Sæmundarson	201084-2379	Sæbóli 35
Jóhann Kristinn Ragnarsson	270284-3539	Kverná 2
Júlíus Arnar Jóseppson	190784-3399	Grundargötu 15

Ragnheiður Dröfn Benediktsdóttir	270284-2219	Grundargötu 43
Sigurrós Sandra Bergvinsdóttir	131184-3019	Hlíðarvegi 3
Þorvaldur Ásberg Kristbergsson	180284-3469	Fossahlíð 7
Þóra Lind Þórsdóttir	020284-2269	Grundargötu 68

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju 11. maí 2008
Prestur séra Elínborg Sturludóttir



Nafn	Kennitala	Heimili
Anna Júnía Kjartansdóttir	031294-2669	Grundargötu 64
Friðfinnur Kristjánsson	170294-3359	Fellasneið 28
Guðmundur Aron Guðmundsson	070694-2559	Fagurhólstúni 5
Ingibjörg Anna Hinriksdóttir	230894-3379	Sæbóli 11
Kristinn Þór Ragnarsson	060394-2029	Eyjarvegi 24
Særós Ósk Sævaldsdóttir	010294-2319	Sæbóli 27
Þorgrímur Magni Sveinsson	150694-2219	Grundargötu 43

Fermdist 13. apríl 2008 og vantar á myndina:


Kristbjörg Maggý Fjeldsted	250494-3009	Nesvegi 5
----------------------------	-------------	-----------

Arnór Kristjánsson

Sveitin mín

Konur segja frá

Í ritinu Fólkið, fjöllin, fjörðurinn, safni til sögu Eyrarsveitar 2006, 7. hefti, ritaði ég hugleiðingar mínar um þróun byggðar og mannlífs í Eyrarsveit öldina alla 1900 til 2000. Eyrarsveit var alltaf einangruð frá öðrum héruðum fram á miðja öldina. Samgangur fólks við fólk úr öðrum héruðum var lítill sem enginn, þannig að blöndun fólks var mjög takmörkuð. Á þessu varð breyting um 1950 en á tíu ára tímabili fluttust 17 ungar konur hingað í sveitina og settust hér að og urðu húsfreyjur hér á bæjum. En þá er spurningin hvert er viðhorf þessara kvenna til þessara flutninga. Þær eiga auðvitað sína sögu eins og allir aðrir. Því ætla ég að reyna að forvitnast örlítið um sögu þeirra, en þær sögur verða aðeins ágrip og ekki tæmandi.



Arnór Kristjánsson.

Auður Jónasdóttir

Ég er fædd á gamlársdag 1934 í Hagaseli í Staðarsveit og foreldrar mínir voru Elísabet Kristófersdóttir frá Skjaldartröð í Breiðuvík og Jónas Þjóðbjörnsson frá Neðra-Skarði í Leirársveit. Þau hófu búskap í Hagaseli 1933. Ég er fædd og upp-alin til fermingaraldurs í torfbæ. Ég á aðeins góðar minningar um þann bæ þó hann hafi bæði verið þröngur og dimmur. Þó var í honum eldavei en það voru einu þægindin. Fjós var sambyggt bænum fyrir þrjá gripi. Á þessum fyrstu árum mínum var til heimilis hjá foreldrum mínum fósturfaðir móður minnar, Kjartan Þorkelsson, fyrrverandi hreppsþjóri í Staðarsveit, þá orðinn blindur. Hann hafði á yngri árum verið mikill áhugamaður um gang himintungla og vetrarbrauta og önnur teikn um veðurfar. Strax og ég hafði getu til lét hann mig leiða sig út á bæjarhólinn og útskýra fyrir sér skýjafar, öldugang sjávar á skerjum úti fyrir Staðarsveit, skýjamyndarnir á Snæfellsjökli og atferli fugla og húsdýra. Allt þetta útskýrði hann fyrir mér hvað það þýddi í sambandi við veðurfar. Allur þessi fróðleikur grópaðist mjög í huga minn og kom mér oft til góða síðar á lífsleiðinni. Skólaganga mín var ekki mikil, farskóli var í sveitinni hálfan mánuð í senn. Urðu börn oft að ganga langa leið í skólann. Þeim sem áttu lengst að var komið fyrir á bæjum nær skólastaðnum. Þegar ég var fjórtán ára fluttu foreldrar mínir að Neðri-Hól og þar átti ég heima þar til ég fluttist úr Staðarsveit. Ég fór í Húsmæðraskólann að Varmalandi haustið 1953.

Haustið 1957 valdi ég mér mannsefni, Arnór Kristjánsson á Eiði, og fluttist til hans 22. júní 1958. Það er meining mín að Eyrarsveit og Eyrarsveitungar hafi tekið



vel á móti mér, öllum ókunnug. Ég kynntist fólkinu í sveitinni fljótt og vel og á aðeins góðar minningar þar um. Við vorum strax ákveðin að koma okkur upp stóru búí svo að það gæti framfleytt okkur án vinnu utan heimilis. Það var ekki auðvelt, því við byrjuðum með tvær hendur tómar. Þó tókst okkur að eignast um 200 ær. Þegar ég kom að Eiði var hér tvíbyli, þ.e.a.s. tvær fjölskyldur áttu hér heima frá 1928. En vorið 1960 keyptum við jörðina alla. Þegar mjólkurstöð tók hér til starfa í Grundarfirði 1964 lögðum við meiri áherslu á kúabú og mjólkurframleiðslu og hefur það verið þannig síðan.



Eiði.

Ævistarf mitt hefur eingöngu verið við skepnuhirðingu og almenn bústörf fyrir utan að vera húsmóðir á stóru heimili. Ég hef aldrei unnið utan heimilis eftir að ég fluttist í Eyrarsveit. Ég eignaðist fimm börn og 12 barnabörn. Þau fóru öll í eitthvert framhaldsnám og komu ekki heim aftur til dvalar fyrr en Guðrún Lilja og maður hennar, Bjarni Sigurbjörnsson, komu til okkar árið 1998. Við vorum þá farin að eldast.

Arnór byrjaði búskap sinn hér 1949 þá aðeins 14 ára í skjóli foreldra sinna. Það var alltaf viðhorf hans að láta ekki ævistarfið drabbast niður. Hann vildi hætta búskap með reisu. Þess vegna ákváðum við að fá þau Guðrúnu Lilju og Bjarna að taka við búinu og halda ævistarfi okkar áfram og að við drægjum okkur í hlé.

Ásdís Halldórsdóttir

Ég er fædd í Reykjavík árið 1938. Foreldrar mínir voru Halldór Guðmundsson frá Berserkjahrauni í Helgafellssveit og Geirlaug Ólafsdóttir frá Reynisvatni í Mosfellssveit.

Ég ólst upp með móður minni á Reynisvatni og síðan í Reykjavík. Í barnaskóla var ég á Brúarlandi í Mosfellssveit og í Laugarnesskóla í Reykjavík. Í



Gagnfræðaskóla Vesturbæjar var ég sem unglingur, fór síðan að vinna í efnagerðinni Rekord. Þar kynntist ég Guðrúnu Geirmundardóttur, fósturdóttur Bjarna og Ástrósar á Berserkseyri. Með henni kom ég hingað í sveitina sem gestur um sumartíma, fyrst sumarið 1953. Þá var ég fimmtán ára og síðan kom ég á hverju ári til ársins 1958. En þá tóku örlögin í taumana og ég fór ekki suður aftur en settist að á Berserkseyri og hóf búskap og giftist Hreini Bjarnasyni árið 1959. Við bjuggum eingöngu með sauðfé, en árið 2003 drógum við saman seglin og hættum búskap að mestu leyti. Ég eignaðist eitt barn og tvö barnabörn.

Gerður Guðbjörnsdóttir

Ég, Gerður Guðbjörnsdóttir, fæddist 29. nóv. 1931 í torfbæ á Reykjum í Hrútafirði. Foreldrar mínir voru hjónin Guðbjörn Benediktsson frá Steinadal í Strandasýslu og Guðrún Bjarnadóttir frá Óspakseyri í Hrútafirði, þau fluttu að Kolbeinsá í Hrútafirði. Þau hófu búskap þar með lítið bú og lítil efni þar til ég var fimmtán ára. Þá fluttust þau til Reykjavíkur og settust þar að í hermannabragga í einhvern tíma en eignuðust síðan betra húsnæði.



Faðir minn vann við múrverk á byggingjum í bænum, t.d. við Þjóðminjasafnið og fleiri stór hús. Móðir mín vann í fiskvinnu í mörg ár. Skólaganga mín var aðeins barnaskóli frá tíu ára aldri, þá í Hrútafirði.

Ég kom hingað í sveitina vorið 1960 og gerðist ráðskona hjá þeim heiðursmönnum Helga og Kristlaugi Bjarnasonum á Grund. Hjá þeim var ég tvö sumur. Þar leið mér verulega vel en veturinn á milli vann ég á saumastofu í Reykjavík. Haustið 1961 fluttist ég að Gröf og gerðist húsfreyja þar og giftist Sverri Lárussyni bónda þar. Ég eignaðist sex

börn og nú á ég 10 ömmubörn og tvö langömmubörn. Sverrir vann aðallega við múrverk og aðra byggingarvinnu og uppbyggingu í hér í Grundarfirði. Ég vann í fiski eftir að börnin stækkuðu en síðustu árin vann ég á Dvalarheimilinu Fellaskjólí við aðhlynningu og hjúkrun vistmanna.

Marta Böðvarsdóttir

Það er sannfæring mín að það hafa verið óskaplega mikil viðbrigði fyrir Mörtu Böðvarsdóttur að flytjast úr Reykjavík úr rafmagnsljósum og rennandi vatni heitu og köldu og öðrum þægindum hingað í Eyrarsveit, þar sem tíminn hafði staðið í stað í mörg hundruð ár. Látum hana segja frá.



Ég er fædd 1931 og uppalin í Reykjavík. Foreldrar mínir voru Böðvar Gíslason, fæddur og uppalinn á Hrísum í Flókadal, Borgarfirði, og Signý Bjarnadóttir, uppalin í Haga í Staðarsveit. Ég missti föður minn þegar ég var ellefu ára og ólst upp með móður minni. Skólaganga mín var frá sjö ára aldri

til fermingaraldurs í Miðbæjarskólanum í Reykjavík. Ég vann á Hótel Borg árin áður en ég fluttist hingað í sveitina. Hingað kom ég í september 1954 að Naustum og vann þar við bú og heimilisstörf í eitt ár. Það hjálpaði mér mikið að ég hafði verið í sveit í Brokey á Breiðafirði og þar lærði ég að mjólka kýr og vinna úr mjólk. Frá Naustum fluttist ég að Akurtröðum og gerðist húsfreyja og giftist Þorkeli Gunnarsyni bónda þar 1956. Þar vann ég við almenn bústörf ásamt heimilisstörfum. Seinna þegar börnin stækkuðu fór ég að vinna í fiski í Grundarfirði á veturna. Ég eignaðist fimm syni og á 12 barnabörn og 17 barnabarnabörn. Eftir að Þorkell féll frá árið 1993 fluttist ég í Grundarfjörð og hef átt heima þar síðan.

Guðlaug Guðmundsdóttir

Ég er fædd á Berserkjahrauni í Helgafellssveit 1931. Foreldrar mínir voru Guðmundur Sigurðsson og Kristín Pétursdóttir frá Svefneyjum á Breiðafirði.



Ég er fædd og uppalin í torfbæ til fermingaraldurs. Í þessum torfbæ voru engin þægindi önnur en eldavel eins og var í híbýlum fólks á þessum tíma.

Faðir minn féll frá árið 1945. Móðir mín hélt áfram búskap og vann ég að búskap hennar sem unglingur en allt var unnið með höndum eins og þá var títt. Barnafræðsla mín var í farskóla stuttan tíma í senn og heima á milli. Ég fermdist í Bjarnarhöfn vorið 1945. Árið 1948 réðst ég sem vinnustúlka og barnapía til hjóna í Grafarnesi. Þegar ég kom fyrst í Eyrarsveit 1948 var lítið um vegi og bílaumferð. Því fór ég fótgangandi heiman frá mér og yfir Tröllaháls en fékk að sitja í vörubíl

úr Kolgrafabotni í Grafarnes. Veturinn 1949–1950 var ég í Húsmæðraskólanum á Löngumýri. Árið 1951 fluttist ég til Grafarness og fór að vinna í fiski. Árið 1952 giftist ég Herði Pálssyni frá Hömrum og hófum við þar blandaðan búskap. Árið 1976 hættum við með kúabúskap en lögðum meiri áherslu á fjárbúskap og eggjaframleiðslu. Enfremur stundaði ég verslunarrekstur í tuttugu ár. Árið 2003 hættum við fjárbúskap að mestu leyti. Ég eignaðist fimm börn og 16 barnabörn og átta barnabarnabörn.

Vigdís Gunnarsdóttir

Ég er fædd 21. nóvember 1929 í Efri-Hlíð við rætur Drápuhlíðarfjalls. Þar bjuggu foreldrar mínir, þau Gunnar Hannesson frá Stykkishólmi og Soffía Guðmundsdóttir, en hún ólst upp í Jónsnesi í Helgafellssveit. Ég missti föður minn þegar ég var fimm ára. Ég gekk í barnaskóla sveitarinnar að Skildi í fjóra vetur en skólaganga mín varð ekki lengri. Ég fermdist að Helgafelli vorið 1943 og haustið 1948 fluttist ég með móður minni og systkinum í Stykkishólm. Þar kynntist ég Kristjáni Torfasyni frá Garðsenda í Eyrarsveit. Hann var þá



vélstjóri á fiskibátum sem reru frá Stykkishólmi. Hinn 30. des. 1950 giftum við okkur og stofnuðum heimili í Stykkishólmi, en um áramótin 1959 fluttumst við til Grundarfjarðar og um vorið keyptum við jörðina Skallabúðir og hófum þar búskap í smáum stíl, bæði með kúr og kindur. Svo seldum við kúrnar. Kristján vann í mjólkurstöðinni á meðan hún var starfrækt en síðan fór hann að vinna á sjó en ég fór að vinna í fiski á veturna. Ég eignaðist sex börn en missti eitt í frumbersku, 16 barnabörn og sjöbarnabarnabörn Árið 2000 seldum við jörðina og fluttumst í Grundarfjörð að Hrannarstíg 18 og hófum átt þar heima síðan.

Margrét Hallsdóttir

Ég er fædd 27. febrúar 1935 í Hallkelsstaðahlíð í Kolbeinstaðahreppi. Þar ólst ég upp í stórum barnahóp en ég var 6. í röð 12 systkina. Á heimili foreldra minna var var amma mín. Hún kenndi mér að lesa og skrifa og þrjóna. Barnaskóli minn var farskóli á ýmsum bæjum í hálfan mánuð í senn en ég var heima á milli. Ég fermdist vorið 1949. Ég vann á búi móður minnar öll unglingsárin. Faðir minn lést eftir erfið veikindi 1945 en þá var ég 10 ára Þetta var erfiður tími sem ég vil ekki upplifa aftur. Ég fór í Húsmæðraskólann á Löngumýri einn vetur 1954–1955. Í byrjun árs 1956 gerðist ég ráðskona í Hraðfrystihúsi Grundarfjarðar. En árið 1957 fluttist ég að Garðsenda og giftist Páli Torfasyni og hófum við búskap þar fyrst með sauðfé en árið 1967 fluttumst við að Naustum og hófum þar kúabúskap. Þannig var það til 1995 en þá féll Páll frá. Síðan hef ég staðið fyrir heimili Halls sonar okkar. Ég eignaðist fimm börn, átta barnabörn og átta barnabarnabörn.



Ásmundur Arndal Jóhannsson

Æskuárin mín á Kverná

Ræða flutt blaðlaust á ættarmóti í júlí 2001

Það er gaman og fróðlegt fyrir ykkur sem yngri eru að íhuga hvernig hér var þegar ég var að alast upp.

Ég man fyrst eftir mér þriggja til fjögurra ára gömlum. Ég var ekki hár í loftinu þegar ég var í bílaleik sunnan við húsið heima og horfði á fjöllin umhverfis Grundarfjörðinn og ákvað þá, að á bak við þau væri stór heimur og hann ætlaði ég að skoða þegar ég yrði stór. Það hefur svo sannarlega gengið eftir. Ég er búinn að sjá svo ótal margt bæði hér heima á Íslandi, í Evrópu og vestur í Ameríku.

En þetta átti að vera um æskuárin.

Langafi minn, hann Jóhann Dagsson, hóf búskap á Kverná fyrir um 100 árum. Eftir því sem Steini (Þorsteinn Ásmundsson, föðurbróðir) frændi minn sagði mér var hann lítill, snaggaralegur karl, þrekvaxinn og sífellt á hlaupum, lagði gjarnan ekki á hest, heldur hljóp á milli bæja ef hann átti þangað erindi.

Afi minn, Ásmundur Jóhannsson, var hörkuduglegur karl og alltaf sívinnandi. Iðjuleysi var eitur í hans beinum. Hann var fyrst og fremst bóndi og sjómaður. Á yngri árum varð hann sér úti um skipstjóraréttindi og var skipstjóri á fiskibátum í Grundarfirði í mörg ár. Eitt sumar tók hann að sér að sólþurrka saltfisk á Kvernárkambinum. Hann hafði okkur krakkana í vinnu hjá sér þetta sumar við að breiða út fiskinn. Hann gerði mig að flokksstjóra því að ég var elstur drengjanna. Þetta voru fyrstu aurarnir sem ég vann mér inn á ævinni.



Ásmundur A. Jóhannsson frá Kverná.

Á þessum árum var okkur kennt að spara og kaupið lagt inn á sparisjóðsreikning í Kaupfélagi Grundarfjarðar þar sem það brann svo upp í verðbólguváli og varð nánast að engu. Þetta hafði þau áhrif að ég varð aldrei framsóknarmaður, en afi var framsóknarmaður af Guðs náð.

Bærinn Kverná er nánast miðsvæðis í Grundarfirði. Á þessum tíma var þarfanaut haft á Kverná, og eitthvað var það styrkt af Búnaðarsambandinu. Að öðru leyti voru þessir tarfar aldir upp af afa mínum og beljurnar leiddar til þeirra af bæjunum í Eyrarsveit. Þetta var áður en sæðingamaðurinn var fundinn upp. Ég man sérstaklega eftir tveimur nautkálfum sem aldir voru upp til þessara hluta. Við krakkarnir skírðum þá Gústa og Brand. Þeir urðu báðir frekar illir viðureignar. Síðsumar eitt varð Brandur brjálaður. Í einum kúreka-leiknum við hann skellti hann hausnum inn um þvottahúsgluggann hjá ömmu og sat þar fastur. Hann endaði því líf sitt í sláturhúsi langt fyrir aldur fram og missti af öllu fjörinu með ungu kúnum í sveitinni.

Steini frændi tók við búskapnum af ömmu og afa og var bóndi á Kverná í mörg ár. Steini sagði okkur margar skemmtilegar sögur frá því er hann var togarasjómaður og af unglingsárum sínum. Það er synd að sögurnar hans voru ekki skráðar á blað. Eitt haustið ákvað Steini að brugga öl og hafði til þess tunnu mikla sem staðsett var úti í fjósi skammt frá tuddanum, sem þá var uppi til að gagnast kúnum í firðinum. En hvað með það, einn morguninn þegar Steini kom út í fjósið lá bruggtunnan á hliðinni í fóðurganginum og tuddinn steindauður öldauða þar þversum í ganginum og varð ekki hreyfður þann daginn. Tuddi gamli var heldur dasaður næstu tvo þrjá daga og leit út fyrir að vera dálítið timbraður svona eins og strætisróni.

Ég man fyrst eftir pabba mínum þegar við Búi bróðir vorum litlir. Hann lét okkur oft gera leikfimisæfingar heima í stofu og kenndi okkur undirstöðu í sundi í vatnasíkjunum heima. Nú er löngu búíð að þurrka upp síkin og bæjarlækinn líka. Í bæjarlæknum var góður silungur. Ég man að Húddi (Friðrik Ásmundsson, föðurbróðir) lagðist á bakkann og náði í silung með berum höndum og gaf okkur. Einnig man ég eftir gömlu heyverkuninni eða réttara sagt endanum á henni. Þá var mest allt rakað og rifjað í höndum og oft var kátt á hjalla, sjö til tíu manns að rifja flekki og að setja upp galta.

Pabbi var ótrúlega veðurglökkur maður. Eitt sinn á fallegu sumarkvöldi skipaði hann fólkinu að koma upp á Hólavöll að taka saman hey. Þá voru Hólavellirnir alvörutún sem gáfu af sér mikla og góða töðu. Seinna var Hólavellinum bylt með jarðýtu og í dag vex þar ekki stingandi strá. En á þessu fallega sumarkvöldi var hey tekið saman og sett upp í heysátur og menn voru að fram á rauðanótt. Viti menn, klukkan átta næsta morgun var komið rok og rigning. Ég man að á næstu bæjum hafði ekki verið hreyft við heyi. Mörgum árum seinna kenndi pabbi mér hvernig hægt væri að sjá fyrir veðrabreytingu í Grundarfirði.

Pabbi sló allt heima á þessum árum með hestasláttuvél sem skrölti ósköp hátt. Hún var dregin af tveimur rólyndisklárum sem hétu Grani og Brúnn og virtist ískur og skrölt í sláttuvélinni ekki hafa nein áhrif á þá. Eitt sinn var þeim beitt fyrir Willisjeppa sem sökk í mýri á engjunum með heygrindarvagn aftan í sér. Klárunum var sem sagt beitt fyrir bílinn, vélin sett í gang og allt gefið í botn. Hestarnir brjáluðust úr hræðslu, slitu aftan úr sér aktygin og ruku upp á fjöll. Það tók heila viku að ná þeim aftur. En jeppinn sat eftir í mýrinni. Sumarið eftir var keypt dráttarvél og öld tækninnar hófst á Kverná.

Pabbi varð fyrstur bænda í Grundarfirði að taka í notkun heyblásara, súgþurrkun og heyhleðsluvagn. Hann byggði upp 50 kúa fjós ásamt mjólkurhúsi og 300 hesta heyhlöðu. Þar sem áður var unnið við heyskap með á annan tug manna var nú gert með tveimur til þremur manneskjum.

Við Búi sem erum elstir af Kvernárbræðrum voru fljótlega látnir hjálpa til jafnt úti sem inni. Meðal annars höfðum við þann starfa að skilja mjólkina og strokka smjörið. Þetta þótti okkur frekar leiðinlegt „djóbb“ á góðviðrisdögum. Ýmsar tilraunir gerði ég við að skilja mjólkina til að vera sem fljótastur við verkið og kom það stundum niður á gæðum afurðanna. Strokkurinn var í búrinu hjá ömmu og hann var að sjálfsögðu handsnúinn. Með því að láta hann snúast nógu hratt gátum við strokkað á mettíma. En einu sinni fór heldur illa. Helvítið fór á yfirsnúning, þeyttist upp af standinum og rjóminn út um allt búr. Það tók okkur ansi langan tíma að hreinsa upp eftir okkur svo ekki var leikið sér mikið þann daginn.

Við Búi brölluðum ýmislegt, slógumst stundum en vorum samt mjög góðir bræður. Ég man einu sinni á dimmu haustkvöldi að við flugumst hraustlega á í stofunni heima. Það endaði með því að ljósakrónan, sem var þung og mikil, slitnaði úr loftinu og flaug næstum því út um norðurgluggann. Það munaði minnstu að hún lenti í hausnum á Búa. Ég sagði við bróður minn að nú væri ekkert annað fyrir okkur að gera en að flytjast að heiman. En foreldrar okkar voru svo fegnir að við skyldum ekki slasa hvor annan að við vorum ekki einu sinni skammaðir.

Mamma hlýtur að hafa haft nóg að gera við að elda og baka ofan í þessa úlfa sína. Ég man að þegar það voru kjötbollur og fiskibollur í sósu fórum við Búi alltaf í kappát. Búi hlýtur að hafa étið meira en ég, alla vega varð hann höfðinu hærri. Ég kenndi Búa nokkur spil og vann að sjálfsögðu alltaf. Ég kenndi honum líka mannganginn en eftir þrjár til fjórar skákir gerði hann mig heimaskítsmát og ég hef ekki unnið hann síðan.

Það var gott að alast upp í Grundarfirði, það má segja að maður hafi alist upp til sjós og lands. Minningarnar eru góðar og ekki líður sá dagur að ég hugsi ekki heim í fjörðinn minn. Nítján ára fluttist ég að heiman til að gerast maður með mönnum. Hvernig það tókst er önnur saga.

*Þarað eftir minni á blað í nóvembermánuði 2001.
Tílefnið var 100 ára búseta ættarinnar á Kverná.*

Gunnar Kristjánsson

Síldveiði í Grundarfirði 2007–2008

„Þægilegasta síldarvertíðin sem við höfum upplifað“

Síldarævintýrið úti á firðinum virðist engan enda ætla taka. Frá því í októbermánuði hafa komið upp úr honum hátt í hundrað þúsund tonn af síld. Á Grundarfirði sem ekki er mjög stór að flatarmáli hafa verið allt upp í 15 síldveiðiskip samtímis og þar hafa í haust fengist stærstu síldarköst samtímans, töluvert yfir 1000 tonn í einu kasti. Komið hefur fyrir að nót hefur rifnað eða sprungið. Undirritaður, sem horft hefur úr landi á ævintýrið gerast, fékk tækifæri til þess fimmtudaginn 7. desember 2007 að komast í návígi við síldarflotann í því skyni að semja lifandi frétt fyrir Morgunblaðið. Þegar siglt var út á fjörðinn á smábátnum Þorleifi SH 120 laust eftir hádegi þennan fimmtudag voru átta skip á firðinum og þegar komið var á slóðina sem var austar og norðar en undanfarna daga reyndust tvö þeirra búin að kasta og fljótlega eða um kl. 15 voru öll búin að kasta nema Vilhelm stóri Þorsteinsson sem gárungarir eru farnir að kalla Betlehem af því að hann fær oftast aðeins síld úr nót frá öðrum, dólar á miðjum firði og bíður eftir kalli. Frystiskipið Guðmundur VE er með álitlegt kast á síðunni þegar við rennum upp að honum og strákarnir um borð kampakátir. Þeir biðja okkur fyrir stígvél í land sem þeir tóku í misgripum sl. þriðjudag þegar Guðmundur VE losaði sig við frysta síld á nýja frystihótelinu í Grundarfirði og sumir strákarnir notuðu tækifærið og litu aðeins á stelpurnar í fiskvinnslu Guðmundar Runólfssonar en fóru burt með



Síldarævintýrið á Firðinum virtist engan enda ætla að taka. Ljós. G.K.

rangan fótabúnað. Fréttaritari heyrði í Sturlu Einarssyni skipstjóra um borð í gegnum farsíma þegar ljóst var orðið að ekki kæmumst við þar um borð, og lét hann vel yfir veiðunum á firðinum sem hann sagði vera algjört ævintýri en því færi senn að ljúka hjá þeim að sinni því skipið væri á leið í vélarupptekt eftir helgina.

Kastað með hveli

Þegar við héldum frá Guðmundi VE nær landi í átt að Súlunni EA, sem var að draga nótina nokkru sunnar, lóðaði mikinn á dýptarmælinum um borð í Þorleifi og Sighvatur Bjarnason VE sem fengið hafði búmmkast áðan (þ.e. tóma nót) og var kominn á siglingu fyrir aftan okkur, lét nú nótina vaða með hveli og flauti og sigldi hana síðan út í hring og svæðið sem hann hafði til þess virtist ekki stórt. Hvellurinn sem heyrðist var þegar skotið var út eins konar fallhlíf



„Aldrei átti maður von á því að liggja í mokveiði inn á Grundarfirði allt haustið.“ Ljósm. G.K.

sem fer í sjóinn og veitir mótstöðu til þess að draga nótina af stað frá borði. Þegar hann er kominn hringinn er tekið til við að draga inn nótina og fljótlega er ljóst að í þetta sinn er ekkert búmm. Það tekur ekki langan tíma að draga inn nótina og fljótlega er sjórinn innan hennar orðinn iðandi af silfri hafsins, og við horfum á þegar dælunni er sökkt niður við skipshlið og byrjað að dæla. „Þetta er svona 400–500 tonna kast,“ segir Helgi Valdimarsson skipstjóri þegar við komum þar um borð hjá honum. „Þetta hefur yfirleitt verið mjög góð síld sem við höfum verið að fá hér, ætli við séum ekki búnir að taka svona 6–7000 tonn herna úr firðinum og um 8000 alls, kvótinn er líka langt kominn hjá okkur“. „Þetta er sú léttasta síldarvertíð sem við höfum verið á,“ segja nokkrir hásetar sem stinga sér inn og fá sér kaffisopa meðan verið er að dæla síldinni. Þeir ræða sín á milli um upplifunina af því að vera á innfjarðarveiðum eins og þeir hafi svo oft heyrt talað um hjá sér eldri mönnum en aldrei upplifað fyrr en nú. „Blessaður, þetta er algjör sæla,“ segja þeir, „engin úthafsbræla og leiðindi“. Í ljós kemur þegar málin eru rædd að þeir á Sighvati hafa verið heppnir



Í Firðinum hafa fengist stærstu síldarköst sem um getur, föluvert yfir 1000 tonn í einu kast. Ljós. G.K.

Þótt veitt sé á grunnu vatni, aðeins fest nótina einu sinni í gjá sem myndaðist á sjávarbotni innarlega á firðinum nánast upp við Grundará, þar sem sanddæluskipið Perlan sótti efni í landfyllinguna við hafnarsvæðið í Grundarfirði en á þeirri landfyllingu stendur einmitt frystihótelid í dag. En það slapp allt saman vel segja þeir félagar. Helgi skipstjóri sem kemur að í þessu til að slokra úr einum kaffibolla bætir því við að þeir noti nú ekki lengur hefðbundna síldarnót heldur loðnunót sem sé miklu styttri í föðmum talið. Við fengum líka okkar stærsta síldarkast hér á firðinum 1100 tonn bæta hásetarnir við kampakátir. Það kemur í ljós að á sumum síldveiðiskipunum á firðinum dunda hásetarnir sér við að halda úti bloggsíðu þar sem þeir segja frá upplifun sinni af síldarævintýrinu. Einn þeirra, Þorbjörn Víglundsson, háseti á Guðmundi VE, skrifar á síðu sinni 123.is/tobbevilla: „Þetta haust hefur tekið á sig allt aðra mynd en maður var með í hugarum. Aldrei átti maður von á því að liggja í mokveiði inn á Grundarfirði allt haustið.“

Loksins á að fara að rannsaka undrið.

Það er kominn tími til að kveðja og halda til lands og horfa á leiðinni á lóðningarnar á dýptarmælinum. Runólfur Guðmundsson, fyrrverandi skipstjóri, sem er sérlegur leiðsögumaður fréttaritara og Kristján Torfason, eigandi Þorleifs SH, eru á því lóðningarnar hafi verið miklu þéttari á síðasta ári. Það er svo spurning hvort sagan endurtekur sig að ári liðnu. En eitt er víst að það hefur ekki mikið farið fyrir fiskifræðingum til þessa til þess að rannsaka hvað hér sé að gerast. En viti menn, um það leyti sem fréttaritari stígur á land í Grundarfirði er stálbáturinn Sproti að tygja sig til farar út á fjörðinn til rannsóknarstarfa á vegum Hafrannsóknarstofnunar. Freyr Jónsson skipstjóri segist hafa fengið það verkefni að kanna með bergmálmælingum stærð síldarstofnsins í Grundarfirði og síðan inn undir Kolgrafafjörð, einnig á svæðinu innan við Stykkishólm á Breiðasund, þar sem síld veiddist um daginn og alla leið inn í Hvammsfjörð, þar sem sést hefur til síldar inni í höfninni í Búðardal. Freyr sagði að fregnir hefðu borist af stórri síldartorfu í Kolluálnum norðarlega á Breiðafirði og væru áform uppi um að Bjarni Sæmundsson færi á þær slóðir eftir að þeir á Sprota hefðu lokið mælingum sínum. Sem sagt síld og aftur síld og nú á loks að fara að rannsaka málið.

Jens V. Hjaltalín

Sjálfsævisaga

Sjálfsævisaga séra Jens V. Hjaltalín er varðveitt á handritadeild Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns undir númerinu Lbs. 4048, 4to í þremur stílabókum í litlu broti, alls 138 bls. Hann getur þess á bls. 38 í fyrsta heftinu, að kona sín, Jensína Jónsdóttir, hafi látist fyrir 27 árum. Hún lést 10. ágúst 1902, og því er ljóst, að séra Jens hefur byrjað að skrá endurminningar sínar síðla sumars 1929. Hann lést 18. janúar 1930 88 ára að aldri. Uppskrift þá af handritinu, sem hér birtist, gerðu Ásgeir Guðmundsson og Jón Svanur Pétursson sitt í hvoru lagi, og Ásgeir bjó hana til prentunar. Töluverðum erfiðleikum var bundið að skrifa handritið upp, því að séra Jens var orðinn mjög skjálfhentur, þegar hann hófst handa um að rita sjálfsævisögu sína. Þess vegna er ekki hægt að ábyrgjast, að tekist hafi að skrifa handritið nákvæmlega rétt upp. Réttritun var færð til nútímahorfs og millifyrirsögnum bætt við.

Formáli eftir Jón Svan Pétursson

Það er svartasta skammdegi árið 1929. Vestur á Hallbjarnareyri í Eyrarsveit situr gamall og lúinn fyrrverandi guðsþjónn og párar ævihlaup sitt. Hann dýfir penna í blekbyttu og skrifar hægt og yfirvegað. Þó að höndin skjálfi má sjá, að áður fyrr hefur maðurinn skrifað fallega og læsilega skrift. Pennanum er aftur dýft í blekbyttuna og þá er eins og skugga bregði skyndilega yfir magurt og tekið andlit skrifarans. Augun verða hörkuleg og hann mælir eitt-hvað í hálfum hljóðum fyrir munni sér. Höndin skelfur æ meira og á skammri stundu er hann á valdi sterkra geðhrifa. Setningar verða illlæsilegar og skjálfti

í hverjum pennadrætti. Endurminningin líður hjá og hann fær sér duglega í nefið. Blessan neftóbakið. Já, lífið er sjónarspil. Nú situr hann hérna tæplega níraður öldungurinn, gerir úttekt á ævi sinni og kveður upp dóma yfir samferðamönnum, vægðarlaus og einlægur. En var til einhvers unnið? Því er ekki gott að svara, en vel má ímynda sér, að eftir úttekt þessa hafi fargi verið létt af grönnum herðum, en um það er enginn til frásagnar.

Skáldið Bjarni Thorarensen orti eftirminnileg erfiljóð og reisti með þeim veglegan bautastein fólki því, sem eins og hann kvað: „batt ekki bagga sína sömu hnútum og samferðamennirnir“. Eitt frægasta erfiljóð Bjarna er um Odd lækni Hjaltalín, föðurbróður séra Jens. Þar kveður Bjarni:

„Undrist enginn
upp þó vaxi
kvistir kynlegir,
þá koma úr jörðu
harmafuna
hitaðri að neðan
og ofan vökvaðri
eldregni tára!“¹

Ævisaga I

Samkvæmt vottorði úr prestsþjónustubók Breiðabólstaðarprestakalls á Skógarströnd er ég fæddur 12. dag janúarmánaðar árið 1842 í Litla-Langadal á Skógarströnd í Snæfellsnessýslu og skírður af síra Jóni Gíslasyni, riddara og prófasti, er þá var þar sóknarprestur. Ég skal láta þess getið, að með sjálfum mér hefur nokkur vafi á því leikið, hvort ég væri fæddur þann 12. eða degi fyrr, því ég man það, að móðir mín sáluga, er var bæði vel greind og minnisgóð, hafði sagt mér, að ég væri fæddur á þriðjudagskvöld rúmri viku fyrir þorra, eins og almenningur í þá daga var vanur að telja tíma. En sá dagur var það ár 11. en ekki 12. janúar. Nú mun þó réttast í þessu efni að láta prestsþjónustubókina gilda.

¹ Bjarni Thorarensen. Kvæði. Fyrra bindi. Kaupmannahöfn 1935, bls. 190.

Foreldrar mínir voru hjónin Vigfús Jónsson, bóndi þar í sveitinni um tíma, en þá búlaus, og kona hans, Þorbjörg Sigurðardóttir. Hann var einn af sonum síra Jóns sáluga Hjaltalín, er seinast var prestur að Breiðabólstað á Skógarströnd og dó þar 1835, og fyrri konu hans, Guðrúnar Jónssonar, dóttur síra Jóns Bergssonar í Bjarnarnesi í Hornafirði. Hún dó í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd árið 1798, og þar mun faðir minn hafa verið fæddur 1794, því hann sagði mér, að hann hefði misst móður sína fjögurra ára gamall. Samkvæmt þessu var faðir minn albróðir þeirra Odds sáluga læknis,¹ sem alkunnur var á sinni tíð, og þeirra bræðranna Jósefs heitins Hjaltalíns, sem lengi bjó á Valshamri á Skógarströnd, og Bergs heitins Hjaltalíns, sem bjó í Öxney og síðan í Ólafsey, auk annarra margfalt fleiri systkina, sem hér yrði of langt að telja. Móðir mín, Þorbjörg Sigurðardóttir, var dóttir Sigurðar heitins Daðasonar, er bjó lengst af á Haukabrekku á Skógarströnd og var hreppstjóri Skógstrendinga í 28 ár, hagorður og vel að sér um margt. Foreldrar mínir áttu 10 börn, fimm sem dóu og fimm, sem komust á legg, og var ég yngstur þeirra.²



Jens V. Hjaltalín.

Um uppeldisár mín get ég verið því fáorðari, sem mörg atvik og ýmislegar tilviljanir frá þeim dögum eru mér að miklu leyti úr minni liðin og farið að fynrast yfir þau. Það eina get ég sagt, að uppvöxtur minn og viðmót og umgengni annarra, eftir að ég fór fyrst eftir að taka, var allt annað en vera skyldi og engan veginn lagað til þess að beina hugarstefnu ungra manna á rétta braut, og hefi ég síðan oft goldið þess um mína daga. Þó get ég ekki gefið foreldrum mínum sök á því, [þau]vildu mér bæði vel og meira að segja elskuðu mig eins og eigið líf. En þau voru bláfátæk og urðu oftast að eiga bæði húsaskjól og aðrar ástæður undir

¹ Oddur Hjaltalín (1782-1840) var læknir í Vesturamti 1807-39 að undanskildum árunum 1816-20, þegar hann var settur landlæknir. Hann sat fyrst í Grundarfirði, þá á Hrauni í Helgafellssveit og loks í Bjarnarhöfn.

² Í bók Þórunnar Erlu- Valdimarsdóttur *Upp á Sigurhæðir – Saga Matthíasar Jochumssonar*, sem kom út haustið 2006, segir að Jens Hjaltalín hafi verið sonur bóndans í Brokey. Þetta er ekki rétt, eins og Erna Arngrímsdóttir sagnfræðingur benti á í grein í Morgunblaðinu 19. nóv. 2006. Mishermi þetta má rekja til skólaskýrslna Lærða skólans, því að þar er Jens sagður vera frá Brokey. Þaðan rataði það í Þjóðólf og í bók Þórunnar.

geðþokka annarra, og sannaðist þá oft máltækið: „Enginn er annars bróðir í leik.“ Ég vil ekki fara fleiri orðum um þetta mér mjög svo ógeðfellda efni. Hins vegar vil ég aðeins geta, að ég var alltaf áhangandi foreldrum mínum, er ávallt voru í kaupavinnu á sumrum en húsmennsku á vetrum, alltaf á Skógarströnd. Aðeins þrjú ár á þessum tíma voru þau við búhokur hér í Eyrarsveit, tvö í Eyrarplássi á Innri-Garðsenda, sem þá var byggður, ef bygging skyldi kalla, og eitt í Norður-Bár. Það voru árin 1847, 1848 og 1849. Árið 1850 kom ég ásamt foreldrum mínum aftur inn á Skógarströnd og dvaldi þar aðeins eitt ár á landi, en 1851 fluttist ég með foreldrum mínum fram til eyja, og áttu þau og ég þar fast heimili síðan í fimm ár, eða til vorsins 1856. Að vísu héldu foreldrar mínir hinum sama vana, að þau fóru í kaupavinnu hvert sumar, en á vetrum vorum við til heimilis í Rífirðingum þrjú ár (1851-54) og síðan í Gvendareyjum tvö ár (1854-56).

Vorið 1856 var ég staðfestur að Breiðabólstað af þáverandi sóknarpresti, síra Benedikt Eggertssyni Gudmundsen.¹ Sýndi hann mér fátækum og umkomulausum hina frábærustu manngæsku og góðvild og var fyrstur manna frumkvöðull að því að hvetja mig til að leita mér æðri menntunar. Var slíkt ekki auðgert í þá daga, síst fyrir þá, er voru bláberir öreigar. Ég hafði hin bestu meðmæli frá sóknarpresti mínum fyrir gáfur, hegðun og góðan fermingarundirbúning, og var talsvert um þetta rætt manna á milli. Sjálfur var ég næsta framkvæmdalítil í þá daga að geta rutt mér nokkrar brautir í þessu efni. Peningar voru mjög fágætir þá og dýrir, og jafnvel hjá þeim, sem kallaðir voru efnaðir, voru peningar þá ekki hversdagseign.

Annar þröskuldur, sem stóð í vegi fyrir því, að nokkur fátækur maður gæti hugsað til að leita sér æðri menntunar, var sá, að þá ríkti meðal almennings nokkurs konar alþýðustolt, sem sýndi sig í því, að menn höfðu yfir höfuð að tala megnustu óbeit á allri hærri menntun og efnishyggjan var á sínu hæsta stigi, og hefur sums staðar eimt eftir af slíku til þessa dags. Allir embættismenn, og prestar ekki síst, voru landeyður og blóðsugur alþýðunnar, og hver sá, sem vildi leita sér æðri fræðslu, mátti búast við spottglósum og amasemi, þar sem menn þorðu að láta slíkt í ljós. Efnaðir bændur margir voru stoltir af efnunum sínum, öfunduðust yfir því, ef einhver yrði meira metinn en þeir, og gjörðust því oft forkólfar annarra í því að lasta og svívirða æðri menntunartilraunir, og var þá oft ekki sparað að eigna þeim, er eitthvað vildu hefja sig upp,

¹ Hann var prestur á Breiðabólstað 1853-68.

illan tilgang, leti, ódugnað í að ryðja sér braut sem alþýðumenn meðal sinna líka, o.fl. o.fl. Það var þó venjulega farið vægar í sakirnar við þá, er staðið gátu á sínum eigin fótum með þetta, en fátæklingar áttu sér engrar vægðar von. Hér við bættist nú, að margir þeirra, er efni höfðu, höfðu ekki þegið með þeim neina höfðingslund eða löngun til að gleðja aðra.

Í stuttu máli að segja var það enginn í minni fæðingarsveit, er þessu máli væri eiginlega hlynntur, svo ég frekast muni nema sóknarpresturinn sem hvatamaður og sumir mér náskyldir, sem lögðu til sín góðu orð og tillögur. Um annað gat ekki verið að tala hjá þeim, því [þeir] voru allir bláfátækir að heita mætti. Faðir minn, þó fátækur væri og lítilsmegandi, var ópreytanlegur í því að reyna að knýja þetta áfram, og var sóknarpresturinn honum fast fylgjandi í öllu. Um sumarið 1856, eftir að ég var fermdur, barst umtalsaldan um þetta til Stykkishólms, og hefur líklega faðir minn, svo og skrif frá síra Benedikt, vakið hana þar. Þar voru þá þessir hinir helstu: Páll Hjaltalín faktor, Árni Ó. Thorlacius, fyrrum kaupmaður, Páll gamli Melsted amtmaður, B.E.B. Jacobsen lyfsali, Benedikt Benediktsson, fyrrverandi ródumeistari,¹ og auk þeirra Egill Egilsen verslunarmaður og Óli Steinbach verslunarmaður. Þessir allir gerðu samtök að taka mig einn vetur út í Stykkishólm, kosta mig þar og borga kennslu.

Kennsluna tók að sér Benedikt gamli. Hann var gamall stúdent frá Bessastaðaskóla og latínulærður, en sá galli var á, að hann var farinn að ryðga í sínum fornu fræðum, enda hafði [hann] sýslað annað fremur um dagana sem skattameistari konungs en að endurnýja þau. En hann var góður kennari og viðfelldinn, aðeins hefði hann ekki verið orðinn langt á eftir sínum tíma og nær því lakastur í kennslu síns eigin móðurmáls, eins og mörgum vill til, sem verið hafa erlendis meiripart ævinnar. Hann var samt allra besti karl í tegund sinni, og ég minnst hans ávallt með þakklæti, því hann var mér ókenndum og einmana ætíð tryggur og velviljaður. Hann hafði auk mín lærisveina þrjá, tvo syni Kristjáns gamla kammerráðs á Skarði,² Ebeneser og Skúla, og auk þess Odd, son Jóns gamla Finnssonar í Fagurey, gáfaðan pilt og [að] mörgu [leyti] vel gefinn.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um undirbúning minn heiman frá

¹ Benedict (Bogason) Benedictsen var um skeið ródumeistari, þ.e. skattheimtumaður konungs, í Kaupmannahöfn.

² Kristján Skúlason Magnusen sýslumaður. Hann bjó á Skarði á Skarðsströnd.

Hvað hugsa menn hér við sjóinn, að koma hér ekki upp þessum dráttarnetum, þá fleiri í félagi, ef einu getr ekki aðdugað? Veðin er opt gefin, bæði sýld á sumrum og upsi á vetrum, en menn hafa ekki hug eða dug til að sinna því, sem drottinn sendir árlega upp í landsteinana.

10. febr. 1859.

P.

Skýrsla

yfir fjárhag „bræðrasjóða“ Reykjavíkr lærða skóla frá 5. janúar 1858 til sama tíma 1859.

	Hjágjaldk.	á leigu rdl.
Eptir seinustu skýrslu (sjá 10. ár Þjóðálfs, 11. — blað) átti bræðrasjóðinn	30 rd. 76sk.	2598
Síðan (nu komið):		
Árleiga af vaxtaf sjóðsins í jarðabókarsjóði 2238 rdl. til 11. Júní 1858	78	31
Leiga af skuldabréðnu Littr A Nr. 8650, frá 11. des. 1856 til 11. Júní 1858	6	-
Árleiga af þeim 260 rd., sem standa inni á leigu mót veði og 4% hjá privatmönnum, til 11. Júní 1858	10	38
Gjafir frá ónefndum höfundum ritgjörðar þeirrar (með Motto: Neyðin kennir nakri konu að spínum), sem sábráttseins húsa- og bústjórnarfélag sændi verðlaunum, er hann ávísaði bræðrasjóðnum	30	-
Gjafir frá Á. 28. ágúst 1858	10	-
— sgr. Ásgeirs Finnþogas. & Lambastóðnum	4	-
— sgr. E. Þorvarðars. í Nýbæ & Akranesi	2	-
Seld 3 exx. af riti hr. Archibiscr. Jóns Sigurðssonar „om Islands statsretlige Forhold“	1	48
Tilfög (39) lrisveina	19	48
	samtals 192	49
		2598

Leigo þ. árs, 94rd. 69sk. er úthlutað þannig:

Skólalipiti Skóla Magnússyni 24rd. „ sk.	
— Jens Vigfóssyni	20
— Jakob Björnsyni	10
— Þorkell Bjarnsyni 10	-
— Jónasi Björnsyni 10	-
— Ara Pétursyni	10
— Hyrti Jónssyni	69
	94
	69

Eign sjóðseins er þá 97 - 76 - 2598

Reykjavík, 5. jan. 1859.

B. Johnsen.

— Eins og þeim umkomnlinn og fátæku er ekki lándi, þó þeir heit leiti atvarfs og hólssins hjá þeim mönnum, er þeir bera mest traust til, eins er þeim ekki einúngis skylt að geyma niðri velgjörðamanna sinna í þakklátri endminningu, heldr þer þeim einung að geta þess, sem gjört er, á tilhlýðilegum stöðum, ef þeir eiga þess kost.

Þannig storr undirskrifað sér skylt að biðja ábyrgðarmann Þjóðálfs, að votta eptirrituðum mönnum, í sínu nafni, aldórfult þakklæti og virðingu, þar þeir af góðn hjarta hafa með höfðinglegum fegjörum, bæði nú og í fyrra, styrkt félaukan fótur, til að reyna að koma barni sínu til menning-

ar, svo það einmitt, fyrir þerrra góðvild, og óræsti, getr nú komizt á latínuskólanum í Reykjavík í haust.

B. E. Guðmundsson, prestur & Breiðabólstað, í fyrra 4 rd.; og í ár 10 rd.; samtals 14 rd.; C. Magnússon, kammastráð, sjálfum, á Skarði, í fyrra 10 rd. og í ár 4 rd., samtals 14 rd.; Þorleifr Jónsson, prófestr & Hvammí, í fyrra 2 rd. og ár 10 rd., samtals 12 rd.; P. J. Matthíassen, prestur & Hjarðarholti, í fyrra 4 rd. og í ár 2 rd., samtals 6 rd.; J. Matthíassen, emerit-prestr & a. b 2 rd.; Guðmundr Einarsson, prestur & Kvonnabrekku, 4 rd.; Vigfús E. Reykdal, prestur til Miðdalalþinga, 2 rd.; Jón Sveinbjörnsson, bóndi & Hóli, í fyrra 1 rd. og í ár 32 sk., samtals 1 rd. 32 sk.; Vigfús Sigurðsson, bóndi & Brokey, 1 rd.; Jón Stephánsson & Stykkishólmi 2 rd.; Haldór Bjarnason, b. & Littingröf 1 rd.; P. Ottessen, fyr sflunnaðr & Svinaskarði 2 rd.; Guðmundr Jónsson, bóndi & Hamr'endum 1 rd.; Helga Indriðadóttir, ekkja & sama bæ 1 rd.; Einar S. Einarson, prófestr & Starholti 2 rd.; Th. E. Hjalmarson, prófestr & Hýrardal, 2 rd.; Björn Gíslason, hreppstjóri & Brúarbrauni, 1 rd.; Guðmundr Magnússon, b. & Stórabrauni, 1 rd.; Þórðr Jónsson, daamebrogam, & Raukollastöðum, 2 rd.; Þórðr Þórðarson, bóndi & Snúðsholti, 1 rd.; S. Guðmundsson, faktor & Búðum, 4 rd.; Jón J. Danielsson, verzlunarmaðr & Búðum, 4 rd.; Jón Vigfússon & Hrafnsey, í fyrra 48 sk. og í ár 64 sk. samtals 1 rd. 16 sk.; Jón Jónsson & Geitareyjum, 1 rd.; Björn Magnússon, gullsmiðr & Narfeyri, 1 rd.; Kristján & Straumi, 1 rd. 64 sk.; Jónas Gíslason & Leiti, 32 sk.; Kristján Jónsson, & sama bæ 16 sk.; Lára & Geitareyjum, 1 rd. 64 sk.; Hjörtr & sama bæ 1 rd.; Teitr & Straumi, 1 rd.; Sigurðr Haldórsson, 2 rd.; Þórðr & Vörðufelli, 1 rd.; Guðrún ekkja & Lítilláingadal, 1 rd.; Ketill Jónsson & Vörðufelli, 1 rd.; Daniel Sigurðsson, 32 sk.; Jón Bergsson, hreppstjóri, 2 rd.; Guðmundr Vigfússon & Búðhóli 1 rd.; Sigurðr H. Hjalteinn, silfram- & Valshamri 2 rd.; Guðbrandr Magnússon & Hólmiári, 1 rd.; Vigfús Jónsson & Hálsi, 16 sk.; Jón Danielsson & Grundarfirði, 3 rd. 46 sk.; G. Guðbrandsson & Grundarfirði, 1 rd.; G. Hjalteinn & Kálflanesi 1 rd.; Sigurðr Gíslason, prestur & Stað, 2 rd.; Ó. E. Johnson, prestur & Stað, 2 rd.; B. Eggertsson, prestur & Garpsdal, 2 rd.; Madama Guðrún Kristjánadóttir & Barni, 1 rd.; Jón Haldórsson, prestur & Stórabolti, 2 rd.; Guðmundr Jónsson, bóndi & Tjalflanesi, 1 rd.; Bjarni Geirsson, vinnum. & sama bæ 64 sk.; R. S. Magnúsen, gullsmiðr & Fagraal, 1 rd.; G. Jónsson, hreppstjóri & Hnúki, 32 sk.; I. Oddsson & Kjarlagastöðum 48 sk.; frá H. Thóraransen & Staðarfelli, 2 rd.; Vigfús Thóraransen & a. b. 2 rd. 48 sk.; Ólafr Loftsson & Skorravík, 1 rd.; Samundr Steindórsson & a. b. 48 sk.; Jón Magnússon & Gleraskógum, 48 sk.; Magnús Markússon & Vighólustöðum 1 rd.; Jón Jónsson, hreppstjóri & Sauðhúsum 48 sk.; Eyólf Þorvarðsson s. b. 48 sk.; Gísli Jónsson & Saurum, 2 rd.; Hákon Hákonarson & Brokey, 2 rd.; Th. Sivertsen, umbóðsmáðr & Hrapsey, 10 rd.; E. Lind, béráðakleknir & Stykkishólmi, 10 rd.; Ólafr Pálmason & Svalbarði 20 sk.; Pálmi Ólafsson s. b. 8 sk.; Ógmundr Jónsson & Ketilstöðum 16 sk.; Jóhannes Hálfhárnarson & a. b. 16 sk.; Jón Jónsson, vinnum. & a. b. 16 sk.; Kristján Guðbrandsson, bóndi & Gunnarstöðum, 1 rd.; Jón Hjalteinn Dr., landleknir í Reykjavík, í fyrra 25 rd. og í ár 30 rd..

Þ) Biltrinn heitir Jens Vigfússon Hjalteinn, kemst inn í Reykjavíkr lærða skóla í haust er leit, og þykir hafa góðar námsgáfur, og vera vel fallinn til bóknáms. Ábm.

- 49 -

samtals 55rd.; G. Vigfússon prófastr á Borg, í fyrra 10rd. og í ár 5rd., samtals 15 rd. Alla í fyrra 106rd. 80sk., í ár 116rd. 26 sk., samt 223 rd. 10sk. Á Skógarströnd, í septemb. 1858.

Vigfús J. Hjaltalín.

á þá uppástungu, að hætta alveg fiskilöðabrukun næstkomandi vor og sumar, samkvæmt 3. uppástungu, og undirgengust að seta fêbótum til fátækra, ef út af væri brugðð, og að lóðir

Séra Jens nefnir það ekki einu orði í sjálfsævisögunni, að efnt var til samskota, svo að honum mætti auðnast að ganga menntavegin. Skilagrein um söfnunina var birt í Þjóðólfi 14. febrúar 1859, 11. árg., 12.-13. tbl. Upphæðin sem safnaðist jafngilti 446 krónum. Hér er komin skýring á því, að unnt reyndist að greiða séra Sveini á Staðarstað 180 kr. fyrir kennsluna veturinn 1857-1858 og að séra Jens gat reitt fram 240 kr. þegar hann hóf nám við Lærða skólann haustið 1858, eins og Jón Hjaltalín landlæknir taldi nauðsynlegt.

undir kennslu þessa. Ég hafði lært kristindóminn og var vel að mér í honum, fluglæs og í reikningi kunni ég fjórar höfuðgreinar og margtölur í heilu. Brotum var ég ekki vel að mér í, en þriggja liða reglu kunni ég í heilu og útdrátt kvaðrat- og kúbikrótar. Ég var alllæsilega skrifandi. Þetta var allur lærdómurinn. Í móðurmáli mínu var ég harla þunnur og hafði ekki hugmynd um hvað réttitun var. Landafræði og mannkynssaga vissi ég ekkert hvað var. Um eðli dýra eða manna, jarðar, lofta eða lagar hafði ég ekki minnstu hugmynd. Danska var í eyrum mínum sem uglumál, og önnur mál því fremur. Málfræði hafði ég ekki heyrt nefnda. Ég þekkti hvorki loftþyngdarmæli né hitamæli, og svo var ég vitlaus í loftfræðinni, að ég hélt, að það væri kaldast niður við jörðina en smáhlýnaði eftir því sem ofar kæmi í það. Þegar ég heyrði nefnt gráðutal og hitamæli, hélt ég, að með því væri meint ákveðin mæling upp í loftið. Annað var eftir þessu. Með svona fræðslu fór ég út í Stykkishólm til að iðka þar bókleg vísindi.

Ég lærði þar mannkynssöguágríp Páls Melsted [sagnfræðings] hið eldra, fornöldina alla aftur að lokum Rómaveldis hins vestlæga. Landafræði Halldórs Friðrikssonar, innganginn og Norðurálfuna alla. Ennfremur Madvigs latnesku málmyndalýsingu að mestu, nema hvað ég var ekki orðinn vel æfður í öllum beygingum, og það, sem verst var og þyngst, að ég varð að læra þetta eftir ávísun bókar, sem var rituð á tungumáli, er var mér að öllu nær því eins ókennt og latínan sjálf. Þrátt fyrir það gat ég þó yfirfarið á latínu æviágríp ágætustu fornkappa Grikklands eftir Cornelius Nepos og hafði þó enga latneska orðabók mér til hjálpar nema eldgamla, titilblaðslausan Kleyfsa, það var lítil, latnesk-íslensk orðabók frá 17. öld, sem ekki hafði tíundapart latneskra orða, og

íslenska þýðingin ljót og miður áreiðanleg.¹ Verst af öllu var þó, að ég gat enga áreiðanlega tilsögn fengið í latneskum stíl, sem þó var einkainntöku skilyrði fyrir inntöku í Reykjavíkur lærða skóla á þeim tíma. Hann gat Benedikt gamli ekki kennt, því hann var farinn að ryðga svo í latínunni. Auk þess fékk ég enga tilsögn í dönsku og því síður í íslensku – tíminn entist ekki til þess. Það var því hið eina, sem ég var orðinn vel undirbúinn í til inntökuprófs í skóla. Það var veraldarsaga, landafræði og reikningur en annað heldur ekki.

Um vorið fórum við feðgarnir því suður að Staðarstað að hitta séra Svein Níelsson, því hann kenndi þá piltum undir skóla og tókst það vel, því hann fylgdist talsvert vel með tímanum í þeirri grein og var þá nýlega búinn að kenna syni sínum, Hallgrími,² til inntöku í skólann. Var karl tregur í fyrstu, af því honum þótti undirbúingurinn ónógur til að geta lokið af því, sem eftir væri á einum vetri. En latínumaður var hann ágætur og átti góðar kennslubækur. Loksins lét þó karl tilleiðast að taka mig næsta vetur. En [það] kostaði 180 króna gjald, og þóttist þó karl vera billegur, og var það satt, því hann tók þann sama vetur þá sömu tvo syni Kristjáns kammerráðs, sem verið höfðu mér samtíða í Hólminum veturinn áður, og var gjaldið 240 krónur með hverjum þeirra. Þetta var vorið 1857. Var ég svo þar þann vetur eftir 1857-58, og lagði síra Sveinn, það má hann eiga, alla alúð við að liðka mig í latínunni, og til þess var mestum tíma varið. Við höfðum ekki Skarðsauðinn til að borga karli, en einhvern veginn var þó meðgjöfin greidd á endanum. Síra Sveinn var harður kennari, drambsamur og óvæginn, ef honum líkaði ekki, en ei að síður var kennsla hans góð og mesta alúð lögð við hana. Ég varð um veturinn nokkurn veginn slarkfær í munnlegri latínu á bók, en latneski stíllinn var það, sem ég var alltaf veikastur í og karlinn var mest hræddur um, að mundi verða mér að fótakefli (latneskur stíll er að geta lýtalítið snarad einhverri tiltekinni íslenskri grein skriflega á latínu, án orðabókar eða hjálparmeðala, svo að málið verði rétt og með réttri setninga- og orðaskipan).

Í Lærða skólanum

Um vorið 1858 fór ég suður til Reykjavíkur og sá hennar dýrð þá í fyrsta sinni eftir langa og erfiða landferð. Litlu síðar var inntökuprófið haldið og voru nú,

¹ Jón Árnason Skálholtsbiskup þýddi orðabók þessa. Hún var prentuð í Kaupmannahöfn 1738.

² Hallgrímur Sveinsson, síðar biskup 1889-1908.

sem tóku það það vor. Ég var einn öllum ókunnugur, en hinir höfðu allir verið í Reykjavík veturinn áður og notið kennslu hjá sjálfum skólakennurunum og voru því kunnugir öllum þeirra spurningum og tiktúrum. Ég slapp þó inn, auðvitað með lágum vitnisburði, en tveimur af hinum var þó vísað frá í það sinni. Við tókum allir próf til inntöku í 1. bekk.¹

Jón Hjaltalín landlæknir,² föðurbróðir, þó aðeins hálfbróðir föður míns, hafði lofað því að taka að sér fjárhald mitt, meðan ég væri í skóla, og enti hann það. En það varð honum ekki svo kostnaðarsamt, sem hann mun hafa ímyndað sér í fyrstu, því hann skrifaði föður mínum vestur með mér, að ég yrði að hafa 240 krónur með, þegar ég kæmi suður um haustið. En þessari kröfu var ekki unnt að sinna. Ég fór suður um haustið peningalítill, en hann útvegaði mér kost og þjónustu þar í næsta húsi. Fría íbúð og svefnvist í skólanum veitti hið opinbera mér og fleirum og undir eins á fyrsta vetri fékk ég fulla ölmusu (200 kr.) og þar að auki 80 krónur úr skólasjóði.³ Fjárhaldsmaður minn tók peninga þessa og umventi þeim fyrir mig. Ég skal láta þess getið hér, að öll þau sex ár, sem skólapiltar voru í Latínuskólanum, voru þeir ómyndugir og ófullveðja, máttu engin viðskipti hafa við aðra út í frá, þau er löggild voru, og urðu fjárhaldsmenn þeirra hvers um sig að annast um það. Enginn munur var gjörður á piltum með þetta hvort sem þeir voru synir flugríkra foreldra eða blásnauðra. Ættu piltar heimili sjálfir í Reykjavík, þá voru foreldrar þeirra sjálfsgöðir fjárhaldsmenn þeirra. En væru þeir utan af landi, þá urðu foreldrar þeirra að útvega hverjum þeirra fjárhaldsmann búsettan í Reykjavík, einhvern málsmetandi borgara þar. Löglegir heimilismenn í Reykjavík voru piltar taldir hvert ár, enda þótt kennslan væri aðeins níu almanaks mánuðir, frá því 1. október til 30. júní. Þrjá mánuðina (júlí, ágúst, september) áttu piltar fría og máttu þá vitja heimkynna sinna ef þeir vildu og taka sér eitthvað fyrir hendur.

Nú er víst best, að ég með það sama lýsi í sem fæstum orðum allri venju, háttsemi og siðum skólans á meðan ég var [þar]. Ég var í Latínuskólanum þessi sex árin: 1858-59, 1859-60, 1860-61, 1861-62, 1862-63 og 1863-64. Ég var rúmra 16

¹ Inntökuprófið var haldið 26. júní 1858.

² Hann var landlæknir 1855-81.

³ Hér hefur minnið brugðist séra Jens. Fyrsta veturinn í Lærða skólanun, 1858-59, fékk hann ekki ölmusu en hins vegar 20 ríkisdali (40 kr.) úr bræðrasjóði. Næstu fimm vetur (1859-64) fékk hann heila ölmusu, 100 ríkisdali (200 kr.) á hverjum vetri, samtals 1000 kr., og samtals 66 ríkisdali (132 kr.) úr bræðrasjóði. Hann hafði því 1172 krónur til ráðstöfunar veturna sex í Lærða skólanum.

ára þegar [ég] kom inn í hann og rúmra 22 ára, þegar ég tók burtfararpróf úr honum. Skólinn var stórt hús tvílyft fyrir utan hanabjálka, allur úr timbri og sterkviðaður. Hann sneri í suður og norður með stórum kvisti á vesturhliðinni, er að bænum veit, 19 stórir gluggar blasa þar við bæjarbúum. Í suðurenda hússins uppi voru íbúðarherbergi skólastjóra og norður af þeim svefnloftið langa alskípað tveimur lausarúmsröðum. Sváfu þar flestir heimavistarsveinar, það er að segja þeir, sem nutu ókeypis heimavistar í skólanum til að sofa þar, og lagði skólinn þeim til rúmfatnað ókeypis. Svefnloft þetta var ákaflega kalt á vetrum og ofnlaust. Piltar sváfu einn í rúmi hver og rúmfötin voru þessi: Lítil hálmþýna, koddasvæfill, lök og ofan á þunnt ullarteppi, en allt var hreint og vel um gengið. Voru ofkælingar og ýmsir fleiri kvillar tíðir gestir í skólanum. Var oft kvartað yfir þessu, og landlæknir, sem var læknir skólans, tók í sama strenginn. En skólastjóri og stiftsyfirvöld þybbuðust fyrir og ekki sá ég neinar umbætur á þessu um mína daga. Skólastjóri¹ var harður ístrubelgur, sem jafnaðarlega ætlaði sjálfur að kafna af hita og dansklundaður í hæsta máta, svo verið getur að honum hafi þótt vel sem varð, að ónáða ekki ríkissjóð Dana með þess konar smákvabbi.

Nyrst í enda hússins var allstór salur uppi, og var hann notaður fyrir alþingishús, þangað til alþingishúsið nýja var byggt. Að austanverðu suður frá honum var annað svefnloft miklu minna. Sváfu þar aðeins lærisveinar efsta bekkjar, þeir er heimasveinar voru seinustu skólaárin sín. Þar var ekki eins kalt, enda voru sumir þeirra svo efnum settir, að þeir gátu þá útvegað sér margir yfirsængur ofan á sig. Syðst í húsinu uppi var allstórt herbergi, sem notað var fyrir spítala handa þeim, er veiktust. Þar var ofn og annar þægilegur umbúnaður. Þangað gekk og læknir daglega til eftirlits, ef sjúklingar voru þar. Þar var á húsgaflinum stór gluggi, sem vissi í suður. Niðri gekk eftir endilöngu húsinu breiður gangur og stórir gluggar á hverjum húsgafli. Vestur úr honum miðjum lá breið forstofa fram í húsdyrnar, er vissu í vestur ofan að bænum. Vestan megin gangsins norður frá dyrunum lágu tvær stórar stofur, hvor norður af annarri með þykku skilrúmsþili á milli, en dyr þeirra beggja lágu austur í ganginn breiða. Móti þessum stofum tveimur lágu aðrar tvær lestrarstofur til austurs. Sú syðri þeirra var 1. bekkur, sem ég og félagar mínir settumst að í. Nyrðri stofan var 2. bekkur. Þar var Hallgrímur Sveinsson og félagar hans.

¹ Bjarni Jónsson, kenndur við Álalorg, var rektor Lærða skólans 1851-68.

Hann var sem sé búinn að vera einn vetur í skólanum, þegar ég kom. Út við gluggann á stafninum, þó austan megin við hann, var hengd upp stór, skrifuð lestrartafla á heilli örku, og sagði hún til, í hverju hver bekkur fyrir sig skyldi vera yfirheyrður hvern dag vikunnar, eins hverja viku eftir aðra, og svo var hún tímatafla um leið. Beint á móti 2. bekk lá vestur úr ganginum nyrðri stofan til vesturs. Hún var kölluð 3. bekkur A og hin fyrir sunnan hana með dyrnar beint á móti dyrum 1. bekkjar, þessi stofa var kölluð 3. bekkur B. Líklega hefur þessi niðurröðun verið gjörð eftir einhverri danskri fyrirmynd, því Bjarni var danskur á sál og sinni.

Fyrir sunnan forstofuna komu tvær stofur, hvor stofan suður af annarri, sem dyravörður skólans hafði til afnota. Fyrir sunnan þessar stofur báðar kom loksins þriðja lestrarstofan, sem kölluð var 4. bekkur. Í honum hlaut hver piltur að vera tvo vetur. Voru þeir, sem komu í hann úr 3. bekk B, kallaðir yngri deildin, en hinir, sem fyrir voru, eldri deildin, og tók sú deildin ætíð burtfararpróf vorið eftir. Móti þessum bekk lágu stofur tvær. Í annarri þeirra sat kennarinn, sem var til eftirlits hvert kvöld, meðan lestartíminn varaði, og skiptust kennararnir um það. Suður af henni lá söngstofan. Þar var inni slagharpa (Fortepiano), sem skólinn átti, og tafla svört með áletruðum nótnastreng og sönglyklum. Pétur Guðjohnsen átti að kenna þar einn tíma í viku, og var kennslan aðeins fólgin í því að hlusta eitthvað á hljóðfærið og reyna að kenna piltum fáein, útlend kvæðalög. Engum pilta bar hann við að kenna á hljóðfærið. Var kennslan bæði ónýtt og engin áhersla lögð á hana, enda tóku fáir þátt í henni og enginn vitnisburður gefinn fyrir hana. Það lítið, sem sumir piltar voru að snapa sér af þessari þekkingu, voru þeir að tína hér og hvar í húsum. Reyndar var það skylda skólans að sjá um, að piltar þeir, er því vildu sinna, gætu fengið fullnaðarundirvísun í öllum söngsins meginreglum, bæði munnlega og verklega. En þar held ég, að allir hlutaðeigendur hafi unnið sér til minnkunar, og fer ég svo ekki um það fleiri orðum.

Þá hefi ég lýst hinu helsta af innréttingu hússins, því er piltum var viðkomandi. Aðeins hefi ég gleymt að segja frá því, að á ganginum hjá stiganum upp á loftið stóð firnastór pendúlaklukka, stórt átta daga verk með skærum, hvellum og atkvæðamiklum hljómi, sem heyrðist um allt húsið, jafnvel inn í fjarlægustu, lokuð herbergi. Menn sögðu, að þegar dyr skólans stóðu opnar og logn var, þá hefði heyrst vestur í bæ, þegar hún sló. Þessi klukka varð okkur

oft til leiðbeiningar og aðvörunar. Er nú að lýsa að nokkru daglegri háttsemi í skólanum alla rúmhelga daga.

Þegar klukkan 6½ að morgni gekk dyravörður með ákafa að bjöllu, sem fest var á vírstöng, og hringdi henni svo sterkt, að hver maður í svefnloftunum rauk upp með andfælum hvað fast sem hann svaf. Skyldi hver maður vera fullklæddur og vera búinn að þvo sér, greiða sér og vera burtu úr svefnloftinu, þegar klukkan sló sjö, ella sæta að öðrum kosti skólarefsingu. Var hver mínúta, sem vantaði, skrifuð upp jafnharðan. Klukkan sjö skyldu allir fara ofan í bæ og fá sér kaffi og viðra sig, en það var það versta, að ekki fóru menn hið minnsta eftir því, hvort var niðamyrkur, norðanbylur, sunnanrok eða gott veður. Klukkan 7.45 skyldu allir piltar vera komnir upp í skóla aftur og eins hinir svonefndu bæjarsveinar, það er þeir, sem sváfu niðri í bæ á næturnar. Engan mátti vanta. Sá kennaranna, sem fyrstur skyldi byrja kennslu í einhverjum bekk, varð þá líka að vera kominn. Síðan kl. 7.45 fóru allir piltar inn í einhvern bekkinn, sem dyravörðurinn hafði upplýst með ljósum, ef skammdegi var. Kennarinn settist í kennarasætið, en piltar röðuðu sér eftir öllum bekkjunum og héldu morgunguðsþjónustu. Sungu þeir fyrst vers, síðan tónaði einhver þeirra morgunbæn, sem hinir svöruðu með amen. Að því búnu [var] lesið dálítið vers á eftir. Þegar þessu var lokið, var klukkan rúmlega 8. Tvístruðust þá allir skólaspiltar í sína bekki, og voru þá allir kennararnir komnir, þeir er byrja skyldu að kenna hver í sínum bekk. Var þá öllum bekkjarhurðunum læst. Kennslu- og yfirheyrslutíminn var á enda kl. 2. Þá fóru allir kennararnir hver heim til sín og piltar voru frjálssir í tvo tíma. Fimm mínútur aftan af hverjum klukkutíma fengu þeir sér til að draga frískt loft og hálf tíma (kl. 10.45 til 11.15) máttu þeir skreppa ofan í bæ til að fá sér eitthvað að borða, en fljótir urðu þeir þá að vera, því ekki var ein mínúta eftirgefin fram yfir það tiltekna. Tíminn frá 2-4 var þeim gefinn til miðdegisverðar.

Klukkan 4 e.m. skyldi hver piltur, sem ekki var bæjarsveinn, sem ekki las og undirbjó sig niðri í bæ, vera kominn upp í skólann og inn í sinn bekk, og mátti þar enga mínútu vanta. Meðan skammdegið var, var þá búíð að kveikja í hverjum bekk og setja hvert ljós á sinn stað, voru það allt stearinljós. Borðin, sem lesið var við, voru aflöng skáborð (púlt), sem náðu þvers yfir alla stofuna nær því út að veggjum, var aðeins mjótt gangrúm fyrir endunum á þeim. Þau voru svartmáluð og mjóir listar utan með þeim til endanna og á neðri kant-

inum, sem að brjóstinu vissi. Var það til þess, að blöð eða bækur skyldu síður renna ofan af þeim. Borðin voru sex til átta í hverjum bekk og gátu sex til átta setið samtíða við hvert. Langbekkir voru milli borðanna til að sitja á og horfði hver piltur í hnakkann á hinum, er fram undan honum sat, líkt og þegar setið er þétt í kirkjusætum. Allir sneru fanginu í sömu átt. Fram undan öllum sætunum var autt bil, allt að tveggja álna breitt þvert yfir bekkinn, og á því bili voru dyrnar út úr bekknum inn í breiða og langa ganginn í húsinu. Stór ofn var á aðra hönd dyrunum. Nær því þremur álnum frá sætunum andspænis þeim sat kennarinn í armstól dálitlum og hafði lítið borð eða púlt fyrir framan sig og sneri fanginu að piltum. Gluggar voru allir vinstra megin og kom þar öll dagsbirta frá vinstri hendi.

Yfirheyrslan var munnleg og skrifleg. Í skriflegri yfirheyrslu tóku allir þátt í senn en í munnlegri einn og einn til skiptis. Varð hver sá, er yfirheyra átti munnlega, að standa upp, þegar til hans var kallað og standa, meðan hann var yfirheyrður. Kennarinn gat líka, ef honum einhverra hluta vegna þótti þörf, kallað þann, sem yfirheyrður var, yfir til sín. Varð þá sá hinn sami að standa þar andspænis kennaranum, meðan hann var yfirheyrður, en gekk að því búnu til sætis síns. (Það var hentugast að vera ekki feiminn, því oftast var það Bjarni rektor, sem hafði þessa aðferð). Þegar kennarinn hafði yfirheyrt hvern pilt fyrir sig, skrifaði hann strax vitnisburð hans með tölum í stóran vitnisburðarprótókol, sem fylgdi hverjum bekk og var svo stór, að hann gat enst í mörg ár. Var hann, þegar yfirheyrslunni var lokið, geymdur læstur niðri í skrifborðs-skúffu kennarans til næsta dags. Lesið var upp og undirbúið sig til næsta dags í því, er hver kennari hafði sett fyrir, frá kl. 4-7 e.m. Klukkan 7 e.m. urðu allir að fara ofan í bæ, oft í myrkri og hvernig sem veður var, að fá sér kvöldverð. En upp í skóla urðu þeir allir að vera komnir kl. 8 og sestir við lestur sinn. Lásu þeir svo áfram, þangað til skólaklukkan sló 10. Þá var hætt og bækurnar lagðar frá sér, ljósin í bekkjunum voru slökkt og piltar söfnuðust allir saman í einum bekknum til kvöldbæna. Sat kennari sá, er haldið hafði vörð um kvöldið í kennarastofunni, þar hjá þeim í kennarastólnum og hlýddi á. Kvöldbænin fóru þannig fram: Fyrst var sunginn stuttur kvöldsálmur eða kvöldvers. Þar næst var tónuð hin gamla kvöldsöngstónbæn, síðan var sungið vers. Að því búnu var lesin stutt kvöldbæn með faðir vor á eftir og síðan sungið kvöldvers. Þegar þessu var lokið, fór kennarinn heim til sín. Klukkan var þá orðin 10.45. Var þá

ruðst upp í svefnloftin og háttað í skyndi. Dyravörður slökkti öll ljós, og varð hver að vera kominn í rúm sitt og ljós öll slökkt, þegar klukkan sló 11.

Svona liðu allir rúmhelgu dagarnir. Á sunnu- og hátíðisdögum var frí og lögmálið þá ekki eins strangt. Þá kom það sér betur, að þeir sem ætluðu sér að sofa uppi í skólanum á nóttunum, kæmu ekki seinna en kl. 11, og sofa máttu þeir þá til kl. 8 að morgninum. Alla dagana voru þeir niðri í bænum hér og hvar og komu ekki upp í skólann. Þó voru þeir sumir, er leituðu þangað, og fengu þá leyfi til að sitja inni í bekkjum og glöggva sig í einrúmi á því, sem þeir voru að læra.

Þrjú voru aðalleyfi eða frí á skólatímanum: 1. Jólaleyfi. Það stóð í hálfan mánuð. 2. Páskaleyfi. Það stóð í viku, og 3. Hvítasunnuleyfi, sem stóð álika lengi. Auk þessa voru leyfi alla sunnudaga svo og einn dag í hverjum mánuði, þann er piltar kusu sér og á öskudaginn oftast nær. Þetta var talsverður frítími, hefðu piltar varið honum vel. Annaðhvort var að gjöra að verja honum til að glöggva sig á hinu sama, sem verið var að kenna, þó að kennararnir væru ekki viðstaddir, og veitti þeim það hægast, sem komnir voru talsvert áleiðis, eða þá að nota hann til fræðslu í öðru, sem ekki var kennt í skólanum, en sem gat þó verið þarflegt og gagnlegt fyrir lífið seinna meir. Þetta gjörðu líka sumir, en fáir voru þeir. Reykjavík með öllum sínum danssamkomum, dansmeyjum, veisluhöldum, sjónarleikjum, drykkju- og spilakvöldum og tildri varð þeim sumum að fótakfli, og þeir komust ekki alla leið gegnum skólann. Við vorum nú, sem tókum inntökupróf til 1. bekkjar vorið 1858, en fimm náðu embættisprófi af þeim vorið 1864, og svona fór það víðar.¹

Annar hvern sunnudag, sem messað var á íslensku í Dómkirkjunni, urðu allir skólapiltar að fara í kirkju, og fór einn af kennurunum með þá og sat hjá þeim alla messuna. Sátu þeir allir í tveimur löngum röðum uppi í kirkjunni innar eftir opinu, sem er á loftinu, sinn helmingur þeirra hverju megin. Einn sunnudag á haustinu skömmu eftir, að þeir voru nýkomnir suður, urðu þeir allir undantekningarlaust að vera til altaris. Fór rektor þá sjálfur með þeim í kirkjuna. En um formiddaginn á undan héldu þeir í skólamessu að rektor viðstöddum þar. Var þá lesinn Vídalín gamli eftir skipun Bjarna rektors sjálfs, og stundum gaf hann sig sjálfur til að vera lesarinn. Ég held í líku atviki, sem einu

¹ Afföllin voru ekki eins mikil og ráða má af frásögn séra Jens, því að tveir af þeim, sem hófu nám í Lærða skólanum um leið og hann haustið 1858, brautskráðu úr skólanum ári síðar en hann, þ.e. vorið 1865. Það voru þeir séra Tómas Bjarnarson (Björnsson) og Sigurður Jónassen.

sinni kom fyrir, að allir kennararnir hafi þá verið viðstaddir. Þó þori ég ekki að fullyrða, að það hafi verið venja. Að aflokinni þessari guðsþjónustu í skólanum var síðan gengið í kirkjuna, því klukkan var þá ætíð að verða 12.

Enn skal ég geta þess, að hver piltur varð að eiga vitnisburðabók. Voru við hver vikuskipti innfærðir í hana allir þeir vitnisburðir úr bekkjarprótokolnum allir vitnisburðir piltsins hvern dag vikuna yfir vikuna. Pilturinn varð að fara með hana á hverju laugardagskvöldi og sýna hana fjárhaldsmanni sínum og fá vottorð hans og nafn á hana um, að hún hafi verið honum sýnd, og skila henni svo aftur hvern mánudagsmorgun í hendur kennaranna. Líka skal ég geta þess, að í hver almanaxmánaðarlok áttu kennararnir og rektor fund með sér. Reiknuðu þeir þá út mánaðarvitnisburð hvers pilts í öllum bekkjunum og röðuðu þeim niður eftir því í bekkjunum næsta mánuð. Gekk þá ekki á öðru en eilífum sætabreytingarassaköstum í bekkjunum í hverjum mánuði. Bekkjaprófin voru tvö. Annað var um miðvetur, og voru vitnisburðir þess prófs lagðir saman við næstu mánaðareinkunnir á undan. Var því lítið á því að græða, nema ef til vill það, að röð lærisveina í bekkjunum varð eitthvað frábrugðin því, sem hún annars hefði orðið af eintómum mánaðarvitnisburðum.

Vorprófið var haldið við uppsögn skólans seint í júní. Þetta próf var þýðingarmikið, því það átti að sýna, hvort sá og sá piltur væri hæfur, vel hæfur, lítt hæfur til að flytjast úr lægri bekk upp í annan æðri. Sá, sem ekki gat staðist þetta próf, varð að sitja kyrr í sama bekknum næsta ár á eftir og var það dálaglegur snoppungur. Ég man ekki, hvað piltarnir áttu að fá lægst til þess að geta sloppið milli bekkja. Ég skal enn fremur geta þess, að þegar einhver færðist upp úr 3. bekk B upp í 4. bekk, þá var hann úr því laus við fjórar lærdómsgreininir: þýsku, landafræði, dönsku og [náttúrusögu], því þetta próf var álitnið fullnaðarpróf í þeim kennslugreinum. En vitnisburðir þessir voru geymdir og lagðir að tveimur árum liðnum saman við vitnisburðina í burtfararprófinu síðar.

Nú er þá svo sagt frá venjum og háttsemi skóla þessa það ég frekast veit og get eftir munað. Kennarar skólans voru jafnaðarlega sjö og auka- eða stundakennarar tveir, og skiptu þeir allir kennslunni í milli sín, þannig að hver þeirra hafði ákveðið stundatal á viku hverri. Kennslan var bæði munnleg og skrifleg í sumum lærdómsgreinum, sérstaklega tungumálunum (nema þýsku), en aðeins munnleg í henni. Kennslugreinarnar voru: 1. Íslenska. 2. Íslenskur

stíll (stíll var það kallað að snúa grein skriflega úr einhverju tungumáli yfir á tungumál það, sem verið var að kenna, og skal sá snúningur vera rétt og lýta-laust mál, samansett eftir öllum reglum málfraeðinnar í því máli). 3. Danska. 4. Danskur stíll. 5. Latína. 6. Latneskur stíll. 7. Þýska (aðeins munnleg). 8. Gríska (sömuleiðis). 9. Landafræði. 10. Guðfræði. 11. Mannkynssaga. 12. Stærðfræði. 13. Náttúrufræði (dýrafræði, grasfræði og steinafræði). Lærdómsgreinarnar voru 13 (skyldunámsgreinar).

Daglegir vitnisburðir og eins við prófin voru þessir töluvitnisburðir: 6 = ágætlega, 5 2/3 eða 5,67 ágætlega-dável, 5 1/3 eða 5,33 dável-ágætlega, 5 dável, 4 2/3 eða 4,67 dável-vel, 4 1/3 eða 4,33 vel-dável, 4 vel, 3 2/3 eða 3,67 vel-sæmilega, 3 1/3 eða 3,33 sæmilega-vel, 3 sæmilega, 2 2/3 eða 2,67 sæmilega-laklega, 2 1/3 eða 2,33 laklega-sæmilega, 2 laklega, 1 2/3 eða 1,67 laklega-illa, 1 illa, 2/3 eða 0,67 illa-afarilla, 1/3 eða 0,33 afarilla-illa, 0 afarilla. Meðaltal eða aðaleinkunn var fundin þannig: Vitnisburðirnir voru skrifaðir upp í hundraðaformi, millivitnisburðirnir sem tugabrot úr hundraði, síðan lagðir allir saman og deilt með tölu lærdómsgreinanna. Kom þá meðaltalið út eða aðalvitnisburðurinn. Ég skal taka dæmi. Setjum svo, að ég hefði fengið í íslensku 5, í íslenskum stíl 5 1/3, í dönsku 5, í dönskum stíl 4 2/3, í latínu 5, í latneskum stíl 4 1/3, í þýsku 5 1/3, í grísku 5, í veraldarsögu 5 2/3, í guðfræði 5 2/3, í reikningi 6, í náttúrusögu 5 1/3 og í landafræði 5 1/3. Þá var það sett þannig upp:

$$5,00 + 5,33 + 5,00 + 4,67 + 5,00 + 4,33 + 5,33 + 5,00 + 5,67 + 5,67 + 6,00 + 5,33 + 5,33$$

$$13) 67,66 = 5,20$$

Aðaleinkunn verður þá 5,20, það sama sem dável-ágætlega. Það, sem er yfir 5,50, er sama sem hreint ágætt. Frá 5,50 niður að 5,17 er dável-ágætt. Frá 5,17 niður að 4,83 er hreint dável. Frá 4,50 niður að 4,17 er vel-dável. Frá 4,17 niður í 3,83 er hreint vel, o.s.frv. Vitnisburðirnir 6 og 5 2/3 er 1. einkunn. 4 1/3, 4 og 3 2/3 er 2. einkunn. 3 1/3, 3 og 2 1/3 er 3. einkunn. Með lægri vitnisburði kemst enginn gegnum próf.

Háskólavitnisburðir, sem gefnir eru út á latínu, nefnast þessir vitnisburðir: 1. einkunn með ágæti: laudabilis prae ceteris, venjulega kallað „laud p.c.“ (loflegur fremur öðru). 1. einkunn: laudabilis, kallað „låd“ (loflegur). 2. einkunn:

haud illaudabilis, kallað „haud“ (ekki óloflega). 3. einkunn: non contemmandus, kallað „non“ (ekki fyrirlítanlegur). Það er lægsti vitnisburðurinn, sem sloppið verður með í háskólaprófi. Líka eru háskólavitnisburðir stundum reiknaðir í tröpputali, þannig að fyrsta ágætiseinkunn [er] reiknuð átta tröppur, 1. einkunn sjö tröppur, 2. einkunn fimm tröppur og þriðja einkunn ein trappa.

Í Prestaskólanum

Vorið 1864 sluppum við þá loksins fjórir eða fimm úr prísund þessari, löngu leiðir á náminu, hálfvesælir og með aðeins lakan meðalvitnisburð. Ég man eftir því, að á burtfararprófinu fékk ég, að mig minnir, 68 tröppur, og var það meðaltal hér um bil af annarri einkunn eða eitthvað skárra.¹ Fórum við þá sama haust á Prestaskólann fjórir og vorum á honum tvö ár. Honum var allt öðru vísi háttað en Latínuskólanum. Þar er engin dagleg yfirheyrsla heldur fullkomið háskólasnið. Hann var þá ekki sérstakt hús, og þeir, sem á honum voru, urðu sjálfir að ábyrgjast sig að öllu leyti. Þó fengu þeir um 80 krónur hver til að borga fyrir sig húsaleigu. Lærisveinar hans komu saman í einhverju leigðu herbergi, svo sem einn tíma í mánuði, og þá var engin yfirheyrsla, heldur kom einhver þriggja kennaranna og las þeim fyrir, en þeir urðu að skrifa upp langa kafla úr lærdómi þeim, er þeir áttu að læra. Við og við urðu þeir að semja ritgerðir yfir það efni, sem búið var að lesa þeim fyrir, og skila þeim kennurunum, sem þá skrifuðu vitnisburð aftan við þær.

Að öðru leyti en þessu áttu lærisveinarnir sig sjálfir og réðu því, hvað mikið eða lítið þeir lásu af þessum fyrirlestrum kennaranna. Þetta er hið svonefnda háskólafrælsi, og svona er kennt á öllum háskólum. Lærisveinarnir kenna sér að mestu leyti sjálfir. Þeir lesa að sönnu sitthvað í fyrirlestrum kennaranna, en sumir nota útlendar bækur, og er þeim ekki meinað það. Fyrri veturinn lesa þeir sálarfræði og hugsunarfræði eftir fyrirlestrum heimspekikennarans. Er haldið próf í því vorið eftir, kallað heimspekipróf, en ekki eru vitnisburðirnir taldir með vitnisburðum síðara prófsins, sem er haldið vorið eftir og heitir burtfararpróf eða embættispróf.

¹ Þetta er rétt. Jens fékk II. einkunn eða 68 stig (tröppur eins og það var kallað þá). Auk Jens Hjaltalíns útskrifuðust úr Lærða skólanum vorið 1864 Eiríkur Briem, prestur og síðar prestaskólakennari, prófessor og alþingismaður, Lárus Benediktsson, prestur og síðar fasteignasali, Tómas Hallgrímsson, læknir og kennari við Læknaskólann, og Þorlákur Thorarensen, cand. med. við Kaupmannahafnarskóla, síðar kennari í Eyjafirði og Vesturheimi.

Siðari veturinn er lesið og æft sig í: 1. Trúarfræði (Dogmatik), 2. Siðfræði (Ethik), 3. Biblíuskýring (Exegetik), 4. Kirkjusaga og kirkjuréttur, 5. Predikun, 6. Barnaspurningar og 7. Framburður. En þeir gleymdu blessaðir að gefa nokkra æfingu í Homeetik eða mælskufræði og Pastorotheologi eða kennimannlegri guðfræði. Þarna komst ég við embættisprófið í háa fyrstu einkunn og var hreint ekki kennurunum að þakka, heldur Trúarfræði Mortensens biskups, sem ég las vandlega. Til dæmis um hirðu kennaranna skal ég tilfæra það, að embættisprófræðan mín var þriðja prófræðan mín í skólanum allan tímann, og í fyrsta sinn var ég látinn spyrja börn í sjálfu burtfararprófinu. Smekkur manna fyrir hinu kirkjulega og alvarlega er ekki orðinn meiri en svo nú, að þeir láta sér það duga, þótt eitthvað kunni að vera áfátt hjá prestinum sem presti, sé hann aðeins félagsmaður íbygginn og viti, hvað krónan gildir.

Kennarar Prestaskólans voru þó, það ég frekast þekkti þá, vellærðir, blíðir og umgangsgóðir og sómamenn yfir höfuð í stöðu sinni. Tel ég einkanlega til þess síra Hannes Árnason, þó hann væri nokkuð undarlegur í háttum, Jón Pétursson yfirdómara, Sigurð Melsteð lektor og sjálfan biskupinn, dr. Pétur [Pétursson]. Hann varð biskup vorið 1866¹ og mátti því ekki yfirheyra okkur í burtfararprófinu, nema því aðeins að við bæðum um það opinberlega, og gjörðum við það.² Um þessar mundir geysaði vond drepsótt í Reykjavík (difteritis), og varð hún margra manna bani, þar á meðal biskupsfrúarinnar gömlu, Ragnheiðar Thordarsen,³ og landlæknisfrúarinnar Karenar Jakóbínu Hjaltalín, rúmlega miðaldra.⁴ Var mér það óbætanlegur skaði, því hún hafði verið mér sem besta móðir í öllu okkar samverutíð. Fjöldi manna dó fleiri. Við Breiðafjörð varð hún mjög skæð. Mér var sagt, að í Helgafellssveit hefði hún drepíð um 50. Víðar spurði ég ekki til þá.

¹ Pétur Pétursson var biskup 1866-89.

² Embættispróf við Prestaskólann 1866 fór fram 16.-20. ágúst. Þá útskrifuðust „Lárus Benidiktsson frá Selárdal með 1. aðaleinkunn (50 tr.[öppur]), Jens Vigfússon Hjaltalín frá Brokey með 1. aðaleinkunn (45 tr.), Tómas Bjarnarson frá Geitaskarði með 2. aðaleinkunn (25 tr.)“ (Þjóðólfur, 18. árg., 40.-41. tbl., 6. sept. 1866).

³ Ragnheiður Thordarsen, kona Helga Thordersens biskups, lést 28. maí 1866.

⁴ Karen *Jakobine* Hansdóttir Hjaltalín, f. Baagøe, kona Jóns Hjaltalíns landlæknis, lést 22. maí 1866.

Heimiliskennari á Sveinsstöðum

Nú voru góð ráð dýr. Ég var aðeins 24 ára og vantaði því eitt ár til að geta fengið vígslu. Þá vildi mér svo heppilega til, að séra Jónas nokkur Guðmundsson,¹ Húnavetningur, var þá nýbúinn að ljúka Prestaskólanum og búinn að fá veitingu fyrir Ríp í Hegrnesi, einhver sá besti og elskuverðasti drengur, sem ég hefi til þekkt af mínum skólabræðrum. Hann kom til mín og sagði mér, að um leið og hann hefði farið suður, þá hefði merkisbóndi einn, Ólafur Jónsson á Sveinsstöðum í Húnaþingi, dannebrogsmaður og hreppstjóri, beðið sig um að útvega sér barnakennara næsta vetur, einhvern þeirra nýbökuðu kandiðata þar suður frá. Fór hann þess á leit við mig, að ég vildi gefa mig til, og með því hann sagði mér hið besta af heimilinu og ég hins vegar kannaðist dálítið við kynið eftir afspurn, því Ólafur þessi var bróðir síra Halldórs Jónssonar í Hofi í Vopnafirði af hinni alræmdu Bólstaðarhlíðarætt, þá réðst ég í að taka boði þessu og bað hann að skrifa norður, að mín væri von þangað.

Svo fór ég burtu úr Reykjavík og vestur í Stykkishólm í septembermánuði 1866 til að finna kunningjana þar og ekki síst kærustuna, sem ég var búinn að eiga þar sem heimasætu í átta ár, síðan vorið 1858, þegar ég fyrst fór suður. Ég lagði þá af stað í mína norðurferð í seinustu sumarviku aleinn og kannaði þá ókunna stigu, því í Norðurland hafði ég aldrei komið fyrri. Ég fór inn Skógarströnd og Dali og útvegaði mér á leiðinni kunnugan samfylgdarmann norður Haukadalsskarð að Melum í Hrutafirði. Daginn eftir hélt ég ferðinni áfram norður Hrutafjarðarháls, sem þá var talinn einn sá verstí vegur yfirferðar á Íslandi. Var hann endilangur sökkvandi foræði, sem hestar gátu hvergi yfir komist. Hafði þessi vegur, sem þá var ekki mannavegur, verið lagður suður fjall, og var það fullkomlega þriggja til fjögurra tíma afkrókur.

Loksins komst ég þó og kunnugur maður, sem með mér var, við illan leik ofan að Staðarbakka í Miðfirði. Þá var prestur og prófastur á Melstað náfrændi minn, síra Guðmundur Vigfússon.² Þetta var sunnudagskvöld í fyrstu viku vetrar, og riðum við frá Staðarbakka og út að Melstað. Svo stóð á, að þar hafði verið messað um daginn, og var fjöldi fólks enn ófarinn frá kirkjunni, þegar

¹ Hér hlýtur að vera átt við séra Jónas Björnsson, sem útskrifaðist úr Prestaskólanum 1867 og var veitt Rípurprestakall 1869. Aðrir koma ekki til greina.

² Hann var prestur á Melstað 1859-70. Móðir séra Guðmundar, Guðrún, sem var dóttir séra Jóns Hjaltalíns Oddssonar, var því föðursystir séra Jens.

við komum þar. Á Melstað var stórt og mannmargt myndarheimili, og var mér þar tekið svo forkunnarvel, svo sem ég hefði verið þeirra einkabarn, og sat ég þar um nóttina í fagnaði og yfirlæti við næga skemmtan og reglulegt veisluhald. Samnáttu mér þar var síra Jakob Finnbogason, prestur að Staðarbakka,¹ mágur síra Guðmundar, sem átti systur hans, Guðrúnu Finnbogadóttur. Voru þau systkini ættuð að sunnan, systkini Kristófers Finnbogasonar á Stóra-Fjalli og Ásgeirs Finnbogasonar á Lambastöðum á Seltjarnarnesi og Teits Finnbogasonar dýralæknis í Reykjavík.

Um nóttina brast á hið versta foraðsveður með kulda og byl, er stóð í samfleytt fimm daga, svo að ekki var fært bæja á milli, og sátu margir aðkomandi, þar á meðal ég, þarna hríðarteptir allan þennan tíma. En ekki var skemmtunar né veitinga vant þennan tíma. Þegar loksins birti upp, var kominn nær því mjaðmarsnjór yfir allt og engum hesti varð lengur við komið. Fór ég þá með ötulum fylgdarmanni fótgangandi það, sem eftir var leiðarinnar austur í Vatnsdalsþing, og komst þangað eftir þrjá daga. Lá oft við, að við ætluðum að verða til á leiðinni, og hefi ég sjaldan í verri kreppu komið.

Þegar að Sveinsstöðum kom, leist mér þegar vel á mig þar, því bóndinn var hinn alúðlegasti og besti maður, eins og ég reyndar þóttist hafa átt von á. En nú var dálítill galli á gjöf Njarðar, og sá galli hefði getað orðið mér tilfinnanlegur, hefði bóndi ekki verið slíkt valmenni, sem hann var. Svo stóð á, að annar efnadur bóndi þar í nágrenninu hafði samið við hann um það, að þeir skyldu báðir í samfélagi taka heimiliskennara og kosta hann að hálfu leyti hvor. Upp á þetta var það, sem hann hafði beðið síra Jónas að útvega kennarann þar fyrir sunnan. En svo nokkru þar á eftir breyttist eitthvað svo hagar eða ástæður bónda þessa, að hann treystist ekki til að láta framhald verða á þessu fyrirtæki, og bað Ólaf fyrir hvern mun að hafa sig undanþeginn og láta viðkomendur vita þetta svo fljótt sem unnt væri. Nú leist Ólafi ekki á blikuna, því hann hafði aldrei ætlað sér að taka kennara í það skipti upp á sín eigin býti. Hann skrifaði því um hæl suður mótboð móti kennaranum, en bréfið hefur víst ekki náð síra Jónasi, sem þá var annaðhvort farinn norður til prestakalls síns eða á flugstig með að fara, og því síður gat nokkurt skeyti komist nógu fljótt til mín vestur. Ólafur hélt þó, að afboðið hefði einhvern veginn getað komist, og var því alveg hættur að hugsa frekar út í þetta, þegar ég kom þarna eins og skollinn úr sauðarleggnum.

¹ Hann var prestur í Staðarbakkaprestakalli 1858-68 og í Þingeyrarklaustursprestakalli 1868-73.

En nú sagði hann: „Úr því sem komið er, verð ég að gjalda vanhyggju minnar og skuluð þér vera velkominn til að kenna á heimili mínu, þó launin geti ekki orðið jafnrífleg og ella hefðu orðið.“ Þessum kosti tók ég fegins hendi og var þar um veturinn í besta yfirlæti.

Á heimili þessu, sem var fyrirmyndarheimili í siðprýði, reglusemi, mann-gæsku og dugnaði, voru 11 menn heimilisfastir. 1. Húsbóndinn sjálfur, Ólafur Jónsson, nær sjötugur að aldri, stakt valmenni. 2. Kona hans Oddný [Ólafsdóttir], ættuð vestan frá Ísafirði, mesta reglu-, siðsemdar- og heiðurskona, synir þeirra þrír 3. Ólafur, fullorðinn maður, söðlasmiður, 4. og 5. Drengir tveir innan fermingar, Böðvar og Björn, þessir voru lærisveinar mínir. Dætur hjónanna, allar fullorðnar. 6. Elísabet, 7. Gróa, 8. Sigríður, 9. Elín, yngst þeirra. 10. vinnukona, Sigríður að nafni, og 11. sauðamaður, Bjarni að nafni, eitthvað miðaldra maður, ötull, trúr og áráðinn. Þetta var heimilisfólkið. Þar voru húslestrar tíðkaðir sýknt og heilagt og bar aldrei út af því. Framganga á heimilinu stillt og ætíð vinsamleg, aldrei ofsakæti, en ávallt glaðlynd með smáspaugi, og var það oft óspart úti látið. Misklíð eða orðasennur mjög fágætt. Ólafur var við allgöð efni, en ekki gat hann ríkur talist. Um 700 mun fjáreignin hafa talist. Nautgripir að sínu leyti fáir, þrjár eða fjórar mjólkandi kýr og eitt-hvert ungvíði í viðkomu. Hestar fremur fáir. Húsbóndinn Ólafur, sonur hans og Bjarni vinnumaður voru fjárhirðarnir. Hann annaðist sjálfur lömbin, Ólafur ærnar, en Bjarni geldsauðina. Voru þeir við þetta nær því öllum dögum, þegar fært var, því Sveinsstaðir var frægasta útbeitarjörð.

Innivinna var mikil. Gengu fimm rokkar allan daginn og kvöldin stöðugt. Fótaferð nálægt kl. 5 á morgnana og á kvöldin kl. 10 voru rokkarnir settir burt og tekið til kvöldlesturs. Klukkan var ætíð nákvæmlega eftir sóltíma. Veturinn var strangur. Húnaflói var fullur með hafís allan veturinn og sást hann alltaf eins og hvítir hálsar og hryggir við Þingeyrarsand fram á vor. Aldrei kom sunnanátt eða hláka allan veturinn. Á nýarsdag var logn og heiðríkja en 16° frost á Reaumer. Þann dag var fjöldi manna við kirkjuna með kafloðnar, hvítar augabrýr og skegg. Þann dag fór ég að láta Húnvetninga heyra mælsku mína eftir beiðni sóknarprestsins þar, síra Jóns Kristjánssonar¹ í Steinnesi.

Þennan vetur var efnt til byggingar hinnar nýju, stóru steinkirkju á

¹ Hann var prestur í Þingeyrarklaustursprestakalli 1862-68 og á Breiðabólstað í Vesturhópi 1868-83.

Þingeyrum. Tveir lærðir steinhöggvarar úr Reykjavík voru staddir þar norður frá nær því allan veturinn að höggva grjót, og Vatnsdalsá var alltaf full með grjótvagna og grjótслеða ofan úr Vatnsdalsskriðu og víðar að. Þennan vetur var og á ferðinni hið nafnkennda Skárastaðamál þaðan úr sýslunni, sem endaði með því að tvær persónur voru dæmdar frá lífi og teknar af erlendis, ein var dæmd til þriggja ára typtunarhússvinnu og [önnur] til þrenna 27 vandarhöggva refsingar. Mál þetta er þannig undir komið, að á Skárastöðum í Miðfirði bjuggu feðgar tveir. Faðirinn hét Jón, en sonurinn Einar. Jón þessi var talinn í röð merkari bænda, því bæði var hann greindur maður og bar persónu nokkra. En harðlyndur mun hann hafa verið og látið sér, ef til vildi, ekki allt fyrir brjósti brenna. Einar, sonur hans, hefi ég heyrt sagt, að hafi verið meinlaus maður og látið að honum kveðið. Feðgar þessir voru báðir ógiftir, karlinn líklega ekkjumaður, en höfðu sína bústýruna hvor. Bústýra karlsins hét Helga, alls ekki óþekkilægur kvenmaður að sjá, en hafði í andliti sínu eitthvað sérgott og hart. Bústýra Einars man ég ekki hvað hét, annaðhvort hét hún Kristín eða Margrét eða eitthvað þvílíkt. Ég sá hana en virtist hún alls ekkert lagleg eður mikil fyrir mann að sjá og einkyljuleg. Það lítur svo út sem ekki hafi aðrir heimilismenn verið á heimilinu en þessi fjögur.

Nú bar svo við, að bústýrur þessar eignuðust sitt barnið hvor, og af því að þeim mun hafa þótt þau að einhverju leyti óvelkomnir gestir, kom þeim ásamt um að myrða börnin og grafa þau, og var það gert, en allt varð uppvíst, að sögn af því að hundur hafði grafið upp lærlegg eður fótlegg annars barnsins og kom með hann heim á bæ þann, sem hann átti heima á. Var þegar farið þangað og rannsókn hafin, og meðkenndu þá Einar og og bústýra hans brot sitt og hafa þá líklega vísað á staðinn, þar sem börnin voru grafin. Síðan voru þau öll þegar handtekin og jörðin lögð í eyði. Allar þessar persónur sá ég þá um veturinn, er ég var á Sveinsstöðum, því þær voru þá undir rannsókn og dómi. [Kristján] Kristjánsson, sem þá bjó á Geitaskarði en síðar varð amtmaður Norðlendinga, var þá sýslumaður Húnavetninga og tók próf í málum þessum.¹ Jón gamli og Helga bústýra hans þrættu og þrættu endalaust, en gátu þó ekki, sérstaklega vegna meðkenningar hinna og vegna sterkra líkna komist hjá nokkurri hegningu, því aldrei könnuðust þau við neitt. Mér er sagt, að dómur þeirra hafi

¹ Kristján Kristjánsson var sýslumaður í Húnavatnsþingi 1860-71 og amtmaður í Norður- og Austuramt 1871- 81. Hann skrifaði nafn sitt Chr. Christiansson.

verið framkvæmdur á þessa leið: Jón gamli fékk þrenn 27 vandarhögg. Helga, bústýra hans, fékk þriggja ára tugthúsvist. En Einar og bústýra hans voru bæði tekin af ytra. Þetta undrar mig nú alls ekki, þótt margir segi, að karlinn og bústýra hans muni hafa verið pottur og panna í öllu verkinu.¹ En hitt undrar mig meira, að Finnbogi frændi minn, sonur síra Guðmundar á Melstað, ungur maður og efnilegur í alla staði, hann gifti sig þá um vorið og reisti bú á Skárastöðum, eins og ekkert hefði í skorist, og held ég þó, að foreldrum hans hafi ekki verið meira en svo um það gefið. Ég fyrir mitt leyti hefði verið hræddur um, að djöfullinn mundi halda þar til í hverju horni árum saman. Hvernig sá búskapur hefur gengið, hefi ég ekkert frétt um síðan.

Prestur á Skeggjastöðum

Þegar á veturinn fór að líða, varð ég að fara að hugsa frekar fyrir lífinu, og var þá helst að fara að reyna að gjöra sér einhvern mat úr hinum fengna skólalærdómi og skapa sér stöðu í lífinu, svo álitleg sem prestsstaðan var þá hér á landi. Ég var eins og aðrir kjörvilltur um stöðu þá og ímyndaði mér, að hún væri betri og þægilegri en hún var. Þrátt fyrir ýmislegt, sem fyrir mig hafði borið á lærdómsárunum, hafði ég þó ekki glatað neinu af barnatrú minni, og það var mér sannarlegt tilhlökkunarefni að komast í þá stöðu, þar sem ég hefði vald og myndugleika til að útbreiða og glæða trú þessa meðal samlanda minna, og guð er mitt vitni til, að það var í mér eldfjörugur áhugi í þá átt. En bæði var það, að ég var sem nærri má geta viðvaningur í því efni, og svo studdi margt að því að gjöra hvern áhugasaman prest með tímanum kjark- og áhugaminni og því

¹ Hér hefur sitthvað skolað til hjá séra Jens í frásögn hans af Skárastaðamálinu. Það var þannig vaxið, að Einar Jónsson, sonur Jóns Einarssonar, bónda á Skárastöðum, varð uppvis að því að hafa kæft fjögurra vikna gamalt barn, sem Margrét Gunnlaugsdóttir, vinnukona á bænum, hafði kennt honum. Önnur vinnukona á Skárastöðum, Guðbjörg Guðmundsdóttir, hafði orðið þunguð af völdum húsbónda síns, Jóns Einarssonar, krossmessuárið 1862-1863. Hún fór þá frá Skárastöðum að Ytri-Reykjum í Miðfirði. Þar ól hún barnið með leynd, vafði það í klútryju og sat síðan undir því, þangað til það andaðist. Að því búnu gróf hún barnið. Með aukaréttardómi Húnavatnssýslu, sem kveðinn var upp í nóvember 1864, voru þau Einar og Guðbjörg dæmd til dauða, og var sá dómur staðfestur bæði í Landsyfirrétti 1865 og í Hæstarétti 1866. Jón Einarsson var dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir að hafa verið í verki með Einari, syni sínum, að slátra kind, sem var ekki með marki hans og notað síðan kjötið af henni í ferðanesti. Í Hæstarétti var refsing Einars milduð og hann dæmdur til að hýðast 20 vandarhöggum. (Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1802-1873. IX. 1863-1867. Reykjavík 1965, bls. 140-45, 390-91).

árangurinn minni en ella. Það mætti greina ástæður fyrir því í hið óendanlega, að hvorki gat né getur prestsstaða á landi hér yfirleitt orðið þjóðinni að þeim andlegu notum, sem guð sjálfur mundi til ætlast, og sleppi [ég] svo að tala um það frekar, því til þess er enginn tími né rúm á blöðum þessum.

Landlæknirinn, frændi minn, hafði af mér fengið það umboð að sækja um eitthvert hið minni prestakalla, sem þá voru laus, sem hann eftir atvikum sæi mér hentugast, því ég átti óhægra með það þar norður frá. Hann skrifaði mér þá um veturinn. Sandar í Dýrafirði voru þá lausir, mjög tekjulítið brauð. Ég þarf undir eins að geta þess hér, að landstjórnin hafði í samráði við biskup soðið saman þá delli, að ef einhver ungur kandídat vildi sækja um eitthvert hinna rýrari prestakalla og þjóna þar í þrjú ár, þá skyldi hann eiga aðgang að einhverju betra náðarbrauði, sem hann þá kynni að vilja sækja um og það fyrir öðrum umsækjendum. Þetta var statt og stöðugt gjört. Nú voru Sandar í Dýrafirði eitt af þessum svonefndu fyrirheitisbrauðum, og var mér í huga að sækja um þá upp á náðarfyrirheitið. En þar var sá galli á gjöf Njarðar, að uppgjafaprestur var í brauðinu. Lárus Benediktsson, skólabróðir minn og sambekkingur, sem var gagnkunnugur þar vestra, hafði þó heldur ýtt undir, að ég sækta um það; kvað hann fólk vera þar frjálslýnt og skemmtilegt og gott sóknarfólk, þótt hinar lögboðnu preststekjur væru litlar. En um veturinn skrifaði landlæknir mér og réð mér til að sækja heldur um Skeggjastaði á Langanesströndum í Norður-Múlasýslu. Var þetta eftir áeggjan Péturs biskups, því hann sagði, að þar væri bújörð hin besta og staður og kirkja nýbyggð og í góðu standi og 200 krónur árlega úr jarðabókarsjóði renta af andvirði seldrar jarðar, sem prestakallið hafði átt. Þetta var fyrirheitisbrauð eins og hitt, og varð það úr, að ég sókti um þetta prestakall og var það auðfengið. Skrifaði biskup mér til að koma suður til vígslu. Síra Tómas Bjarnarson, er þá var á Geitaskarði hjá frænda sínum og hafði gift sig um veturinn, sammæltist við mig suður og kom hann út að Sveinsstöðum, og fengum við okkur samfylgdarmann suður.

Ég skal ekki lýsa því með mörgum orðum, hvað Ólafi, þessum æru- og snilldarmanni, fórst vel við mig í öllum greinum. Hann galt mér hátt kaup, setti undir mig besta hestinn sinn, sem hann átti til á heimilinu, nú vetra gamlan. Það var hann Bleikskjóni minn, sem ég missti á Setbergi 26 vetra gamlan. Enginn hefði selt þann hest [fyrir] minna en 280 krónur eða [á] þeim tíma þegar þá hestar voru í lágu verði yfirleitt. Auk þess fékk hann mér um

100 krónur í peningum og allt, sem ég þurfti með til ferðarinnar suður. Á leiðinni suður keypti ég tvo hesta. Var annar þeirra Brúnn minn, 13 [vetra], stór stólpagripur og vatnahestur ágætur og þýður smábrotkhestur. Hann missti ég fellisárið 1882, þá 28 ára gamlan. Hann keypti ég af Jóni gamla Þórðarsyni í Stafholtsey fyrir 64 kr. Þetta heimili (Sveinsstaði) kvaddi ég með söknuði, því mér hafði vegnað þar ágætlega vel í alla staði. Þá var fremur mannval þar í héraðinu. Jósef Skaptason læknir bjó þá í Hnausum andspænis Sveinsstöðum. Ásgeir gamli [Einarsson] bjó þá á Þingeyrum, alþingismaður og kirkjueigandi. Síra Jón Kristjánsson, bróðir [Kristjáns] Kristjánssonar sýslumanns, bjó þá í Steinnesi bæjarleið frá Sveinsstöðum á aðra hönd o.fl.

Við síra Tómas lögðum þá upp í suðurferð okkar fyrsta föstudag í sumri, 25. aprílmánaðar 1867. Ætluðum við suður Holtavörðuheiði, en það gekk ekki fyrir snjóum og ófærð, svo við urðum að gjöra okkur að góðu að dragnast vestur í Dali, Laxárdalsheiði og síðan suður Bröttubrekku. Var allt á kafi í fönnum, og á Bjarnadal sunnan brekkunnar fengum við svo svartan byl og ófærð, að við urðum að ganga og draga hestana kúguppgefna á eftir okkur. Í því slarki kvikuslitnaði Skjóni minn á hægri framfæti, og gat eg ekki komið honum á bak eftir það í ferðinni. Varð ég þó að dragnast með hann suður að Hvítá og koma honum þar fyrir, og því var það, að ég varð að kaupa þennan brúna. Vegna ófærðar ofan til í öllum Borgarfirði urðum við að fara ofan Andakíl, yfir Skarðsheiði ofan Leirársveit og fram á Nes [Akranes], skilja þar eftir hestana og kaupa flutning til Reykjavíkur. Var ég þá orðinn peningalaus með öllu. Þegar suður kom, var þar komin sól og sumar, og voru það umskipti við fannirnar og frostin norður frá. En ei að síður voru þó flestir þar orðnir heyþota.

Var nú skammt eftir til vígsludagsins, er mig minnir að væri 4. sunnudagur eftir páska, eða 19. maí. Voru þá þessir vígðir: Benedikt Kristjánsson til Skinnastaðar, Tómas til Hvanneyrar í Siglufirði, ég til Skeggjastaða og Lárus aðstoðarprestur til föður síns, síra Benedikts Þórðarsonar í Selárdal.¹ Eftir

¹ Hér misminnir séra Jens. Vígslan fór fram þriðja sunnudag eftir páska, 12. maí 1867. Auk séra Jens voru vígðir Matthías Jochumsson til Kjalarnesþings og Tómas Björnsson (Bjarnarson) til Hvanneyrar í Siglufirði. (Þjóðólfur, 19. árg., 29.-30. tbl., 25. maí 1867). Þeir séra Matthías og séra Jens voru skólabræður í Lærða skólanum. Jens sætti einelti þar, því að hann þótti einrænn og hjárænulegur. Jens nefnir þetta ekki í ævisögunni, en vísbendingu um eineltið má finna á bls. 228, þar sem hann segir um skólabróður sinn, Hallgrím Sveinsson biskup: „En hins vegar þótti mér leitt að geta ekki orðið við bón skólabróður míns, sem aldrei hafði hrekkið mig eða bekkst til við mig í neinu ...“ Einn angí af eineltinu var sá, að Matthías orti gamanbrag um Jens. Erna Arngrímsdóttir segir þetta um gamanbraginn í áður nefndri Morgunblaðsgrein: „Tílefni gam-

blessan þessa skildumst við. Fóru þeir hver til sinna áttaha. En ég varð eftir í Reykjavík nær hálfsmánaðartíma og varði honum til þess að leitast fyrir um peningalán til austurferðarinnar. Ætlaði það ekki að ganga greitt, því allir vissu, að ég átti ekkert. Að vísu hafði ég pant vísan fyrir láninu. Það voru þær 280 krónur, er prestakallið átti í jarðabókarsjóði, en Pétur biskup, er var slunginn peningamaður, hafði þá athugasemd að gjöra, að það væri hálfur mánuður þangað til í fardögum, því þá fyrst væri ég orðinn löglegur eigandi að tekjum prestakallsins, en ég gæti dáðið á því tímabili. Að vísu var þetta satt, en óþörf smámunasemi og þeim yfirhirði óverðug, sem vildi ávinna sér lof fyrir að vera flytjandi boðskapar kærleikans og þar að auki ríkastur allra manna á Íslandi um sína daga, svo hann hefði naumast sjálfur vitað af því, þó hann hefði gefið Jóni, Þórði, Péturi eða Páli þessar krónur, 200 eða 300, í skíru gulli. Loksins gat ég þó unnið svig á þessum óþægindum og náð peningaláninu og fól málaflutningsmanni Páli Melsted að taka móti peningunum úr jarðabókarsjóði á sínum tíma og borga þá, sem hann og gjörði síðar.

Að þessu búnu tók ég hesta mína á Akranesi og lagði af stað vestur í Stykkishólm. Tók ég þann bleikskjötta með, þótt lítt væri hann ferðafær. Frá Stykkishólmi skyldi hefja ferðina austur, og var hún landveg 70-80 mílur vegar. Í Stykkishólmi giftist ég minni nú fyrir 27 árum burtsofnuðu eiginkonu, Jensínu Jónsdóttur, systurdóttur Páls Hjaltalíns factors í Stykkishólmi, þremmenning við mig að skyldleika í föðurætt mína en móðurætt sína. Hún var dóttir Jóns heitins Arnfinnssonar af svonefndri Djúpadalsætt, náskyld þeim bræðrum Sveini Jónssyni snikkara og Birni Jónssyni ráðherra og móður-hálf-

anbrags Matthíasar var sá að Jens varð að „dægra“ eins og það var nefnt, þ.e. liggja í rúminu meðan fötin hans voru þvegin og þurrkuð. Hann átti einungis ein ígangsklæði.“ Jens reiddist þessu og orti eftirfarandi vísu til Matthíasar: Bölvaðan brjóttu fót/við björg og eggjagrjót./ Ami þér grös og grundir,/gapi þér jörðin undir. Nokkrum árum síðar fótbrotnaði Matthías í Kaupmannahöfn. Töldu þá margir, að Jens væri ákvæðaskáld og bölvun hans hefði kom fram á Matthíasi. Þórunn Erlu- Valdimarsdóttir lýsir prestsvígslunni þannig: „Prestsefnið var 32 vetra og tíu ár liðin síðan það hóf að læra til skóla í Flatey. Tveir yngri menn standa með honum í kórnum og biða vígslu. Þetta eru þeir Tómas Björnsson, vígður til Siglufjarðar, og Jens Hjaltalín, vígður til Skeggjastaða í Norður-Múlasýslu. Jón Borgfirðingur situr vígsluna og er ekki ragur við að dæma þá í dagbókinni sinni. Matthías er, segir hann, snjall prestur, Jens bjánalegur en gáfaður og skáldmæltur og kennir best allra manna, auk þess sem hann spilar á hljóðfæri. Tómas Björnsson segir hann svo gáfnatregan að annar hafi samið fyrir hann vígsluræðuna, en hann sé ágætur söngmaður.“ (Einar Haukur Kristjánsson: Snæfellsnes norðan fjalla. Árbók Ferðafélags Íslands 1986. Reykjavík 1986, bls. 67; Þórunn Erlu- Valdimarsdóttir: Upp á Sigurhæðir – Saga Matthíasar Jochumssonar. Reykjavík 2006, bls. 137-38, 202).

systir Samúels Richters, faktors í Stykkishólmi, því Jón faðir hennar var tvígiftur. Fyrri kona hans hét Guðrún [Ólafsdóttir], ættuð úr Vestureyjum, en síðari kona hans var Anna [Pálsdóttir Hjaltalín], systir Páls faktors, sem áður er sagt. Vorum við búin að vera trúlofuð í átta ár. Vorum við gift í Helgafellskirkju af síra Eiríki Kúld 8. júnímánaðar árið 1867 undir eins og ég kom sunnan að. Þessi 8. júní var þá laugardagur næsti fyrir hvítasunnu.

Miðvikudag næsta á eftir, þann 12. júní, byrjuðum við ferð okkar austur, og eins og nærri má geta, var það stór samfylgdarhópur karla og kvenna, sem reið á stað með okkur úr Hólminum. Man ég ekki að tilgreina það allt. Var veður bærilegt um morguninn, nema dálítið sunnanlegur, og tókum við ekki mjög eftir því á þessum tíma árs. Við vorum aðeins þrjú, ég og kona mín og stúlka, sem með henni fór austur úr Stykkishólmi, og höfðum aðeins tvo til reiðar hvert. Samfylgdarmaður minn, sem hafði komið ásamt mér að sunnan og hinn sami, sem við séra Tómas höfðum haft með okkur að norðan, var kominn af stað á undan okkur með sjö áburðarhesta. Það var nú allur flutningurinn. Flest af því, sem kona mín hafði átt smávegis, varð hún ýmist að skilja eftir eða selja fyrir slíkk, og sannast að segja vorum við bæði fátæk eins og kirkjurottur. En einhvern veginn varð þó að bjarga sér áfram. Af ferð okkar fyrsta daginn er ekkert glæsilegt að segja. Þegar við vorum komin upp fyrir Saura, laust á móti okkur svo hræðilegu sunnanroki og fárviðri, að ég hafði aldrei getað hugsað mér annað eins á þeim tíma. Við komumst með illan leik upp að Svelgsá, og þar varð samferðafólkið að snúa aftur, og held ég, að það hafi verið eins og hálfdrukknaðar mýs, þegar það hefur komist ofan eftir aftur. En ég vildi með engu móti aftur snúa og heldur hafast þarna við um nóttina. Þá var bóndi á Svelgsá Sumarliði gamli [Þorkelsson] og Salvör [Gísladóttir] kona hans, bæði hin mestu sómahjón, og tóku þau móti okkur hið besta og hýstu okkur um nóttina. Um morguninn [var] veður skárri, nema hvað allar sprænur voru hálfófærar.

Nú var ferðinni haldið áfram inn Skógarströnd og inn í Dali og síðan norður. Á Melstað voru viðtökurnar eins og vænta mátti. Sátum við þar í tvo daga í góðum fagnaði, og að skilnaði gaf séra Guðmundur mér hið besta úrvalshross, sem hann þá átti, ljónfljóta og dyllivakra hryssu, sex vetra gamla og nýlega tamda, sem hét Skvetta. Aldrei hefi ég þekkt annan eins fjörvarg. Ég reið henni nær því einhesta austur á land, og eitthvað fjórum eða fimm dögum eftir að

ég eignaðist hana, reið ég henni Blöndu á mér alveg ókunnunni vaði í taglsrætur, svo að við sjálft lá, að hún stundum yrði að grípa til sunds hvað eftir annað. Sýndi þetta, hvaða afbragðshross hún var. Séra Guðmundur var ekki vanur að taka úr vinstri hendi það, sem hann gaf, og af öllum kynsmönnum mínum hefur mér fallið hann best í geð að tali og viðmóti og siðum öllum. Mér hefur verið sagt, að hann í andlitsfalli og svip hafi verið lifandi eftirmynd [móður] afa síns, síra Jóns Hjaltalíns.¹ Hann var fríður maður sýnum, höfðinglegur á svip, hafði mikinn yfirsvip, hátt og breitt enni, lítið eitt hvelft, beinnefjaður, lítið eitt söðulbakað, munnfríður með lítið hökuskarð, meðalmaður á hæð eða vart það, en beinvaxinn og nettur, útlimagrannur og handnettur, að mig minnir, skemmtinn, ræðinn og glaðlegur í tali, vel greindur og spaugsamur í tali og fyndinn en aldrei ofsakátur, og góðmenni. Meðaumkvunarsamur og fjarska gjafmildur og skar þá ekki við neglur sér. En hvort hann hefur verið útsjónar- og atkvæðamaður, er mér ókunnugt um. Efni hans held ég hafi verið rétt af skornum skammti, enda er mér ókunnugt um búvit hans.² En hann átti sköruglega og framkvæmdarsama konu, sem var mjög frjál á heimili sínu, og held ég, að fallið hafi vel á með þeim. Þau áttu margt barna, og voru þau öll fullorðin, sum gift og búsett þar, enda voru þau komin á efri aldur, en vel frísk og ern þá. Son áttu þau einn meðal annarra, er Vigfús hét. Hann var giftur einni dóttur Ólafs á Sveinsstöðum, er Oddný hét. Bjuggu þau að Hólabaki, það er vestanhallt við Vatnsdalshóla og stífa bæjarleið frá Sveinsstöðum. Þessi Vigfús var svo líkur mér í sjón og útliti, að jafnvel hans eigin [skyldmenni] ætluðu oft að taka feil á okkur. Í andliti vorum við aldeilis eins, þar gat ekki skollinn mun á gjört. Þau áttu eitt eða tvö börn ung. Ég kom stundum þangað að gamni mínu.

Eftir tveggja daga dvöl á Melstað í besta yfirlæti héldum við að Sveinsstöðum, og var þar hið sama góða og ástúðlega viðmót sem fyrr. Ólafur gamli var vel hress og glaður sem fyrri og hið sama vinar- og jafnvel eins og föðurþel, sem hann bar til mín. Þar skiptum við um samfylgdarmann, því tími hins fyrra var á enda, og var honum greitt hans áskilda samfylgdarkaup. Hinn, sem við tók,

¹ Séra Jón Hjaltalín (Oddsson) var m.a. prestur á Breiðabólstað á Skógarströnd 1811-35. Hann var skáld gott. Hann var föðurafi séra Jens.

² Um séra Guðmund Vigfússon segir svo í riti Páls Eggerts Ólasonar, Íslenskar æviskrár. II. bindi, bls. 188: „Hann var hirðumaður mikill og atorkusamur, hýsti með afbrigðum vel bæ á Mel, mannskostamaður mikill og höfðinglegur, enda vel stæður.“

var allduglegur og það, sem mestu máli skipti, var það, að hann var nákunnugur öllum leiðum. Þetta var þaulæfður hestaprangari, sem áður hafði farið fjórar eða fimm ferðir austur í Múlasýslur í þess konar erindum og farnast vel. Ólafur gamli lét ekki endasleppt við mig. Hann sá fljótt, að Skjóni var eitthvað багаður og ekki fær um að ganga austur á land, enda þótt ekki væri brúkaður, því hvikuslit læknastr ekki á skömmum tíma. Annar hestur var þegar til reiðu hjá honum, en Skjóni skyldi verða eftir hjá sér, því hann sá, að ég var heldur hestafátækur til ferðarinnar. Þetta gekk allt í ljúfa löð, og ég kvaddi þennan heiðursmann og vin minn, án þess að hafa minnstu hugmynd um það, er síðar myndi fram koma.

Nú lögðum við þá af stað ókunnuga stigu og til gagnókunnugra manna, sem ég hafði enga afspurn af, nema hvað ég ímyndaði mér, að ég myndi kannski geta skilið mál þeirra. Við fórum þá sem leiðir lágu norður yfir Blöndu og austur yfir Vatnsskarð, og var þá Húnavatnssýsla búin. Tók þá við þetta breiða hérað Skagafjörðurinn. Það er breitt og liggur í meðallagi hátt, svo að þaðan sem við fórum yfir sá bæði fram á sjó í norðri og aftur suður til Skagafjarðardalanna í suðri. Drangey gnæfir þar upp úr Skagafirðinum í miðnætursól eins [og] ferkantaður, hár klettur til að sjá, og Tindastóll eða sem hann að fornu var kallaður Eilífsfjall vestur við vesturlandið. Tveir slæmir þröskuldar eru þó á leiðinni þar í héraðinu miðju, tvær stórar jökulár með dálitla landspildu á milli sín, sem breikkar, þegar ofan að sjónum dregur, svo að hann myndar þar heilt prestakall; er sá hólmi nefndur Hegrans, en árnar eru Héraðsvötnin. Mig minnir, að við fengjum ferju yfir þau austur. Fyrir austan þetta hérað tekur við gríðarhátt og stórt fjall frá norðri til suðurs, og heitir héraðið ofan með því að vestanverðu Blönduhlíð (merkilegt nafn, svo langt frá Blöndu, sem er vestur í Húnavatnssýslu).

Í hlíð þessari miðri er Miklibær og Silfrastaðir nokkru sunnar, beygir það (fjallið) til austurs og myndast þá dalur milli þess og annars fjalls að útsunnanverðu. Heitir sá dalur Svartárdalur. Loksins lækkar fjallið niður í lágan múla og loksins hverfur það með öllu og er þá eins og þverdalur, þar sem farið er utan í múlanum eins og í svig yfir í djúpan og víðan dal, sem liggur hinum megin ofan eftir til norðurs. Þessi vegur yfir fyrir fjallsendann og utan í honum þvert yfir í hinn dalinn er hin svonefnda Öxnadalshéiði, sem er í rauninni enginn fjallvegur, heldur eins konar þverdalur yfir í austari dalinn, sem er bæði

stór og breiður, þarna eru sýsluskilin milli Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslu. Þessi stóri og breiði dalur, sem við tekur, er Öxnadalurinn, og liggur hann ofan og norður eftir. Öxnadalurinn er sá hræðilegasti og tröllslegasti dalur, sem ég hefi augum litið. Hann er að vísu breiður nokkuð, en fjöllin beggja vegna svo hrikahá og tröllsleg, að þau kasta skugga á dalinn allan og svo skörðótt og óhrjálegt að ofan, að þau líkjast mest eldbrunahrauni. Dalurinn er víður og sums staðar eins og háir hraunhólar eða jarðföll séu til og frá um hann. Einhverjar bæjarkotrutur sá ég þar á víð og dreif. En ég fann þar slíkan viðbjóð og hrylling í mér, að ég veitti dalnum illa eftirtekt og lá við að vera þar myrkfælinn, þó hjartur dagur væri. Á rann eftir dalnum og ofan í annan víðari og lægri dal norður af hinum. Var þar útsýni betra og fegurra umhorfs. Var þetta lægra og víðara framhald dalsins nefndur Hörgárdalur.

Við komum að Steinsstöðum, er var myndarheimili, og sáum þar nýnæmi, reyrviðarhríslu, er nýlega hafði verið gróðursett þar úti í túninu, hér um bil spannarhá þá og vel um búíð. Líka kom ég að Bægisá og þótti mér þar merkur staður vegna endurminninga um söngfugl fagran, sem hafði lifað þar og útent ævi sína. Yfir að Möðruvöllum gáfum við okkur ekki tíma til að fara vegna vegalengdar og útúrkróks, en fagurt og frjálst var þangað að líta. Mun þar vera mjög fagurt og yndislegt á heiðskírum júnínóttum. Loksins komumst við þá inn til Akureyrar, og var orðin þörf á að hvíla skepnurnar og sig eftir þetta langa hesthryggjaferðalag. Þar dvöldum við um hálfsmánaðartíma eða ekki nema liðuga viku hjá öllum ókunnugum, en skoðuðum bæinn lítið og héldum til á hótelinu þar. Var þar einhver danskur sláni, sem ég man ekki hvað hét. Inn til engrar familíu komum við þar, nema einu sinni hjá amtmanni Pétri Havsteen, virðulegum höfðingja¹. Hann var aldanskur maður, en var fyrir langa hérveru orðinn alíslenskur maður. Var hann Íslandsvinur mesti, greindur vel, en hafði reglulegan ýmigust á sinni eigin þjóð og talaði aldrei danskt orð. Ég átti tal við hann nær því heilan dag og komst að raun um, að hann var valmenni, forn í anda og fastur í lund og mesta tryggðatröll. Höfðu Norðlendingar nær því trúað á hann langa tíma, enda var hann brjóst þeirra, sverð og skjöldur í hinu alræmda fjárkláðamáli. Inn til bróður hans komum við einu sinni. Það var aldönsk familía mjög fín. Hann hét Jacob Havsteen og var kaupmaður. Var það ósköp kurteis og viðfelldin familía.

¹ Hann var amtmaður í Norður- og Austuramti 1850-70.

Afstaða kaupstaðarins var skrifin að mér þókti. Fram í Eyjafjörðinn þvert lá slétt og fögur eyri nefnd Oddeyri. Fyrir sunnan hana breiðkar fjörðurinn og það svo mjög, að ekki er nema örmjór rimill suður með firðinum inn undir fjarðarbotninn. Fyrir ofan Oddeyrina á þessari breiðari sjóarálmú er höfnin, og er hún góð, því Oddeyrin tekur nú allan sjó norður úr firðinum. En kaupstaðurinn lá þá ekki fram á Oddeyrinni, þar sem nóg rúm var fyrir hann, heldur upp með sjónum á þessum mjóa rimli inn með sjónum langar leiðir inn með firðinum sama sem inn með fjörunni. Að vestanverðu liggja háar hæðir inn með sjónum, og er brattur halli neðan frá sjónum upp í þær. Í þessum halla eru sum húsin byggð. Svo er hallinn mestmegnis tómir kálgarðar og á milli þeirra eru stígar, sem liggja upp á hæðirnar upp frá húsaröðinni. Akureyrarkirkja stóð þar allskammt frá sjóarmáli hér um bil í miðri húsaröðinni. Annað, sem mér þótti kynlegt við húsin, var það, að þótt þau væru snotur og fallega löguð og líkast vel umgengin að innan, þá var þó niðurnítt torfþak á mörgum þeirra. En svo var það þriðja til stórþýði, og það var reyniviðurinn sunnan við sum húsin, há reynitré allt að sex álna há, og breiddu þau lauf sitt og limu svo fagurlega upp með húsunum, að það var eins og húsin væru í samhangandi laufskógi.

Fyrir ofan og austan bæinn liggja yfir fjörðinn vaðlar yfir til lands hinum megin, og fékk ég mann sérstaklega til að vísa okkur leið yfir, en það tókst ekki betur en svo, að hann sjálfur með þrjá hesta á eftir sér komst á bullandi sund, en við hin sluppum þó sundlaust yfir. Allt slarkaðist þó slysalaust, og við fórum yfir Vaðlaheiði og að Hálsi í Fnjóskadal. Þar var þá prestur síra Þorsteinn [Pálsson]¹, mesti æru- og sæmdarmaður, og tók hann okkur hið besta. Þar var lítil kirkja, en ljómandi fögur og vel þrydd, lögð gylltum listum og veggfóðri eins og stásstofa. Frá Hálsi fórum yfir Ljósavatnsskarð og komum norður á hið afarbreiða hérað norður undan Bárðardalnum og yfir Skjálfandaflljót. Er það sú besta jökulsá, sem ég hefi yfir farið þar norðanlands, sléttur sandbotn og ekki dýpra en á miðjar síður á hestum. Riðum við óhikað rétt hjá ferjustaðnum. En sagt er, að það sé ein af lengstu jökulvötnum landsins. En það rennur þarna á breiðum, sléttum malareyrum, er nokkuð breitt, en hefur ekki djúpan farveg. Nokkru ofar en við fórum var í því breiður foss, hinn alkunni Goðafoss. Við sáum reykin upp frá honum, en ekki fossinn sjálfan, því að hátt leiti bar á milli.

¹ Hann var prestur þar 1846-73.

Svo var ferðinni haldið áfram, uns við komum austur Reykjahverfið undir svonefnda Reykjaheiði. Er hún á aðra þingmannaleið á breidd og fjallið hátt að sama skapi, allt meira eða minna eldbrunnið, og er fremur slæmur og slitróttur vegur yfir heiði þessa, sums staðar enda hættulegur vegna jarðeldaleifa. Á heiðinni austan- og norðanverðri hefur verið smábýli eitt nefnt Þeista-Reykir eða Teista-Reykir eyðilagð að sögn af bjarndýrum. Ekki var neitt óbyggilegt eða óvistlegt að sjá þangað. Þegar austur af heiðinni kemur, tekur við sveit eða hérað nefnt Kelduhverfi. Það er nokkuð einkennilegt hérað, einkum fyrir það, að þar er jörð öll þurr og eldbrunnin og tilfinnanlegur vatnsskortur. Ég ætla, þó ég viti það ekki, að svonefnd Kaldakinn liggir þar norður af. En þegar lengra dregur austur, kemur hið mikla stórflyót, stærsta og lengsta jökulsá norðanlands, Jökulsá á Fjöllum eða Jökulsá í Axarfirði. Hún kemur af Hólsfjöllum [og] er 23 mílur á lengd, bæði ströng, breið og djúp og hverju kvikindi ófær yfirferðar fjalls og fjöru á milli. Hún var farin á ferju, og er það þó hin mesta hætta, sér í lagi upp á hestana að missa þá ekki í ána, einkum þegar austur yfir hana skal fara.

Að vestanverðu rennur hún á sléttum sandi, en að austanverðu liggur upp og ofan með henni þverhnipt standklettabelti. Geysist hún þar ofan með stríðum straumi síufin og með hvítum boðaföllum. Á ferjustaðnum eru inn í klettana þrjár básar, hér um bil tveir faðma breiðir hver, og eru þeir sjö til átta föðmum hver fyrir neðan annan. Hestarnir eru reknir lausir út í ána hér um bil fimm til sex föðmum ofar en andspænis básunum hinum megin. Hesturinn verður að ná að minnsta kosti yfir í neðsta básinn, ef hann [á] að geta sloppið, annars er hann tapaður. Í ferjuna er farið jafnofarlega eða kannske nokkru ofar. Áin kastar henni með flugferð ofan eftir, en í einhvern básanna verður að ná yfir, og áin er [svo] vond vegna straumkastsins, að stundum gefur á bæði borð eins og í versta sjógangi. Ég heyri sagt, að Þingeyingar séu búnir að beisla hana þarna, og var það hið mesta nauðsynjaverk, en beislið hefur víst orðið þeim dýrt.

Héraðið fyrir vestan ána heitir sem sagt Kelduhverfi. En fyrir austan ána heitir það Axarfjörður eftir firði þeim, sem þar liggur norðan í landið. Frá ánni er skammt að Skinnastað, prestssetrinu, og gistum við þar um nótt. Ekki man ég þar eftir neinu markverðu nema Skinnastaðaskógi, sem er hinn fegursti og hávaxnasti birkiskógur hér næst Hallormsstaðaskógi. Melgata lá í gegnum skóginn og slóst limið hvað eftir annað um kjöltur okkar á hestbaki, og held ég, að þar hafi verið fullgildur viður í sterkustu húsráfta. Skógurinn náði yfir

stórt landsvæði, en ekki man ég hvað langt. Einu sinni fundu Íslendingar upp á þeirri visku (þeir hafa fundið upp á margri) að láta Garð í Kelduhverfi vera útkirkju frá Skinnastað. Var þetta meðan yfirsókn yfir ána var verst og örðugust. Jæja, við fórum þá þar næst yfir háa og breiða heiði, sem kallast Axarfjarðarheiði. Er hún fullkomlega á móti Reykjaheiði og stíf dagleið eins og hún er. Ég held, að niður með fjallgarði þessum að vestanverðu liggja Núpssveitin, þar sem prestssetrið Presthólar er, nafnkennt fyrir það, að þar var prestur síra Sigurður Jónsson, eitt okkar andríkasta og besta sálmaskáld á seinni tíð.¹ Útkirkja frá Presthólum eru Ásmundarstaðir á Melrakkaslétu, og hlýtur þá sléttan að liggja þarna beint norður undan.

Þegar yfir heiðina kemur, tekur við breitt hérað, sem heitir Þistilfjörður eftir stórum og breiðum firði, sem liggur milli Melrakkasléttunnar að vestan og Langanessins að austan. Langanesið gengur beint í austur. En upp af því gengur lágur fjallshryggur til suðurs og takmarkar hann Þistilfjarðarhéraðið að austan. Í Þistilfjarðarhéraðinu nær miðju er prestssetrið Svalbarð alveg gegnt hánorðri, og svo liggur héraðið allt. Við vorum nú farin að hraða ferðinni allt hvað við kunnum og lögðum seinast saman nótt og dag, enda var kona mín farin að verða mjög lasin af ferðalaginu. Nú var þá komið á blánorðausturhorn landsins, því Langanesið liggur eins og bein rófa austur úr sjálfu horninu. Við héldum áfram í striklotu yfir Þistilfjörðinn og gáfum okkur ekki tíð að koma við á Svalbarði á leiðinni, en áðum lítið eitt um kvöldið undir fjallshrygg þeim, er áður um getur, austan megin við Þistilfjörðinn örskammt frá Þórshöfn, sem þá var eini uppsiglingastaður lausakaupmanna, á bæ þeim, sem á Brekkum heitir. Seinna um kvöldið lögðum [við] á stað aftur yfir stutta heiði, og sagði þar með skilið við Þingeyjarsýslu og Norðurland um leið, því þá er ekkert eftir af því nema Langanesið sjálf, það sem það nær.

Sunnan megin við Langanesið gengur inn breiður flói úr austri vestur í landið og fyrir botni hans liggur sjóarströndin nokkurn veginn beint í landsuður fyrst. Þessi flói er kallaður Langanesflói og sjóarströndin, sem liggur suður eða suðaustur fyrir botni hans að vestanverðu, heitir Langanesströnd. Þegar komið er austur yfir þessa stutta heiði, sem við fórum yfir um nóttina og sem kölluð er nú Brekknaheiði en hét áður Helkundarheiði, komum við ofan á Langanesströndina þvert og Langanesflóinn horfði þá beint í fang okkar. Í

¹ Séra Sigurður Jónsson var prestur á Presthólum 1625-61.

útnorðurhorni flóans, þar sem Langanes og Langanesströndin mætast, stendur hátt fjall einstakt, sem nær nokkuð fram á Langanesið. Í kverkinni vestan við það gengur til norðurs stutt og breið smávík, sem heitir Gunnólfsvík. Þar er bær skammt frá fjallinu við víkina, sem líka heitir Gunnólfsvík, og er það nyrsti bærinn á Langanesströndinni og leið nyrsti bærinn í Skeggjastaðaprestakalli. Fjallið heitir Gunnólfsvíkurfjall. Vestanvert við Gunnólfsvík gengur fram lítið fell austur og suður undir sjó, og austan undir enda þess skammt frá sjó er bær, sem heitir Smyrlafell. Lítið kot er norður frá bæ þessum. Heitir það Sóleyjarvellir. Sunnan við fellið lækkar sveitin nokkuð niður. Þar [er] smáheiðardrag til austurs, og þar var það, sem við komum vestan yfir heiðina ofan á ströndina. Þar nærri skerst fjörður inn í ströndina frá austri, og heitir hann Finnaþfjörður. Sunnan við hann gengur nes nokkuð breitt og langt í austur og efst norðan við það er bær, sem heitir Saurbær. Í vestur upp frá nesi þessu inn til heiðarinnar er bær nokkuð afskekktur, sem heitir Kverkártunga.

Fremst á nesi fram undir nestá er bær, sem heitir Miðfjarðarnes. Sunnan við nesið gengur fjörður til vesturs, sem heitir Miðfjörður. Út í hann rennur stór og vatnsmikil á vestan úr heiðum, sem heitir Miðfjarðará. Upp með henni norðan fram er bær, sem heitir Miðfjarðarnessel. En sunnan við árósin er bær, sem heitir Miðfjörður. Þjó þar hreppstjóri sveitarinnar, efnamaður og eigandi jarðarinnar. Nú beygir landið lítið eitt austur á við fyrir sunnan fjörðinn, svo sveitin verður lítið eitt breiðari. En ekki eru það nema þrír bæir, Gunnarsstaðir, smábýli vestur á heiðinni, Djúpilækur í miðri sveitinni og Þorvaldsstaðir austur og suður með sjónum. Nú taka við hálshryggir þrír [og er] mjótt á milli. Þeir koma sunnan og vestan úr hinu mikla heiðalandflæmi, sem liggur vestur og suður upp frá allri sveitinni. Þessir hálsar liggja allir til austnorðurs ofan að sjó og enda með bröttum klettabökkum meðfram sjónum.

Austan og sunnan undir austasta hálsinum liggur nú höfuðbólið Skeggjastaðir, og hallar túninu ofan á sjóarbakka gegnt austri. En nú er þess að geta, að nokkuð norðar, nærri norður undir Miðfirði, gengur út úr aðalflóanum þriðji fjörðurinn og snýr hann nærfellt í suður. Hann er stuttur og breiður og djúpur, 40-50 faðmar, og mestmegnis sandbotn sléttur, enda hét hann að fornu Sandvík, en nú heitir hann Bakkafjörður. Skeggjastaðir liggja vestan megin við fjarðarbotninn. Nú beygir heiðarlandið á bak við sig í skeifu kringum þennan fjarðarbotn og liggur svo norður með honum að austan þangað til komið er nær því norður á móts við Miðfjörð hinum megin. Þar mun fjörðurinn vera

í opinu, sem auðvitað snýr í norður hér um bil liðug hálf míla á breidd. Nú hættir heiðarhyggurinn þarna allt í einu og endar í 80 faðma háu bjargi og á að giska mílu breiðu, sem fyrst liggur til austurs, en smábeygist síðan til suðausturs, uns það endar við vík eina litla og lítið dalverpi þar suður af. Þar stendur bær afskekktur við víkina, þar sem björgin enda. Sá bær heitir Viðvík, og er hann austasti og syðsti bærinn í Skeggjastaðaprestakalli.

Botninn á Bakkafirði er álitinn syðsti endinn á Langanesströndunum. Þessi heiðaálma út með firðinum að austanverðu, sem endar með björgunum, var að fornu kölluð Digranes. Við botninn á Bakkafirði austanverðum andspænis Skeggjastöðum er Bakki. Norður frá honum austanmegin fjarðarins er lítið býli upp í heiðinni, sem heitir Hallgilsstaðir, og nokkru norðar stærra býli, sem heitir Höfn. Yst út undir, þar sem björgin byrja, er þriðja býlið, sem heitir Steintún. Suður í heiðinni eru þrjú smábýli, Nýibær, Gæsagil og Dalshús, og suður frá þeim liggur vegur suður heiðina, sem heitir Sandvíkurheiði eftir hinu forna nafni fjarðarins. Hún er riðin á tveimur tímum, því á henni er góður vegur. Taka þá við þrír nyrstu bæirnir í Vopnafirði, Strandhöfn nyrst og austast, Ljósaland vestar og Hvammsgerði vestast, og svo skrifa ég ekki meira um þá landalýsingu.

Nú var þá komið að Skeggjastöðum eftir þriggja vikna hrakninga félaus og peningalaus til allra ókunnugra og sér að öllu ólíkra. Þetta var þá ávöxturinn af allri liðveislu og fyrirhyggju mannanna, sem sjálfir höfðu komið sér afar vel áfram í heiminum með sinni eigin kænsku. Skeggjastaðir eru allgóð bújörð fyrir búmann, og það besta við þá var það, að þeir tillétu eins lítinn eins og stóran búskap. Jörðin var stór og fólksfrek, ef stóran búskap skyldi hafa, en hún hafði einn kost, sem sé þann, að hún var gjörsamlega hættulaus fyrir allar skepnur. Ég man ekki eftir, að ég missti þar eina kind af slysum þau sex árin, sem ég var þar. Jörðin liggur við sjó og fjörubeit, bitþang mátti þar nota, en hvergi neins staðar sást þar skerflaga með landi fram. Skurðir og gjótur voru þar fáar sem engar og afætudý hvergi. Tún var stórt, kargapýft frá enda til enda, og í megnustu órækt en þó furðanlega grasgefið og heygott til mjólkur. Flest mold var þar svört, frjósöm gróðrarmold. Engjar kölluðu þeir þar reitingssamar og ógrasgefna, en mér virtist ekki svo. Að sönnu voru þær nokkuð reitingssamar því þær voru helst í mýrarblettum suður með hálsunum, en ógrasgefna gat ég ekki kallað þær, því meðalmaður gat þá fengið þar níu hesta af hálfþurru heimreidda um daginn, og heyið var gott til fóðurs, því það

var nær því að helfingi tómur mýrafjalldrapi, því hann var þar eins og þéttur neglingur innan um allar mýrar. En hitt var heldur, að bit varð þar ekki end-ingargott á ljáum, því heyið var allt tómur smáhrisneglingur. Útibeit var hin besta, og ef kindur gátu verið úti að staðaldri á daginn, dugði þeim það með nær því engri gjöf, fengju þær hálfu magafylli, en hitt var verra, að þar var bölvaður vetrarharðindarass og lagði oft undir með stórfönnum og hörkum langa tíma. Var þar því jafnan staðið yfir fé. Hestar voru þar fáir, og aldrei aldir upp sakir harðinda. Flestir voru þeir keyptir vestan úr Skagafirði, því hesta-sölumenn komu þaðan oft á sumrum.

Fiski- og flyðruafli var inni á fjörðum á sumrum frá því 11 vikur af sumri og fram yfir réttir. Þegar á leið, dró fiskur sig út úr fjörðunum, en fékkst þó oft lengur undir Viðvíkurbjörgum. Var það langróið og gat verið bráðhættulegt í vestan- og sunnanátt, því þá var aðeins opið hafið fyrir. Fiskur var dreginn á haldfæri með stórum, frakkneskum önglum. Var það allt meðalstyttingur, roskinn fiskur ekki. Lóðir þekktust ekki. En haukalóðir stuttar voru þó sumir að reyna að nota fyrir flyðru og skötu, sem talsvert veiddist þar. Fiskur var allur ráhertur og látinn í kaupstað 12 krónur vættin, og kaupmenn seldu hann aftur frá sér Fjallabúum og austur á Jökuldal og um allar trissur. Verzlun Carls Höephners á Vopnafirði var þung og ásvell og flutti þó oftast ósviknar vörur. En langt var að sækja þær af ströndum stífa þingmannaleið á hesthryggjum sunnan yfir Sandvíkurheiði, tvö eða þrjú stórvötn. Sumir drógu þær á sleðum og skíðum á veturna.

Fyrst þegar ég kom að Skeggjastöðum leist mér ekki á blikuna. Kirkjan var lítil en liðleg timburkirkja 20 ára gömul. Staðarhúsin voru stór og krumma-legur torfbær, að ég held 60 eða 70 ára gamall, fúinn og ónýtur að mestu. Sex álna breitt dyraport og dyraloft þar upp yfir. Stofuport þar við hliðina á, jafn-ónýtt hinu. Löng, reft göng innar frá bæjardyrum gluggalaus. Út úr göngunum til hægri gangur inn í búr. Það var þó skást og ekki mjög fúíð með einhverju hurðarflaki fyrir, en vinstra megin innganga í baðstofuna. Hún var sex álna breið með hálfflötu þaki, pallbyggð, fjögur stafgólf á lengd. Hún var syðsta húsið. Á miðju þakinu uppi voru fjórir smágluggar svo settir, að kolamyrkur var með öllum hliðveggnum fram á mitt gólf, þó um hádag væri. Veggir lágir en óþiljaðir, reisifjöl grautfúin. Loksins inn af endanum á göngunum kom eldhúsið. Það var sex álnir á hvern veg, reft með nöktum veggjum. Tvenn hlóð

voru undir veggnum sama sem dyrnar lágu inn um, því dyrnar lágu inn nærri útsunnan gaflinn. Þrennar dyr lágu úr eldhúsinu. Einar lágu fram í heytóft vestanvert við eldhúsið. Aðrar lágu fram í langan ranghala, sem líka lá í vestur og yfir litla vatnslind, sem rann fram hjá bænum ofan undan hálsinum fyrir ofan túnið. Var þetta besta innréttingin á öllum bænum.

Nokkru norðar, rétt við norðurgafli eldhússins, voru enn dyr í vestur. Lágu þær út í fjóskofa við norðvesturhorn eldhússins. Var fjós þetta reft og aðeins fyrir tvær kýr, og það sem verst var, útidyrálaust, svo láta varð kýr ganga þaðan í gegnum allan bæinn endilangan út á hlað og eins að bera undan þeim allan þennan sama veg. Hvar þeir loksins hafa ætlað fjóshaugnum að vera vita þeir sjálfir best, líklega einhvers staðar fram á hlaðinu. En þó sá ég nú ekki merki þess. Það fyrsta, sem ég gjörði, var að rífa útidyr á fjós þetta og ætla þar útgöngu. Fleiri hús fylgdu en þessi, t.a.m. smiðja suður á túni, áhaldaskemma suður á hlaði, sæmilegt hús, heyhlaða reft á veggi með tveimur stoðum, fyrir tvær kýr, hálfónýtt hús, sem hvorki hélt vindi né vatni, og tvö fjárhús niðri á túni og hjallgarmur niðri á sjóarbakka. Ekki man ég eftir húsum fleiri. En það var kostnaðarsamt að gjöra þessi bæjarhús brúklek og álagið var, segi og skrifa, 104 dalir að mig minnir. Það hefði þurft fjórfalt til að koma bæjarhúsunum í stand. Síra Siggeir Pálsson,¹ presturinn, sem var á undan mér, var nýdáinn og félaus öreigi. En það var ekki lög í þá daga að bæta fyrir fallit presta. Viðtakandi prestar fengu svarið: „Hafðu þetta, ella ekkert.“ En hitt var verra, að yfirhriðirinn hafði narrað fátækan frumbýling í ófæru þessa með röngum framburði. Við höfðumst við í stofuhróinu um sumarið. En þá þegar um haustið réðst ég í að umbæta loftið uppi yfir stofunni, leggja í það nýja súð og þilja það allt saman, setja þar á ný borð og nýjan glugga stóran og nýjan ofn, og meira gat ég ekki. Enda held ég, að þá hafi verið farið að skálpa í álagið að sækja viðinn landveg á Vopnafjörð og halda tvo smiði í þrjár vikur til að koma þessu í lag, og fæ ég ekki séð, að meira hafi verið unnt að gjöra. Þetta var þó lítil bæjarbót.

Nú skal lýsa nokkuð nákvæmar ástæðum. Skeggjastaðir voru 32 hundraða jörð að nýju mati en kúgildi tvö. Sex sauðir veturgamlir reiknaðir sem afgjald fyrir 10 álnir hver. Kot lítið fylgdi prestssetrinu, Dalshús, með 40 álna landskuld og kúgildum tveimur og Gæsagil, heiðarbyli með einu kúgildi og 20 álna

¹ Hann var prestur á Skeggjastöðum 1862 til dauðadags 6. júlí 1866.

landskuld, lambsfóður 16 og dagsverk 20. Og þarna voru nú helstu tekjurnar og fáeinir peningar fyrir sunnan, sem nú var búíð að eyða. Séra Halldór Jónsson á Hofi var prófasturinn,¹ því Skeggjastaðir eru í Norður-Múlaprófastsdæmi. Ólafur á Sveinsstöðum hafði skrifað bróður sínum um veturinn áður og beðið hann að byggja staðarkúgildin, því ég mundi ekki hugsa til búskapar fyrsta árið, og var það satt, og hafði hann gjört það, svo að þetta fyrsta ár var ég þar búlaus með konuna og einni stúlku.

Sérstaklega verð ég að geta þar bónda eins, Þórarins Hálfðánarsonar á Bakka. Hann var mér hinn besti drengur, ráðhollur, tryggur og hjálpsamur, þegar mér lá á, og hélt því alla tíð, á meðan ég var þar. Hann var ríkur, átti hálfa jörðina Bakka og fleiri jarðir. Hjá honum var móðir hans, blind og háöldruð orðin. Hún hét Hólmfríður [Sigurðardóttir], tvígíft, átti fyrir fyrri mann Hálfðán,² föður Þórarins, síðar Þorstein ríka [Bjarnason] á Bakka, og var hún ekkja eftir hann. Hún var forrík, átti meðal annars fjórar vænar jarðir í Vopnafirði, hafði verið talin merkiskona og stjórnösöm á stóru heimili. Kerlingin var trúrækin mjög, var til altaris á hausti hverju og var þá von að offra konu sóknarprestsins síns þremur spesíum (12 krónum í silfri). Þetta hafði hún haft fyrir vana svo lengi, sem menn vissu til, og þennan sama vana hafði hún á meðan ég var þar. Þetta var víst sá sami Þórarinn, sem Færeyingar seinna fengu svo mikið traust á og sem var þeirra ráðunautur í öllu, því hann átti, þegar ég var þar, mikinn kaupskap við útlenda fiskimenn, bæði frakkneska og enska, og ég hefi heyrt, að eftir að ég var farinn, fóru Færeyingar að venja þangað komur sínar. En ég segi fyrir mína reynd, að hann var heiðursmaður og besti drengur í öllum greinum.

Þegar ég var búinn að vera þarna í þrjú ár og þola margt, sem ég hirði hér eigi upp að telja, sókti ég samkvæmt fyrirheitinu um Hvamm í Hvammssveit, sem þá var laus, en öðrum var veitt, sem þó ekki hafði setið á fyrirheitisbrauði, og sá ég þá, að kirkjustjórnin var menn, að ég segi ekki flokkur, og var lærd í íslenskum mannasíðum þeirra tíma. Enn verð ég að geta þess, að fyrsta árið, sem ég var, rak 10. ágúst sextugan sléttbak, nýlega drepinn, á Skeggjastöðum. Bátar tveir höfðu samt áður komið að honum og náð utan af honum 280 pundum af spiki en svo ekki ráðið frekar við hann. Ég var eins gagnókunnugur hvalrekum og öllu þar að lútandi. En Þórarinn bóndi var öllu þess konar þauvanur, og hann tók góðfúslega að sér alla umönnun fyrir því. Skeggjastaðir

¹ Séra Halldór var prestur á Hofi 1849-81 og prófastur 1853-78.

² Einarsson, bónda og hreppstjóra á Oddsstöðum í Presthólasókn í N-Þingeyjarsýslu.

áttu ekki nema tvo þriðjunga hvalreka, því Skálholtskirkja gamla átti þar ítak einn þriðja. En síra Halldór á Hofi hafði fyrir löngu síðan keypt af landstjórninni öll hin fornu Skálholtskirkjurekaftök á Norður- og Austurlandi. Nú samkvæmt þessu krafðist hann þriðjungsins, og gaf ég það fljótt eftir, því ég hafði ekkert vit út í þær sakir. Voru nú skurðarmenn fengnir, og ætlaði þó að ganga tregt, því þetta var um hásláttinn. Fengust þeir loks upp á þriðjung af öllu, og féll þá loksins í minn hlut sem landeiganda þriðjungur af tveimur hlutum hvalsins, og af því að ég var sýrulaus og ómögulegt að fá hana, því harðindi og skepnufellir var ný afstaðinn, ég réði því af að selja mestan hluta þess hvals, sem í minn hlut féll, nema fáeinar vættir af rengi, sem ég gat sett handa mér. Vopnfirðingar voru komnir þar svo tugum skipti eins og hungraðir úlfar. Ég þekkti engan þeirra og það því Þórarin að ráða sölunni. Verðið var þetta: Ein vætt (100 pund) spik tveir rdl. eða fjórar krónur, ein vætt rengi 1½ dal eða þrjár krónur, ein vætt sporðrengi einn rdl eða tvær krónur, ein vætt tungu og kinnfisks sama og ein vætt þvesti eina krónu eða hálfan dal og stífir 10 fjórðungar eru vætt. Vopnfirðingar reyndust skilvísir, borguðu allt með kindum um haustið, engan eyri í peningum. Þetta hjálpaði mér að fá skurðarkindur um haustið og þær vænar. Líka gat ég keypt mér snemmbæra kú. En kaupendur held ég líka hafi farið skaðlausir af kaupunum. Þetta var mér styrkur til að komast úr beyglunum, en ætli hér hafi ekki sannast máltækið forna: „Betri er húsbruni en hvalreki á fyrsta ári.“

Næsta ár var mitt blómaár. Ég hafði 30 ær í kvíum og þrjár mjólkandi kýr, reri sjálfur, þegar ég gat, og hafði sjö heimilismenn fasta, fékk um 60 vænar flyðrur, annað eins af skötu og talsvert af fiski, enda gat ég þá látið í kaupstað nær hálf-tunnu af smjöri. Ég hafði saltaðan hval frá árinu áður og talsvert af fornu keti. En Skeggjastaðir liggja í þjóðbraut og nær því aldrei mannaust dag né nótt og margar aukaútgiftir og þegar öllu var á botninn hvolft var afgangur enginn. Um vorið kom hestasölumaður vestan úr Húnavatnssýslu. Það var minn gamli samfylgdarmaður frá árinu áður. Með honum kom elskulegt bréf frá Ólafi gamla og Bleikskjóni minn, og var þá kvikuslitið vaxið fram í hóf á honum, og hann var feitur og sællegur, og það besta af öllu var, að ekki vildi Ólafur heyra borgun nefnda fyrir töku hans yfir árið. Annars var mér ekkert um mann þennan. Hann setti þá upp kaup, 150 krónur, fyrir samfylgdina austur, og var svo harður í horn að taka, að ég þá varð að láta af hendi við hann ljósu merina

Skvettu, sem síra Guðmundur heitinn frændi hafði gefið mér. Ekkert lét ég neitt á merkja við hann og tók vel móti honum sem gömlum kunningja.

Næsta ár, 1869, fór velsældinni að hnigna. Dundi þá yfir í Múlasýslum versta harðinda- og eymdarár. Hafís kom að Austurlandi á göu. Hann fyllti hvern flóa og hverja vík og austurhafið allt svo að hvergi sá í auða vök af hæstu fjöllum. Um sumarmál og eftir það gekk ekki á öðru en öskrandi stórbyljum, og í maímánuði voru við og við 16 stiga frost á Reaumer. Ár og það jökulár voru sumar kaffenntar og slétt yfir allt. Að sönnu varð ekki stórfellir á skepnum, af því að hey voru talsverð til frá sumrinu áður, en kýr hríðgeltust á básum við næga gjöf. Sauðburður fór allur í hundana. Lömb drápust unnvörpum og þau fáu, sem héldu lífi, urðu þeir aumingjar, að ég hefi aldrei annað eins séð. Þau voru bólgin um höfðuðið og snoppurnar grófu í sundur á þeim, nóg af háfíslús og annarri ótímgun. Það var verið að láta ær kroppa á sjóarbökkum eftir fardaga og allar fjörur voru klakaðar. Í júnímánaðarlok var reynt að færa frá eftir venju, og var það, held ég, ráðleysa eins og þá stóð á. Ærnar gerðu lítið gagn það sumar og lömbin – drottinn minn – hræðilegri píslir hefi ég aldrei augum lítið. Þau voru hvorki til ásetnings né skurðar.

Um vorið hafði fjarska mikið af sel skreiðst upp á ísinn, og varð það sumum að nokkru gagni, sem höfðu fólksafla og áhöld til að sinna því. Ís þessi lá allt sumarið út í gegn fram í öndverðan september. Landið var svona flekkótt af snjó, en hafið allt ein hvít fjalafella, svo hvergi sá í auða vök, enda ekki ofan úr háheiðum og heilt upp í fjöru, svo smábát varð ekki við komið með landi fram. Veðráttu var svo farið um sumarið, að oftar voru logn og kyrrur, stundum með þurri, kaldri niðapöku, en stundum með þurrum sólskinsglennum á milli. Svo var loftkuldinn mikill, að þó glaðasólskin væri um hádaginn, þá myndaðist héluhjarn í hverjum skugga og elti hann eftir því sem hann færðist. Á morgnana var ætíð klakahjarn á sjónum, þar sem bil var á milli landsins og hafíssins en fór af á daginn. Þetta vissi maður svo vel, því bæði ég og aðrir gjörðum það stundum að róa út á ísinn að leita að sel, því það bar ósjaldan við, að selir fundust skotnir úti á ísnum eftir selaveiðimenn, sem höfðu týnt þeim í þokunni. Enginn gat róið til fiskjar, enda held ég, að lítið hafi verið um hann.

Gras varð þrátt fyrir þetta nærri því í meðallagi, en ósköp snögg, og var tekið til sláttar 14 vikur af sumri. Heyjaðist næsta lítið, bæði af því að graslítið var og þó einkum af því, að á sjálfum sláttutímanum voru tóm áhlaup með

stuttu millibili. Voru það norðan snjóáhlaup, sem huldu túnin með snjó, svo hætta varð vinnu um skemmri eða lengri tíma. Svona draslaðist þetta áfram til ágústloka. Því varð að taka kýr á gjöf á þessum tíma, og var verið að veiða nýtt hey upp úr snjónum handa þeim, en þær vildu það ekki, en ætti einhver til tuggu af fornri töðu, þá átu þær það rösklega. Ég ætla það væri eitthvað 6. eða 7. september í austan svakavindi sópaðist allt í einu allur ísinn burt úr Strandabugtinni með ógurlegu braki, brestum og dynkjum móti veðrinu. Um kvöldið var allur Strandaflooi alauður eins og ís hefði þar aldrei komið. Um morguninn eftir var hann horfinn burt úr öllu austurhafinu svo langt sem augað eygði. En þá tók ekki betra við. Undir eins rauk vindurinn í vestur og suðvestur og fylgdi þar með þau kynngi af ofsarigningum, aldrei því vant af þeirri átt nema þá.

Þetta veðurlag lét hann ganga allan september nærri hvíldarlaust, svo að öll jörðin var orðin í einu flóði og öll vötn vitlaus. Um októberbyrjun lagðist í norðvestan kafaldsmeldur, setti alla jörðina í snjó, gadd og svell og hlumdi á þessu fram að jólum. Þá fyrsti skipti alveg. Var veturinn mesti öndvegisvetur þaðan frá og fram úr svo aldrei kom snjókoma. En afleiðingar hins undangengna voru óttalegar. 14 kýr voru drepnar um haustið í sveitinni, því Austfirðingar vilja heldur verða af með kýrnar sínar en kindurnar. Þær vilja þeir síst af öllu missa. Allir höfðu heyjað mjög illa, sem von var á því líku sumri, og allir bjuggust við hörðum vetri, enda var hann það til jóla, eins og þegar er sagt. Ég varð þá að farga einu kúnni, sem ég hafði og sitja mjólkurlaus eftir um veturinn. Næsta vor eftir (1870) gat ég þó útvegað góða kú aftur. En ég sá hundrað augum eftir tiltæki mínu um haustið, því ég átti kýrfóður liðugt eftir um vorið.

Árin 1870-71 og 1871-72 man ég ógjörla. Ég held, að lífið hafi baslast áfram svona þolanlega, og ekki hafði ég yfir höfuð neitt út á sóknarfólkið að setja. Það var yfir höfuð að tala fákænt og lítt menntað og hafði einhvern einkennilegan viðmótsblæ, sem ég aldrei kunni við, og smávenjur ýmsar og málfærið sumt. Líka var það – meirihlutinn – sárfátækt og gat ekki greitt þessi stóru gjöld sín. 200 dali varð ég að gefa því í óloknum gjöldum, þegar ég fór, sem þessir aumingjar sjálfir báðu persónulega um uppgjöf á, og verð ég þó að segja það, að margt atvikið reiknaði ég þó upp í gjöld þess, og ekki vissi ég til þess, að nokkur maður viki svo fyrir mig hendi eða fæti, að ég borgaði það ekki fullt. Ekki kvarta ég yfir því, að mér væri ekki um tíma íþyngt þar með útsvörum

eða tillagningar fjallgöngu eða þess háttar. Austfirðingar voru ekkert sínkir af náttúru eða gjarnir á þess konar ranglæti og ekki heldur undirsettir í viðskiptum. Ég og hreppstjórinn höfðum þá tveir einir sveitarmálin á hendi, því sveitarnefndir voru þá ekki komnar á. Fólkið var heldur trúað og guðhrætt á sína vísu, sótti vel kirkju sína og enginn hreyfði í orði kveðnu efa eða mótmælum gegn kenningunni.

Fermingarbörn voru kurteis og auðsveip og viknuðu mjög við formlegar athafnir. Þetta gjörðu hinir fullorðnu líka. Þetta eru sönnustu vitnisburðir, sem ég get gefið þeim sem prestur þeirra. Hins vegar var nóg til af kjafta- og slúðurtungum, og sögur, sem oft bárust um sveitina um náungann, voru ekki allar sannleikanum sem samkvæmastar, en enginn þorði við neitt að standa, þegar ofan í þá var rekið. Þetta var því miður allt of tíður löstur. Drykkjuskaparóregla var tíð í sveitinni, og var Bakkus þybbinn fyrir. Presturinn, sem á undan mér var, síra Siggeir Pálsson, hafði verið drykkfelldur, og var illt inngrónum vana burt að hrinda. Þó voru það einkum sumir þeirra bænda, er mest þóttust eiga undir sér, sem voru ill fyrirmynd í þessu, og var þó engan veginn frítt við að bæri á hroðalegum og hrottalegum dónaskap. Þórarinn gamli á Bakka var hrein og bein undantekning frá þessu. Ég man ekki eftir því, að ég sæi hann nokkurn tíma drukkinn. Drykkjuskapur þessi fór þó stórum þverrandi í minni tíð, og þegar ég fór, var það sjaldgæft, að drukkinn maður sæist við kirkju eða á opinberum mannfundum.

Ég var búinn að koma mér upp þremur kúm og allt að 100 fjár, þegar ég fór, og var um leið stórskuldugur. Ég skuldaði kirkjunni portion hennar, sem var 2.540 krónur og í kaupstað talsvert. En ég var þó ekkert kvíðandi fyrir lífinu. Árferði var að fara heldur batnandi og ekki var ís við landið að sumri til nema þetta eina sumar, en oft varð hans vart á veturna, og voru þeir flestir fremur harðir og hörkur og aftakabyljir daglegt brauð. Ég var búinn að koma mér upp stórum matjurtagarði og gafst hann vel, þrátt fyrir kuldana, því alls staðar var gróður moldin svo góð.

Haustið 1873 varð ég skyndilega og án fyrirvara yfirfallinn af þungum og kvalafullum sjúkdómi, sem reyndar hafði áður tilfinnanlega gjört vart við sig í Reykjavík á seinustu latínuskólaárum mínum, og haldið mér þá rúmföstum í 17 vikur þrátt fyrir ráð og reikninga læknanna þar og þar á meðal sjálfs landlæknisins og nú seinast ævinnar virðist vera að smíða seinustu naglana

í líkkistu mína og mun það nú létt falla. Hvað var nú til ráða? Sjúkdómurinn [var] kvalafullur í ýtrasta máta og keyrði mig þegar í rúmið. Heimilið forstöðulaust, efni engin til að mæta þessum gesti og héraðið læknilaust, já ekki einu sinni myndað neitt læknishérað. Að sönnu var á Akureyri læknir og lyfjabúð. En þangað voru 30-40 mílur, vetur að ganga í garð, og fáir peningar í prestsins [þyngju], mátti þakka fyrir, að heimilið kæmist af og uppleystist ekki. Í vandræðum mínum fór ég að leita hómópatha, er voru til, en andinn var ekki yfir þeim þá. Mér hríðversnaði meir og meir, og þarna stóð aðeins yfir mér grátandi kona. Þórarinn gamli frétti þetta brátt. Hann rauk þegar yfir og fór að bera sig saman við mig, hvað gjöra skyldi.

Þá stóð svo á, að austur á Vopnafirði var staddur praktíserandi danskur læknir, Anthon Tegner,¹ er hafði komið ytra frá og sest þar að um tíma. Það varð að ráði að senda til hans, þó með talsverðum tilkostnaði. Hann brást vel við og sendi þegar eitt glas um leið og hann gat sér til, hver sjúkdómurinn mundi vera. En þetta kom fyrir ekki. Í annað sinn sendi ég til hans og fékk önnur meðul, og var hann þá orðinn nokkuð annarrar skoðunar á sjúkdómnum. Ekki dugðu þessi meðul heldur. Ég sendi þá til hans í þriðja sinn og var þá komið fram yfir nýár. Þá skoraði hann fast á mig að láta sækja sig og vildi fá að skoða mig. Varð það úr með ærnum tilkostnaði, og dvaldi hann hjá mér tvo eður þrjú daga og skoðaði mig vandlega. Að því búnu fór hann en sendi nú allt önnur meðul en áður og margar sortir, sem hann skipaði að viðhafa til skiptis. Voru sum þeirra ákaflega sterk og gjörðu ákaflegar umbyltingar í líkamanum mínum. Eftir það fór þó sjúkdómurinn loksins að breytast og smágefa sig, og var þá komið fram í góu. Loksins gat ég, að mig minnir, farið að klæðast fram af sumarmálunum eftir 28 eða 29 vikna rúmlegu. En svo veikur var ég af mér, að ég skalf allur á beinunum eins og hrísla og alltaf var blóðlaus og hvítur eins og nár í andliti. Í maímánuði var [ég] þó ekki ferðafær orðinn og allur eins og hálfveikur og lamaður hversdagslega. Ég gat ekki treyst því eftir því sem á horfðist, að neitt framhald mundi verða á bata til frambúðar, og réð það því af að sækja um lausn frá embættinu, því ekki vildi ég draga aðra á talar með svikulli von um það, að ég framvegis mundi vera þjónustufær.

Lausnin fékkst, en þó með verstu skilmálum, sem ég álfít vera, og er mér ekki

1 Anthon Peter Christen Tegner var norskur skipslæknir, sem fékk lækningaleyfi hér á landi árið 1873 og var læknir á Vopnafirði 1871-76.

grunlaust um, að prófastur minn, séra Halldór Jónsson á Hofi, hafi þar ekki verið einlægur millimaður, þótt hann létist vilja mér hið besta í öllu. Ég skyldi aðeins fá í eftirlaunaskyni 25 krónur í stað þess að ég þó samkvæmt lögunum, sem þá giltu, skyldi hafa haft 60 (10 krónur fyrir hvert þjónustuár) og árin voru sex. Ég skyldi hafa allar tekjur prestakallsins komandi ár en kosta þar prestsþjónustu alla sama tíma. Þetta gat nú verið gott og ekki gott, allt eftir því, hvað nágranna-prestarnir yrðu liprir og billegir, og hefi ég ei svo mjög yfir því að kvarta, síst þar sem síra Vigfús Sigurðsson,¹ Sauðanespresturinn, átti hlut að máli. En síra Halldór held ég að hafi nú einhvern veginn séð um það að bera óskertan hlut frá borði. Hann var hyggið veraldar barn og allt annar maður en bróðir hans nema á yfirborðinu, því hann vildi vera allra vinur og öllum trúr. Hann kom oftast vel fram á yfirborðinu og var hugljúfi margra, og svo ei um það meira.

Ég seldi þá við opinbert uppboð allt, sem ég átti kvikt og dautt og hélt sem fæstu eftir, því ég sá, að enn færra mundi ég geta með mér flutt austan að en austur, enda hafði ég nú færri hesta, Bleikskjóna minn og Brún og tvo eða þrjá aðra. Sjálfur tók ég að mér að rata þó árin sex væru liðin. Áður hafði ég skrifað vestur og útvegað mér íverustað, þegar vestur kæmi. Þórarinn tók að sér löglega innheimtu alls af uppboðinu, er mig minnir að hlypi á 17 eða 1800 krónum. En af því skyldu líka greiðast allar skuldir, að undantekinni kaupstaðarskuld, sem ég borgaði sjálfur um leið og ég fór. Ráðstöfun á þjónustu prestakallsins hafði ég líka gjört, svo að sóknarmenn undu vel við. 400 krónur einar í peningum hafði ég með mér auk þess, sem ég gat komist af með í kostnað á vesturleiðinni og hestana með. Þetta varð öll skuldlaus eignin eftir sex árin. Ég lagði þá af stað þaðan í nafni Drottins, hálfvesæll með konuna eina, og var bæði meðreiðarsveinn og hestahirðir. Engan skildum við þar við fyrir austan með söknuði, nema helst Þórarin og familíu hans, því þau reyndust okkur ætíð vel, og ég held ég megi fullyrða, að enginn hafi í allri sókninni borið til okkar nema meinlaust hugarþel. Það voru aðeins þrjár manneskjur, sem skildu við okkur hágrátandi, og var ein þeirra Sigríður, eldri kona, systir Þórarins. Hún tók sig til og fylgdist með okkur meir en þrjár dagleiðir. Það var einhver tröllatryggð í því kyni, gamalt, íslenskt eðli.²

¹ Hann var prestur í Sauðnesi 1869-89.

² Um viðskilnað séra Jens við Skeggjaþaðaprestakall má lesa í Fólkið, fjöllin, fjörðurinn, 5, hefti, 2004, bls. 71-72. Þar kemur fram, að frásögn Oscars Clausen um það efni í bókinni Sögn og saga, I. bindi var tilhæfulaus með öllu.

Ferðin farnaðist vel, en nú urðum við að fá ferju yfir öll stórvötnin. Á Akureyri vorum við aðeins tvo daga. En það [voru] viðbrigði, þegar kom vestur í Húnavatnssýslu. Við komum að Sveinsstöðum. Æ, þau umskipti. Okkur höfðu ekki nýlega borist fregnir þaðan. Svo stóð á, að þá fyrir skemmstu hafði Ólafur gamli verið við kirkju á Þingeyrum. Hann var þar forsöngvari og meðhjálpari alla tíð. Í kirkjunni hafði verið kuldi mikill og hann kominn á áttæðisaldur. Þar fékk hann aðsvif meðan á predikun stóð, heilablóðfall af vondri tegund, og var fluttur heim dauðvona. Þarna lá hann nú og var búinn að liggja meðvitundarlaus í viku með kvölum og ælum, eins og menn vita, að sá sjúkdómur er vanur að haga sér, þegar hann er í sínum algleymingi. Ekkjan (því ég nefni hana svo, þótt enn þá flókti líf í líkama hans), barst lítt af af sorg og harmi, og ég felldi tár yfir þessu, ég gat ekki annað.¹ En það sem furðulegast var, að mér virtist yngra fólkið taka sér þetta ofur létt. Synir hans tveir, mínir gömlu lærisveinar, voru þá báðir nýkomnir frá Reykjavík og bárust allmjög á. Var okkur að vísu tekið hið besta upp á gamlan kunningsskap, en ekki leist okkur að vera þar langdvölum, og virtist mér heimilið vera þar komið í hálfgerða uppleysingu. Ekki tók betra við, þegar að Melstað kom. Séra Guðmundur frændi var fyrir nokkru dáinn² og ekkja hans flutt burtu á aðra jörð þar út með firðinum. Hún barst lítt af og urðu samfundir aðeins til að vekja sorglegar endurminningar bæði fyrir mér og henni. En vilji Guðs er jafnan fyrir bestu. Hann veit sinn tilgang með að slá og lemstra börnin sín, aðeins að þau leitist við að taka því eftir vilja hans.

Við hröðuðum ferðinni sem við kunnum. Þegar við komum vestur á Haukadalsskarð og við sáum Breiðafjörð á lengdar, var sem af okkur létti einhverju óeðlilegu fargi og frjálslega og vonbetri héldum við svo ferðinni áfram. Við riðum út Skógarströnd um nótt, sem þá var björt enn þá, og varð ég þá að neyta þess, að mér var ekki ókunnug leið yfir Álftafjörð, því við fengum tæpa aðfallsfjöru yfir hann. Snemma um morguninn, um fótaferðartíma, komum við ofan í Stykkishólm. Veður var blíðara og betra en þegar við kvöddum þar síðast.

¹ Ólafur á Sveinsstöðum lést 19. október 1874, 62 ára að aldri.

² Hann lést 31. október 1870.

Ævisaga II

Í Stykkishólmi 1873–1874

Loksins vorum við þá fyrir Guðs náðarríku handleiðslu komin aftur í Stykkishólm eftir þessa sex ára útleið. En Guð hjálpi mér, hvílík breyting á sumu og hvílík aðkoma. Af því við vorum ekki búin að gleyma allri afstöðu, gáfum við okkur fyrst að húsi [Páls] Hjaltalíns gamla factors. Var þar enginn kominn á fætur nema dóttir hans ein, Ágústa Henrietta, besta stúlka, sú er seinna varð vitskert og dó af því. Hún tók alúðlega og vel á móti okkur, en þó um leið alvarlega og furðaði mig það ekki eftir sem á stóð. Ég tók þar af hestum okkar, og hið fyrsta, sem hún gat þá í svipinn útvegað okkur, var rúm til að sofna í, og urðum við því fegin, því við höfðum ekki sofnað í næstum þrjú dægur. Líka minnir mig að við fengjum kaffi. Við sofnuðum svo og sváfum fram undir hádegi. Þegar við vöknudum, heyrðum við úti söng nokkurra manna, er báru lík til greftrunar. Var það lík Ólafs garðyrkjumanns,¹ er við, þegar við fórum, vissum að lifði þar besta lífi. Þetta voru nú fyrstu aðkomufréttirnar í fyrsta sinni, sem við komum austan að, og fréttaúrlausnarinnar var ekki langt að biða. En saga mín mundi verða næsta löng, ef ég framsetti hana alla með þessari nákvæmni.

Hin illræmda bólguþótt (phlegmone diffusa) var þá fyrir skemmstu komin í Stykkishólm utan úr Ólafsvík. Hafði hún, að því er sagt var, gjört þar talsverðan usla. Það er sú hræðilegasta og aumkunarverðasta veiki, sem ég hefi augum litið, og ætla ég ekki frekar að lýsa henni hér, enda er hún fyrir löngu um garð gengin og rit lækna frá þeim tíma munu hafa glögga lýsingu af henni, enda þótt svo væri að sjá, sem þeir væru þá ekki vel heima í eðli hennar, mörkum og tildrögum. Það er nóg að segja, að hún var bráð, rotnunarkennd bólga, sem á svipstundu heltók allan líkama mannsins eða fleiri parta hans og með graftarólgu leysti hold hans burtu, þar til bein og sinar aðeins voru eftir á hér um bil vikutíma með óútmálanlegum, hvíldarlausum kvölum, og dóu margir ekki fyrr en hold allt var burtgrafið og héldu máli og rænu fram til hins síðasta. En oftast varð þó fljótt um þá. Hættulegast var að ganga með opnar smáskeinur eða skurði og byrgja ekki loftið frá þeim vandlega, því þá var hún óðar komin þar í með sviðaverk, og var þá ekki að sökum að spyrja. Lækna tilraunir voru gagnslausar. Það var eitthvert banvænt eitur, sem á augabragði

¹ Hér virðist vera átt við Ólaf Jónsson lyfjasvein, sem dó 31. júlí 1873.

hafði læst sig um allar [æðar]. Verst var ef hún byrjaði í fótum, því eðli hennar var að leita upp, en skárst ef hún byrjaði í hálsi eða höfði. Byrjun hennar var með köldu- eða skjálftakasti, svo að líkaminn hristist eða eins og kastaðist til og frá. Skárst reyndist að skera bólguna ávallt undir eins og vall þá út úr henni þykkt, svart blóð. Karbólmeðulin (karbólsýra blönduð, karbólvatn, karbólolía) reyndust, þegar fram í sókti, ágæt. Kuldi og einkum óhreinlæti voru hennar bestu meðhjálparar. Best reyndist gegn ásókn hennar að þvo sér daglega og helst úr karbólvatni. Annars eru lýsingar á veiki þessari framarlega í Jónassens lækningabók gömlu, sem enn er víða til.

Ég hafði skrifað Richter austan að og beðið hann að útvega okkur húsnæði og hafði hann gjört það. Húsnæðið var í nýsmíðuðu timburhúsi, suðurendinn vestan megin við breiðu götuna suður og upp úr kaupstaðnum, á höfðanum nokkru norðar en andspænis sýslumannshúsinu gamla, sem allir vita að liggur nokkru sunnar austan megin við sömu götu. Húsið var álitlegt, spónnýtt með hellupaki. En það var smíðað af Jóni heitnum Benjamínssyni, aðalsmið [Árna Ó.] Thorlaciusar gamla, og var því bæði lauslegt, kalt og óþétt. En verið getur, að þetta hús hafi nú fengið góðar umbætur.

Til þess að skýra betur afstöðu skal ég geta þess, að bær Guðrúnar gömlu Sveinbjarnardóttur Egilsen¹ stóð fast sunnan megin við það, og svo ekkert hús sunnar þeim megin götunnar. Til frekari skýringar skal ég geta þess, að hús þetta var þá kallað Kristjánshús, því Kristján heitinn Illugason, sem lengi hafði verið lausamaður í Stykkishólmi og kallaði sig Hólm, lét byggja það handa sér og átti það þá. En vegna þess, að hann var þá einhleypur maður, leigði hann hálf húsið (suðurendann) öðrum en svaf aðeins í norðurendanum. Ekkert veit ég um hús þetta síðan né forlög þess, en tel ólíklegt að það hafi verið rifið eða eyðilagt, því það var stórt og álitlegt hús með hellupaki og vel málað, enda þótt það væri grindahjallur og kalt og illa frá eldstæði gengið, því það hafði ekki múrstöpul, heldur skorstein opinn að innan. Húsið var ekki á óskemmmtilegum stað, því þaðan var víðsýnt norður, austur og suður yfir.

Í þessu húsi vorum við með eina stúlku freka 10 mánuði. Við komumst vel af og höfðum nóg, aðeins mjólkina vantaði. Mér var í huga, þegar ég væri búinn að koma mér vel fyrir, að taka mér túr suður til Reykjavíkur að leita mér frekari

¹ Hún var systir Þuríðar Kúld, konu Eiríks Kúld prófafts, og Egils Egilsen verslunarstjóra og var fráskilin prestsmaddama, hafði verið gift séra Þórði Thorgrimsen.

heilsustyrkingar gegn veiki minni, sem við og við var að smánarta í mig. En ég sleppti því af ástæðum, sem ég fyrir mína parta gæti tilgreint, ef ég vildi. En hins vil ég geta, að veðurfarið veturinn yfir varð eitt hið versta, sem hér á Vesturlandi hefur komið, og er þessi vetur 1873-74 í sunnanblöðum kallaður „Hreggviður stóri“. Hann lagði að með moldhríðum, snjóþyngslum, jarðbönnum og helfrostum um veturnætur, og innan skamms var allt samfrosti og samlitt, sjór og land. Lá þá nærri, að ég missti úrvalshesta mína báða, Brún og Bleikskjóna. En gæfan gaf [sig] þá loks, og þó dýrir yrðu þeir mér á endanum.

Það hefur verið almannamál hér, að hestaganga í eyjum að vetrinum eigi að vera þeim jafngóð og meðalfóður á landi. Nú voru þar nokkrir í Hólminum, sem áttu úrvalsgóða hesta, og af því að oft var örðugt að fá fóður handan þeim, þá urðu þeir fegnir að fá hjá eyjabændum göngu handa þeim, því hún var líka miklu billegrri en fóður. Ég varð feginn að koma hestum mínum fyrir upp á þennan máta, og varð mér það hægt, því eyjabændur á Skógarströnd voru margir fúsir á það vegna gamals kunnleika. En af því að ég var gamalkunnugur þar inn frá, vissi ég hér um bil, hvar best mundi vera. Stór og löng ey liggur fram undan Rifgirðingum, nefnd Hagaey, ágæt beitarey, því hún er ekki slegin á sumrum og er því vel loðin að haustinu. Friðrik [Jónsson] gamli, sem þá enn bjó í Rifgirðingum, tók undir eins af mér hestana til hagagöngu þarna og enn einn hest fífilbleikan, úrvalsfallega skepnu og dillivakran af maddömu Schiöth gömlu.¹ Hún held ég hafi elskað hest þann meira en augun í höfði sér, enda var það hennar eigin reiðhestur. [Í] Hagaey hefði verið nóg vetrararbeit fyrir 10 hesta. En Friðrik gat ekki annast flutning á hestunum fram í eyna í tæka tíð. Kristján Jónsson frá Geitareyjum, æskuvinnur minn og frændi, bjó þá í Straumi. Hann tókst á hendur að flytja fyrir mig hestana fram, og voru þeir sendir honum í því skyni. En maddama Schiöth hafði einhvern veginn komið sínum hesti inn eftir. Ég er sannfærður um það, að þarna hefur æðri hönd verið með í ráðum. Kristján prettaði mig um að flytja hestana fram, og gjörði mér heldur ekki aðvart með það.

Þegar ósköpin dundu yfir um haustið og land og sjór fór í ís og gadd, fór ég að fá lausafregnir af hestum mínum, að þeir myndu í landi vera og greinlausir. Brá ég þá við og keypti – en dýrt varð mér það – ötulan mann inn á

¹ Sigríður Schiöth var faktorsekkja úr Ólafsvík. Hún hafði verið ráðskona B.E.B. Jacobsens lyff sala, sem arfleiddi hana að öllum eigum sínum.

Skógarströnd að vitja hestanna. Hitti hann þá um síðir tvo eina, og voru þeir þá búnir að þvælast undan illviðrunum og ósköpunum út á Eyrarhlíð og stóðu þar sama sem í sveltu, því gaddur og ís var þá yfir allt. Kom hann þeim með nauðum út yfir Álftafjörð og ofan í Stykkishólm. Voru þeir þá harla ókræsi-legir. Sá hvergi lit á þeim né sköpulag fyrir klaka. Banhungraðir voru þeir, því hvergi fékk tittlingur í nefi tínu og farnir að leggja af talsvert. Nú voru góð ráð dýr. Enginn þorði að taka skepnu til fóðurs, og fæstir voru svo birgir, að þeir gætu það. En einlægt harðnaði meira og meira. Það mátti heita svo, að ekki linnti af stórbyljum og brunafrostum daglega og nú var komið fram á jólaföstu að engin vægð eða linun sást á neinu. Þá var það að tveir valinkunnir bændur í Helgafellssveit, ég held fremur af góðvilja en getu, tóku það að sér að hjálpa mér með hestana fram úr og sjá um, að þeir yrðu vel styrkir og færir að vordögum. Það voru þeir bændurnir Sumarliði [Þorkelsson] á Svelgsá og Halldór [Kristjánsson], sem þá bjó í Hraunhálsi. Mig minnir að Sumarliði tæki Bleikskjóna en hinn Brún, og skiluðu þeir hestunum aftur um vorið vel fóðruðum, eins og þeir voru menn til. Meðgjöfin var 32 krónur með öðrum en 34 krónur með öðrum, og var það borgað í peningum þá um vorið.

En það er að segja af hesti Sigríðar Schiöth, að hann lenti í sveltu fram í eygni. Voru ótal tilraunir gjörðar til að ná honum úr eygni eða að minnsta kosti að komast til hans, en hvorugt gat lukkast, og var þó áræðinn maður foringi tilraunanna, Lárus Skúlason, sem þá var á Ströndinni, og var fenginn til þess að reyna allt hvað unnt væri með heitorði um ríflega borgun, því maddama Schiöth var vel fjáð og enginn húski. Svo fóru leikar, að einhvern tíma á þorra gat Lárus með mestu lífshættu komist upp á klett andspænis öðrum kletti eða snös, sem hesturinn húkti á hálfdaður. Þaðan gat hann sent honum skot og drepið hann og varð svo að skilja við hann þar. Þessi urðu endalok þessarar úrvalsskepnu, og kerlingin barst lítt af, því þetta var augasteinn hennar, og þessi sömu hefðu orðið ævilok hesta minna, hefði Kristján staðið við loforð sitt. Var margtalað um heppni mína að sleppa svona vel.

Annars var vetur þessi einn sá versti, er ég eftir man, einkanlega að sífelldum illviðrum og vonsku aftur og aftur, og hörkum og stórfelldum ísalögum. Enginn maður komst á sjó úti í sjóplássunum, og neyð og bjargarskortur var þar svo mikill, að á fólki sá. Um miðjan vetur sendi Tómas hreppstjóri Eggertsson á Ingjaldshóli bréf og sendimann til Skúla Magnússonar [sýslu-

manns] þess efnis að biðja hann að hlutast til um, að einhver möguleg hjálp gæti fengist gegn yfirvofandi bjargarskortu. En þar var nú helst til manns að moka, og ekki veit ég, hvernig því reiddi af, nema að ekki fréttist, að neinum hefði orðið þar bjargarskortur að bana.

Um vorið stóð svo á, að síra Sveinn Níelsson, prófastur og riddari á Staðarstað, sagði af sér embætti, og [var] hér um bil víst, að brauðið myndi ekki verða veitt fyrir en á næsta ári. Eiríkur Kúld, sem þá var prófastur, var eftir lög-unum skyldur að útvega prestsþjónustu í prestakallið, meðan það væri laust, fór þess á leit við mig, hvort ég vildi taka þann starfa að mér. En sá var þá galli á gjöf Njarðar, að Breiðavíkurprestakall var þá líka prestlaust og tvær af þremur kirkjunum, sem því höfðu tilheyrt, voru þá líka þjónustulausar, það var á Knerri og Laugarbrekku. Einarslónskirkjusókn hafði verið einhvern veginn klínt utan í Nesþingaprestakall, og var því þjónað af gömlum og hálfdaudum presti. Hér var því ekki um gott að gjöra. Ég varð að taka að mér að þjóna fjórum kirkjusóknum, Staðarstaðar-, Búða-, Knarrar- og Laugarbrekkusóknum. En hefði ekki sjúkdómur minn verið, sem síðari reynd hefur sýnt, að ekki var læknaður, þá var það vel reynandi fyrir jafnungan mann, aðeins 32 ára að aldri, að takast þetta á hendur. Sveinn Guðmundsson, kaupmaður á Búðum, hinn besti drengur og einlægur og ráðhollur í öllu, réði mér til að taka mér aðsetur á Búðum. Þar var ég þó á staðnum, þar sem ein kirkjan var, og hafði aðeins tvær kirkjur á aðra hendina en eina á hina. Auk þess hafði ég ekkert með heimajörðina Staðarstað að gjöra, félaus maður, nema til þess að auka mér kostnað og vandræði.

Ég réði því af, að setjast að á Búðum, og fékk leigt þar hálf t h ið svo nefnda Norska hús, prýðilega fallett hús og stórt, landsuðuendann. En í hinum endanum bjó frænka mín, ekkjan Guðrún Sæmundsdóttir, dóttir Sæmundar [Sigurðssonar] gamla skipasmiðs í Stykkishólmi, en ekkja eftir Halldór sáluga Sæmundsson snikkara, sem fórst með lystiskipinu Skrauta frá Búðum. Átti hún son einn eftir manninn, Sæmund að nafni á 14. ári, hinn sama sem um lengri tíma hefur verið kaupmaður í Stykkishólmi. Var hann þá hjá móður sinni, er var sæmdarkona, vel greind [og hin] ákjósanlegasta í sambúð. Henni til aðstoðar var faðir mannsins hennar, Sæmundur [Guðmundsson] að nafni, og var hann merkismaður, eins og kyn hans var til, en hniginn mjög að aldri, en þó var hann utanbúðarmaður hjá Sveini og

fórst það vel úr hendi. Hann [var] gullvandaður, staðfastur og áreiðanlegur í öllu. Hann var einn sona Guðmundar [Jónssonar] prófests á Staðarstað. Hinir voru Þorgeir Guðmundsson, vel metinn prestur á Lálandi og mennta- og Íslandsvinur hinn mesti, íslenskaði Mynsters hugleiðingar og gaf út 11. og síðustu Vídalínspostillu. Þriðji bróðirinn var Ögmundur Guðmundsson, nefndarbóndi í Geitareyjum, og fjórði var síra Jón Guðmundsson, prestur að Helgafelli. Hafði ég aðeins kynni af tveimur þessara bræðra, nefnilega Ögmundi heitnum og Sæmundi á Búðum.

Áður en við færum úr Stykkishólmi, héldu þeir þar þjóðhátíð stóra með fjölmenni miklu og nægum áts- og drykkjarvörum, ræður haldnar og minni sungin og dansað nokkuð. Stórt tjald var sett eftir plássinu öllu vestur frá dyrum Norska hússins og vestur að húsi hinu þá nýlega byggðu handa Hjaltalín gamla vestur undir höfðanum. Síðar meir [var] það kallað Clausenshús, eftir að Holger Clausen¹ var sestur þar að. Það var eiginlega tvennt, sem truflaði veislugleðina: Annað var það, að á miðjum veislutímanum hér um bil hóf sig norðanstormur hvass, sem ætlaði að slíta tjaldið ofan yfir okkur, því hann stóð á það flatt. Með dugnaði tókst þó á endanum að festa tjaldið rammbygðilega. En þá kom annað verra, sem seinast gjörði veisluspjöll að marki, og það var Bakkus gamli. Sumir höfðu nært sig vel á náðargjöfum hans, og endalokin urðu þau, að allt hófið varð að óhljóðum og áflogum. Þegar við sáum, hvern enda þetta ætlaði að hafa, yfirgáfum við samsætið, og fórum við hjónin og Richter og kona hans [Sophia Emilía Richter] burt og heim og lofuðum þeim, er eftir voru, að berjast og færa leikinn nánast ofan að sjó og um allar áttir tveir og þrír hangandi saman í spyrðum og áflogum. Svo fór um sjóferð þá. Þetta minnir mig væri 2. júlí 1874 (þúsund ára hátíð byggingar Íslands).²

¹ Holger P. Clausen, kaupmaður og alþingismaður.

² Í bók Brynleifs Tobiassonar, *Þjóðhátíðin 1874*, Reykjavík 1958, bls. 144, er þjóðhátíðinni í Stykkishólmi 2. júlí 1874 lýst þannig: „Hólmverjar (Stykkishólmsbúar) kusu fimm manna nefnd til að standa fyrir þessari þjóðhátíð. Lét hún gera timburskála mikinn á miðri verzlunarlóðinni til veizlufagnaðar og hátíðarinnar í heild sinni. Var hann prýddur mörgum merkisblæjum að utan ofan á veggjunum, en á mæninum voru á háum stöngum danska flaggið og norska, en í miðju blátt flagg með hvítum fálka í miðjunni. ... Veizla mikil var haldin þar um daginn, og stóð hún langt fram á nótt. Var þar margt til skemmtunar. Sóttu hátíð þessar nokkuð á annað hundrað manna. Hátíðin hófst einni stundu eftir nón. Þar voru sungin mörg kvæði, flest nýkveðin og mælt fyrir minnum.“

Prestur á sunnanverðu Snæfellsnesi

Að þessari sæmdarveislu afstaðinni fór um við hjónin á hestum okkar suður að Búðum. Sveinn hafði allt til taks til móttöku okkar, og húsið var hið þryðilegasta, keypt okkar vegna af Ólafi gamla [Ólafssyni] í Skjaldartröð snemmbæra kú, dánumannsgrip, svo mjólkurleysi var ekki að kvíða, og sóknarmenn í Knarrar- og Laugarbrekkusóknum frambuðu sig undir eins til að flytja að sumrinu nægt fóður handa henni og hestunum af tvíbundnu dragbandi, tvo hesta fyrir hvert lambsfóður, og entu þeir það dyggilega, því sumarið var þurrkasælt og hagstætt. Í stuttu máli að segja: þarna hefi ég unað best högum mínum eftir að ég varð prestur, þótt örðugt væri að þjóna, af því að fólkíð var svo elskulegt og gott í öllum greinum. Á Búðum er örðugt að fá mótak, því Búðir eiga sama sem ekkert. En langt á Bökkum upp með Hraunhafnaá er mótak og verður að sækja móinn, þegar hann er þurr, langa leið sjóveg ofan allan Búðaós með stórstraumsháflæðum. Það var tekið að sér af plássmönnum um vorið að taka upp úr þessum gröfum tvítugum, þurrka úr þeim móinn og flytja hann fram á ósbakka fyrir einar 15 krónur (5 krónur hver gröf). Mór var þar allur skorinn en ekki stunginn. Og um haustið var allur mórinn sóktur ofan ós og borinn upp í hús fyrir álíka verð og um sumarið. Sveinn Guðmundsson léði skip, sem hann átti, þrjár ferðir til að sækja móinn og tók ekki einn eyri fyrir. Svona var hvað eftir þessu. Plássmenn voru þó flestir nauðfátækir og þurftu sinna muna með.

Ég byrjaði þá fyrstu þjóðhátíðarmessuna á Staðarstað annan sunnudag eftir trinitatis kl. 10 f. m. og aðra á Búðum sama dag kl. 3 e. m. Næsta sunnudag byrjaði ég á Knerri kl. 9 f. m. og á Laugarbrekku sama dag kl. 3 e. m. Þessu hélt ég áfram að sumrinu fram eftir, og er þó kölluð hálf þingmannaleið milli Búða og Staðarstaðar, en leiðin slétt og góð. En milli Knarrar og Laugarbrekku er nær því eins langt, og sá vegur er innan um mýrarfláka, hraun og urðir. Þar að auki var sá galli á Laugarbrekkukirkju, að hún stóð á eyðijörð langt frá öllum mannabyggðum. Lengi höfðu sóknarmenn og yfirvöldin horft á hana þarna og lygnt augunum yfir henni, engum hafði dottið í hug að færa hana ofan að Hellnum, þar sem kirkjan átti þar þó tvö býli, Holt og Hól, og átti þar þá frjálsan grunn undir sjálfa sig.

Sóknarmenn voru að mestu bláfátækir og áttu því bágð með að ráðast í þetta á eigin hönd, en kirkjulegu yfirvöldin voru værukær og þar að auki danskir

þjónar, sem hugsuðu: Gefi frið um vora daga. Annars verð ég að minnast þess, að í kristnu landi held ég kjör presta hafi sjaldan getað verið lúsarlegri og hroðalegri en þau voru þá, og nú á tímum hefðu þau ekki einu sinni þótt hundum bjóðandi nema eitthvað kann að hafa verið skárri í þeirra garð, sem persónulega voru vel sjálfstæðir eða voru í tengdum eða vináttu við sér betur stæðari menn. Orsök þessa hafði djúpar rætur, sem langt væri að rekja, og mest voru þær þó grundvallaðar á upprunaeðli þjóðarinnar sjálfrar, sem var að vísu fast og áreiðanlegt en þar hjá kalt, hart og dálítið séð eða undirsett og eigingjarnt. Ásatrúin eins og hún var úr garði gjörð, átti best við skapgerð þjóðarinnar. Hún var harðlynd, hefnigjörn og fastlynd, en beinlínis elska til Guðs þekktist ekki og heldur ekki elska til manna nema eigingjörn elska til skyldmenna og tengdamanna.

Þegar kristnin kom, varð þessi elska til guðs og náungans einasti þyrnibroddurinn í hjarta þeirra. Nú varð með tímanum breyting á eðli og háttum manna, ekki sú að setja kærleikann, elskuna [og] vorkunnsemina í stað harðlyndisins og kuldans, heldur sú að reyna að setja hvort tveggja saman í óhreina þoku, og það svo andstyggilega, að jafnvel kennimenn kærleikans vildu heldur hafa setið við harðlyndið gamla en þessa óhreinu tilraun að þjóna Guði og heiminum, sem engum fór vel. Þessi varð nú samt trú og guðsþjónusta Íslendinga á öllum miðöldunum fyrir og eftir siðaskiptin, fyrst blind trú á dyrkun dauðra manna og síðan virðingar- og elskuskortur og kuldi fyrir allri trú yfir höfuð, sem komst á hæsta stig á 18. öldinni og eimdi eftir af fram á 19. öldina öndverða. Menn sjá því, að akurinn var ekki nærri vel undirbúinn undir illgresi síðara parts 19. aldarinnar, sem sumir trúarsnauðir menn, er vildu ávinna sér hól og frama, voru ekki seinir að nota sér, og orð þeirra og ummæli höfðu spillandi áhrif að miklu leyti á alþýðuna, sem aldrei gat látið sér skiljast annað en að það stæði í manna valdi að skapa óbrigðul trúarbrögð í lífi og dauða. Prestar voru því ekkert vel séðir um þessar mundir og fengu margt hornaugað hjá þeim, sem sjálfir höfðu látið eða ekkert lært í sínum kristnidómi, en hlutu að vera mestu spekingar í andlegum efnum, ef þeir áttu eitthvað ofan í sig og á. Þetta var nú ástandið og sorglegt var það. En það var einkennilegt við Staðarsveit, að hún var ekki með í þessu. Fólkið var yfirlætislaust, vinsamlegt og útúrdúralaust, sókti vel messur og yfirleitt guðrækið. Þeir höfðu haft duglegan og skyldurækinn prest, og hann hafði kennt þeim að bera virðingu fyrir því, sem heilagt var.

Um veturinn húsvitjaði ég báðar sveitirnar. En ég gjörði meira. Ég vísiteraði allar fjórar kirkjurnar prófastsvísitasú og sendi bréf og skjöl þessi öll prófasti. Voru mér mest til samfylgðar við störf þessi piltar þeir þrír til skiptis, er ég hafði til kennslu um veturinn, og voru þeir þessir: Sæmundur Halldórsson. Hann hafði alist upp hjá móður sinni og afa og var nú á 14. aldursári. Hann var vel menntaður siðþrýðispiltur, skemmtinn, glaðlyndur og þó alvarlegur, hafði farsælar námsgáfur og mundi vel allt, sem hann lærði, og hafði íhugun og skarpan skilning. Hann fór með mér margar embættisferðir mínar og var jafnan lipur, skemmtinn og ráðagóður. Hann var í einu orði sagt hið besta mannsefni. Annar var Sveinn Guðmundsson, sonur Guðmundar Stefánssonar, sem var á Elliða, bróðir Stefáns Guðmundssonar í Borg. Hann var líflegur piltur og skemmtinn og hafði námsgáfur góðar, en var fremur gleyminn og yfir höfuð að tala eitthvað óstöðugur og léttur á kvaki og ekki frítt við, að hverfingur nokkur væri í honum. Þó var hann heldur skemmtilegur félagspiltur. Hafði Sveinn Guðmundsson beðið mig að mennta hann eitthvað, enda voru þeir alnafnar. Þriðji hét Óli [Jón], sonur Jóns heitins gamla [Jónssonar, bónda] í Borgarholti [í Miklaholtssókn í Hnappadalssýslu]. Honum var nokkuð öðru vísi farið en hinum. Hann var fremur dauflyndur og íbygginn, orðfár og ekkert skemmtilegur. Hann var langtum treggáfaðri en hinir til bókarinnar enda gekk honum lítt að læra. En hann hafði eitt fram yfir hina báða, fulla vasa með peninga daglega, því faðir hans var ríkur, og var engin hætta á því, að hann flíkaði þeim að óþörfu, því hann var fastrar náttúru. Orðknappur var hann, hálfbygginn og undarlegur. Var ekki trútt um, að hinir tveir hentu gaman að honum, þegar hann sat með peningabudduna á hnjám sér önnum kafinn að telja þá, því peningahugsun var þeim þá báðum ókennd. En Óli sat og þumbaðist við og þagði, og yfir höfuð var hann dagfarshægur hversdags.

Nú leið svo ár þetta fram í ánægju og friði. Sveinn Guðmundsson fór suður í Reykjavík á konungshátíðina og hafði þá í höndum og lagði fram fyrir biskup beiðni frá sér og öðrum sveitarmönnum um að ég mætti fá prestakallið eftirleiðis. En þá stóð svo á, að Þorkell Eyjólfsson, prestur að Borg, er var bæði vinur og skólabróðir biskups, og varð hann að ganga fyrir þessum landshornasirkli eins og mér. En Staðarstaður þótti þá feitur biti handa gæðingunum. Úr Gamla[hólmi] í Hagavatni voru meðalsumur 70 pund af dún, án þess að væta árarblað, og Staðará var góð mjólkurkýr handa þeim, sem þótti sjávarlaxinn

góður. Auk þess átti kirkjan 16 eða 17 jarðir, margar í Staðarsveitinni, og svo út um Nes, t.d. Gufuskála hálfra o.fl. En það vildi nú svo til, að Staðarstaðarprestarnir áttu nú aldrei mikið gull að sækja í hendur Neshreppinga. Þeir voru á þeim tíma bæði brögðóttir og óskilvísir, enda þegar átti að ganga eftir tekjum hjá þeim, þá var oftast ekkert fyrir, og það vissu þeir. Nú féll svo til, að þennan vetur dó síra Guðmundur [Guðmundsson] Nesþingaprestur¹ úr elli, veiki og fátækt, og nú þegar ég sá, að ekki var að hugsa um Staðarstaðarprestakall, þá sókti ég um þetta pestarbæli heldur en ekkert. Biskup sjálfur ritaði mér þá eiginhandarbréf og sagðist vilja stuðla að því með öllum máta, að ég gæti fengið prestakall þetta, því það væri ágætt brauð sem kaupstaðarbrauð. En þetta var tómmt yfirvarp hjá honum sem fleira, því hann vissi vel, að Ólafsvík með þeirri tilhögun og stjórn, sem á henni var þá, var enginn kaupstaður heldur peningahola Clausensverslunar, sem réði ein öllu og sama sem átti plássíð. Íbúarnir í smákofunum, sem þar voru, voru ekki annað en örsnauðir fiskimannaræflar, sem voru ánauðugir þrælarnir þessarar einu verslunar og þorðu ekki annað en sitja, standa og tala eins og hún vildi. Ég [fyrir mitt] leyti sá þá engan kaupstaðarbrag á Ólafsvík, því eitt verslunar- og íbúðarhús með einu vörugymsluhúsi hjá er enginn kaupstaður. Ég verð því að biðja að fyrirgefa, þótt ég leyfi mér að lýsa þessi ummæli biskupsins ósönn með öllu, eins og þá á stóð, og hvað gat svo þessi ímyndaði kaupstaður stuðlað til þess að styðja velgengni mína þar? Ég skynja það ekki.

Nú verð ég að segja dálitla sögu, sem ekki má gleyma. Nokkru síðar en ég var búinn að fá veitingu fyrir Nesþingaprestakalli kom prófastur síra Eiríkur Kúld suður að Búðum. Barst þá í tal meðal annars, að Nesþing mundi ekkert sérlegt keppikefli vera með þeim aukasóknum, er því fylgdu, og tekjur þess harla óvissar. Var það sérstaklega Sveinn Guðmundsson, sem orð hafði á þessu, því ég var gagnókunnugur og gat lítið til lagt, en ókostirnir voru augsýnilega þessir, að þjóna auk hinna réttu Nesþinga tveimur þriðjungum hins forna Breiðavíkurþingaprestakalls, það er að segja Einarslóns- og Laugarbrekkusóknum á Arnarstapa. Þeim hafði því, þeim hávísu herrum, hugsast það að leggja Knarrarkirkju niður en sameina Knarrarsókn við Búðasókn. Náði þá Staðarstaðarprestakall út að Sleggjubeinu eða Stapaklifi og við það situr víst enn. En Nesþingaprestakall er víst enn hið sama og þá,

¹ Hann var prestur í Nesþingum 1868 til dauðadags 29. jan. 1875.

nema Einar slónskirkja hefur síðan verið lögð niður og Laugarbrekkukirkja flutt að Hellnum. Ekki var nú sú breyting gjörð á fyrri en eftir að ég var burtu úr Nesþingum.

Í samtalinu bar prófastur það fram sem víst og áreiðanlegt, að ef ég vildi gjöra mér gott af því að setjast að á Þæfusteini, lénsjörðinni, í versta og hraklegasta koti sveitarinnar, þá væri það statt og stöðugt gert meðal sóknarmanna undir forystu Tómasar Eggertssonar, hreppstjóra á Ingjaldshóli, að þeir fyrir alls ekkert skyldu byggja yfir mig þarna sæmilegt íbúðarhús (torfbæ auðvitað), en alþiljað í hólf og gólf, svo að sæmilegt væri, og þótti mér það auðvitað besta boð, eftir sem á stóð, því bæði var ég bláfátækur og átti því ekki annan úrkost. Reynðar hafði ég látið í ljósi, að ég vildi heldur setjast að í Ólafsvík, þó ekki væri sérlega árennilegt, og var það einkum tvennt, sem mér gekk til þess. Ég ímyndaði mér, að börn þar, og þau voru nokkuð mörg, mundu hafa betra af því að geta fengið tilsögn í því, er þeim reið á að læra, ef dálítill kennsla væri stofnuð þar. Hins vegar sá ég, að þjónusta í Laugarbrekkusókn mundi verða nokkuð léttari með því að fara Kambsskarð. Er það nær því hálfu skemmri vegur en hinn að fara fram fyrir og í kringum allan Jökul. En síra Eiríkur var æstur og ósveigjanlegur. Hann vildi ekki hafna þessu sómaboði sóknarfólksins, sem hann kallaði, og viðhafði jafnvel þau orð, að hann gæti bannað hitt og hefði vald til þess sem prófastur lénsjarðarinnar vegna o.s.frv.

Ég var ekki þrætugjarn að eðlisfari og kaus því heldur að hafa frið. Þetta var nú byrjunin á skollaleiknum. Þegar ég því hafði gegnt störfum mínum þar suður frá, þar á meðal því að húsvitja um vorið í apríl alla Ingjaldshólssókn og Einar slónssókn svo sem í nafni síra Guðmundar sáluga. Var ég í viku að húsvitja Hjallasand og Keflavík og allt út á Öndverðarnes. Var Sæmundur í þessu ferðalagi með mér, og hann mun enn kunna að geta gjört grein fyrir því, hvað aðkoman var glæsileg. Það var í einu orði sagt líkast því, að maður hefði lent í villimannahverfi, enda sagði síra Eiríkur það þá í bréfi, sem hann skrifaði mér að Búðum, að hann byggist við því, að þar mundi þurfa að stinga niður reku, en ég var ekki fær um að skófla þeirri leðju burt. Þar þurfti meira til en ég gat í té látið, bæði harðræði, kænsku, peninga og enda vinaraðstoð. Ég fermdi börnin suður frá, kvaddi söfnuðinn með sárum söknuði, já sakna hans enn í dag, og sem reynst hafði mér alúðar- og tryggðavinir, enda hafði verið heiðríkja, sólskin og logn þann dag, er við fluttumst þangað.

Lítills og ómerks atviks verð ég að geta, því verið getur, að eitthvað megi á því marka. Kristján Illugason á Kjalveg, einn af nefndarmönnum sveitarinnar og meðhjálpari við Ingjaldshólskirkju, kom með tveimur öðrum að sækja okkur, og um það leyti, sem við lögðum af stað, tók kona mín eftir því, að við höfðum, eða kona mín, að gamni okkar haft með sér tvö eða þrjú pund af rúsinum í posa í farangrinum. Sá hún þá alla þrjá sitja að rúsinuveislu hjá farangrinum, og áður norður yfir Fróðárheiði var komið, voru þær allar lens og hentum við okkar á milli gaman að þessu. Nú var ferðinni haldið áfram út fyrir Enni og út að Ingjaldshóli, því þar var áfangastaðurinn. Veðrið var meinlítið en þó þykkviðri og mollurigning allan daginn. Á Ingjaldshóli var tekið á móti okkur samilega vel og bárumst við fyrir [þar] um nóttina.

Prestur í Nespingum 1875–1882

Í Neshreppi ytra var svo fólki varið: Á Sveinsstöðum bjó Oddur okkar [Þórðarson], og kemur hann víst ekkert við sögu mína. Hann var maður óhlutdeilinn og fáskiptinn. Á Vaðstakkaheiði bjó Þórarinn Árnason. Hann var sonur Árna gamla [Jónssonar] á Rauðasandi,¹ og þarf ég þar ekki lengra að fara, því faðir hans þekktist á sinni tíð. Á Skarði bjó Jón nokkur Magnússon, fullvænn drengur þeim, sem kunnu með hann að fara. Á Fossi bjó Jóhann nokkur [Jóhannsson], sagður skyldur mér, en ekki veit ég um hann meira. Í Rifi bjuggu þessir: Lárus Sigurðsson giftur Pálinu Guðrúnu Böðvarsdóttur. Hann var stórbokki en furðustilltur, ef því var að skipta. Annar, sem ég tel þar nokkuð að manni, var Tómas Bjarnason í Hallgrímsbúð, sigldur skipstjóri, talsvert mannaður, harður og hreinn, en drengur besti þeim, sem náðu því hjá honum. Hann og kona hans [Kristbjörg Jónsdóttir] reyndust mér ætíð vel, það ég frekast til vissi. Sigurður [Magnússon] hét bóndi á Bökkum, og var hann dánumaður að sögn, og ég held hann hafi verið það. Nú fer líka betri mönnum að fækka. Jón hét smábóndi einn Jóhannesson. Hann bjó í Stapatúni, sem er hjáleiga frá Ingjaldshóli og næsti bær fyrir neðan Þæfustein. Hann var góður nágranni minn, þæglundaður, viðvikagóður, en fátækur og fremur einfaldur. Hann átti konu, sem Valgerður hét [Hannesdóttir], besta kona, greind, lipur í lund, hjálpsöm, vön ljósmóðurstarfi og af góðu fólki komin. Féll okkur mæta vel við þau hjón í nágrenninu.

¹ Á að vera Rauðamelur í Hnappadalssýslu.

Á Ingjaldshóli bjó Tómas Eggertsson. Hann var að ég held ættaður úr Kolbeinsstaðahrepp, því hann átti alsystur hér inni í Eyrarsveit þaðan kynjaða og honum gagnólíka fyrir mína reynd. Hann hafði áður verið verslunarþjónn (assistent) í Ólafsvík og auðgast þar en setti síðan stórbú á Ingjaldshóli og barst mikið á, byggði þar stórfelldan bæ og lét víst endurbæta þar kirkjuna líka o.fl. o.fl. Hann var veraldarbarn á hæsta stigi og vildi berast mikið á, enda sparði ekkert til þess. En hann vantaði þá hæfileika, sem þvílíka stöðu þrýða. Nær því kaupstaðarlífi vildi hann lifa á heimili sínu. Hann var heldur vel að sér og honum var allmjög í hug að mennta og fræða aðra og var hið besta kennaraefni. Hann var hversdagslega heldur umgengnisgóður og viðfelldinn í tali og held ég vel greinargóður. En hann var þjónn eigingirinnar, svo að varla mun hægt að fara lengra í þá átt.

Hann hafði talsvert álit á sjálfum sér og áleit að sín ráð mundu æ vera hin bestu. Þvert á móti hugsaði hann stórt en brast útsjón, og þess vegna fór hann oft flatt með uppáhaldsfyrirtæki sín. Hann var undirhyggjumaður mikill, en hafði þó skapgalla þann, sem þvílíkir menn oft hafa, þótt undarlegt sé, nefnilega þann, að hann var frábærlega trúgjarn. Hann elskaði peninga, og var ekki frítt við, að hann væri ágengur við aðra, einkum ef hann treysti sér vel við þá. Hann var hversdagslega bóngóður maður og átti viðskipti nær því við hvern mann. En vara skyldu menn sig á reikningum hans. Hann fékk marga í þjónustu sína, en enginn maður var skuldlaus við hann. Hann var einn þeirra manna, sem trúðu því, að enginn gæti ríkur verið, nema hann um leið hefði alla mannlega fullkomlegleika til að bera til hvers sem vera skyldi. Þeir einir skyldu ráða öllum sveitarmálum, öllum hreppstjórnarmálum, öllum héraðsmálum, úttektum jarða o.s.frv., og það gat ekki brugðist, að skoðanir þeirra væru jafnan hinar réttu. Nýjungagjarn maður var hann svo sem frekast mátti verða. Hann var mesti blaðamaður og hans mesta yndi var það að lesa fyrir fólki sínu og skýra fyrir því nýjungar blaðanna, sem auðvitað voru þá ætíð óyggjandi sannindi. Ég held, að þróunarkenning Darwins hefði orðið Biblía hans, ef hann hefði þekkt hana. Ófriðar- eða æsingamaður var hann ekki og heldur sáttfýsandi, sáttanefndarmaður ágætur og gat vel komið orðum að uppástungum til sátta. En hvort þær voru þá ætíð hugsaðar af strangri réttvísi var annað mál. Allt skyldi, ef yrði, vinnast í kyrrþey. En allar þessar reglur og kenskubrögð héldu þó ekki stikk. Hann varð á fáum árum efnalaus og öreigi á Ingjaldshóli og endaði seinast líf sitt í dýpstu niðurlægingu.

Einn hans fremsti meðstjórnandi í sveitinni og meðhjálpari við kirkjuna, Kristján Illugason á Kjalveg, sló því einu sinni fram um hann, að honum hefði ætíð látið best að synda í óhreinu vatni. Það er víst, að Tómasi heitnum var afar margt vel gefið, en hið versta var, að honum var ekki veitt gæfa eða lán til að njóta þess, síst í siðferðilegu eða andlegu tilliti. Því án trúar held ég hann hafi ugglaut verið hið innra og þar vantaði fæturna til að standa á. Hann reri líka oft með hinum verstu árum og gat varla haft lag á að neyta þeirra. Ævisaga hans það, sem ég til hennar þekki, sýnir þetta best. En hún væri nokkuð orðmörg að fram bera hana alla.

Á Kjalveg bjó Kristján Illugason, sem áður er nefndur. Hann var meðhjálpari við Ingjaldshólskirkju. Hann var ekki ómennilegur maður, hafði áður fyrri verið vinnumaður hjá Árna sýslumanni Thorsteinsen í Krossnesi og eitthvað mannast þar, og þar hafði runnið saman með honum og konu hans Helgu [Jónsdóttur], er var þjónustustúlka þar. Voru þau búin að búa þarna lengi [og] voru nú orðin hnigin að aldri. Helga heitin var myndarkona, þriffin og stjórnsöm, og gjörði heimilið að myndarheimili. Þau áttu þrjá fullorðna syni og tvær dætur uppkomnar. En ekkert þessara varð neitt gæfusamt. Björn hét hinn elsti, annar Elías og Andrés hinn þriðji. En svo áttu þau hjón annan son eldri, sem var giftur og bjó niðri í Klettabúð í Keflavík. Hann hét Kristján, og voru það sómahjón¹ fyrir mína reynd.

Ég settist að á Ingjaldshóli, á meðan hið lofaða prestssetur yrði uppfært á Þæfusteini, og þjónaði eftir föngum bæði Fróðársókn, Ingjaldshólssókn og fyrir sunnan Einarslónssókn og Laugarbrekkusókn. Ég var orðinn þar nokkurs konar farandprestur, því prestakallið var orðið hér um bil sjö mílur eða átta enda á milli og sex stórhættuleg vatnsföll á þeirri leið auk talsverðra trafala vegna sjóanna. Var skaði, að Búlandshöfði gat ekki verið með til að fullkomna þrælakjörin. Okkur hjónum var vísað til svefnis í draugaherbergi svonefndu á Ingjaldshóli. Varð kona mín oft að vera þar ein, þegar ég ekki gat komið heim að kveldi, sem oft var, og sjálfur var ég hér um bil oftast nær einn á ferðinni. Til dæmis skal ég segja það, að á þessum sjö árum fór ég 14 sinnum aleinn undir Ólafsvíkurenni og í kolsvörtu náttmyrkri, stundum fótgangandi og í talsverðri hættu.

Við fengum menn til að færa upp mó fyrir okkur á Þæfusteini, það var hér um bil sá eini kostur við Þæfustein, að þar var mótak og nálægt. Mórinn var

¹ Kona hans hét Helga Þórðardóttir.

með stórbláum jarðarlit upp úr jörðinni, var harður eins og sindur, þegar hann þornaði og molagjarn, en logaði allvel og var ákaflega heitur, nærri eins og smíðakol. Grafir voru ákaflega djúpar og hættulegar, fullar með stórblátt vatn og rauðamýrar æðar. Sá, sem varð mér hjálplegastur í öllu því starfi, var nábúi minn, Jón Jóhannesson í Stapatúni, enda var hann vettvangi næstur. En mér þótti hinni lofuðu bæjarbyggingu fara illilega að seinka, því konan vildi fyrir hvern mun losast burtu úr draugaherberginu. Fór ég því að grennslast betur eftir þessu og komst þá að því eftir langa vafninga og snúninga, að þetta var að mestu tilhæfulaus uppspuni samansettur af þeim Tómasi og síra Eiríki Kúld snemma um vorið með einhverjum litlum ádrætti frá einstaka manni um að styðja við þá að byggja tóftarveggi að tóft framanverðu til að rétta við hina gömlu baðstofutóft, sem var þvengmjó og eitthvað þrjár álnir í þvermál, pallbyggð með dálitlu upphækkunni þrepi, og engan við skyldi til leggja. Það er ekki að orðlengja það, að þetta varð til hins megnasta haturs, illinda og óróa. Tómas þrætti allt hvað af tók, en ég bar fyrir mig vitni prófasts sjálfs á Búðum, en Tómas kvað þá verða að heita ljúgvitni. Ég skrifaði um hæl Sveini Guðmundssyni á Búðum og sagði honum, hvar nú var komið. Hann svaraði mér þegar, og man ég orðin, sem stóðu í bréfi hans: „Víst er um það, að síra Eiríkur sagði nógu skýrt og greinilega, bæði í áheyrn minni og annarra manna, að það væri staðfast áform Neshreppinga að byggja handa yður nýjan bæ á Þæfusteini, og standa þessi prófastlegu orð ekki óröskuð eftir því, sem ég er nú farinn að heyra utan að mér og eftir því sem bréf yðar skýrir frá.“

Þetta bar ég fram, en það tjáði ekki, því Tómas þverneitaði öllu og var svo æstur, að ekki var við hann að fást. Við hjónin rifum okkur þá á svípstundu burtu frá Ingjaldshóli og yfir að Þæfusteini og þjuggumst um sem best við gátum í lítilli skemmu, sem stóð þar vestur á hlaðinu. Að því búnu reið ég inn í Ólafsvík og gat náð þar út láni, 2-300 krónum í ýmiss konar við, júffertum, plönkum, borðum og saum, er við þurfti til smíða. En menn gat ég fengið til að hlaða veggi. Sá forni bær hafði verið svoleiðis lagaður: Austast baðstofa á bálki með dálítilli upphækkun, svo að tvö þrep voru upp í hana að ganga framan úr bænum frá vestri. Hún var tæpar þrjár álnir á breidd en allt að fimm álna löng, torfgaflar í báðum endum, lítill gluggahola á norðurgafli, en hvergi annars staðar. Hún var ekki manngeng inni, fúin og ónýtt gömul reisifjöl, viðargólf ekkert að mig minnir. Fram úr henni lágu göng til vesturs, hér um bil þriggja

álna löng tæp[lega] manngeng, veggrefnt með engri gluggaholu í. Suður úr þeim dálítið æxli. Á vinstri hönd eldhúskompa, tveggja álna á hvorn veg, og dálítill stoð undir suðurgafli. Fram úr þessu eldhúsi lágu göng norður beint til bæjarðyra jafnlöng baðstofunni (sami veggur undir báðum).

Út í vesturvegginn inn við eldhúsdyrnar var ferkantað skot, alin á hvern veg, opið og hurðarlaust, beint á móti innganginum inn í baðstofuna. Ekki man ég, hvort nokkurt gluggagat var á norðurhlið þessa skots upp í veggnum, en hitt er víst, að enga birtu lagði þangað inn þótt hádagur væri og þótt skímu legði úr bæjardyrnum beint inn á eldhúsdyrnar. Mig minnir helst, að skot þetta væri nefnt „draugaskotið“, og að þeim, sem inn úr bæjardyrnum komu og ætluðu inn í baðstofu til vinstri, virtist, um leið og þeir voru að snúa sér við en renndu um leið hornauga til skotsins, sem þeir sæi þar „draug í durum standa“. En hvað sem um þetta er, þá er hitt víst, að úttektarmenn nefndu þetta í úttektinni „búrið“. Hvort nokkrum manni hefur hugkvæmst að nota holu þessa fyrir matgeymslubúr, get ég ekki sagt með vissu, nema að í þessi sjö ár, sem ég dvaldi þar, hugkvæmdist konu minni það aldrei. Bæjardyrnar sneru í norður með dálíttu ekki ósnotru bæjarþili fornu með vindskeiðum, hurð á járnum og lokuumbúnaði.

Ég hafði þarna í starfi menn í tvo mánuði fulla. Allur máttarveggur baðstofunnar var rifinn burtu og gaflar báðir. Baðstofurúmið var gjört fimm álna breitt og sjö álna langt portbyggt og loft hér um bil gildra þriggja álna hátt undir loftslár. Baðstofan var krossreist með sperrum og langborðum, sterkri reisifjöl. Stafnpil að norðanverðu niður úr. Uppi á loftinu stór sex rúða gluggi á gaflinum og annar fjögurra rúða gluggi á vesturhlið baðstofunnar hér um bil miðri. Rétt framan við hann var þverpil yfir baðstofuna með dyrum í miðju og tvílaestri fyllingahurð fyrir. Syðri hluti baðstofunnar var líka alþiljaður nema þilið fyrir suðurgafli var úr fornum þiljum. Á vesturhliðinni þar var annar gluggi álíka stór og hinir, og varð hann að duga þar. Þar voru þrjú rúm. Fram við þverþilið að sunnanverðu var lúkugat með lúku á hjörum. Niður úr því var stigi ofan og fram í göngin. Allan annan hluta bæjarins varð ég að láta ósnertan og búa við hann í sjö ár eins og hann var, enda var nú þetta allt búíð hér um bil að ríða mér að fullu.

Svo stóð á, að þegar Vigant Clausen, sem var verslunarstjóri föður síns í Ólafsvík, komst á snoðir um þetta allt, þá held ég, að honum hafi blöskrað allt

saman, en hann var útlendingur og öllu of ókunnur hér til þess að geta sett sig inn í hugsunarhátt og gerðir Jöklamanna, enda reið honum sjálfum það loksins að fullu. En hvað sem nú þessu líður, þá bauð hann verslunarþjónum sínum að láta mig tafarlaust og hiklaust fá út úr versluninni það, sem ég bæði um og verslunin hefði til, og varð því ekki fyrirstaða í því, en nærri mun það hafa látið 600 krónum í allt, og þar að auki gaf hann mér að vísu brúkaðan en þó brúklegan ofn í nýja herbergið. En því var miður, að ofnþípur átti hann ekki til, og varð mér lengi vandræði úr því. Þæfusteinn er mesta kuldabæli og liggur opið og öndvert fyrir öllum norðan- og austanvindum. Hvert hús verður að snúa þar í norður og gluggar allir. Því það er einn kostur þeirrar jarðar, að hún er eitthvert það mesta veðravíti af suðri, sem ég hefi þekkt og á verið. Jökullinn ber er þar í hásuður og er sólarhádegi frá Þæfusteini á jökulþúfunum.

Eftir eitt ár liðið varð ég að láta rífa burtu suðurgafli baðstofunnar, láta rista 400 af torfi og fékk Kristján gamla á Kjalvog og syni hans tvo til að byggja gafi í baðstofuna og skjólvegg fyrir bæinn allan, átta feta þykkun, byggðan úr tómu torfi, þannig að í hver tvö lög var torfan stumpuð sundur í miðju og með stumpum var byggt en láta sporðana mæstast í miðjunni. En við hvert þriðja lag var torfan lögð þvers yfir vegginn svo löng hún var hver við aðra en endarnir stumpaðir af að utan og innan. Af þessum byggingarmáta var ekki brugðið eitt einasta lag í öllum veggnum upp úr og niður úr. Þetta dugði. Suðri var ekki eins sterkur að hrista og skekja eftir og áður. Önnur bygging dugir vart lengi á Þæfusteini nema þá steypist, og verður steypan að vera vönduð.

Nú vorum við þá þarna vafin skuldum, innan um kaldlynda og menntunarsnauda sjóardóna og undirfórula og það versta var, að stóru ljósin, sem yfir allt þetta áttu að skína, voru mórauðustu þokuhvellirnir. Nóg um þetta. En ævi mín í þessi sjö ár og örðugleikar þeir, sem ég átti við að stríða, eru hið allra versta, sem fyrir mig hefur komið á minni löngu ævi. Um vorið eftir, 1876, fór Vigant og familía hans burtu úr Ólafsvík og tóku þá við stjórninni þeir Holger Clausen og Thjell, þjónn hans. Það voru seinustu ár Skúla sýslumanns, sem dó, að ég held, seinast úr fylliri.¹ Lenti ég þá í skuldabaslsþrætum, því verslunarskuldur í Ólafsvík voru þá orðnar býsna háar. Ekkert man ég, hvernig ég baslaðist fram úr því. Á þriðja vetri, sem við vorum á Þæfusteini, lagðist kona

¹ Skúli Magnússon Nordahl var sýslumaður í Snæfellsnessýslu 1871-77 og síðan í Dalasýslu til dauðadags 1. júní 1881.

mín í þungri taugaveiki og lá í sjö vikur, og var ég þar einn yfir henni nótt og dag, því var engum á að skipa innanbæjar nema gamalli kerlingu, sem raunar vildi gjöra sitt besta, en var óvön meðferð sjúklinga. Kona mín var með óráði og hér um bil fullu meðvitundarleysi í viku og engin læknishjálp eða meðul við hendina. Loksins voru það Halldóra Daníelsdóttir og Katla Jónatansdóttir, þá ógift hjá móður sinni á Sandinum, [sem] fóru að að gefa sig til þess að vaka nótt og nótt til skiptis, en það var á seinustu vikunum. Þá varð ég svo af mér genginn, að ég langan tíma var að ná mér aftur, því á þeim tíma varð það að vera, að ég gegndi embættisverkum og heimastörfum eins og ekkert hefði í skorist, nema hvað Jón gamli í Stapatúni rétti mér oft hjálparhönd og var þó einvirki sjálfur.

Nokkru áður, ég ætla það væri haustinu áður, hafði ég sjálfur kastast niður í hættulega kverkabólgu og varð þá að kaupa mann inn í Bjarnarhöfn til Þorleifs gamla [Þorleifssonar], sem strax sendi meðul og bréf út eftir. Ég lá þá rúmfastur á aðra [viku]. Gamansaga dálítill í sambandi við þetta. Á sunnudaginn meðan ég var um það leyti lakastur, hafði ég ætlað að messa á Ingjaldshóli, en nokkrir þeirra, sem til kirkju höfðu ætlað, höfðu heyrt að ég væri lasinn, og fóru að spyrjast fyrir hjá Jóni, tengdasyni Tómasar, hann sat þá á Hóli hjá tengdaföðurnum í velsæld sinni, hvernig þessu væri varið, og hafði hann sagt hverjum einum, að þetta væri ekki nema skröpur, og mundi ég vel heilbrigður næsta sunnudag. Það lá við sjálft, að þar mundi safnast múgur og margmenni til kirkjunnar. En mér vildi það til, að á sjálfan laugardaginn gat ég komið áreiðanlegum mótboðum út í sóknina, svo allt varð með lagi. Þetta var hrekkjabragð, en varð að ónýtu. Margar þess konar smátítuprjónssögur gæti ég sagt frá þeim árum, ef þær lengdu ekki söguna of mikið. Þetta var bara einn títtuprjóninn.

Þrátt fyrir allt og allt skal ég bera Ytri-Neshreppingum þann vitnisburð, að þeir voru menn mjög kirkjuræknir. Ég man ekki eftir því, að á Ingjaldshóli í öll þau sjö ár, sem ég var [þar], félli nokkurn tíma niður messa vetur né sumar vegna þess að ekki kæmi nóg fólk, og á jólanótt og nýarsnótt voru þar á ári hverju haldnir kvöldsöngvar. Í hinum sóknunum minnir mig, að það væri líkt, og víst var um það [að] á Fróðá varð sjaldan messufall, nema ef bráðar ófærur eða vatnavextir bönnuðu, en þetta var svoddan grindahjallur, að það var oft varla messandi í henni fyrir innfoki og leka. Að sönnu var hún smíðuð um, á

meðan ég var út frá, og var það smíði til að gera hana hálfu verri, og loksins held ég, að það hafi orðið örlög hennar, að Suðri gamli hafi feykt henni á sæ.

Að Hellnum suður var ég ætíð vanur að fara daginn áður, og í Einarsslónskirkju held ég oftast hafi kunnað að koma fyrir messufall, en ekki saka ég mig um það nú eða síðar, enda var hún gömul og fúin og orðin vanari því að vera hrossasketshjallur en guðshús. Ég hefi aldrei séð kirkjuhirðingu aðra eins. Í Lóni bjuggu bændur tveir, þeir sauðsvörtustu dónar, sem ég hefi fyrir hitt. Annar, Gísli gamli [Guðmundsson] Lónsi, nautheimskur maður en meinlaus og annars ekki illa gjörður, aðeins að hann hefði getað lifað fyrir heimsku. Hinn hét Ögmundur Jóhannesson, venjulega kallaður Ögmundur stóri, því hann var sláni að vexti og sterkur. Hann var nú eiginlega umboðshaldarinn yfir hrossaskemmunni. Hann stundi ávallt og var gljáandi af hrossafeiti. Hann var alls ekki heimskur maður og taldi sig vera skáld mikið. En þetta [var] siðlaus óþrifadóni. [Hann] var ekkjumaður og hafði átt ekki ómyndarlega konu, Halldóru Sigfúsdóttur Bergmann [sem] átti kyn innan úr Dölum. Varð ég til að jarða hana út á Ingjaldshóli haustið 1874, því síra Guðmundur, sem þá var enn á lífi en veikur orðinn, treystist ekki til þess. Ögmundur bjó að nafninu þarna í Lóni og hafði áhalds eina stelpu og móður sína, einhverja þá ljótustu og leiðustu kerlingarskrukku, sem ég hefi augum litið.

Mér hefur aldrei eins boðið við að koma inn í nokkra kirkju eins og þessa Einarsslónskirkju, því fyrir utan það [að] hún var svo hrörleg, að maður varð að vara sig á að fótbrjóta sig ekki ofan um gólffjalirnar, þegar inn eftir henni var gengið, þá voru sætin oft yfirsáð með hráu bosi af hestskrokkum, og voru þeir bornir út á meðan messað var og bornir svo inn aftur, þegar úti var. Varð þetta oft að ágreiningsefni milli mín og Ögmundar, því það var ekki stætt inni í kirkjunni fyrir hrossasketslykt meðan messað var. Af kirkju þessari áttu að greiðast presti 50 pund smjör, hálfar leigur af kúgildum hennar. En ég afbað nærri því strax leigur þessar í smjöri, því þær voru óætar. Helmingur þeirra var skötulýsi. Ég skal ekki segja það, sem ekki var, að það var sjaldan hrossafeiti saman við þær. En skötulýsið var ávallt á borð borið, og svo átti þetta að gilda fyrir vel verkað og gjaldgengt smjör. Ég var í vandræðum með þær. Enginn vildi snerta á þessu á heimili mínu, og ég gat ekki heldur prakkað þeim út í búðina í Ólafsvík. Svona voru nú kjörin mín þá. Guð einn þekkir þau og skynjar best, og hann veit, að ég gekk þá ekki ávallt í rósemi.

Það er ekki illa til fallið að gefa lesenda dálitla hugmynd um tekjur prests í Nesþingaprestakalli á þessum árum, svo að hann geti fengið einhverja hugmynd um það, hvaða peninga presturinn ætti að hafa í höndum haft, bæði til að bæta úr nauðsynjum sínum og svara þeim útgjöldum, sem á honum lágu í opinberar þarfir. Það mun ekki fjarri lagi að ætla, að lambsfóður innan Ennis hafi verið um 24, en utan Ennis 16, samtals 40. Dagsverk ætla ég á í báðum sóknunum með tómhús- og lausamanna dagsverkum nálægt 120. Tíundir gjöri ég um 60-70 kr. Prestsmata af Ingjaldshólskirkju 90 pund smjörs, af Fróðárkirkju 100 pund smjörs. Extraverk mega teljast um 200 kr. Laugarbrekkusókn 16 lambsfóður og 40 dagsverk. Prestsmata af Laugarbrekkukirkju 50 pund smjörs, tíundir á að giska 12 krónur og prestsverk aðrar 12. Einarslónskirkja lambafóður um 10, dagsverk 20. Prestsmata af Einarslónskirkju 50 pund smjörs. Extraverk á að giska 8-10 kr. Þetta eru þá hér um bil preststekjurnar allar. Tíundir í Einarslónssókn 6 kr. Hvert lambsfóður 4,50 kr., hvert dagsverk 2,33 kr. Hvert smjörpund um 60 aura. Afgjald þæfusteins, svo engu sé gleymt, um 50 krónur, og þá er allt búið.

Prestsgjöldin greidd þannig: Dagsverk einn maður að slá einn dag. En Neshreppingar vildu hafa það hér að slá dagsverk sín eftir réttir, þegar öll tún voru búin. Svo stóð á því, að margir þeirra fóru til sjós og komu ekki heim fyrri en sláttutími var úti, og ekki nóg með það, helst vildu þeir, að þessi vinna þeirra þá skyldi gilda eins og í júlí og ágúst, og meira að segja þeir vildu skylda prestinn til að geyma handa sér blett til að slá, þótt komin væri sunnanátt og ófæra, sem oftast var á hausti hverju, þótt presturinn næði þessu heyi aldrei. Sumir fóru í kaupavinnu á sumrin heim í sveit og hjá þeim varð presturinn að sæta sömu kjörum. Það er óhætt að fullyrða, að fullur þriðjungur allra dagsverka tapaðist hreint upp á þennan máta. Væri borgun heimtuð í stað þessa, kostaði það rífrildi og hatur. Fátæktin kom þá fljótt á þrjónana og var höfð að skálkaskjólí, því hún var ekki svo mikil hjá sumum sem þeir létu. Það var föst skoðun hjá þeim, að hefði presturinn ekki til svo mörg lömb, að hann gæti látið lamb í hvert fóður til þeirra, er fóður vildu taka, þá væri honum það tapað með öllu. Neyddist ég því til að láta fullorðnar kindur á fóðrin og hafði oft af því stórskaða, því bæði var það, að fóður á fullorðinni kind gat aldrei jafnast á móti lambsfóðrinu, og svo ef kindin tapaðist fyrir handvömm þá var sjálfsagt, að ekki var að ábyrgjast nema tapað lamb. Ég fékk því oft gemlinga heim fyrir

tapaðar ær. Ég vissi ekki til, að Tómas á Ingjaldshóli borgaði nokkurn tíma einn einasta bita af smjöri upp í kirkjuleigur þær, sem hann átti að greiða nokkurt ár, en hann hagaði því svo, að um það leyti, er greiða skyldi, var hann búinn að fylla viðskiptareikning okkar með viðvikum, manna- eða kerlingalánnum eða sendiferðum, svo að ekki var eftir mikill afgangur handa leigunum. Hinn kirkjubóndinn, Sigurður Sigurðsson á Fróðá, var heldur hreinskiptinn maður, þótt hann væri svarri og ofstopi; borgaði sínar kirkjuleigur skilvíslega, oftast in natura. Ögmundur í Lóni burðaðist með sitt skötulýsi sem og áður er sagt, og hvað Laugarbrekku áhrærir, þá hefi ég þar dásnotra sögu að segja, og hún er svo hljóðandi:

Maður er nefndur Jón Guðmundsson. Hann bjó í Mávahlíð og er alkunnur að vera dóttursonur Ásgríms [Vigfússonar] fyrrum Hellnaprests. Að erfðum frá afa sínum hafði hann fengið Laugarbrekku og kirkjuna þar. Hann var heldur vel efnaður, því hann átti líka ábúðarjörð sína og talsvert gangandi fé. Honum var margt vel gefið af því, er honum var ósjálfrátt, t.a.m. var hann bátasmiður ágætur. Hann var svo á sig kominn, að sagt er, að hans vegna hafi Laugarbrekka farið í eyði, því enginn vildi eiga hann þar að landsdrottnei vegna ójafnaðar hans og yfiringangs. Nú var karlinn barnlaus og vildi fyrir hvern mun losast við jörðina og kirkjuskriflið og gefa einhverjum kúgildin, 30 ær loðnar og lembdar, sem voru hjá honum, til að vera laus við allt saman. En yfirvöldin voru stöð, eins og vant er, og síra Eiríkur var þar ekki barnið besta. Þau sáu, að karlinn átti að heita efnaður, átti Mávahlíð og hús nokkurt, og væri nóg ábyrgð hjá honum. Síra Eiríkur var ráðgjafi biskups í öllu þessu, og eftir orðum hans fór hann gegnum þykkt og þunnt. Karl snerist illa gegn þessu. En af því hann þorði ekki að mjamta gegn yfirvöldunum hugsaði hann sér að hefna [sín] á prestinum, sem leigurnar átti að taka, svíkja hann um leigugjaldið, það sem gæti, gjöra honum allt til ama og, ef unnt væri, koma honum úr vegi, og allar þessar tilraunir sókti hann dyggilega. Þetta stóð prófasti á sama [um]. Ég var syndaselurinn, sem átti að taka á móti öllum skellunum. Karlinn hamaðist á mér alsaklausum, galt eitthvað upp í þessar leigur með illindum. Seinast endaði hann með því að semja og senda prófasti stórt kæruskjal yfir mér og embættisverkum mínum og fékk tvo smábændableðla þar inn frá til að skrifa undir þetta með sér, sem sagt, svo gjört. Prófastur kom út eftir að garfa í þessu, og niðurstaðan varð sú, að Jón reyndist opinber lygari að allri kærinni

og varð klökkur að biðja fyrirgefningar á opinberum fundi. Þá var ég orðinn svo æstur gegn honum, að ég ætlaði að fara inn í Hólum að vörmu spori og kæra hann fyrir yfirvaldinu, en lét þó á endanum sefast fyrir bænarað Grímólfs bónda Ólafssonar í Hrísum, nefndarbónda, er var mágur Jóns. Jón varð þá að biðja fyrirgefningar opinberlega og færði það sér til afsökunar, að hann hefði einhvern tíma fyrri fengið byltu á höfuðið og skemmt það og orðið þá svona illvígur og róstugjarn. Eftir það áttumst við ekki illt við framvegis, og hann hýsti mig eftir það tvisvar í húsvitjunarferð, því það mátti hann eiga, að hann var gestgjafi hinn besti.

Nú var eftir örðugt mál, og það var að reyna að ryðja af sér kaupstaðarskuldunum, sem voru orðnar vaxnar mér yfir höfuð. Þá var faktor í Ólafsvík Þórarinn Guðmundsson, náfrændi síra Helga Árnasonar,¹ og hefi [ég] ekkert nema fremur gott til hans að segja. Það varð að samningi milli okkar, að hann keypti [af] mér öll lambsfóður og dagsverk utan og innan Ennis gegn því að fá 1/6 í innheimtulaun. Var þetta kunngjört. En það vantaði ekki mikið á, að við báðir yrðum að gæta vel lífs okkar eftir þetta. Hann rak frá sér lömb í fóðrun, lét summa vinna dagsverk hjá sér þá er næstir voru, heimtaði borgun af sumum og færði sumum þau til skuldar í reikningi o.s.frv. Það er ekki unnt að lýsa þeim ósköpum, sem á gengu út úr þessu. Sumir kölluðu þessi gjöld tekin með ráni og yfirgangi, og sumir gáfu það út, enda skriflega, að þeim væri beinlínis stolið. Þeir bjuggu út uppnefnaskrár og létu þær finnast hingað og þangað. Þæfusteinsþjófurinn var heiðursnafn mitt hjá þeim. En Þórarinn nefndu þeir Ólafsvíkur-Móra og Ólafsvíkurþjófinn o.s.frv. Verst létu þeir, er voru utan Ennis, og skríllinn í sjóplássunum. Það var svo sem yndi að heyra á allt þetta hjá kristnum Jöklurum. Aðkomumenn, sem reru út, fóru að taka eftir þessu, og það fór að berast út á meðal þeirra. Vísast að þetta [hafi] borist um allar eyjar og inn Strandir og ég veit ekki hvert, og fer nú að líða að endanum og mælir svívirdinganna er orðinn fullur og þó vantar eina rúsinu enn.

Seinasti veturinn, sem ég var á Þæfusteini, veturinn 1881-82, var aftaka-hardur og þó verri og hardari sem á hann leið. Hefir hann af sumum verið nefndur Steypir, og ber hann það nafn með réttu, því að á honum steypist flest er hjarði. Ísar lágu umhverfis allt land nema Faxaflói og Breiðaflói, og nær því kolfellir varð hér um allt Vesturland. Hefði orðið hér hinn verstí mannfellir, ef

¹ Prestur í Nesþingum 1882-1908.

ekki hefði í tíma verið komið í veg fyrir það með stórgjöfum frá öðrum löndum og talsverðum lánum af opinberu fé. Um vorið var hin mesta hungursneyð í Neshreppum, sér í lagi hinum ytri, því að fyrir hörkum og ísalögum varð ekki á sjó komist. Ég átti um haustið fyrir um 80 kindur, flestallar á fóðrum hjá öðrum, þrjár kýr og sex hross; en um vorið 10 lamblaugar ær, eina kvígu kálflauga og þrjú tryppi. Þá missti ég Brún minn gamla, og var nær því búinn að missa Bleikskjóna minn líka. En þó varð ekki af því þá. Hver skepna, sem lifði, var merglaus og til engrar brúkonar fær. Þá dóu þó um vorið tveir menn úr harðrétti í Neshreppi ytri, enda þótt reynt væri að berja það niður með ofurkappi og lygi, eins og venja var til hjá þeim, er völdin höfðu, og þeir standa nú fyrir dómstóli Guðs til að forsvara.

Pennan vetur hafði ég fengið veitingu fyrir Setbergsprestakalli í Eyrarsveit og varð því feginn að mega yfirgefa hinar fyrri stöðvar. En það var ekki hægt til flutninga. Ég reyndi að komast sjóveginn á milli og leigði stórt skip til að flytja búslóð mína, sem ekki var mikil. En þegar til kom, gat ég engan fengið þeirra Sandara til að fara. Svo var hatur þeirra og úlfúð þá mikil út úr gjaldamálinu forna. Maður er nefndur Stefán Bjarnason. Hann bjó þá í Keflavík í búð þeirri, er Dyngja hét. Hafði okkur komið vel ásamt og engin þræta eða misklíð okkar á milli. Hann bað ég að taka af mér til geymslu farangur minn, fyrst ég gat ekki þá komið honum sjóveg. Hann hafði þá ekki áhalds nema hlöðugarm hálfopinn, og varð ég að gjöra mér það að góðu og ganga þar frá honum sem ég gat best. Á Ingjaldshóli hafði ég hvorki kvatt söfnuð né kirkju, því ég gat ekki fengið mig til þess, en við Fróðárkirkju og [í] báðum suðurkirkjunum hafði ég kvatt með mestu virktum. Ég skal geta þess, að Breiðvíkingar höfðu alltaf verið mér heldur góðir, eins og á meðan ég var á Búðum. Þeir höfðu, þó fátækir væru, furðanlega vel greitt gjöld sín og flutt þau sjálfir inn að Þæfusteini. Var það mestmegnis hertur smáfiskur, því annað höfðu þeir fæstir til, en ég fékk stundum ríflega af honum hjá þeim. Dagsverk sín og lambsfóður borguðu þeir skilvíslega, oftast með fiski. Þeir voru ávarpsgóðir, auðveldir og þægilegir. Í Innri-Neshreppi voru líka margir góðir drengir, og þar var allt reglubundnara og kyrrlátara líf en í ytri hreppnum. Sumir seinni faktoranna í Ólafsvík voru mér líka innan handar, skal ég þar til nefna Þórarin og þá ekki síst valmennið Torfa J. Thorgrímson, sem hélt hinu sama fram við mig, eftir að ég kom inn að Setbergi.

Við kvöddum þá faktorinn í Ólafsvík og kunningjana þar undir kvöld og lögðum af stað inn í Eyrarsveit. Þetta var, að ég ætla, í öndverðum júnímánuði á að giska hálfum mánuði fyrir Jónsmessu eða því sem næst. Það var um nóttina austnorðan stormdrif, þurrt veður og hreint, en ákaflegur kuldi, svo að við frosti lá, enda varla sauðkropp á túnum að sjá. Við vorum aðeins fjögur á ferðinni þessa köldu og björtu nótt á máttlausum hestum, sem varla gátu burðast með okkur fót fyrir fót. Þá voru allir vegir í sínu versta standi hér í Útsveit, einkum hjá Látravík og aftur um Grafarnes. Yfir höfuð mátti það segja um allt svæðið utan frá Búlandshöfða og inn að Gröf, að það var allt samanhagandi háskatorfærur og vegleysa, og engin mannhönd hafði þar snert á neinu til nokkurra umbóta. Við stauluðumst þetta samt öll hálfókunnug leiðum nema Stefán heitinn, bróðir minn, sem var vel kunnugur.¹ Ferðin var engin höfðingjareid né höfðingjasamfylgd. Það var aðeins bláfátækur útkjálkaprestur, sem hér var á ferð með konu sína og eina stúlku og þá rétt fertugur að aldri. Sólin var nýlega komin upp, er við komum inn að Setbergi, þreytt, svöng og syfjuð, og hvað tók svo þar við?

Setberg

Prestur næstur á undan mér var síra Þorvaldur Jónsson, sonur síra Jóns Hjörtssonar á Gilsbakka, bróðir Hjörts læknis í Stykkishólmi.² Hann hafði sókt um Ísafjarðarprestakall haustið fyrir eftir áeggjun bræðra sinna tveggja þar, Árna kaupmanns þar og Gríms barnakennara. Þó fékk hann ekki prestakallið nema með því skilyrði, að hann þjónaði sjálfur þar vestur frá um veturinn, en fengi prest til að þjóna hér til vordaga. Fór hann þá þegar vestur, en fékk síra Eirík Kúld til að messa fyrir sig nokkrum sinnum og vinna fyrir sig nokkur prestsverk. Um vorið kom hann hér suður til að afhenda prestakallið og gjörði það eins og hann var lundlaginn á, þar sem við fátækan embættisbróður var um að eiga og öflugir velunnarar og virktavinir til aðstoðar. Ég er alveg viss um það og þyrði óhikað að framleggja sáluhjálpareið upp á það, að þvílík afhending á prestakalli með tilheyrandi hefur aldrei framfarið á Íslandi, hvorki fyrr né síðar og mun að líkindum aldrei framfara héðan af, og var þess ill von, þar sem öðrum megin var ranglátur og í hæsta máta hlutdrægur prófastur,

¹ Stefán Vigfússon Hjaltalín, bróðir séra Jens, bjó um skeið á hjáleigunni Tröð í Eyrarsveit.

² Hjörtur Jónsson var héraðslæknir í Stykkishólmi 1867-94.

fordrúkkinn og sífullur sýslumaður, mágur síra Þorvaldar,¹ þrír málsmetandi og harðdrægir bræður. Og úttektarmennirnir hér, Þórður Einarsson í Bár og Guðmundur Oddsson á Hallbjarnareyri. Ég man eftir því, að á meðan á úttektinni stóð, bar þar að Þorleif í Bjarnarhöfn. Honum varð lítið á úttektina, þá er komin var, og kastaði fram þessum orðum við úttektarmennina: „Í Guðs almáttugs nafni, gáid að, hvað þið eruð að gjöra. Þið munuð þó eiga samvisku og verðið að standa reikning af gjörðum ykkar.“

Guðmundur Oddsson hló að þessu, en Þórður fór þá að guggna eitthvað við þetta innlegg og sagði: „Já, það er nú satt, þetta er ekkert álag.“ En þá rauk síra Þorvaldur upp á Þorleif með fúkyrðum og kvað honum koma þetta lítið við og hann hefði ekki verið þar til kvaddur og kæmi þarna fram eins og hlutaskítur o.s.frv. Þorleifur vildi þá ekki eyða frekari orðum að þessu, því hann sá líka máginn drynjandi við hlið síra Þorvaldar. Ég lagði lítið til þessara mála, en lýsti því þó yfir, að ég vildi ekki skrifa undir úttektina, og tók síra Eiríkur það svo, að ég mundi vilja afsala mér prestakallinu. Seinast um kvöldið heyrði ég undir væng á milli prófasts og sýslumanns, að þeir voru að stinga saman nefjum um það, hvern þeir gætu nú fengið fyrir yfirúttektarmann, og skildist mér á því, að sýslumaður gjörði ráð fyrir því, að ég mundi ætla að krefjast yfirúttektar. Það gat ég að vísu, en hvað var unnið við það? Yfirmatsmenn geta verið breyskir eins og aðrir menn, og seinast sýndu þeir það á Setbergi vorið 1919, að þeir kunna lítt til sanngirni, þótt yfirmatsmenn væru, því hafi mér borið að borga 13–1400 krónur ofan á Setberg 1919, þá átti ég sannarlega heimting á 3.350 krónum ofan á það 1882.

Húsin voru þessi: Baðstofuhús portbyggt, sex álna breitt og 15 álna langt. Niðri grænmaluð stofa hér um bil sex álna á hvorn veg með átta rúðna glugga breiðum á vesturhlið. Bæjardýraport stutt en breitt til vesturs, en innar í því stigi upp á baðstofuoftið. Að norðanverðu undir baðstofunni stofuhús eða skáli, ekki eins langur, og stofan að sunnanverðu, með sex rúðu glugga á vesturhlið norðan bæjardýra. Inn hjá stiganum göng inn í annað hús nokkru mjórra en baðstofuhúsið og ekki portbyggt. Í norðurenda þess húss var búr, hér um bil fimm álna breitt og sjö álna langt, og á móti því að sunnanverðu

¹ Hér er átt við Sigurð Jónsson, sem var sýslumaður í Snæfellsnessýslu 1878-93. Hann og séra Þorvaldur voru giftir systurum, dætrum Jens Sigurðssonar, rektors Lærða skólans. Sigurður gat því varla talið óhlutdrægur, þegar um afhendingu prestakallsins var að ræða. Hjörtur lækni, bróðir séra Þorvalds, var einnig viðstaddur afhendingu prestakallsins.

eldhús í lífri stærð og búrið með breiðum gangi á milli dyranna og svo austurveggur undir báðum húsunum sameiginlega og milliveggur milli þeirra og baðstofuhússins hinn sami undir báðum. Þessi tvö hús, baðstofuhúsið að framan en tvö að innan voru bæjarhúsin og stuttar en breiðar bæjardyr til vesturs. Skemma norður á hlaði, hér um bil sjö álna breið í þremur stuttum stafgólfum. Heygarður að skemmubaki alveg niðurrhuninn með tveimur löngum heystæðum og austur úr honum fjós með fjórum básum byggt þannig að það var tvö hús að innanverðu með fjórum básum, grindarfjós. En fram af því mjótt fjós með tveimur básum, öðrum í suður, hinum í norður. Dyrnar út út fjósinu í austur út í sökkvandi mýri og venjulega flóandi ívatni. Fremra fjósið var reft á vegg. Tveir hesthúskumbaldar yfir á Holtastaðatúni fram í flaginu á bakk-anum, annað fyrir þrjá hesta en hitt fyrir fimm og bæði reft á vegg. Þetta voru öll staðarhúsin.

Það var harla kynlegt, að ekkert loft átti að fylgja baðstofunni, og varð ég að taka í álag fyrir 40 kr. að mig minnir. Ég gleymdi 40 kinda húsi uppi á Hólavelli (vestasta húsinu þar). Veggirnir byggðir úr tómu torfi; hvergi steinn í vegg, átti að vera tvístæðuhús, en viðir allir ónýtir. Baðstofan uppi átti að vera undir skarsúð, en í meira en hálfri baðstofunni hékk hún inn í lykkjum og sums staðar var hún dottin alveg burt og voru eftir torfskellur með götum á. Þiljurnar í stofunni víða[st] hvar dottnar alveg burtu og berir veggirnir sátu eftir. Allt gólf svona, gólfslárnar fúnar burt. Herbergið í norðurendanum allt dottið í smáfjalir. Nær því allur suðurþilgaflinn á baðstofunni var dottinn inn, og þó var enn eitt verst af öllu. Það var komið fast að síra Þorvaldi að fara að endurbyggja bæinn, og var hann búinn að láta rista nær þúsundi af torfi norður í mýrum til þessara efna. En Hjörtur læknir, bróðir hans, réð honum frá því, sagði að hann yrði aldrei svo mörg ár á Setbergi, að hann fengi þann kostnað staðist. En svo stóð þá á, að Frakkar voru þá að bjóða lítið hús, er þeir áttu á Grundarkampi eftir fyrri veru sína þar, en vildu nú gjarnan losast við. Hjörtur réð bróður sínum til að kaupa hús þetta fyrir svo sem 2-300 krónur. Var það orðið mjög fornfálegt og aðeins 10x7½ alin að stærð. Sem sagt, svo gjört. Þorvaldur keypti húsið fyrir slikk, reif það og flutti viðinn yfir að Setbergi. Hann fékk Jón sáluga Benjamínsson í Stykkishólmi til að setja það upp og bæta í það nokkru af nýjum við, svo að það varð byggilegt. Það varð ein stofa þvert yfir hálfan suðurenda hússins, eitt lítið svefnherbergi til hliðar vestan

megin, en gangur eftir húsinu miðju til stofudyra. Austanverðu með hliðinni var eldhúsið, en útgangur úr húsinu um norðurgaflinn. Síðan bjó hann til mjóan gang úr endanum á húsinu og yfir í suðurstofuna í bænum, svo að gengið yrði úr bæjarstofunni og suður í húsið. Til að koma þessu í verk varð að rífa mjó göng gegnum stofugaflinn, og þar þiljaði hann innan í moldargöngin með afar þunnu þili. En þennan gang hefði hann helst átt að búa ekki til, því með honum myndaðist ferkantaður krókur milli norðurgafllins á húsinu og suðurgafllins á stofunni. Nú hallaði grundvellinum öllum til vesturs, en svo var þar þverlokað fyrir með ganginum. Afleiðingin varð sú, að allt það vatn, sem í rigningu streymdi niður með húsgaflinum, komst í sjálfheldu í króknum og bæði í eldhúsinu í húsinu og eins jafnframt í suðurstofunni í bænum varð vatnið dýpra en í skóvarp ofan á gólfunum inni og varð að sitja þar þangað til upp stytta og vatnið gat smásigið niður. Álagið á öll hús staðarins úti og inni varð einar 335 krónur, og þó voru bæði búrið og eldhúsið burtu og hvorugt einu sinni til og þó áttu þau hús bæði að vera stráheil þilhús. Af búrinu var alls ekkert til, en á eldhúsinu sást aðeins á dálitlum öskubing, hvar það hafði verið. Göngin þangað inn úr vestara húsinu eðlilega fallin inn og horfin. Þessi lýsing á öllu er sönn og rétt.

Nú var að ganga að því vísu, að álag á útihúsin hlaut þó talsvert að vera, ekki síst skemmuna. En þetta var nú samt svona. Álagið var þetta allt og sumt. Ekki einn einasti eyrir þar af í peningum, nema einn 20 kr. peningur. Það var loftið í baðstofunni 40 kr., segglaus sexæringsbátur forn 100 kr., legubekksræfill gamall, stór úr búi Bjarna gamla Gunnlaugssonar á 20 kr., ofngarmur á 30 kr. og eitthvað fleira dót á borð við þetta. Nú var ekki hér með búíð. 10 kot smærri og stærri fylgdu kirkjunni og voru þau að vísu teiknuð upp og ábúendur þeirra, en alls engin ábyrgð fyrir því, að neinn þeirra væri ábyrgðarfær; aðeins upp-teiknun þeirra og látið gilda fyrir afhendingu. Aðeins Spjör var afhent í eyði og tekin út að nafninu. En eitt ærkúgildi, sem henni átti að fylgja, var aldrei afhent, enda hefi ég ekki séð það síðan, nema eina eða tvær lamblaugar ær um haustið. Svona var allt hvað eftir öðru, og síra Eiríkur skrifaði inn í úttekta-
arbókina, að Setbergsprestakall væri mér afhent með fullri ábyrgð og nægu og góðu lagi. En verst þótti mér að vita, hvernig með kirkjuna var farið, því litlu betri útreiðir fékk hún en ég, nema verri væri í sumum greinum.

Hvorki Setbergskirkja né sjóður hennar eða umsjón kom í mínar hendur

fyrri en 1892. Prófastur síra Eiríkur Kúld hafði sjóð hennar undir hendi, sem var um 900 krónur, og kirkjan var orðin 70 ára gömul. Ekki hafa tekjur hennar verið stórar á ári hverju!?! Stefán Daníelsson hafði með að smjaðra síra Eirík með fagurmælum sínum, svo að hann fékk honum innheimtu kirkjunnar og að gjöra grein fyrir, hvað hún legði upp á ári hverju. Var það annaðhvort með vilja eður án sú óhyggilegasta meðferð á fé kirkjunnar, því Stefán hafði aldrei verið fjármálamaður um dagana. Á ári hverju lagði kirkjan upp um 36 krónur, og þó voru tekjur hennar brúttó um 120 krónur á ári hverju. Síra Eiríkur vissi þetta vel, en leið það þó. Söfnuðurinn var fyrir löngu orðinn ólmur eftir því að fá kirkjuna endurreista og lýsti því hátiðlega yfir á hverjum safnaðarfundi. En hér er nú eitt að athuga. Þegar Setberg var tekið út, átti kirkjan líka að takast út, en síra Eiríkur lét það aldrei framfara, en lét sér aðeins nægja að setja í úttektarbókina, að álag kirkjunnar hvíldi á sjóði hennar og væri hann meira en nógur til að kosta það. Með þessu hafði hann hleypt síra Þorvaldi úr öllum vandanum. En þetta voru hrein ásetningsósannindi, því vita mátti síra Eiríkur það, að hefði kirkjan verið tekin út eins og vera bar, þá hefði álagið á hana ekki orðið 800 eða 900, heldur 2000 krónur að minnsta kosti, og hver hefði svo átt að svara þeim 1200 eða 1100 krónum, sem umfram hefðu orðið kirkjusjóðinn? Samkvæmt gömlum kirkjulögum enginn nema síra Þorvaldur sjálfur, því hann hafði verið umsjónarmaður kirkjunnar og ábyrgðarmaður hennar.

En nú þegar svona var komið, var það eðlilegt, að síra Eiríkur setti sig á móti nýrri kirkjubyggingu með hnúum og hnefum. Hann vissi vel, að þessar 900 krónur, sem kirkjan átti til, stóðu inni hjá honum og hann vissi vel, að þær 1600 krónur, sem kirkjan varð að taka að láni, stöfuðu að nokkru leyti frá hans eigin illu ráðstöfun á fé hennar árin 1880-1892. Hann tafði fyrir málinu það hann kundi en vildi þó ekki láta mikið á bera. Hann lét þess að vísu getið við hverja vísitasíu, að söfnuðurinn hefði enn sem fyrri látið í ljós mikinn [áhuga] á því, að fá kirkjuna endurreista. En hvað dugði það, þegar aldrei var neitt frekar í því gjört, og ég er öldungis viss um það, að hefði Pétur biskup og síra Eiríkur setið að völdum til þessa, þá væri Setbergskirkja enn þá hin sama og hún var, þegar ég kom þangað.

Sumarið 1891 vísiteraði Hallgrímur biskup Sveinsson kirkjuna hér að Setbergi. Hann lét framfara hér messugjörð, þó ekki sér til fordildar, því hann talaði ekkert, en honum mun ekki hafa litist á umbúnaðinn og allan frágang og

meðferð kirkjunnar. Hann fór fram á það við mig, hvort ég vildi taka að mér umsjón og fjárhald kirkjunnar; sagði að þótt ég væri sá rétti umsjónarmaður hennar og hefði átt að vera það frá fyrsta [degi], þá væri nú ekki unnt að gjöra mér það að skyldu frammar, nema því aðeins að ég góðfúslega vildi taka það að mér. Ég var lengi á báðum áttum. Sumir voru þessa fýsandi allmjög, en aftur aðrir réðu mér mjög ákveðið að gjöra það ekki. Þeir sögðu, að efnahagur minn væri svo bágborinn, að ég þyldi það ekki, einkum með tilliti til þess, að í þessi 10 ár, sem ég væri búinn að vera, hefði ástand sveitarinnar verið svo aumlegt eftir fellirinn mikla, að tekjur þær, sem ég hefði búist við, að yrðu mér til ábata, hefðu einmitt orðið mér til mesta tjóns og skaða, svo sem jarðaafgjöldin og fleira. Þetta var og satt. En hins vegar þótti mér leitt að geta ekki orðið við bón skólabróður míns, sem aldrei hafði hrekkjað mig eða bekkst til við mig í neinu, að geta ekki orðið við bón hans, og víst virtist mér Guði lítil sámi sýndur með því að framflytja [guðsorð] að staðaldri í þessu hússkrifli, sem þó máske sumum hafi þótt fullsæmandi hús handa honum. Næsta vor tók ég þá kirkjuna að mér með eða móti vilja prófasts. Hann var þá farinn að hálfífúna í tigninni karlinn og önnur hönd hans, Pétur biskup, var dauður.

Ég sókti um lán handa kirkjunni fyrir sunnan, 1600 krónur, og [var] það veitt þegar. Um sama leyti pantaði ég frá Mandal í Noregi viðarskip og var Torfi J. Tómasson mér önnur hönd í því.¹ Að þessu [loknu] fór ég inn í Stykkishólm og pantaði Svein [Jónsson] snikkara og tvo lærisveina hans, annan fullnuma, til að vera kirkjusmiði, og skyldi verkið hafið 1. júlí og vera akkorðsvinna. Ég skyldi greiða honum 6-700 krónur að kirkjusmíð lokinni, en hafa um 300 krónur fyrir alla uppvarntingu hans og hinna á meðan á smíðinni stæði. Viðurinn kom á Grundarfjörð og var fluttur í land á Setbergi. En nú var slæmur galli á gjöf Njarðar. Viðurinn var miklu meiri en pantaður hafði verið og margt af honum annað; en góður viður var það og ósvikinn. Orsökinn var sú, að skipið ætlaði að flytja meiri við en þann, er ætlaður var aðeins í kirkjuna. En svo hafði þeim við verið fleygt reglulaust í skipið innan um sjálfan kirkjuviðinn og allt svo flutt hér í land í regluleysi. Johannes Törresen, Norðmaðurinn sem fyrir skipinu var, tók sér þetta mjög nærri, því hann var drengur góður, og var nú ekki annars kostur en sækja Svein inn í Stykkishólm og láta hann velja úr viðnum það, sem pantað hafði verið. Ég fór og sókti hann, en sú ferð hans kostaði

¹ Hann var kennari í Eyrarsveit 1889-92.



Setbergskirkja, sem séra Jens lét reisa árið 1892.

20 krónur. Hann gat undir eins þekkt kirkjuviðinn frá, og var svo hitt flutt út á skip. En þá höfðu sumir af sveitarmönnum vaknað við þessar þreskingar og fóru nú sem óðast að kaupa við af Norðmönnum. En með það, sem eftir var, fór hann inn í Hólm og seldi það þar. Ég borgaði honum þegar 600 krónur og gaf honum ávísun á prófast. En mér brá heldur en ekki í brún, þegar hann skrifaði mér, að prófastur hefði ekki getað borgað alla ávísunina, af því að hann gæti ekki lánað mér meira. Ég sendi honum strax peningana, sem vantaði, en lét hann jafnframt vita, að prófastur ætti ekkert hjá mér, en ávísunin hefði verið gefin upp á peninga kirkjunnar, sem hún ætti hjá prófasti. Hann skrifaði mér þá aftur og sagðist vita það. Svo bar ekkert frekar til tíðinda.

Kirkjan var smíðuð á tveimur mánuðum í júlí og ágúst, og Sveinn var með sína tvo menn, nema að fyrsta hálfan mánuðinn hafði hann tvo [aukamenn] með sér, meðan grindin var tilhöggvin. Að því búnu var lýsing á henni send suður og líkaði biskupi vel. Um 900 krónur átti hún í sjóði [og] 1600 króna lán

fékk hún suður frá. Gamla kirkjan var rifin og seld á uppboði, og varð hún 200 krónur. Voru engir nýtilegir munir henni meðfylgjandi nema gamall skírnarfontur úr tini, hálfur hestburður að ég held. Má vera, að hann sé til enn. Altaristöflu átti hún enga til. Sóknarkaleika tvo í baukum og einn kirkjuka-leik að ég held úr silfri, patínudisk lélegan og fornt og uppslitið altarisklæði, tvo hökla, hvorugan fallegan, predikunarstól með rangeygðum postulum og grettnum guðspjallamönnum. Brot úr koparhjálmum með einum þremur stjök-um í, og búið er nú. Ekki að gleyma einni rykkilínstusku. Þetta voru kirkjunnar skrautgripir. Byggingarkostnaðurinn allur 3100 krónur.

Þá hefi ég enn eina frægðarsögu að segja af yfirvöldum Íslands og afskipt-um þeirra af högum presta, sérstaklega mínum á tímabilinu frá 1882-1892. Eins og öllum er kunnugt, voru á þessum árum hér hin verstu harðindi. Sveitirnar skepnulausar eptir fellirinn 1882, og fullt hér um slóðir af óráðs-og óreglumönnum, fátæklingum, sem raunar ekkert áttu, en sem í stað þess að reyna að bjarga sér með ærlegu móti, leituðu sér fordildar í því að svíkja og tálðraga saklausa menn og villa heimildir á sér og fá sér trúað fyrir ein-hverju, sem stóð á miklu, en svo að svíkjast undan merkjum allt í einu og láta þann, sem hafði trúað þeim, sitja eftir með skömm og skaða. Meðan ég var í Nesþingum, eitthvað einu ári áður en ég fór þaðan, hafði hinum háu herrum í Reykjavík hugsast, að það kynni þó að vera ástæða til að bæta upp það marglofaða Nesþingaprestakall með því, þegar Hítardalsprestakall hið gamla sundraðist og var lagt til Staðarhrauns, að taka frá því tvær jarðir og leggja til Nesþingaprestakalls. Að þetta væri í undirbúningi var mér skrifað vorið 1880, að ég mætti eiga þess von, að kastað væri í mig beini suður í Kolbeinsstaðahreppi. Jarðirnar áttu að vera Brúarhraun og Hraunsmúli. En ekki var neinn dagur tiltekinn, hvenær ég ætti að veita þeim móttöku. Líklega hafa það þó verið fardagarnir.

Ég beið og beið að heyra eitthvað frekar um þetta. En engin skeyti komu og ekkert skeyti um frekari afhendingu jarðanna. Undir haust, fyrir Mikjálsmessu, fékk ég bréf frá Benedikt [Björnssyni], ábúandum í Brúarhrauni, er var einn hinn kjörbesti og hreinskiptnasti drengur, sem ég hefi við átt. Sendi hann mér leigurnar af sinni jörð, en stakk því að mér um leið, að betra væri fyrir mig að hafa auga á Hraunsmúla, því ekki myndi þar allt sem tryggilegast um hnútana búið. Ég brá þegar við og fór suður í Kolbeinsstaðahrepp. Frétti ég þá, að ábú-

andinn á Hraunsmúla hefði heitið Gísli [Magnússon], óáreiðanlegur fátæklingsumingi og að nokkru leyti á sveit, hefði étið upp þrjú kúgildi jarðarinnar og flæmst frá henni um vorið félaus og allslaus og að séra Jónas [Guðmundsson] á Staðarhrauni teldi sig úr öllum vanda með að skila jörðinni, þar sem ekki hefði verið strax leitað eftir henni um vorið. En hver átti að gjöra það þá? Víst ekki ég, sem enga löglega áskorun hafði fengið um afhendingu jarðarinnar. Út úr þessu varð þræta, sem gekk suður og varð resolutio stiftsyfirvaldanna þessi, að þau sáu sér ekki fært að skylda síra Jónas til að svara til jarðarinnar, úr því svona áliðið [var], en aftur á móti óskuðu þau og vonuðu, að þetta gæti jafnast með góðu þannig að hálfan skaðann bæri hvor. En síra Jónas var nú ekki á því. Svo var þetta borið undir álit héraðsprófastsins, síra Stefáns Þorvaldssonar í Stafholti. Hann var harður maður og hreinn, og hans úrskurður var sá, að ég hefði alveg á réttu að standa. Stiftsyfirvaldanna beina skylda hefði verið sú að láta fram fara beina afhendingu og úttekt á jörðunum báðum í fardögum, úr því [þær] gengu undir annað prestakall. En síra Jónas með alla Skarðsþeningana í hendi sér bauð þá frítt upp á málssókn og það treysti ég mér ekki til. Féll svo mál þetta niður. En svo seinna, þegar síra Helgi kom til Nesþinga vorið eftir, þá varð ég að borga brúsann með kúgildum þeim, sem fallið höfðu á Þæfusteini, sem fóru þá öll í fóðrun hjá öðrum, þegar fellirinn varð.

Þrátt fyrir öll þessi slys og óhöpp, sem ég hefi orðið fyrir í viðskiptum við aðra, hefur mér aldrei getað lærst að vara mig á krókavegum mannanna og mun aldrei takast það til dauðans. En ég skal játa það, að krókótt og kyndug kynslóð eru þeir og verða margir hverjir, sem börnum er ekki hent við að fást. Ég gæti sagt frá talsvert fleiri smærri bellibrögðum þeirra, hrekkjum og ásælni, ef mér þætti það þess vert. Ég hefi þjónað hér prestakalli þessu í 37 ár eftir þeirri náð, sem mér var til þess gefin. Hvort ég hefi gjört það í heild með einlægum og góðum vilja er Guðs eins um að dæma. Lífskjör mín hafa verið þung og erfið yfirleitt og þó sjaldnast frá Guðs hendi. Þvert á móti hefur hann dásamlega leitt mig og stutt, þegar í mestu óefnin hefur verið komið, og þrá-sækilega gjört ráð og illan vilja mannanna gegn mér að heimsku, einkanlega hefi ég bersýnilega þreifað á því seinni part ævinnar.

Fyrst framan af og í mörg ár eftir að ég kom að Setbergi var ævin mín hin aumasta og bágbornasta. Ég hafði tekið við hinni aumlega niðurníddustu moldarhúsajörð með aumara álagi en nokkurri samviskusamri sál hefði verið

unnt að hafa það minnst, og ég varð að hafa það þar, því réttur einmana einstaklinga var þá harla lítill í landi þessu. Ég varð að setjast að með konu mína í vatnsstofunni og bjóða þangað gestum, sem að garði komu. Bjargræði var harla lítið um að gjöra handa sex mönnum og ekkert traust að nema hrognkelsarusl, er við fundum í fjörum, og einstaka soðning af þeim, er góðsamir náungar voru að senda okkur.

Þegar ég fór inn að Setbergi í fyrra skiptið eitthvað viku áður en ég fór alfarinn, fékk ég þá Sigurbjörn [Helgason] í Kirkjufelli og Harald [Pálsson] í Hellnafelli með mér fram í Melrakkæy að vita, hvort nokkurt líf væri þar komið. Reyndist þá svo, að þar var farið að verpa talsvert. Við leituðum eyna vandlega, tókum þar talsvert af dún og um 300 egg. Með þetta fórum við um kvöldið upp að Setbergi. Ég gaf þeim sín 40 egg hvorum og sínar tvær krónur hvorum. Eggin (um 200) faldi ég í leynidraghólfi í predikunarstólnum. Þar földum við líka dúninn, læstum kirkjunni og fórum burt; ég út að Þæfusteini um nóttina. Þessi egg, sem voru kyrr, þegar ég kom inn eftir, urðu minn aðalforði með hrognkelsunum, þó ekkert ætti ég netið þá. Þá var erfitt að ná til fiskjar, því enginn fiskur var þá vanur að sýna sig þar upp með nema háfur og það mikill. Jarðarinnstæðan á Setbergi var þá hestur og hryssa og tvær kýr, sem áttu að vera snemmbærar, en voru þá um vorið kúghoraðar og þunnar og til lítils búbætis. Ær átti ég sjálfur persónulega átta ásamt 10 lambgotum, allt á fjalli. Þetta var aðkoman.

Ævisaga III

Sama vorið og sumarið, sem ég kom að Setbergi, gengu mislingar hér óspart um sveitina, og varð heimili mitt ekki varhluta af þeim fremur en öðru góðu. Að vísu vorum við hjónin laus við þá. En af því að þeir höfðu ekki komið hér í 36 ár, þá urðu þeir býsna almennir, en mannskæðir ekki í sveit þessari, þrír eða fjórir eða þar um bil, og var meðal þeirra bóndi hér á Kolgröfum, Sveinn að nafni.¹ Fóru þá Kolgrafir í eyði, og voru það síðan mörg ár. Ég þjónaði það sumar Nesþingum með Setbergi til haustsins, því síra Helgi kom þangað ekki fyrri en seint um haustið. Undir Jökli dóu úr mislingunum um 50, og ég varð að fara hér innan frá Setbergi 16 ferðir til að gegna nauðsynjum þeirra.

¹ Hér mun vera átt við Svein Jónasson, bónda í Þórðarbúð, sem andaðist 5. júlí 1882.

Ég fékk þá náð að skíra fyrir þá níu börn og fékk ekki svo mikið sem svei þér fyrir, því feður barnanna voru út og austur, og var það venja þá að reikna flesta fátaeka meðal sveitarómaga þar. En ei að síður varð ég að borga síra Helga kirkjuinnleiðslu á konum þessum, því hann leiddi þær í kirkju, eftir að hann kom. Ég vil ekki láta þess ógetið, að Krístín Eggertsdóttir í Hálsi, móðir Sveins [Sveinssonar] heitins, var þá sem ekkja ráðandi í Hálsi, og hún léði mér son sinn og hest í allar þessar ferðir og vildi helst enga borgun hafa, og að hún í hvert skipti við komum til baka, tók móti okkur eins og móðirin besta alla útslæpta og útleikna, bjó upp heit rúm handa okkur og veitti mér hinar ágætustu viðtökur. Þessari sömu staðfestutryggð hélt hún stanslaust áfram við okkur hjónin bæði, meðan hún lifði, og eins eftir að sonur hennar tók við ráðum. Enda var Sveinn góður móður sinni og vildi ekki gjöra henni mikið á móti. Blessuð veri hennar minning. Sælir eru miskunnsamir, því þeir munu miskunn hljóta. Þetta voru kveðjuorð mín til hennar og meira gat ég ekki. Ingibjörg, dóttir hennar, hafði erfitt nokkuð af þessu en þó á annan hátt. En ólík voru systkinin Tómas [Eggertsson] og hún fyrir mína reynd.

Jæja, ég baslaðist svona áfram fyrsta árið. En margt kom þó fyrir á því skrítið. Prófastur var ekki af baki dottinn enn með sínar kreddur. Svo stóð á, að séra Þorvaldur hafði eytt mestu kynstrum í korngjöf handa fénaði sínum, að hann hafði komist í meira en 1.000 króna skuld við verslun N. Chr. Grams í Stykkishólmi. Nú voru góð ráð dýr, og þau voru þessi, að reyna að koma skuld þeirri, er séra Þorvaldur var í hjá Richtersverslun yfir á mig, ef unnt væri, og var eina ráðið til þess að gjöra mér helsti svo heitt með uppbyggingu staðarhúsanna, að ég neyddist til að taka lán staðnum til uppbyggingar. Prófastur heimtaði svo þetta af mér. En ég svaraði þá, að honum væri bæði kunnugt um efnahag minn, eins og þá staði, og hvað hann hefði versnað við fellirinn síðasta, að hann hlyti sjálfur að sjá, að þetta gæti ekki gjört sig fyrst um sinn, en mundi verða gjört hið fyrsta ég sæi mér færi á. Auk þess lét ég hann vita, að ég væri orðinn við móttöku prestakallsins ábyrgðarmaður fyrir langtum meiru en hússkrokkum þessum og sæti því afar illa á honum sem prófasti að ætla að gjörast nú fyrst fjárhaldsmaður minn eður ráðunautur, því aðeins væru prestar álitnir fullveðja menn og fjár síns ráðandi, að þeirra eigin ábyrgð ætti að nægja til þessa, meðan annað yrði ekki sannað, og til þess þyrfti meira en lauslegt álit prófasts eða annarra.

Við þetta síðasta varð síra Eiríkur bandvitlaus af reiði og illsku uppblásinn. Hafði hann sent tvær klaganir, hverja á fætur annarri, suður í Reykjavík, því nú átti að merja orminn í sundur. Þá voru þeir verndarar kirkjunnar þar í hálútherskum anda Pétur gamli [Pétursson biskup] og Bergur Thorberg,¹ sonur síra Ólafs Thorbergs, sem var prestur á Helgafelli næst á undan síra Eiríki. Innan stundar kom frá þessum háttvirtu herrum bréf þess efnis, að ef sökudólgurinn ekki léti undan síga og veitti sínum prófasti fulla hlýðni í þessu, þá mundi verða leitast eftir hjá landshöfðingja að fá mig settan frá um stundarsakir, þangað til ég félli til hlýðni. Af þessu vissi ég ekkert fyrst, en í millibili vildi svo til, að [Samúel] Richter hafði farið suður í Reykjavík, og af því að hann var búinn að heyra einhvern ávæning um þetta, áður hann fór vestan að, fór hann á fund Bergs Thorberg og fór að tala um þetta við hann. Hann brást þegar vel við og gjörði hálfgerð gaman úr öllu saman og sagði, að það hefði aldrei verið meining sín eða ætlun að fara að beita neinum stórpvingunum eða harðræði til að hafa þetta fram, en það þá Richter, úr því hann væri málinu kunnugur, að finna eitthvert ráð til að jafna ágreining þennan, og hét Richter því. Richter sagði okkur hjónunum frá þessu samtali seinna, er hann var staddur úti á Setbergi.

Á meðan þetta gjörðist, bar svo við að Hjörtur læknir, bróðir Þorvaldar, [var] staddur úti á Setbergi. Var honum víst eitthvað kunnugt um það, að bróðir hans hefði gjarnan [viljað] selja þetta litla hús sitt. Það leit þá ekki svo illa út. Ég taldi allar tormerkjur á því og sagði eins og satt var, að ég sæi ekki, þó ég nú keypti húsið, að það yrði mér neinn styrkur að byggja bæinn. Ekki nema því aðeins, að við gætum fengið yfirvöldin inn á það að taka húsið fyrir jarðarhús í stað bæjarhúsanna sem eru. Gætum við það, þá erum við ofan á með allt saman. „Hvað ætli húsið mundi kosta?“ spurði ég. „Svona hér um bil 7-800 krónur,“ sagði hann. Ég fór að hugsa betur út í þetta, en Hjörtur sagði um leið og hann fór: „Ég býst nú við, að þetta fari svo, og til þess að sýna, að mér sé þetta full alvara, því þá sést að mér var falin umsjón hússins, þegar bróðir minn fór, og að því hefur verið haldið læstu og enginn hefur komið inn [í] það síðan hann fór, þá lýk ég nú húsinu upp fyrir ykkur og afhendi lyklna að því. Þið innréttið húsið fyrir ykkur eins og þið kunnið best, því sannast að segja hefði ég átt

¹ Bergur Thorberg var amtmaður í Suður- og Vesturamt 1873-83. Amtmaður í Suður- og Vesturamt og biskup mynduðu stiftsfirvöld, sem fóru m.a. með ýmis kirkjumál.

að vera búinn að þessu fyrir löngu, vegna þess að það var ósæmlegt og beinn dónaskapur að ætla ykkur bústað í þessu moldargreni.“ Með það fór hann og við fluttum þegar í húsið.

En svo að ég ekki orðlengi þetta meir, þá gekk þetta allt eins og ætlað var. Ég keypti húsið af Þorvaldi fyrir 800 krónur og gat með aðstoð Richters borgað þær með 100 krónum haust og vor inn í Verslun N. Chr. Grams hjá Richter, allt svo á fjórum árum, en þröngt var fyrir dyrum stundum þá. Blessaður hólm-inn hún Melrakkaey hjálpaði mér þá. En dýrt mátti ég sjálfur stundum og með sönnu líkamserfiði og hættu. Yfirvöldin fyrir sunnan voru harðánægð yfir öllum málalokum. Þeim var send lýsing suður á húsinu eins og það fyrirfannst. Húsið var nú, er það var afhent staðnum, nákvæmlega 10 álna langt og $7\frac{3}{4}$ á breidd, krossreist. Innst var á því skarsúð þunn og feyskjuforn úr franska húsinu, ofan yfir henni borðaröð úr nýjum tommu borðum fast að þriggja fingra breiðum upp og ofan, og ofan yfir hvert bil [var] lagður fjögurra fingra breiður negldur listi úr tveggja tommu borði. Gaflar og hliðar alveg úr sama efni og á sama hátt innréttaðir. Þunn, forn borð negld utan á stafina og listar afar þunnir og veggir afar þunnir og húsið afar kalt. 10 stafir mjóir, en allir úr eik, og voru þeir úr gamla húsinu. Veggjahæð $3\frac{1}{2}$ alin. Loft í öllu húsinu var úr sterkum borðum.

Uppi var húsið einn geimur, aðeins smáar gluggaholur, sín á hverjum stafni, og var þess oftar hálfdimmt uppi. Ekkert var á loftinu, nema hrúga eftirskilin á því miðju af smáum og stórum bréfum opnum. Það voru gömul kirkjuskjöl, reikningar, heimildarbréf, jarðaskiptabréf, kvittanir, nokkur byggingarbréf gömul, gamlir jarðamáldagar, sumt á íslensku, sumt á dönsku. Þar að auki latneskir smápésar, sá aragrúi af þessu, að ég held, að hafi verið klif á hest, margt af því svo óhreint og illa útlítandi, að það naumast var læsilegt. Allt þetta hefði séra Þorvaldur átt að afhenda og skrá yfir það, þegar tekið var út. En hann minntist ekki á þau einu orði og ekki prófastur heldur, og ég hefði aldrei einu sinni komist að því, að þau væru til, hefði ég ekki rekist á þau þarna. „Oft er lepra í kálfs leifum,“ segir máltækið. Ég tók allt þetta rusl og dembdí því á afvikinn stað úti í kirkju, því mér fannst, að hún væri þar notlegust til að geyma sjálf sitt eigið rusl, og þar sat það lengi. Nokkru seinna uppálagði prófastur mér að semja skrá yfir skjöl þessi og senda hana til prófastsdæmisins, og kvaðst ég þess alþúinn, þegar búíð væri að afhenda mér þau lögformlega.

Var svo því máli ekki hreyft frekar. En nú eru þau fyrir 13 árum síðan komin öll suður ásamt gömlum prestsþjónustu- og manntalsbókum kirkjunnar, því landsjóður borgaði það ómak að öllu leyti.

Niðri var húsinu skipt í tvær deildir, hverja fimm álna með þverpili þvert í gegnum húsið. Suðurendinn var stofa fimm álna þvert yfir húsið, tveir litlir sex rúða gluggar á suðurgafli og einn á vesturhlið. Dyr fram úr stofunni miðri og þiljaður, mjór gangur eftir húsinu miðju og að norðurgafli, þar voru dyrnar á húsinu. Vestan megin dyr út úr ganginum inn í lítið svefnherbergi, fimm álna norður og suður, en tæpra þriggja álna á breidd. Einn gluggi á vesturhlið þess álíka stór og hinir, og var ómögulegt að kotra rúmi norðan við hann, og þar tók húsgafllinn við. Austur úr ganginum dyr inn í herbergi eins langt og hitt, það var eldhúsið. Ekki man ég, hvað stór gluggakyttra var á austurhlið þess. Múrsteinspípa hlaðin upp úr eldhúsinu upp í gegnum loftið og upp að austur-súðinni, eftir það með henni skáhallt upp á ris og endaði í dálitlu stromptyppi á henni dálítið norðar en miðju. Uppganga eða nokkrar tröppur upp úr norð-urenda hússins við gaflinn upp á loftið, og þarna er nú húsbyggingin upptalin eins og hún var.

Ég get ekki hrósað því, að árferði í öll þau 37 ár, sem ég var prestur á Setbergi, væri ávallt hið ákjósanlegasta, heldur oft og tíðum þvert á móti. Ísalög voru hér oft á vetrum og það svo, að um munaði. En það kalla ég um muna, þegar Grundarfjörður [er] manngengur þvert yfir frá Setbergi eður leið í Stykkishólm fyrir fram[an] Akureyjar. Þetta kom nú að vísu ekki mjög oft fyrir, en Kolgrafafjörður stytta mér því oftast leið inn að Berserkseyri. Þó var sunnanáttin um langt skeið talin einn hinn versti þröskuldur fyrir öllum blessunarframförum í Eyrarsveit, og á þeim árum, sem ég var á Setbergi, lét hún sannarlega ekki sitt eftir liggja. Hún var sannlega handviss á hverju einasta hausti og fór sjaldan svo yfir, að hún ekki léti eftir sig óþrifamenjar, enda ekki oft afrokin fyrr en undir jól, einkum eftir staðaldursþurrka að sumrinu. Brotin og brömluð hús, fjárskaðar, heyskaðar og heyskemmdir og stundum bátarnir voru hennar venjulegu vinarkveðjur einhvers staðar í sveitinni eftir tveggja til þriggja daga veðurroksstjón. Þetta var [ekki] til að bæta búsæld manna. Við bar það og, kæmi hún í maí eða júní að vorinu, að hún hér um bil ónýtti allt varp og kofnatekju í Melrakkaey það sumar með vætum og stöðugum úrfellum.

Eyjan var mjög í hættu stödd fyrir ásælni og skemmdum útlendra og stundum innlendra fiskimanna, sem virtust vera afar samviskulitlir í þá daga. Opinberar kærur færðu ekki til neins, þótt reyndar væru, og kom það þrisvar fyrir á minni tíð. Eyjan liggur stífa mílu frá Setbergi yst úti í fjarðarmynni, en beint á leið allra, sem um fara á sjó. Hún er séreign kirkjunnar, en Setbergs eignarjörð er hún ekki. Tíu hundruð var hún eftir sérmati, þótt henni gagnstætt öllum lögum og rétti væri slengt saman við mat Setbergs 1861. Hún er góður ígripabiti fyrir prestinn, en hún er erfið að nota, sér í lagi til heyskapar, brimasamt við hana og klettum lukt nema lítilfjörlega að útnorðanverðu og þó sama sem landingarlaust þar. Mannhætta [var] talsverð nema í kyrrum sjó. Mjög oft hefur hún verið [leigð], og hafa leigjendur oftast séð um það, að ábatinn við að leigja hana út hefur oftast orðið hnífjafn ábáta leigjandans, og svo reyndist mér það alla tíð

En þó fór ég ekki öll þau ár, sem ég var á Setbergi, varhluta bæði af öfund og beinum illvilja sóknarbarna minna, einkum þeirra, er mest þóttust mega sín, og kom það einkum fram í því, að þeir reyndu allt, sem í þeirra valdi stóð, að gjöra mínar heimilisástæður og efnaástæður svo þröngar og erfiðar, sem þeir frekast áttu kost á, og til þess gripu þeir til þeirra einu úrræðanna, er þeir frekast í höndum höfðu, skattaálaganna til hreppsins eða sveitarsjóðsins. Nöfn þeirra eru orðin fúin í gröfinni, en þau standa samt ófúin hjá Guði, og ég hefi orðið svona þungorður á þeim, af því ég hygg, að fáir í öðrum sveitum hafi í þeirri grein leyft sér að stíga feti framar en samviska og almennt velsæmi leyfir en þeir, og skal ég um leið geta þess, að einn hinn síðasti þeirra er enn á lífi, þegar þetta er skrifað.

Ég var prestur í þremur prestaköllum, áður en ég kom að Setbergi og átti í öllum þremur þeim opinberum gjöldum að svara, og get ég þar á unnið eið, að á engum þessum datt mér nokkurn tíma í hug að hreyfa mótmælum gegn nokkru þeirra. Allir, sem þekkja mig vel, vita að ég var ekki fæddur í heim þennan með neinni niðingsnáttúru og heldur verið ókærinn um efni mín. Mér var aldrei stórt umhugað um komandi dag. Eitthvað annað hefði því orðið að ágreiningsefni milli mín og tollatakara en þetta, hefði ég ekki verið vakinn til athygli með illgjarnri hófleysu. Ég skal taka dæmi: Árin 1916, 1917, 1918 og 1919, einmitt þau árin, sem ég var beinlinis að falla í drift og við sjálft lá, að ég ekki ætlaði að geta svarað álöginu, var ég vel metinn jafningi Jóns frænda í

Gröf,¹ já og stundum honum hærri. Mörg dæmi frá fyrri árunum get ég þó talið hálfu verri, t.d. árin 1886-1894 o.s.frv. Ég hefi aldrei séð og mun aldrei sjá eins augnaskakkt fólk í tilliti til samanburðar á efnum og ástæðum sín og annarra eins og í sveit þessari, og mun það hafa verið gömul sveitarfylgja [frá] fornri tíð, einkanlega gagnvart prestum sínum, því nú á framt að 100 árum hefur þetta slæma orð á Snæfellsnessútkjálka legið, og svo ei um það frekar.

Þegar ég kom til Eyrarsveitar, þá var það, sem okkur hjónunum varð til skemmtunar, það var að reka augun í á bökkunum beint niður undan bæjunum opin rifjahylki af hestum, merum, tryppum, kálfum, kúm, nautum og sums staðar fáeinum kindum. Varð hestunum okkar, er við riðum, þó ekki væru fjörugir, oft svo bilt við þetta, að lá við sjálft, að þeir hlypu út undan okkur hvað eftir annað, og hélt þessari runu áfram allt inn í Grundarfjarðarbotn. Stjórn landsins hafði [ákveðið], þegar menn fóru nokkuð [að] átta sig og hressast eftir fjárfellinn, að hver hreppsnefnd skyldi í sinni sveit safna nákvæmri skýrslu um fjárfellinn hjá hverjum hreppsmanni, reikna það út til krónutölu og senda suður að því búnu. Margs var til getið um ástæðuna til fyrirskipunar þessarar. Ég fyrir mitt leyti gat mér þess til þá og gjöri það enn, að helsti tilgangur landstjórnarinnar hafi verið sá, að fá að vita, hverjar sveitirnar væru bágstaddastar og þyrftu mest á láni að halda. Enda lánaði landsjóður þá Snæfellsnessýslu 10.000 krónur, og keypti fyrir þær enda kornvörur, þær nýjustu, sem þá gátu fengist. Það var þá í fyrsta sinni, sem þessarar kornvörur sáust hér: 1. Hálfbaunir, 2. Flórmél til brauðgjörðar. 3. Haframél. 4. Tyrkneskt gullhveiti (maís) o. fl. o.fl. Eyrarsveit fékk nær 1.000 krónur lánaðar vaxtalaust til 10 ára, og þá skyldi aðeins borgast helfingurinn. Magnús gamli Stephensen² var þá gjaldkeri landsins en enginn hinna nýju sýslumanna.

Við settumst þá allir fimm á rökstóla nefndarmenn, því mér var af náð lofað að vera með. Við reiknuðum út fellirinn í Eyrarsveit til krónutals eftir þessari reglu: Hverja fullgilda kú á 80 kr., hverja lakari 65-70 kr., hvern fullgildan hest á 60 krónur, lakari hesta 50 kr., tryppi 40 og 30 kr., einn sauð 16 kr., eina á með lambi 14 krónur, gemlinga 9 og 10 kr. (eigandi taldi sjálfur munnlega fram). Með þessu varð fellisskýrslan 16.762 krónur, og var hún send þeim hávísu herrum suður. Einhvern ávæning heyrðum við seinna um það sunnan að, að

¹ Björn Jón Lárusson, bóndi í Gröf.

² Hann var amtmaður í Suður- og Vesturamti 1883-86 og landshöfðingi 1886-1904.

ekki myndi framtal í sveitunum haustið fyrir hafa verið alls staðar áreiðanlegt, en ekkert var frekar um það rætt og féll það svo niður. Líklega hafa þeir háu hugsað, að lítill slægur yrði í því að erjast á sökudólgum, sem sjálfir voru orðnir nær því að engu og stóð hér um bil á sama, hvaða víti þeim yrðu sköpuð. Hörmungum þeim og ráðleysu, sem komin var yfir flesta, verður vart með orðum lýst. Þó held ég margra góðra drengja hugsun hafi verið sú, að halda sem best saman með það litla, sem eftir var, sýna hver öðrum tilhliðrunarsemi og greiðvikni í því, er þeir máttu, og bíða svo rólegir þess, er framvegis verða vildi. Það, sem þó hjálpaði best, var kornhjálpin og stjórnarlánið, sem kom allt tímanlega.

Sumarið 1882 var fremur hagstætt en því miður heldur stutt, því 1. september var seinasti færi dagurinn á haustinu. Ég verð að segja það eins og er, að Sigurbjörn Helgason í Kirkjufelli varð mér þá bestur drengur til hjálpar til allra heimilisútréttinga það haust og síðan. Hann varð sérstaklega til þess að ég og heimili mitt gátum nokkurn tíma haft verulegt gagn af Melrakkaey þann tímamann, sem ég var á Setbergi. Hann var á sinni tíð einhver sá hjálpsamasti og bónbesti maður og sást lítt fyrir með að taka nærri sjálfum sér, enda vægði hann oft sér sjálfum alls ekki.

Nú held ég [að] ekki væri ófróðlegt að tilgreina bændatal í Eyrarsveit sama vorið og ég kom. Í Höfðakoti bjó Hannes Pálsson. Hann var eldri maður á sjötugsaldri, vandaður drengur, en einfaldur nokkuð, búngóður en reikningsglöggur í viðskiptum. Höfðahjáleiga minnir mig þá helst að væri í eyði. Á Höfða bjó bróðir hans, Sigurður Pálsson. Hann hefur verið miklu eldri maður en bróðir hans, því hann var ellihrumur og kominn í kör, enda dó hann þegar á fyrsta ári mínu. Hann hafði verið tvígiftur, og var seinni kona hans, Jóhanna [Sigurðardóttir], á lífi miklu yngri en hann. Hún var merk gæðakona. Synir þeirra voru þeir Höfðabræður: Jón, merkur og góður drengur, Haraldur, sem var í Höfðakoti, Bjarni á Höfða o.fl. Fóru þeir allir seinna út fyrir Höfða og staðfestust þar. Í Látravík bjó maður Sturla [Björnsson] að nafni. Hann felldi þar allt [fé] sitt og hrökklaðist burtu. Ekki man ég hvort nokkur var þá í Efri-Vík. Þó held ég það hafi ekki verið.

Á Skerðingsstöðum bjó Matthías Brandsson, bróðir Bjarna í Lág. Það var maður óhlutdeilinn en þéttur í lund og nokkuð undarlegur í háttsemi og viðmóti, sauðþrár að ég held, ef því var að skipta, og þó ekki heimskur en

sérviskan sjálf. Bjarni Brandsson, bróðir hans plássbóndi í [Neðri-]Lág, var að mörgu leyti göfugmenni, hversdagslega hægur, stilltur og góðviljaður, dagfar-sprúður og fór vel með allt, meinhæðinn ef því var að skipta og við góð efni, sat á sjálfs síns eign. Ég átti ekki nema gott til hans að segja. Að sönnu getur verið, að hann hafi verið aðsjáll maður en ekki sér til vansa. Hann var að mörgu leyti ólíkur kynsmönnum sínum, sem margt hefur verið sagt um. Þeir bræður Bjarni og Matthías voru Brandssynir, og Brandur sá mun hafa verið Þorsteinsson, bróðir Árna sýslumanns Thorsteinsen í Krossnesi. Í Mýrarhúsum hokraði eldri maður, Jón Steinsson, af ætt Steins [Jónssonar] Hólabiskups gamla, meinleysismaður og nokkuð ölkær. Um ætt hans er mér sama sem ókunnugt, nema að ættin mun vera frá Setbergi, og hafa sumir tekið sér þaðan viðurnefnið Bergmann. Mikil greind hefur verið í ætt þessari og hagarðingar. Í Króki, Efri-Lág og Lágarkoti man ég óglögg. Ég held samt, að Krókur hafi verið í eyði. En í Efri-Lág bjó Guðmundur Sigurðsson, kallaður kuti, óvandaður dóni til sálar og líkama.

Ekki man ég með vissu, hver þá var í Lárkoti. Gálgutröð var þá í eyði og óbyggð. Í Krossnesi var þá Hallgrímur Jónsson frá Staðarsveit, nefndarmaður fremur talinn. Hann var dulur og þungur í skapi og ekki vel mannblendinn, óheimskur og hagarðingur en þó allra mesti staur, búmaður góður. Á Kvíabryggju allri voru aðeins þrjú býli, Pumpa, Rimabær og Suðurbúð. Í Pumpu bjó þá Páll Eiríksson, góður drengur, en bláskínandi fátækur, ærlegur, hreinn og einhver samviskusamasti maður, ekki heimskur en frábær sérvitringur, lundléttur og ekki óskemmtilegur í viðtali. Í Rimabæ var þá Jón Árnason, blásnaður maður, gæflyndur og meinlaus maður, og ég held, að það hafi ekki komið fyrir, að hann hafi vakið viljandi nein óþægindi í heiminum, hvorki í sínum eigin huga né annarra. Kerling hans [Kristín Sigurðardóttir] var mesta dugnaðarmanneskja og artarbesta manneskja, en að sögn ákaflega stórlynd og þoldi held ég ekki sífellt garg og argafas við mannskepnuna og svo bágindin. Synir þeirra voru allir valmenni og ekki síst sá íðilgóði drengur, Sigurður Jónsson í Látravík, sem stór söknuður var að missa.

Í Suðurbúð man ég ekki hver var, hafi það ekki verið Pétur Bjarnason, bróðir Guðmundar heitis Bjarnasonar, sem bjó á Ósi á Skógarströnd. Pétur þessi var fremur meinleysismaður og lítilsigldur og tók sér hvað eina mótdrægt nærri, og var því af allmörgum gárunum auðkenndur með nafninu Pétur

mæða. Það var víst, að Pétur þessi var í Suðurbúð um þetta leyti. Á Mýrum var Guðmundur heitinn Jónasson, fyrri maður Ingibjargar Sveinsdóttur, mesti gæfðar- og gæðamaður. Á Hálsi bjó ekkjan Kristín Eggertsdóttir, og hefi ég áður getið þeirrar sæmdarkonu. Á Búðum, sem þá var kallað á Hlein, bjó Oliver Bárðarson, sonur Bárðar gamla í Gröf, nýlega giftur Steinunni Sveinsdóttur frá Hálsi. Oliver var allgóður drengur í mörgu, en konu hans var ekkert varið í. Í Hnausum var Tjörvi [Jónsson] með liði sínu, þá ungu flestu. Í Kirkjufelli var þá tvíþýli og bæir tveir. Bjó Þorsteinn Bárðarson þá í efri bænum giftur Guðbjörgu Bergsdóttur lausamanns [Bergssonar], sem þá var í Hellnafelli. Þorsteinn var hálfgerðt varmenni, andsettur bragðarefur og ekkert tillögugóður með flest, eigingjarn í hæsta máta. Kona hans var betri manneskja, bæði blíð og nákvæm. Sigurbjörn [Helgason] var í neðri bænum með sínu liði. Hann var fátækur maður. En fáir munu hafa jafnast við hann í hluttekningarsemi í annarra kjörum. Í Hellnafelli bjó Haraldur Pálsson, allgóður drengur í sumu, en án hroka var hann ekki, og ekki gátum við fellt skap saman.

Í Gröf sat Bárður gamli [Þorsteinsson], heiðursbóndi fyrir margra hluta sakir, hjálpsamur og greiðvikinn, stór vexti, þrekskrokkur hinn mesti og heilsa óbilandi, glaðlyndur, ræðinn, búngóður og ráðhollur og góðgjarn, friðelskandi og gaf sig aldrei í drykkjuslark eða vínrifrildi. Hann var því félagsmaður ágætur. En með öllu þessu var hann dóni og hafði litla fegurðartilfinningu og var kærulaus fyrir velsæmi. Hann var giftur og átti ljóta og einfalda kerlingu [Þuríði Bjarnadóttur]. Var sagt, að hann hefði gifst henni til fjár, því hún var ekkja og átti meðal annars Gröfina alla. Hann var besti kunningi minn á meðan hann lifði og mátti vel nefnast nefndarbóndi Eyrarsveitar. Á Kverná bjuggu bláfátækir aumingjar tveir, Jakob Jónsson frændi, ekki slæmur drengur, öðru nær, en ónýtt tuska í veraldarlífið í Eyrarsveit, heldur lauslegur og stefnulítill. Hinn hét Jósafat Samsonsson, blásnaður aumingi, gamall og farinn, ég held bróðir Samsons gamla á Granda í Dýrafirði. Ég ætla ekkert um þennan mann að segja, því ég þekkti hann ekki, en læt þess getið, að þegar hann hálfu ári seinna lagði sig til að deyja úti á Hjallasandi, hafði hann eftirlátið mér í arf að borga fyrir sig 12 ær og 80 krónur ofan á hálfu Kverná vegna forfalla sinna, og var þó ekki búinn að borga eitt fiskvirði eftir jörðina. Jakob frændi var svo sleipur, að hann gat skilað tveimur kúgildunum af hálfleudu sinni, en 80 króna álag á hálfleudu hans, eins og hins, varð ég þó að borga.

Þá bjó á Grund Stefán frændi Danielsen. Við vorum, eins og allir vita, systkinasynir, og bjóst ég nú þar við miklu happi og stuðningi af svo göfugum frænda, því hann var þá hreppstjóri hér og kona hans lifandi og allt í lukkunnar blóma. Ég get ekki heldur sagt, að Stefán og því síður kona hans ömuðust neitt við okkur, þá heldur þvert á móti, og ég varð til þess að kasta rekum á móður hans, föðursystur mína, hér á Setbergi, því hún hafði kosið sér legstað hér, enda þótt hún andaðist í Stykkishólmi. Kona Stefáns, Jakobína, dóttir Árna sýslumanns Thorsteinsen, hafði og ávallt haldið tryggð við konu mína frá því þær voru ógiftar vinstúlkur í Stykkishólmi, og þeirri tryggð sleppti Jakobína ekki, þangað til hún dó. Nú hugsaði ég, aumingja fáraðlingurinn, að þarna væri öllu óhætt, en fór þó að furða [mig] á því, þegar frá leið, að prófastur hafði ekki afhent mér kirkjuna á Setbergi, þegar staðurinn var afhentur um vorið. Fór ég þá að grennslast betur eftir því og komst loksins að því sanna. Stefán hafði þá þegar um vorið gjört sig sykursætan framan í prófast og með fortölum, sem Guð einn veit og þekkir, til þess orsakalaust að svipta mig kirkjufjárhaldinu þegjandi en fá sér það í hendur. Átti þetta að vera gjört mér til minnkunar til að sýna, hvaða öreigi og óráðsskepna ég væri að geta ekki einu sinni annast kirkjusjóð. Hins vegar vissi Stefán það, að þarna hafði hann fengið spenaglætu, kú til að mylkja, því það var þá dálítill hugnun að geta innheimt allt að 90-100 krónum á ári fyrir kirkjuna, en þurfa ekki að skila af því með samþykki prófasts meira kirkjunni en 30-40 krónum á ári. En við þetta var þó mikið unnið. Prófastur sat inni með kirkjusjóðinn. Hann vissi, að á meðan kirkjan ekki yrði endurbyggð, yrði ekki kallað eftir peningum hennar hjá sér. Hins vegar mundi fáum koma til hugar að reyna slíkt, þegar þeir sæju, að kirkjan legði ekki meir[a] upp en 30-40 kr. á ári. Þetta var spekulationin, og hún heppnaðist meðan það var, en oft verður skamma stund hönd höggi fegin. Svona gafst nú þessi. Segir meira af honum síðar.

Á Hömrum bjó Oddur minn [Jónsson] og Kristín Magnúsdóttir. Voru þau bæði góð hjón en vesalingar, sem ekkert máttu sín. Þau voru búngóð, hjálpsöm og góðir nábúar. En voru bæði farin fast að eldast og fáskiptin um sveitarmál-efni. Það var aðeins eitt við karlinn. Hann var hálfgerð dula og því ekki all- tíð sem ábyggilegastur svona í meinleysi, og gat það komið sér illa. Í Vindási voru þau hjónin Jakob Jónsson og Salbjörg Pétursdóttir. Sú ábúð var þó ekki fullkomin nema að hálfu leyti það ár, því þótt Jakob væri talsverður búmaður

og af búmannakyni, þá held ég þó, að honum hafi lítið verið um það gefið að fastbinda sig lengi á hverjum stað. Hann var fremur laus í sinni, en undarlegast var þó eitt, þótt Jakob væri á þessum rassaköstum sínum um sveitina [nær] því árlega, þá var eins og það sæi ekki á efnun hans. Jakob var hér um bil sami Jakob, hvort sem hann átti heima uppi í Vindási eða fram á Hallbjarnareyri. Hann var, hafði verið og var ávallt meðhjálpari í Setbergskirkju og fórst það starf þryðilega úr hendi. Hann var vel greinargóður maður og hafði talsverðan skilning á bókum og einkum óbifanlegt stálminni á fornum og nýjum skáldskap, enda sjálfur hagyrðingur og þekkti vel bragfræði og reglur hennar. Hann var stundum duttlungafulgur og öflugur til geðsmuna, einkum við vín, og stundum hégómlegur og barnalegur. Stórrillindamaður var hann enginn, en var stundum útsettur með hnífilyrði, félagsmaður góður og lipur í samræðum, einkum um fræðslu. Barnakennari ágætur. Hann gaf sig ekkert að hreppsmálum og var aldrei neinn klikkusmiður. Okkur kom oftast vel saman, enda þótt ég segi sjálfur frá, held ég það hafi ekki verið sérlegur vandi, því ætlaði einhver að komast í illdeilur við mig, þá varð hann að vera byrjandinn.

Í Stekkjartröð var Bjarni Jónsson, gamall Dalamaður, og kona hans, Ragnheiður Jósúadóttir, dóttir Jósúa gamla [Jónssonar], sem bjó á sinni tíð í Bæ í Miðdölum. Bjarni var þrekkarll mesti, hafði haft góða heilsu og var svæsinn og úfinn í geði og lét ekki hlut sinn fyrir neinum. Þótti fæstum gott við hann að eiga. Enda var hann oftár látinn óáreittur af öðrum. Karlinn var mér oft þarfur í nágrenninu, því hann varði daglega tún og engjar Spjararinnar eftir að Spjörin fór í eyði, og var trúr yfir því. En það verð ég að segja, að það var ekki ávallt gott að stilla í bekk við þá familíu. Þó dró aldrei til neinnar stórþykkju milli heimilanna. Bjarni var heldur hagamæltur og orti oft hnyttilegar vísur. Hann var oft kartinn og fyndinn, því hann var greindur, en ekki var hin ytri persóna hans aðlaðandi, síður en svo. Af því að framvegis kyn hans og sona hans, sem báðir voru hér og dóu, er svo kunnugt, þá sleppi ég því öllu framvegis.

Á Spjör höfðu búið í tvíþýli Ólafur Björn Þorgrímsson, sem allir þekkja, og móti honum Kristján Þorsteinsson, tengdasonur Þórðar Einarssonar á Suður-Bár. Báðir þessir flosnuðu upp af jörðinni þetta sama vor, 1882, misstu hey, skepnur sem þeir áttu og fóru svo. Ég man það 24. maí, þegar tekið var út á Setbergi sællar minningar, þá var um leið farið fram að Spjör til að taka út eyðihálfleudu þessa, sem kirkjan átti. En við urðum að snúa sneypfir heimleiðis

aftur, því Spjarará var þá einn einasti hvítgrár krapskafl ofan úr Græfum yfir hópið og í sjó fram. Um morguninn eftir fengum við okkur hesta og gátum þá skrönglast yfir hana á fjörum lengst frammi gegnum ís og snjóhríðar. Álagið varð nokkrar krónur á fimm smákofa, sem kirkjan átti að taka á [móti.] En hitt þótti mér verra, að sex ær, sem hálfendu Spjarar áttu [að] fylgja, sá ég aldrei. Þær áttu auðvitað að afhendast í fardögum viku seinna, en afhendandi, sem átti að vera hreppstjórinn, hefur víst týnt almanakinu. Spjör fékkst lengi ekki byggð aftur, minnir mig, þangað til Skúli minn [Sveinsson] kom.

Í Suður-Bár var Þórður Einarsson hreppstjóri. Hann hefur fyrir mína reynd verið annar sá versti og verst hugsandi maður þessarar sveitar og hafði að mörgu leyti skapferli og framkomu gagnvart mér og mínum sem hins nafnfræga fornmanns, sem nefndur var Hænsa-Þórir. Hann [var] jafnaðarlega drembinn, fúll, sérgóður, vildi helst láta bera lotningu fyrir sér og sínum ráðum, sem ekki áttu heldur að standa á fúnum merg. Hann var amalyndur og fús að stinga að öðrum ónotum upp úr þurru, enda var varla annað að sjá en að hann elskaði sjálfan sig einan. Hann var ekki ógreindur maður í vissa átt, en greind sú var blönduð fyrnsku og hleypidómablæ. Heldur var hann vínhneigður og bætti það ekki stundum um skapferli hans. Búmaður var hann allgóður eftir gömlum, íslenskum þumbarahætti. Fastur maður var hann og nurlari, en heimili sitt lét hann oftast hafa nóg og meira en nóg, einkum [ef] vissi hann, að ástæður heimila þeirra, er umhverfis voru, voru eitthvað bágbornar. En aldrei vissi ég til þess, að hann frambyði þá öðrum liðsemd sína til að bæta úr. Mér persónulega og mínu heimili reyndi hann persónulega að gjöra fjóra eða fimm óleika. 1. Hann reyndi að hafa af mér álag staðarins, allt að helfingi, fyrir síra Þorvald. 2. Nokkru seinna var hann meðverkandi í því, að ég sá aldrei Spjararkúgildið. 3. Slóst hann upp á mig á ferð inni á Hrafnkelsstöðum í viðurvist Skúla míns og konu hans [Guðríðar Guðmundsdóttur]. 4. Reyndi hann, allt hvað orkaði, að gjöra vinnumann minn að heypjófi og kom honum í rannsóknarvarðhald inni í Stykkishólm allan síðari hluta vetrarins. Fé mitt missti alla hirðingu frá miðjum vetri og valt út af með vorinu allt að helfingi úr hor, veiki og vanhvirðingu. Ég man ekki eftir því, að önnur eins goskæti lýsti sér nokkurn tíma eða gleði yfir óförum annarra eins og lýsti sér þá hreint hjá Þórði, þegar hann sem hreppstjóri kom að Setbergi og las upp, að karlroluna yfir sjötugt skyldi þegar í stað taka og flytja þá þegar svarta vetrarnótt inn í

Stykkishólm til rannsóknar. Ég man eftir því, að hver faldur og felling á fati Þórðar hristist og skalf af hlátrinum, þegar hann var að lesa bréfið. Tvær kvensur urðu að leggja af eiða með málinu. Karlinn slapp sem fuglinn og málshefjandinn sjálfur varð að borga allt gildið til þess að sleppa hjá hegningu.

Loksins varð tækifærið að reyna að gjöra heimili mitt ærulaust, en tókst þó ekki. Svo stóð sem sé á, að til voru hér í sveitinni ekki vel þokkuð hjón, þegar ég var átta ára gamall. Þau voru þá stundum á Arnarhóli en stundum inni í eyjum. Þau hétu Pétur og Ástríður.¹ Það voru mörg, mörg herrans ár síðan þetta var. Þau voru löngu horfin héðan burtu úr sveitinni, og ég held flestum hafi verið annað ókunnugt en þau væru bæði löngu dauð. En svo árið 1886 rekst kerling þessi loðin og grá allt í einu hingað á Eyrarsveit, maðurinn löngu dauður og hún öreigi. Ég varð þess aðnjótandi að taka kerlinguna og undi hún hag sínum hið besta. En um miðjan vetur vitum við ekki til fyrri en einn góðan veðurdag að heim að Setbergi ryðjast fjórir menn, hreppstjórinn, Stefán á Grund, Ásmundur [Sveinsson] á [Hallbjarnar]Eyri og Kristján í [Norður-] Bár. Þegar þeir loksins voru spurðir erinda, varð hreppstjóri fyrir svörum og þó heldur dræmt, að sér hefði verið sagt, að Ástríður mundi ekki sæta hæfilegri meðferð, hvorki til matar né aðbúnaðar, svo að viðunandi væri, og því væri hann nú kominn til að sjá hana með þessum vottum og ef sér litist ekki á þá að taka hana burtu og útvega henni annan stað. Þetta sagði ég, að væri alveg rétt hugsað, því sjón væri jafnan sögu ríkari, og lét þegar sækja kerlinguna. En hún kom, og nú fóru allir að svala forvitninni á nývirki þessu. Loksins spurði hreppstjóri hana, hvort hún fyndi ástæðu til að kvarta nokkuð yfir viðurgjörningi við sig eða meðferð á sér, og neitaði hún því þá, en sagði að sér hefði helst þótt að kuldi, og getur það nú hafa satt verið, því vetur sá var ekkert hlýr. En við því var þá ekki unnt að gjöra í hasti. Um síðir komst það þá upp, að kerlingin og Hildur [Helgadóttir, vinnukona á Setbergi] höfðu verið að snúa þennan háf milli sín frá því um haustið, og varð Hildur aftur flutningsmaðurinn. En ekki var á kerlingu að sjá neinn vott um neinn slæman viðurgjörning. Loksins segir Ásmundur: „Mér virðist nú nóg komið af þessum stríðs- og ónotafundi á saklaust heimili og að við förum með þeirri sæmd eða ósæmd, sem í fundinum liggur sjálfum.“ Við þetta fóru þeir. En kerlingin lagði niður ferðastafinn sinn

¹ Pétur Oddsson og Ástríður Jónasdóttir voru búsett á hjáleigunni Garðsenda í Eyrarsveit árið 1850. Þá var Jens Hjaltalín til heimilis í Bár í sömu sveit ásamt foreldrum sínum átta ára að aldri. Ástríður kom að Setbergi 1885, og hún lést í Kirkjufelli 20. mars 1887.

fyrir jólaföstu haustið eftir, nú í Kirkjufelli, að sögn ekki ánægðari en árið fyrir, og var engin rekistefna gjörð út úr spiki hennar það ég man.

Þá er að minnast á Kristján Þorsteinnsson í Norður-Bár, tengdason Þórðar. Hann var pallvænn drengur, þegar því var að skipta, en grályndur var hann og fantur, þegar út af brá. Einkum sást hann lítt fyrir við öl. Hann var mér aldrei slæmur maður. Hann var stundum í hreppsnefnd og gafst heldur vel. Einu sinni forðaði hann mér ótilkvaddur frá slæmum fjármissi og heimili mínu frá algjörðri eyðingu. Svo stóð á, að þá var hjá mér Oddgeir [Jónsson], bróðir Valdísar, konu Þórðar í Bár. Vetur var hinn verst, bæði snjó- og frostgrimmdarvetur, og sá hvergi til jarðar, enda ekki niður við sjó. Þá hafði lagt allar Græfurnar, allar lækjarlágarnar og alla Spjarará inn á Græfnaháls svo miklum útsynningsfönnum, að hvergi vottaði fyrir nokkru landslagi. Engin jörð var á Setbergi, og var kindunum aðeins sleppt upp fyrir hólinn til að viðra sig. Dag nokkurn um nónbil þurfti að halda kú þar heima á Setbergi, og var Oddgeir fenginn til að hjálpa til við það frá kindunum. Allt í einu meðan á því stóð brast á útsunnan stórhrið, er stóð hér um bil klukkutíma, og þegar upp birti aftur, sást engin skepna neins staðar, hvorki nær né fjær. Allar Eiðisbringur voru leitaðar, Spjararáin upp og ofan og ekkert fannst. Var byrjað á leit daginn eftir. En þá brast allt í einu í norðanbyl með svartri [hrið], sem stóð hvíldarlaust í fimm daga, og töldu allir kindurnar frá sem von var. En sjötta daginn kom Kristján á Eiði með kind eina, sem hann hafði fundið niðri við húsin hjá sér alblinda og albrynja kvöldið fyrir, og sama daginn hafði önnur komið ofan að Hjarðarbóli engu betur á sig komin. Þá hafði Kristján í Norður-Bár ótilkvaddur lagt af stað og farið inn og norður yfir Bárarháls, því hann grunaði að kindurnar mundi hafa lagt þá leið undan útsynningsélinu fyrsta. Hann kom líka með þær allar nema þær tvær, sem áður voru komnar innan undan Steinahlíðarbjargsenda. Var þá norðanrokinu farið að slota. Flestar voru þær eins dasaðar orðnar og hinar. Mun það hafa kostað talsverða fyrirhöfn að drasla þeim út að Setbergi. Og þó vildi Kristján enga borgun taka. Þetta var drengskaparbragð.

Á Akurtröðum var Bæring [Bjarnason] og Margrét [Þórðardóttir] kona hans, bæði vel rík (gullaskurinn), en þau fluttu sig á árinu inn að Hjarðarbóli, mig minnir [í] jarðabýttum við Jón nokkurn, sem ég man ekki, hvort var þar eitt eða tvö ár. En Margrét, kona Bærings, var veik af líkþrá og dó á Hjarðarbóli. Börn átti hún tvö eftir fyrri mann sinn, Ólaf [Þorkelsson]. Pilturinn hét Þorleifur,

besti drengur. Hann dó út frá á Hjarðarbóli. Ráðskona hans var Gróa gamla Hannesdóttir, meðan hann lifði. Systir Þorleifs heitins var Elínborg Ólafsdóttir, kona Guðmundar Hannessonar, og er það föst meining manna, að þau hjón hafi seinast náð gullaskinum, og eru enn í dag til ljós dæmi þess að svo muni farið hafa. En Elínborg dó úr líkþrá eins og móðir hennar og bróðir.

Jón Sigurðsson gamli sat á Þórdísarstöðum og reyndist mér og mínum hinn mesti gæða- og tryggðarmaður til enda. Eina sögu vil ég enn segja, sem bendir að því, að hann og Þórður minn í Bár hafi þó ekki verið jafnir menn í öllu góðu. Það var haldið uppboð hér inni í Eyrarsveit, sem Jón Jónsson, þá hreppstjóri í Ólafsvík, var eitthvað viðriðinn. Hafði hann beðið kollega sinn hér, Þórð gamla, að taka móti uppboðspeningum fyrir sína hönd hér hjá þeim, sem hefðu keypt á uppboðinu hér, og var ég svo óheppinn að hafa verið meðal þeirra. Ég skuldaði á uppboðið 20 kr. Þá var fátt um reiðupeninga í Eyrarsveit, en einlægt þokaðist nær skuldadeginum. Einhvern [tíma] fyrri en mig varði kemur Þórður með þriðja mann að gjöra lögtak fyrir skuldinni, 60-80 kr. Ég bauð honum kindur fyrir þriðjung verðs, ef hann vildi borga þessar 20 kr. En það lést hann ómögulega geta. Varð það út úr, að lögtakið var gjört með þriggja daga innlausnarfresti. Var Þórður þá ekki notalegri en svo, [að] hann tók splundurnýjan hnakk og reiðbeisli upp í lögtakið og eitthvað fleira og skyldi framkvæma söluna. Ég vissi nú ekki mitt rjúkandi ráð, réði það þó af að fara upp að Þórdísarstöðum og vita, hvort ég hitti Jón ekki heima. En svo vildi þá til, að hann hafði riðið upp á bæi daginn áður og var ekki kominn aftur. Nú varð þá við svo búiið að sitja. Daginn eftir skyldi svo sala á þessu fram fara, og var hreppstjóri kominn og með honum nokkrir menn. En þá var riðið hvatskeytislega að húsinu. Var þar kominn Jón gamli á Þórdísarstöðum og það innan úr Stykkishólmi um morguninn. Lagði hann 20 króna gullpening á borðið og spurði, hvort Jón gamli [í] Ólafsvík mundi geta sofið næstu nótt fyrir peningaskortinum. Varð þeim nokkur orðasinningur út úr þessu, sem endaði með því, að hreppstjóri fór heim leiðar sinnar og fylgdarmenn hans. Kann ég svo ekki þessa sögu [lengri].

Á Akurtröðum voru jarðabýtti milli jarðanna Akurtraða og Hjarðarbóls, eins og þegar er sagt. Guðbrandur [Guðbrandsson], báta- og húsasmiður, var á Vatnabúðum, en hann bjó þar ekki lengi. Gísli Guðmundsson á Garðsenda tók Vatnabúðirnar, en Jón Jónsson, sem var á Naustum, tók Móabúð, og var þar

síðan til dauðadags. Guðmundur gamli [Guðmundsson] held ég hafi verið þá á Hallbjarnareyri hjá Guðmundi heitnum Oddssyni eða eitthvað á vegum hans, því hann var þá held ég ekki giftur. Á Garðsenda [held ég] hafi verið Bjarni Kristjánsson, því hann er farinn fyrir mína tíð. Um Hjarðarból er áður talað. Á Eiði var Valentínus Narfason frá Kóngsbakka og Guðrún Hjálmarsdóttir. Í Kolgrafaseli var Guðrún frænka Daníelsdóttir og bjó hún þar með sonum sínum, Ólafi, Jósef og Sigurði [Jónssonum], er allir voru mannvænlegustu menn. Hún var mér hin besta okkar samverutíma. Á Berserkseyri bjó Lárus, góður frændi minn, Lárus Eggertsson Fjeldsted. Heldur atkvæðamaður og sveitarnefndaroddviti það er. Hann var ekki illa innrættur, góðviljaður, gjöfull og hjálpsamur, ekki hjartaslæmur eða aðsjáll í útlátum. Hann gat verið tryggur, þar sem hann tók því. Honum var það mesta ánægja að geta gjört bón annarra, og sá ekkert eftir því fremur en Eggert faðir hans, en hitt var satt, að hann eins og fleiri þá spillti mannkostum sínum mjög með drykkjuskap. Ástæður heimilisins voru ekki rétt góðar og barnauppeldið hræðilegt vegna vöntunar á allri innanhússtjórn og uppfræðingu í öllu andlegu og veraldlegu. Karlinn gat ekki sinnt þessu hvoru tveggja úti og inni. Ég heyrði Lárus oft ærðan og sárgraman út úr ástandinu. Að tilgreina allar ástæður, sem að þessu lágu, yrði allt of langt mál hér. Svo er þá hér með lýst nokkuð bændum í Eyrarsveit þeim, sem voru hér, þegar ég kom hér og eins og þeir reyndust mér auðvitað á meðan á samfylgdinni stóð yfir þennan mæðusama áratíma.

Þá líður að árinu 1902, þegar Guð hafði kvatt okkur til að skilja, sem hann hafði áður sameinað til að bera hvort með öðru lífsins þungu byrði. Ég játa það og kannast við það, að við aldrei höfðum fullkomlega átt lund saman. En tryggð hennar, ráðsömu stillingu og gætni, ennfremur vöndun og trúleika með hið litla, sem henni var í hendur fengið, kunni ég vart að meta sem vera bæri með því ég var oft eigi sjálfur. Við giftumst í Stykkishólmi. Þaðan var hún upprunnin, þar var hún fædd og upp alin hjá foreldrum sínum, Jóni Arnfinnssyni, einhverjum mesta mennta- og heiðursmanni, er þar var á þeim tíma. Hann var smiður hinn besti og lagði margt á gjörva hönd í þann tíma. Hann var tvígiftur. Fyrri kona hans hét Guðrún [Ólafsdóttir]. Þjuggu þau í Akureyjum, og eru börn þeirra Jón, sem var á Búðum lengi, Guðrún, móðir Samúels Richters, Ingibjörg, sem var hér fyrst, en dó þó hér á Eiði hjá syni sínum, Valgerður, kona Hallgríms [Jónssonar, óðalsbónda og hreppstjóra] á Staðarfelli o.fl. Seinni kona

Jóns heitins var Anna, alsystir Páls Hjaltalíns í Stykkishólmi. Einbirni þeirra var kona mín. Annars var hann af svonefndri Djúpadalsætt úr Gufudalssveit og náskyldur Sveini snikkara og Birni ráðherra. Þetta er hið helsta, er ég hefi hér um að segja. En aldrei get ég nóg samlega þakkað Guði það, að hann leysti hana á hæfilegum tíma frá þeirri ónýtisíflsku, sem eftir þann tíma þróaðist og magnaðist næstu 17 árin, einkanlega þó 1908-1919.

Kona mín fékk lungnabólgu á sunnudagsmorguninn 3. ágúst 1902. Var þá svo ástatt, að lungnabólgan var nýlega búin að drepa tvo menn dagana rétt á undan. Ég brá undir eins við, fékk Sæmund Skúlason inn í Hólm eftir Guðmundi [Guðmundssyni] lækni. En maðurinn kom bæði lækni- og meðalalaus. Guðmundur læknir var á einhverri skemmtiferð með sjálfan sig suður á Mýrum. Var nú sendur hraðboði eftir Halldóri lækni [Steinssyni í Ólafsvík], þegar ég gat. En hann taldi allar tormerkjur á að geta hjálpað, enda var hann þá enn viðvaningur, sér í lagi vegna þess að lungnabólgan væri ólæknandi í manneskjum, sem væru orðnar gamlar. Kona mín var þá ekki eldri en rúmra 67 ára, fædd 23. júlí 1835, og ég um sextugt. En það varð fram að ganga, sem Drottinn ætlaði. Hún dó að morgni þess 13. ágúst og [var] jarðsett í Bjarnarhöfn 17. s.m. sunnan kirkjunnar þar af prófasti, síra Sigurði [Gunnarssyni], presti og prófasti þar. Einni viku síðar drap lungnabólgan vinnumann minn á Setbergi, Arngrím [Jóhannesson] að nafni.¹ Er hann jarðaður á Setbergi, og eru nú síðan 27 ár.

Það hefði verið æskilegt, ef Guð hefði nú látið mínar beisku raunir hér með vera á enda, en því var ekki að heilsa. Ég hefi nú að greina frá þeim kafla ævi minnar, sem ef til vill hefur fyrir mig komið og sem, hefði Guð ekki beinlínis tekið í taumana með, beinlínis hefði verið búinn að koma mér undir græna torfu, því hér á Setbergi var sannarlega [ekki] líft fyrir neinn þann prest, er lífi hefði viljað halda upp á það að vilja vera sínum Drottni og herra trúr upp á forna mátann. Ég hafði tekið mér þá föstu reglu að vilja þjóna bæði Guði og hans heilaga húsi eftir hinum viðteknu lagareglum, sem farið hafði verið eftir í 400 ár, og vissi ég ekki betur en að það hefði verið vegið, bæði af lærðum og leikum, er á heyrðu. En á þeim 11 árum, frá 1908-1919, vissi ég ekki betur en að það væri ónýtt og hrakið margoft af þeim, er betur þóttust vita en ég. Fólkinu var snúið frá trú og helgidómar kirkjunnar óvirtir og með því kirkjunnar eigur og meðhjálpapar fældir burtu frá henni.

¹ Að því er segir í prestsþjónustubók Setbergssóknar lést Jensína 10. ágúst 1902 og var jarðsungin 18. sama mánaðar. Arngrímur vinnumaður lést 15. ágúst 1902.

Maður [er] nefndur Ólafur Stephensen ættaður frá Viðey og þar uppallinn. Hann var að læra prestsskaparlærdóm sinn því ekki hafði hann verið prestur. Maðurinn [var] trúr spegill ættar sinnar að fornu og nýju í öllum greinum. Hann var drambs- og sjálfsálitsfullur í öllum greinum, vildi engan láta standa jafnfætis, hvað þá jafnt, og þó hafði hann ekki ljósa greind nema í meðallagi. Olli því flasfengi hans og fljótræði. Hann vildi stundum beita brögðum en það fórst honum ekkert betur en vel. Það var það einkennilega við hann, að hann aflaði það með stríði og glettum, sem hann þó hefði með góðu [getað] fengið.

Ég skal tiltaka jörðina Kverná. Ég var orðinn viss [um], að einhver óeining var komin upp á milli þeirra Ásmundar og séra Ólafs um Grundina.¹ Hvernig hún var löguð vissi ég ekki, og datt mér nú í hug að gjöra þessa stórherra sátta og skrifaði því handa séra Ólafi fullt byggingarbréf um nóttina og afhenti honum það fyrir Kvernánni um morguninn. Aldrei hefi ég skrifað byggingarbréf, sem var svo skammarlega vanþakkað og notað mér til mæðu og vansa eins og einmitt bréf þetta, sem hefði átt að gjöra mig ærulausan, ef honum hefði verið það unnt, eins og er hann móttók bréfið.

Málaprásinu skal ég nú lýsa frá rötum þannig: Síra Ólafur hefur í öngum sínum um prestakall þar suður frá fengið bendingar um það, að reynandi væri að flytja sig vestur á Snæfellsnes, vera þar við búhokur fyrst um sinn og gæta vandlega að, hvort ekki yrðu vandlega sakir búnar til á hendur einhverjum presti þar, sem yrði talinn einsatkvæðisprestur og koma snurðu á þráðinn milli hans og sóknarmanna, svo að hann yrði feginn [að hætta], einkum væri hann mjög hnigin að aldri og heilsu. Væri hann orðinn heilsulíf till þá mátti reyna að tala við hann í tilboðum sem emeritprest hvað það síðara snerti. Má nú segja, að til þessara ráða væri gripið óspart, því mér [var] heitið allri Spjörinni til eftirgjalds, já og eftirgjaldsfrítt, og með ráð og dáð bæði með fólk og annað, er ég á þyrfti að halda. Nú þegar ekkert af þessu dugði, þá var reynandi öfug aðferð, og hún var að reyna að kveikja fápykkju milli mín og safnaðarins, helst hjá þeim, er kynnu að [vera] breytingagjarnastir og sem helst kynnu að vera orðnir leiðastir á langri sambúð. Var þá fyrst að reyna að benda á prestamuninn, á sig sem kominn var af nýrri prestaskóla og liprari í tali, umræðum og úrræðum öllum í kirkju, vatnsglösum, greiðum og umbúnaði öllum, ekki síst, þar sem

¹ Séra Ólafur Stephensen keypti Grund í Eyrarsveit og bjó þar 1908-19. Hann var prestur í Bjarnarnesprestakalli 1919-30.

von gæti verið á nýjum organista, nýjum meðhjálpara og ekki síst nýjum prófasti. Hér við bættist enn þetta tvennt: Kvöldsöngur á jóla- og gamlársnótt og Kviabryggjukirkjan nýja þar. Var þetta hvort tveggja nýjar uppástungur síra Ólafs, alls ekki í því skyni gjörðar að efla dýrð Guðs á jörðinni, því fyrst eftir að kirkjan var byggð, voru mönnum boðnir kvöldsöngvar, en ekki vildi þá neinn við þeim líta. Í annan stað vita Bryggjarar mikið vel, að frá þeim tíma er kirkjan var byggð og til þess, er ég sagði af mér, eru liðin svo mörg ár, að það var engin frágangssök að vera búnir upp að koma sæmilegri kirkju, hefði þeim gengið annað til en að stríða gömlum presti og losast við hann sem [fyrst]. Svo var þá ekki annars kostur en að losna við mig. Söfnuðurinn, sem allur var langt frá einlægur, eins og atkvæðagreiðslan sýndi, að nokkurs konar tvíbendni var í honum. Þetta var engin guðsþjónusta, því Guð vill eða vill ekki. Séra Guðmundur¹ sýndi það, að hann var alls ekki starfi því vaxinn, sem hann hafði að sér tekið. Hann barðist ekki neitt fyrir hag eða sóma [kristinnar] kenningar. Hann hélt alls ekki fram þeim rétti eða lögum og sagði ekki neitt.

Það var tekið út af Setbergi tvívegis, því ekki skyldi til sleppt, að of mikið yrði eftir af neinu þar af munum mínum, þegar ég loksins fór. Það var gjört og vita allir, sem vit hafa á málum, að þetta er mjög viturlega hugsað. Hvernig sem nú á því stendur, vita allir, að mönnunum eru ekki jafnir kostir ætlaðir í heiminum, og væri það þá ekki hróplegust synd, að verða til þess, viljandi eða óviljandi, að eitthvað yrði eftir hjá þeim viljasterku, sem ekki hefði átt að verða. Var þá ekki betra að grípa til lyginnar og segja, að hlutaðeigandi hefði dálítið ætlað að stela sér af prestakallins fé með því að stela frá fátækri ekkju, eins og ég heyrði sagt, að einn úttekarmaðurinn hefði sagt um mig við úttekt á Vindási í fyrri daga. Ég get lagt lagt hreinan sáluhjálpareið út á það í Jesú nafni, að frá því fyrsta er ég man eftir mér hefi ég hvorki hjá mér [fundið] neina ráðagjörð né löngun til að vilja hafa út úr öðrum félitlum eigur þeirra, ekki einu sinni eitt krónu virði, og er það sárt að verða fyrir slíkum óvöndunaraðdróttunum og fá þær ekki hrakið.

Árið 1919 fór ég loksins frá Setbergi. Ég staðfesti daginn fyrir, 20. júní, börn þau öll, er staðfest voru, og fór svo daginn eftir minnir mig best fótgangandi og snauður frá sælustaðnum, ekki til hins nýja feyskistaðar fúinna fjala og forna

¹ Séra Guðmundur Einarsson var prestur í Nesþingum 1908-21 og prófastur í Snæfellsnespróe fastsdaemi 1917-23.

Nr. 1073.....
 Kom. 15/1 1906. Svar 15/7 1906.

Selbergi 6. Desbr 1905

Þessi mín og skollabróðir!

Af því sein þorvatferð fellur nú súrin, þar sem
 hreppstjórn stóran Eggvæðinga fer til Reykjavíkur, þótt
 hann í millitíðinu væri að gjöra lykktu á leit sína til
 Grafastar, þá hefi ég beidd hann fyrir þennan lilla skrif
 til þín. Þó ég myndar eigi nú þorvatbrjef hjá þínu néðan
 jeg sendi þeringana súrin í sumar. Ég sjekk frá þínu
 átturhenningsa fyrir þeim, og þakka þig þínu fyrir
 hjálpu þína í þessu grein. Én svo kom til mín þer
 þorvat skrangt embættisbrjef til mín í þelefni af því,
 að þig hafði leyft miþu að sskju um ferminngarleyfi
 þarnda döttur föðubra þorvaldra, sem þafa nú send
 frá sje. 2 dotur sínar til vistar í aðra tíðit, og svo var
 aðferminng síð af því, að þig hafði leyft miþu havið-
 ferminngu. Þó þann dag, sem til er tekið í loqunum.
 Þó er svo sem sjálfþag, að heljimar þafarlausit
 (- omne licitum obsequium porsatue -) þerí sem þerí
 máli þínu, og hefi þig nú þegar telkymt sóðnes-
 föðki mína, að hvortki megi þerí þara þerí í leit.

minn! Þvílíkur [viðskilnaður] við Setberg, þvílíkur viðskilnaður við 37 ára strit og mæðu. Já meira segja leit svo út, eða af minni manninum, það er að segja sjálfum prófastinum [var] reynt að láta líta svo út sem prestinum væri öll sökin hjá, enda mun það oftast hafa verið venjan hér á landi að grípa til þeirra örþrifaráðanna, af því að þeir hafa ekki vel þorað að fara upp í hærri bekk eða mátt, nema þar sem söfnuðurinn var annars vegar.

Mér getur engan veginn dulist það, að mér hafi fundist framkoma prófasts gagnvart mér nokkuð skrefþung og allt að [því] skritin og alls ekki hættulaus mér. Ég gekk [að því] sem gefnu, að séra Guðmundur mundi, enda löngu áður [en] hann varð prófastur, hafa [haft] eitthvað sérstakt í huga. Þá vissi ég það alls ekki, en nú veit ég það, þótt dult ætti að fara og færi fyrst. Þeir voru í rauninni báðir á einu bandi með það, svo lítið bæri á séra Ólafi í vil, að reyna að bola mig burtu frá Setbergi, en treystu sér þess vegna hvorugur til þess að bera út neinn óhróður um mig, er mér gæti orðið til vansa, nema hvað séra Ólafur var að reyna að nota sér umsjón Jóns Þórarinssonar og mægðir til að sverta mig í augum hans, það sem unnt væri, og vekja kala til mín. Í meðal annars því skyni var stofnuð sæmdarförin góða á hérðasfundinn forðum. En þá varaði séra Ólafur sig ekki á því, að síra Guðmundur var ekki kominn í prófastsdæmið og að tveir hreinskilnir og einarðir menn voru þá og enn við málið riðnir. Jæja. Ég læt þetta þá allt þetta blessað skjóðuskraf falla um sjálfst sig, því ég alveg hætti öllum heillatilraunum með mennina, þegar ég skil ekkert í kynlegheitum þeirra og undarlegheitum og býst þó síst við því, að þeim verði verði helst trúað fyrir trúnaðarmálum manna, sem alls ekkert skilja einu sinni neitt í sjálfum sér og hafa aldrei skilið

Ég er á ferð úti í Lárplássi í húsvitjunarferð, fæ þar um kvöldtíma út á mig helmyrkur og kuldasnjókyngi, svo það [leit illa út]. En ég slapp þó heppilega frá því öllu og enda heppilegar en ég hafði búist við. Það var jafnan vani minn að gista hjá vini mínum. Í Látravík átti ég ævinlega vinum og velgjörðarmönnum að mæta, því þau vildu mér jafnan vel leynt og ljóst og tóku aldrei þátt í bellibrögðum annarra nábúa né undirferli þeirra, síst þess, er þóttist vilja allra velferð og vita allt, en virtist mér og virðist oft vera hið gagnstæða og mun virðast, meðan ég lifi, þrátt fyrir sitt göfuga staðfestingar barns samband við mig, því hann var sá fyrsti og síðasti allra sóknar barna minna, sem vogaði sér í opinberu skjali að veita mér glæpamannsnafn, af því að vini

hans og velunnara, Ólafi Stephensen, þóknadist að vinna sama glæpaverkið á fræðslubörnunum næsta ár á eftir. Það lítur nú líklega svo út, sem prófasti hafi ekki geðjast vel að einhverju við það, því óðar en ég var inn kominn, bárust mér í hendur tvö privatbréf, að ég skyldi segja af mér þessu prestsembætti sem fyrst, já og í síðara bréfinu ströng áhersla lögð á þetta með þeim ummælum, að ég væri líka orðinn svo kunnugur sér, að hann væri ekki af baki dottinn með það, sem hann [væri] byrjaður á í þessu efni, svo ég þóttist hins vegar skilja [að] þetta ráð [væri] svo aðeins upp tekið meðal þeirra félaga, að ekki ætti til að sleppa. Raunar var í vandræðum með sakarefnið, því ég vissi ekki, [um] hvað það ætti að vera. En ég vissi, [að] séra Guðmundur var orðlagður fyrir málaflækjur, og líka vissi ég að þessa menn skorti sjaldan yrkisefni, ef vel er hóað saman handa þeim.

Ég bæði lifi og dey með þá lifandi sannfæringu í brjósti, að engum presti, sem verið hefur hér á landi, hafi verið sýndur annar sams konar óvinskapur, kynlegheit og einkennilegheit og ranglæti án allra saka, þar sem ég hefi um lesið.

Og svo endar leikurinn. Prófasturinn tekur að sér sóknarprestinn sem skjólstaðing sinn, því skyldi ekki það? Þeir eru jú skilgetnir bræður innan kirkjunnar undir vernd aðalmeistarans, sem ekki lætur troða á sér eða sínum sauðum. Prófastur verður því að vera viðstaddur og sjá um [að] allt gangi skipulega til á túninu í búinu hjá drottni, svo að enginn verði út undan og allir fái jöfnuð.

Nú getur auminginn ekki séð um sig lengur. Peninganægð enduð, alltént gullkross eftir á hempunni. En svo kemur það fyrir, að hinn sterki, hervopnaði flýr, ekki af því að hann sé leiguliði og gæti ekki sauðanna. Nei! En hann þarf að hlaða dálítið traustari byggingu að sjálfum sér og bautastein að leiði sínu, svo menn viti eða muni það, að þarna bjó einhver „Magnat“ kirkjunnar. Þar með er sagan öll.

Hafa skal það sem sannara reynist

Leiðrétting

Síðasta hefti byggðarritsins Fólkið, fjöllin, fjörðurinn var helgað 40 ára vígslu-afmæli Grundarfjarðarkirkju. Undirritaður tindi þar til minningabrot af byggingarsögu kirkjunnar frá því að ég kom þar að verki. Í lok greinarinnar vitnaði ég til draums sem Guðríður Sigurðardóttir sagði mér. Nú er komið á daginn að ekki var rétt eftir haft og eitthvað hafði skolast til í frásögninni. Ég er þess fullviss að Guðríður heitin hefur sagt mér rétt og skilmerkilega frá en minni mitt ekki skýrara né betra en raun ber vitni. Draumurinn hefur því ruglast saman við veruleikann eins og sjá má sé málið skoðað til einhverrar hlítar. Sjálfsagt og eðlilegt er að biðjast velvirðingar á því.

Hér á eftir fer orðrétt frásögn Huldu Þorkeldsdóttur af hinum rétta draumi móður hennar, Margrétar Gísladóttur:

Þegar Margrét var ung stúlka í Kirkjufelli dreymdi hana að hún sá ljós koma af himnum og staðnæmast á þeim stað sem kirkjan stendur á hólnum, svo sá hún Krist birtast og rétta upp hendur og blessa blettinn. Trúlega hefur hún séð kirkjuna þarna því að Guðríður Sigurðar og einhver önnur fóru til Hafnarfjarðar að kaupa tækifærisgjöf og þar inni sáu þær mynd af kirkju og varð starsýnt á hana, því að þar var komin kirkjan sem mamma sá í draumnum.

Í Grundarfjarðarkirkju eru tvær myndir af Kristi með útbreiddan, blessandi faðm. Málverk í forkirkju og í steindum gluggum í vesturgafli. Megi himnesk eilíf blessun hans ætíð vera yfir byggð og börnum Grundarfjarðar.

Jón Þorsteinsson

Eyrbyggjar, Hollvinasamtök Grundarfjarðar standa að útgáfu þessa rits sem er áttunda heftið á níu árum í flokki sem við köllum „Safn til sögu Eyrarsveitar“.

Í þessu riti má finna fjölbreytt úrval greina. Hér er grein um Grundarfjarðarvita, sögu Lionsklúbbs Grundarfjarðar og tvær greinar þar sem menn minnst uppvaxtaráranna úr sveitinni, önnur greinin er frá Bakka en hin frá Kverná. Annálar Eyrarsveitar 1400 – 1800, er heiti á grein eftir Ásgeir Guðmundsson cand. mag. en hann hefur verið drjúgur við að skrifa greinar í þessi rit. Sjálfsvævisaga Sr. Jens Hjaltalíns birtist hér í fyrsta sinn opinberlega. Hér er grein um gönguleiðir í Eyrarsveit og einnig grein um síldina sem fyllti Grundarfjörð í haust sem leið. Þrír myndakaflar eru í ritinu, gamlar myndir frá leikskólanum Sólvöllum, myndir úr Myndasafni Bærings Cecilssonar og að lokum fermingamyndir Eyrbyggja. Annáll Grundarfjarðarbæjar er hér að vanda í máli og myndum, nú fyrir árin 2006 og 2007.

